



Ársskýrsla

2011

---

---

## Framtíðarsýn

---

# Landsbankinn er til fyrirmyndar

- » Nýtur trausts og virðingar
- » Alhliða banki í forystu á fjármálamarkaði
- » Fyrsti valkostur í fjármálaþjónustu
- » Metnaðarfullur og samheldinn hópur starfsmanna
- » Hreyfiafl í íslensku samfélagi
- » Byggir á góðu siðferði
- » Góður fjárfestingarkostur í dreifðu eignarhaldi

---

## Áherslur okkar

---

### Áhugi

- » Frumkvæði
- » Sveigjanleiki
- » Hreyfiafl
- » Skilvirkni
- » Nálægð
- » Skapandi samskipti

### Áreiðanleiki

- » Heilindi
- » Skilningur
- » Traust
- » Góðir viðskiptahættir
- » Gagnsæi
- » Fagmennska






### Ábyrgð

- » Heiðarleiki
- » Gagnrýnin hugsun
- » Kostnaðarvitund
- » Áhættustjórnun
- » Samfélagsvitund
- » Jafnræði


### Ávinningur

- » Ánægðir og tryggir viðskiptavinir
  - » Langtímasamband
  - » Eftirsóknarverður vinnustaður
  - » Langtímavöxtur
  - » Fjárhagslegur styrkur
  - » Arðsamur rekstur
-


## Lykiltölur

<b>Heildareignir</b>	Heildareignir jukust um 5% á árinu 2011.	 <table><tr><td>2010</td><td>2011</td></tr><tr><td>1.081.133 m.kr.</td><td>1.135.482 m.kr.</td></tr></table>	2010	2011	1.081.133 m.kr.	1.135.482 m.kr.	<b>1.135.482 M. KR.</b>
2010	2011						
1.081.133 m.kr.	1.135.482 m.kr.						
<b>Eiginfjárlutfall (CAD)</b>	Eiginfjárlutfall bankans styrktist á árinu og var 21,4% en FME gerir lágmarkskröfu um 16%.	 <table><tr><td>2010</td><td>2011</td></tr><tr><td>19,5%</td><td>21,4%</td></tr></table>	2010	2011	19,5%	21,4%	<b>21,4%</b>
2010	2011						
19,5%	21,4%						
<b>Arðsemi eigin fjár</b>	Arðsemi eigin fjár lækkar og er nú 8,8%.	 <table><tr><td>2010</td><td>2011</td></tr><tr><td>15,9%</td><td>8,8%</td></tr></table>	2010	2011	15,9%	8,8%	<b>8,8%</b>
2010	2011						
15,9%	8,8%						
<b>Kostnaðarhlutfall</b>	Kostnaðarhlutfall af grunnstarfsemi lækkaði á árinu um tæp fjögur prósentustig.	 <table><tr><td>2010</td><td>2011</td></tr><tr><td>61,1%</td><td>57,2%</td></tr></table>	2010	2011	61,1%	57,2%	<b>57,2%</b>
2010	2011						
61,1%	57,2%						
<b>Hagnaður</b>	Að teknu tilliti til áhrifa gengislánadóms er afkoma bankans góð og rekstrargrundvöllur til framtíðar góður.	 <table><tr><td>2010</td><td>2011</td></tr><tr><td>27.231 m.kr.</td><td>16.957 m.kr.</td></tr></table>	2010	2011	27.231 m.kr.	16.957 m.kr.	<b>16.957 M. KR.</b>
2010	2011						
27.231 m.kr.	16.957 m.kr.						

## Afkoma 2011



## Breyting milli 2010 og 2011




---

## Efnisyfirlit

---

2011 Í hnotskurn .....	2
Ávarp formanns bankaráðs og bankastjóra .....	6
I. Þróun efnahagsmála.....	10
II. Landsbankinn þinn .....	24
III. Stjórn og stjórnarhættir .....	38
IV. Áhættustjórnun .....	74
V. Samfélagsleg ábyrgð.....	88
VI. Útdráttur .....	104
VII. Ársreikningur samstæðu 2011.....	117

---





# 2011 í hnotskurn



## Fyrsti ársfjórðungur

### Janúar

- » Nýr Samfélagssjóður stofnsettur.
- » Alþjóðleg vottun vegna upplýsingaöryggis endurnýjuð.
- » Samkeppniseftirlitið samþykkir sölu Vestia ehf. og 81% hlut í Icelandic Group til Framtakssjóðs Íslands.

### Febrúar

- » Níu opnir fundir með nýjum stjórnendum haldnir um allt land til að kynna nýja stefnu og framtíðarsýn bankans.
- » Aðgerðalisti með 28 loforðum birtur og kynnt að þau skuli efnd fyrir 1. júlí.
- » Endurútreikningi lokið á öllum erlendum húsnæðislánnum.
- » Landsbankinn tekur formlega við Avant hf.
- » Kaup Landsbankans á Rose Invest hf. samþykkt af eftirlitsaðilum.

### Mars

- » Nýr siðasáttmáli kynntur sem allir starfsmenn skulu skrifa undir.
- » Tilkynnt um samruna Landsbankans og Spkef.
- » Kynjahlutfall í stjórnnum dótturfyrirtækja bankans jafnað.
- » Umboðsmaður fyrirtækja ráðinn.
- » Skrifað undir samning við Icelandair Hotels um fjármögnun vegna hótels á Akureyri.



## Annar ársfjórðungur

### Apríl

- » Stjórnarhættir Landsbankans kynntir opinberlega.
- » Ný stefna um samfélagslega ábyrgð kynnt.
- » Skrifað undir fjármögnun gagnavers Thor Data Center á Reykjanesi.
- » Skrifað undir fjármögnunarsamning við Landsvirkjun vegna Búðarhálsvirkjunar.

### Maí

- » Tilkynnt um ný úrræði til að lækka skuldir heimila sem snerta um 55.000 einstaklinga.
- » Öll fyrirtæki sem féllu undir skilgreiningu um Beinu brautina og sent höfðu inn gögn fá tilboð um skuldaaðlögun.
- » Starfsfólki boðið að skrifa undir samning um vistvænar samgöngur.
- » Fimmtán framúrskarandi námsmenn fá námsstyrki samtals að upphæð 5,4 milljónir króna.

### Júní

- » Allir starfsmenn hafa skrifað undir siðasáttmála.
- » Fyrirtækjum með gengistryggð lán boðinn endurútreikningur.
- » Fundir haldnir í öllum landshlutum um fjárfestingu í atvinnulífi með forsvarsmönnum sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og öðrum hagsmunaaðilum.
- » Kynnt að öll loforð sem sett voru fram í aðgerðalista í febrúar hafi verið efnd.
- » Ný innkaupastefna um samskipti við birgja kynnt með samfélagslegum áherslum.
- » Nýsköpunarþjónusta stofnsett.
- » Skrifað undir fjármögnun nýrrar verksmiðju Lýsis hf.





## Þriðji ársfjórðungur

### Júlí

- » Landsbankinn tekur þátt í að stofna Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja.
- » Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, selur fyrirtækið Pizza-pizza ehf.
- » Horn hf., dótturfélag Landsbankans, selur 40% hlutfjár í Promens hf.
- » Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, selur Björgun ehf.

### Ágúst

- » Styrkir veittir úr Menningarnæturpotti Landsbankans og Höfuðborgarstofu til þátttakenda á Menningarnótt.
- » Landsbankinn bakhjarl landssöfnunarinnar „Á allra vörum“ – safnað fyrir Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.
- » Yfirferð 90% umsókna um 110% leiðina lokið.
- » Skrifað undir fjármögnunarsamning vegna laxeldis í Tálknafirði.

### September

- » Samstarf hafið við Innovit um atvinnu- og nýsköpunar-átak um land allt.
- » Afkoma á fyrri helmingi ársins kynnt – hagnaður bankans 24,4 milljarðar króna eftir skatta.
- » Skrifað undir Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact.
- » Skuldalækkun Landsbankans sem kynnt var í maí kemur til framkvæmda – heildarupphæð lækkunar nemur 23 milljörðum króna.
- » Samkomulag gert við lánatryggingarsjóð kvenna, Svanna, um endurreisn sjóðsins og starfsemi.



## Fjórði ársfjórðungur

### Október


- » SP-Fjármögnun hf. og Avant hf. sameinast undir merkjum Landsbankans.
- » Útlánavextir á íbúðalánum lækkaðir.
- » Tilkynnt um 40 milljóna króna framlag í þróunarsjóð fyrir ferðaþjónustu.
- » Landsbankinn bakhjarl heiðursþátttöku Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt.
- » Vegvísir, mánaðarlegt rit Hagfræðideildar, hefur göngu sína.
- » Nýsköpunarstyrkir að upphæð 15 milljónum króna veittir úr Samfélagssjóði.

### Nóvember

- » Umræðan, umræðuvefur um efnahags- og fjármál, opnaður á landsbankinn.is.
- » Samfélagsstyrkir að upphæð 15 milljónum króna veittir úr Samfélagssjóði.
- » Landsbankinn selur 19% hlut sinn í Icelandic Group hf.

### Desember

- » Ríflega 200 starfsmenn hafa skrifað undir samgöngusamning á árinu.
- » Útsendingu reikningsyfirlita á pappír hætt.
- » Heimilisbókhaldið Meniga aðgengilegt í netbanka Landsbankans.
- » Landsbankinn fellir niður fjölda lána til stofnfjárkaupa í Sparisjóði Keflavíkur, Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Vestfirðinga.
- » Starfsmenn styðja innlendar hjálparstofnanir með framlagi að upphæð sex milljónir króna.



# Ávarp formanns bankaráðs og bankastjóra

---

**Á árinu 2011 mældist hagvöxtur** aftur á Íslandi. Búast má við áframhaldandi vexti á næstu árum. Hagvöxturinn var þó drifinn áfram af einkaneyslu, en mikilvægt er að fjárfesting í atvinnulífi aukist frá því sem nú er og að þannig verði lagður grunnur að bættum hag fyrirtækja og heimila til framtíðar.

---

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum skapa vissulega óvissu. Þar fer saman vaxandi skuldabyrði margra viðskiptalanda Íslands, erfið staða bankakerfa þeirra, svo og minnkandi traust á helstu gjaldmiðla. Jafnframt ríkir mikil óvissa um þróun orkuverðs og verðbólgu í heimsbúskapnum á næstunni. Ljóst er að brugðið getur til beggja vona en ef hægist á efnahagsbata erlendis myndi slík þróun óumflýjanlega rýra viðskiptakjör Íslands og trufla endurreisnina hér á landi.

Engu að síður er mikilvægt að Íslendingar haldi ótrauðir áfram að endurvinnna traust umheimsins. Bankakerfið á Íslandi stendur betur en áður

í samanburði við bankakerfi margra annarra landa. Mikilvægt er að fjárhagslegur styrkur íslenska ríkisins verði eflur eins hratt og verða má og heildarskuldir lækkaðar með sölu eigna, þannig að á því sviði verði samanburður við helstu viðskiptalönd okkar einnig hagfelldur. Samhliða þarf að skapa skýrt og aðlaðandi umhverfi fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi.

Afnám gjaldeyrishafta er mikilvægur áfangi á þeirri leið, en framgangur þess veltur á stöðu okkar gjaldmiðils og afstöðu til hans. Sú afstaða er pólitísk í eðli sínu og því mikilvægt að stjórnámálamenn og þeir mörgu sem eiga hagsmunu að gæta

víki sér ekki undan, heldur komi sér sem fyrst saman um sameiginleg markmið í þágu almannaheilla og taki svo ákvörðun eftir vandaða umræðu. Óþarfa tafir í þessum eignum eru einungis til þess fallnar að auka áhættu, draga úr framtaki og trú á viðreisn fjárhags heimila og atvinnulífs.

---

## Framtíðarskipan og endurreisn

---

Á vettvangi stjórn mála er rætt um framtíðarskipan fjármálakerfisins hér á landi. Öll fjármálafyrirtæki á Íslandi verða að búa við sömu starfsskilyrði og lagaumgjörð óháð eignarhaldi, þar

mega engin frávik vera svo virk samkeppni sé á markaði. Ekki síður er mikilvægt að starfsskilyrði íslenskra fjármálafyrirtækja verði með svipuðu sniði og í okkar helstu nágrannalöndum til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra. Við þróun á fjármálakerfinu er eðlilegt að atvinnugreinin sjálf sé með í ráðum um þær breytingar sem nauðsynlegar eru taldar

Almennt má segja að það sé mikilvægt að stjórn mála-menn, talsmenn atvinnugreina og aðrir helstu hagsmunaaðilar vinni betur saman, hlusti og læri hver af öðrum við mótun stefnu og framkvæmd einstakra mála. Að öðrum kosti næst ekki að endurreisa traust. Vinna



**Gunnar Helgi Hálfðanarson,**  
formaður Bankaráðs

**Steinþór Pálsson,**  
bankastjóri

þarf vel úr þeim styrkleikum sem við búum að hér á landi, hvort sem litið er til orku-mála, sjávarútvegs, ferða-þjónustu eða þess mannaúðs sem í fólkinu býr. Halda þarf vel á málum á næstunni og forða því að orka og tími fari til spillis.

Landsbankinn hefur lagt ríka áherslu á að styðja við atvinnuuppbyggingu og komið að fjármögnun fjölda stærri og smærri verkefna. Bankinn hefur einnig óhikað keppt á markaði með því m.a. að fjölga kostum og bæta kjör

á íbúðalánunum til einstaklinga.

Síðustu misserin hefur meginverkefni bankans þó falist í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og heimila. Landsbankinn tók ótvíræða forystu í þeim eignum á síðasta ári og mikið hefur áunnist, en enn er verk að vinna.

Aðgerðir bankans hafa miðast að því að treysta stöðu lánþega og ýta undir gagnkvæman ávinning til lengri tíma.

Samfara þessu hafa van-skil lækkað verulega sem er augljósasta merki þess að fjárhagsstaða fyrirtækja og einstaklinga hefur batnað. Á þetta er lögð áhersla um leið og leitast er við að umbuna skilvísunum viðskiptavinum. Þessar aðgerðir styðja við aukin umsvif í atvinnulífinu og þegar upp er staðið er það varanlegasta skuldaúrræðið.

Ýmis lagaleg álitaefni varðandi lánasamninga viðhalda þó óvissu og hægja á úrvinnslu til skemmri tíma. Enn og aftur er mikilvægt að

eyða ágreiningi fyrir dómi þannig að allir þekki sína stöðu og geti gert raunhæfar áætlanir til framtíðar.

---

### **Skýr stefna og markviss framkvæmd**

---

Landsbankinn setti sér skýra stefnu til framtíðar á síðari hluta ársins 2010. Að mótun hennar komu allir starfsmenn bankans og hlustað var eftir viðhorfum viðskiptavina og hagsmunaaðila, auk þess sem litið var

til eigandastefnu ríkisins sem stærsta hluthafa bankans. Á árinu 2011 var unnið markvisst að kynningu stefnunnar, m.a. með opnum fundum um allt land og innleiðingu hennar með miklum fjölda umbótaverkefna.

Landsbankinn ætlar sér að verða fyrirmyndarfyriktæki innan fárra ára og komast í hóp bestu banka á Norðurlöndum. Framtíðarsýnin grundvallast á öflugri liðsheild starfsmanna, hagkvæmum og ábyrgum rekstri, öflugri stýringu áhættu, ánægðum viðskiptavinum og ávinningi fyrir samfélag og eigendur. Landsbankinn hefur í þessu samhengi sett sér mikilvæg markmið um samfélagslega ábyrgð og hefur í stefnu-mótun sinni tileinkað sér einkunnarorðin að hlusta, læra og þjóna. Með þeim vill bankinn undirstrika að hann er traustur samherji ábyrgra viðskiptavina í fjármálum til lengri tíma.

Til að ná sínum markmiðum hefur bankinn skilgreint fimm megin verkefnaflokka og fjölda verkefna fyrir næstu ár. Þau eru helst:

1. *Efla þekkingu, hæfni og ánægju starfsmanna.* Markmiðið er að starfsfólk bankans sé ánægt í starfi og með fyrirmyndarþekkingu og færni til að veita framúrskarandi þjónustu.
2. *Auka skilvirkni og hagkvæmni.* Unnið verður að endurbótum á verklagi og upplýsingatækni nýtt til að auka þjónustu, sveigi-

anleika og öryggi. Áhersla er lögð á hagkvæman og samkeppnishæfan rekstur og að starfsemi sé í samræmi við áhættuvilja.

3. *Ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu viðskiptavina á árinu 2012.* Ljúka skal endurútreikningi ólögmaetra lána og úrvinnslu skuldamála eftir öðrum leiðum.

4. *Aukin og bætt þjónusta.* Endurbæta dreifileiðir og þróa nýjar til þæginda fyrir viðskiptavinum, veita öfluga alhliða bankaþjónustu og miðla fræðslu um fjármál jafnt til einstaklinga og fyrirtækja. Á árinu 2012 hyggst bankinn leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi lykilatriði:

- » Hreyfiafl – við viljum nýta afl bankans til að byggja upp atvinnulífið.
- » Opinn banki – við viljum efla opna og faglega umræðu og upplýsingagjöf.
- » Samfélagsleg ábyrgð – við viljum sýna ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi í rekstrinum.
- » Persónuleg þjónusta – við viljum að viðskiptavinir bankans séu jafnan í öndvegi.

5. *Ná fram árangursríkri uppbyggingu og uppgjöri.* Í því felst að ljúka uppgjöri við Landsbanka Íslands (gamla bankann), fá viðunandi lánshæfiseink-

unn og öðlast aðgang að erlendum lánamörkuðum, auk þess að undirbúa bankann fyrir skráningu á markað þegar ósk um slíkt kemur fram.

Stefna bankans er sett fram með einföldum hætti þannig að starfsfólk geti horft til hennar og mælanlegra markmiða í daglegum störfum. Hún er engu að síður yfirgripsmikil og metnaðarfull og áfram verður unnið að fjölda verkefna á næstu árum til að bæta bankann, þannig að markmiðið um fyrirmyndarfyriktæki náist árið 2015.

Stefnan og allt efni henni tengt er aðgengilegt á vef bankans og í skýrslu þessari er fjallað um ýmsa þætti hennar.

---

## Rekstur og horfur

---

Árið 2011 var um margt gott ár fyrir Landsbankann. Markaðshlutdeild jókst á árinu 2011 samanborið við fyrra ár. Þar kom til bæði sameining Spkef við bankann en einnig almennur vöxtur vegna markviss markaðsstarfs.

Hagnaður bankans á árinu nemur 16,9 milljörðum króna sem er viðunandi þegar tekið hefur verið tillit til varúðarfærslu vegna hugsanlegra áhrifa Hæstaréttardóms um lögmaeti vaxtaútreiknings sem felldur var í febrúar á þessu ári.

Lausafjárstaða bankans er sterk, meðal annars vegna

jákvæðrar þróunar innlána, og langt umfram þau mörk sem Seðlabanki og Fjármálaeftirlit setja, þar með talið í erlendri mynt.

Einnig er eiginfjárlutfall bankans hátt, eða 21,4%, en krafa Fjármálaeftirlitsins er að hlutfallið sé ekki lægra en 16%. Útlán jukust lítið á árinu og takmörkuð fjárfesting í efnahagslífinu og mikil skuldsetning margra viðskiptavina hefur haft í för með sér litla eftirspurn eftir lánsfé. Eins og áður segir eru horfur í efnahagslífinu þó betri en þær hafa verið um nokkurt skeið og því má búast við að eftirspurnin fari vaxandi. Bankinn er vel settur til að mæta slíku.

Framtíð Landsbankans er björt. Skýr stefna og skilgreind verkefni, góðir viðskiptavinir, öflug liðsheild og sterk fjárhagsstaða munu skapa bankanum stöðu til að gera enn betur í samkeppninni á næstu árum.

---

## Þakkir

---

Við viljum þakka viðskiptavinum bankans fyrir öll þeirra viðskipti og þeirra mikilsverða þátt í uppbyggingu bankans. Starfsfólkið allt hefur unnið mikið og gott starf í erfiðu rekstrarumhverfi og náð miklum árangri. Viljum við þakka því, svo og framkvæmdastjórum og bankaráði, fyrir öflugt framlag. Jafnframt viljum við þakka hluthöfum bankans fyrir gott samstarf.

*Garðar Stefánsson, eigandi að frumkvöðlafyrirtæki í Reykjanesi við Ísafjardardjúp, þar sem hann framleiðir gæðasalt.*

*Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.*



# Þróun efnahagsmála

**Horfur í alþjóðlegum** efnahagsmálum einkennast af óvissu, hvert sem litið er. Þar fara saman vaxandi skuldabyrði margra ríkja, erfið staða bankakerfa og minnkandi traust á helstu gjaldmiðlum. Á Íslandi hefur orðið nokkur viðsnúningur í efnahagsmálum og hagvöxtur varð á árinu 2011, en ljóst er jafnframt að brugðið getur til beggja vona á þessu ári. Hækkun hlutabréfa á alþjóðamörkuðum fyrstu mánuði þessa árs gefur þó til kynna að fjárfestar telji betri tíma fram undan.

Hagvöxtur á Íslandi er enn sem komið er knúinn áfram af einkaneytlu fremur en fjárfestingu en á þessu ári er ekki ólíklegt að aðstæður gætu skapast til aukinnar fjárfestingar í helstu atvinnuvegum landsins, þó erfið skuldastaða og gjaldeyrishöft hafi hamlandi áhrif. Samhliða þessu veldur staða krónunnar áhyggjum. En þrátt fyrir að gengið sé enn langt undir meðalraungengi undanfarinna 30 ára, bendir fátt til þess að það styrkist á nýjan leik.

Efnahagsumhverfið á Íslandi .....	12
Þróun á alþjóðamörkuðum .....	18
Innlendir verðbréfamarkaðir .....	21

# Efnahagssumhverfið á Íslandi

---

**Efnahagsbatinn er hafinn**, en betur má ef duga skal. Á árinu 2011 varð verulegur viðsnúningur í hagkerfinu til hins betra eftir djúpt samdráttarskeið undanfarin tvö ár.

---

Hagvöxtur mældist rúm 3% á árinu, kaupmáttur launa jókst um 3,6%, atvinnuleysi dróst lítillega saman milli ára í fyrsta sinn frá því 2007, fasteignaverð hækkaði um 5% umfram almennt verðlag og atvinnuvegafjárfesting jókst í fyrsta sinn frá því árið 2006. Jafnframt hafa rekstrarforsendur í útflutningsgreinum, svo sem ferðaþjónustu og sjávarútvegi, verið með besta móti.

Þrátt fyrir vísbendingar um góðan árangur á mörgum sviðum efnahagslífsins er talsvert óunnið á öðrum sviðum. Helst ber þar að nefna að sá árangur sem náðist undir lok árs 2010 í baráttunni við verðbólguna

var afar skammvinnur. Verðbólgan jókst jöfnum skrefum á ný þegar leið á árið og er nú aftur langt umfram verðbólguþröngun. Það hefur leitt til hárra langtímaverðbólguvæntinga sem bera vott um litla tiltrú á peningastefnu Seðlabankans. Staða margra heimila er enn afar þröng, þrátt fyrir nokkra kaupmáttaraukningu á árinu. Rúmlega helmingur heimila telur sig eiga erfitt með að ná endum saman og er það hæsta hlutfallið sem sést hefur frá því að Hagstofan hóf að mæla þetta hlutfall árið 2004. Atvinnuleysi er enn nálægt sögulegu hámarki og hátt verðbólguþröng kemur illa við fjármál heimilanna. Fyrir-

tækjageirinn er enn almennt hátt skuldsettur í alþjóðlegum samanburði þrátt fyrir að talsvert hafi áunnist í rekstri og endurskipulagningu skulda margra fyrirtækja.

---

## Viðsnúningur í landsframleiðslunni


---

Hagstofan áætlar að landsframleiðslan hafi aukist um 3,1% árið 2011 sem rímar nokkuð vel við flestar þær efnahagsspár sem birtar voru á árinu. Einkaneyslan jókst um 4% milli ára sem skýrir um 2 prósentustig af hagvextinum, rúmlega 13% vöxtur fjárfestingar skýrir um 1,7 prósentustig

af hagvextinum en framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var neikvætt um sem nemur 1,1 prósentustig þar sem vöxtur innflutnings var nokkru meiri en vöxtur útflutnings. Jafnframt höfðu birgðabreytingar um 0,6 prósentustigs hagvaxtaráhrif.

Einkaneysla er stærsti liður landsframleiðslunnar og hefur þróun hennar mikil áhrif á vöxt hagkerfisins. Vöxt landsframleiðslunnar 2011 má að stærstum hluta rekja til vaxtar einkaneyslu. Kaupmáttur launa jókst um 3,6% á árinu sem styður við aukna neyslu, en líklegt er að aukningin hafi einnig að einhverju leyti stafað af tímabundinni aukningu ráð-





Hlutdeild helstu undirliða þjóðhagsreikninga í hagvexti 2011. Bláir liðir voru til hækkunar, appelsínugulir til lækkunar. Samantekið nam heildarvöxtur landsframleiðslunnar 3,1%.

stöfunartekna heimilanna, svo sem fyrirframgreiðslu frjáls lífeyrissparnaðar. Þessara viðbótartekna mun ekki njóta við í sama mæli á þessu ári og því er líklegt að eitthvað muni draga úr vexti einkaneyslunnar. Yfirdráttarlán heimilanna hafa vaxið hratt frá miðju síðasta ári og líklegt má telja að hluti þess vaxtar hafi átt sinn þátt í að halda uppi vexti einkaneyslunnar á liðnu ári. Þrátt fyrir að heildarskuldir heimila við bankakerfið hafi lækkað frá hrúni eru mörg heimili enn verulega skuldsett og atvinnuleysi hátt. Kannanir Hagstofunnar benda til þess að meira en helmingur heimila hafi átt erfitt með að ná endum saman á liðnu ári. Aukin vanskil á húsnæðislánnum og húsaleigu renna stoðum undir þá mynd.

Á þessu ári gætu skipast aðstæður til áframhaldandi

aukningar atvinnuvegafjárfestingar í hagkerfinu. Auk alþekktara efnahagsörðugleika undanfarin þrjú ár hafa komið til aðrir óþeindir þættir sem hafa takmarkað almenna atvinnuvegafjárfestingu. Þessir þættir eiga rætur að rekja til fjármálakreppunnar, bæði hér á landi og erlendis, og snúa einkum að erfiðri skuldastöðu fyrirtækja, en eins líklegt er að gjaldeyrishóftin hafi haft töluverð áhrif.

Endurskipulagning skulda fyrirtækja hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til og jafnframt hefur nokkur fjöldi fyrirtækja endað í eigu fjármálafyrirtækja. Hvort tveggja hefur orðið þess valdandi að uppbygging og fjárfesting margra fyrirtækja hefur setið á hakanum. Á þessu ári er loksins útlit fyrir að hægt verði að ryðja sumum þessara hindrana

úr vegi þótt útlit sé fyrir að gjaldeyrishóftin verði enn til staðar að einhverju leyti á komandi árum.

### Veik staða krónunnar


Vaxtastigið hefur lækkað verulega frá því að stýrivextir náðu hámarki rétt eftir hrún, en stefnir nú aftur upp á við samfara vísbendingum um viðsnúning í hagkerfinu og háum verðbólguvæntingum. Árið 2010 styrktist krónan um tæp 14% gagnvart evru og skipti sú þróun miklu um lækun verðbólgunnar. Í upphafi árs 2011 tók gengið hins vegar að veikjast á ný og endaði um 3% lægra í lok árs. Raungengið, sem mælir gengi krónunnar þegar það hefur verið leiðrétt fyrir þróun verðlags bæði hér á landi og í helstu viðskiptalöndum Íslands, er

enn um 20% undir meðalraungengi undanfarinna 30 ára. Raungengið ætti undir eðlilegum kringumstæðum að leita um síðir í átt að langtímameðaltali. Sú þróun getur annaðhvort orðið í gegnum styrkingu nafngengis eða hærri verðbólgu hér á landi en í viðskiptalöndunum.

Umtalsverðar krónueignir erlendra aðila og þrálátur halli á þáttatekjujöfnuði valda því að nafngengi krónunnar mun áfram eiga undir högg að sækja á næstu misserum þrátt fyrir talsverðan afgang af utanríkisviðskiptum. Uppgreiðslur, afborganir og vaxtagreiðslur innlendra aðila á erlendum lánnum og vaxtagreiðslur af innlendum ríkisskuldabréfum til erlendra aðila, ásamt gjaldeyriskaupum Seðlabankans, hafa í auknum mæli sett þrýsting á gengi

## Skuldir heimila við helstu lánastofnanir

Heimild: Seðlabanki Íslands



Frá september 2008 eru skuldir við innlánsstofnanir metnar á yfirtökuverði til nýju bankanna. Í heildartölum eru auk innlánastofnana: Íbúðalánasjóður, fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir, tryggingafélög og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Nýjustu tölur geta verið áætlaðar að hluta.

krónunnar. Ólíklegt er að þessum þrýstingi létti í bráð að öðru óbreyttu. Á sama tíma og dregið hefur úr verðbólguþrýstingi í helstu viðskiptalöndum Íslands hefur verðbólgan hækkað hratt hér á landi. Allt útlit er því fyrir að aðlögun raungengis í átt að langtíma meðaltali verði fremur í gegnum verðlagið en styrkingu nafngengisins.

Gjaldeyrishöftin standa enn óhöggðu þrátt fyrir að upphaflegur eindagi þeirra, 31. ágúst 2011, sé liðinn. Hægt mjakast í áætluninni um afléttingu haftanna, en Seðlabankinn áformar að halda þrjú gjaldeyrisútboð á fyrri helmingi yfirstandandi

árs í því augnamiði að létta á aflandskrónuvandanum. Seinni stig áætlunarinnar gera ráð fyrir að þeim eigendum aflandskróna sem eftir standa verði boðið að selja innstæður í krónum fyrir gjaldeyri gegn greiðslu útgöngugjalds eða skipta á skuldabréfum ríkissjóðs í krónum og skuldabréfi ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri. Ekki er gert ráð fyrir neinum skrefum í átt að losun hafta á almenn gjaldeyrisviðskipti fyrir en að þessum áföngum loknum.

### Uppgrip í sjávarútvegi og ferðapjónustu

Meðalvöxtur í komu erlendra ferðamanna hingað til lands frá árinu 2005 hefur verið rúm 7% á sama tíma og fjölgun ferðamanna í heiminum hefur verið að meðaltali um 3,5% og 2,2% í Evrópu. Fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi undanfarin ár hefur því verið mun meiri en bæði í Evrópu og heiminum í heild. Í ljósi þeirrar miklu athygli og landkynningar sem Ísland fékk í kjölfar eldgosanna 2010 og 2011 er líklegt að fjölgun ferðamanna verði áfram tiltölulega hröð á

komandi árum, að öðru óbreyttu.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur líklega sjaldan gengið jafn vel og nú, enda gengi krónunnar hagstætt útflutningsfyrirtækjum ásamt því sem afurðaverð erlendis hefur hækkað hratt á síðustu misserum. Afurðaverð í erlendri mynt hækkaði um 13% á árinu 2011 og er nú orðið töluvert hærra en það var hæst áður en alþjóðlega fjármálakreppan skall á af fullum þunga árið 2009. Jafnframt jókst útflutningsmagn sjávarafurða um 3% á árinu og rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar á ástandi nýttastofna hér við

land benda til þess að viðmiðunarstofn þorsks muni vaxa nokkuð á næstu árum. Þrátt fyrir góða afkomu hefur fjárfesting í sjávarútvegi verið með minnsta móti undanfarin ár sem m.a. má rekja til óvissu varðandi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Búast má við að fjárfesting í sjávarútvegi muni aukast verulega verði þessari óvissu eytt, enda töluverð uppsöfnuð fjárfestingarþörf í greininni. Mörg útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki hafa gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og það, ásamt öflugu tekjustreymi, gerir þau vel undir það búin að hefja fjárfestingar í ný.

### Lækkun skulda ríkissjóðs forsenda stöðugleika á komandi árum

Skuldir hins opinbera hafa margfaldast á undanförnum 4 árum og námu um 128% af landsframleiðslu í lok árs 2011. Hærrí skuldum fylgir aukin vaxtabyrði og á árinu fóru 11% af tekjum ríkisins til greiðslu vaxtakostnaðar. Alls samsvöruðu vaxtagreiðslurnar um 4,6% af landsframleiðslu sem er jafnvirði nálægt 2/3 heildarútgjalda hins opinbera til heilbrigðismála. Stóran hluta skuldsetningarinnar má rekja til erlendar lántöku til eflingar gjaldeyrisforða og fjárfestinga í endurreisn bankakerfisins. Talsverðar

eignir liggja því á móti skuldaaukningunni. Hrein skuldastaða ríkissjóðs, þ.e. þegar peningalegar eignir hafa verið dregnar frá skuldum, er því mun lægri, eða um 50% af landsframleiðslu. Því eru góðar forsendur til staðar til að lækka megi skuldastöðuna hratt á komandi árum með sölu eigna samhliða því að ríkissjóður verði rekinn með afgangi.

### Mikil óvissa um efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndunum

Evrópa er langmikilvægasta markaðssvæði Íslendinga, en tæp 90% af útflutningi

Íslands er til Evrópu, þar af um 50% til evrusvæðisins. Væntingar um hagvaxtarþróun í Evrópu versnuðu hratt þegar leið á árið vegna mikils skuldavanda nokkurra Suður-Evrópuríkja og mun það hafa einhver neikvæð áhrif á efnahagsbatann hér á landi. Þrátt fyrir talsverðar umhleypingar á erlendum fjármálamörkuðum á árinu hélst skuldatryggingarálagið og ávöxtunarkrafa á erlend skuldabréf ríkissjóðs tiltölulega stöðug. Verði kröftug niðursveifla í Evrópu líkt og gerðist 2009 gæti það sett efnahagsbata hér á landi í hættu.

## Skuldatryggingarálag valinna Evrópuríkja

Heimild: Bloomberg

Punktur

1600

1200

800

400

0

01.01.2008

01.01.2009

01.01.2010

01.01.2011

01.01.2012

Írland

Spánn

Portúgal

Ísland





# Þróun á alþjóðamörkuðum

---

**Á fyrstu vikum ársins 2011** var ekki að finna ótvíræðar vísbendingar um veikleika í heimsbúskapnum né að viðskipti á alþjóðlegum fjármálamarkaði stefndu á háskalega braut. Annað átti þó eftir að koma á daginn.

---

Þegar litið er til baka er auðvelt að sjá merki um aðsteðjandi hættu en þau voru ekki nægilega sterk til að hringja viðvörunarbjöllum. Verð á hrávörum hækkaði um 40% frá miðju ári 2010 til apríl 2011. Olíuverð hækkaði um 50% á sama tíma. Matvæla-vísitala FAO var 63% hærri í apríl 2011 en um mitt árið 2010. Alda verðbólgu var í pípunum þótt ekki lægi fyrir á þeim tíma með hvaða hætti hún myndi hríslast um stærstu hagkerfi með hækkingu vöxtum og hamlandi áhrifum á eftirspurn. Jarðskjálfti neðansjávar, um 70 km undan ströndum Japans

í mars 2011, fljóðbylgja og kjarnorkuslys drógu úr þeirri bjartsýni í efnahagsmálum sem ríkt hafði fyrstu vikur ársins 2011.

Í lok apríl 2011 varð fyrsta lækkun á alþjóðlegum hlutabréfum á Vesturlöndum, en líta má á þann atburð sem viðvörun um bresti í heimsbúskapnum. Áður höfðu þó hlutabréf í Kína, á Indlandi og í Brasilíu náð hágildi á árinu 2010 og sýnt veikleika framan af árinu 2011. Eftir hrun á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði undir lok júlí og í fyrstu viku ágúst 2011 er ljóst að það stefndi

í alvarlegt umrót á sviði alþjóðlegra efnahagsmála.


Enginn vafi leikur á því að vandi skuldugra ríkja í Suður-Evrópu vó þyngst í efnahagssumræðu og við lausn vanda á fjármálamarkaði þegar kom yfir mitt árið 2011. Ekki skal dregið úr því hve djúpt sá vandi ristir, með aðsteðjandi greiðsluþroti, eignatjóni vegna vangoldinna skulda og almennum samdrætti í þjóðabúskapnum af þeim völdum. Grikkir, sú þjóð sem mest hefur verið í fréttum vegna fjárhagsvanda, eru aðeins um 2% af fjölda íbúa Evrópusambands-

ins og fjárhagsleg umsvif þeirra sambærilegt hlutfall. Ítalir eiga í vanda vegna ríkisskulda sem nema 125% af vergri landsframleiðslu en eiga ekki við alvarlegan fjárlagahalla að etja, þeir glíma ekki við skuldabyrði hins vegar. Í Bandaríkjunum eru ríkisskuldur liðlega 100% af landsframleiðslu en fjárlagahalli árána 2009, 2010 og 2011 er að jafnaði 9% af vergri landsframleiðslu.

Alþjóðlegur hlutabréfamarkaður telst hafa komist á lækkunarskeið (e. Bear Market) skömmu eftir mitt

## Verðbólga í nokkrum ríkjum

Heimild: IMF Global Financial Stability Report, september 2011. The Economist



Vaxandi verðbólga í helstu ríkjum á fyrri hluta árs 2011. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er verðbólga 1-1,5% hærrí um mitt ár en í ársbyrjun.

ár 2011. Hlutabréf í Bandaríkjunum lækkuðu minnst og náðu fyrst lágildri seint í september. Hlutabréf í Asíu og Kyrrahafslöndum höfðu verið veik á síðari hluta ársins 2010 eins og fyrr segir og héldu áfram að lækka árið 2011. Eftir að umræða um skuldavanda á sunnanverðri Evrópu komst í há mæli fyrir mitt árið lækkuðu evrópsk hlutabréf mest allra eða 25-30% frá hágildi í apríl. Þegar kom að lægstu gildum ársins 2011 var órói á markaði mikill og margir fjárfestar héldu sig til hlés. Fáir munu hafa átt von á því að lægstu gildi októbermánaðar 2011 yrðu

lágildri þess lækkunarskeiðs sem brast á í lok júlí 2011. Vandí í ríkisfjármálum næstum allra iðnríkja stendur að mestu óleystur þótt leiðtogar Evrópusambandsins, undir forystu Þjóðverja og Frakka, hafi stigið markviss skref til lausnar vandans.

### Skuldavandi iðnríkjanna verður viðvarandi á næstu árum

Upphaf lækkunar á hlutabréfamarkaði haustið 2007 í aðdraganda hruns á fjármálamarkaði tólf mán-

uðum síðar má rekja til vanda fjármálafyrirtækja á Vesturlöndum, m.a. vegna undirmáslána og mikillar skuldsetningar bæði fyrirtækja og heimila. Sum þessara fyrirtækja rak í þrot og í mörgum tilvikum gripu stjórnvöld inn í, þjóðnýttu banka og tryggingafélög eða höfðu milligöngu um úrlausn vandans á annan hátt. Miklu fé var veitt inn á fjármálamarkaðinn til að styrkja lausafjárstöðu lánastofnana og draga þannig úr hættu á alvarlegum áhrifum á tekjur og framleiðslu.

Við þetta færðist vandi fyrirtækja og heimila yfir á ríkissjóð í fjölmörgum löndum, bæði vestan hafs og austan. Skuldsetning fór yfir þau mörk sem að jafnaði eru talin viðráðanleg nema við þær aðstæður að vextir séu með lægsta móti og verðlag stöðugt.

Þegar kemur fram á árið 2011 tók verðbólga að aukast eins og fyrr er rakið. Í Kína nær verðbólga í 5-6%, á Indlandi 9-10%, í Bandaríkjunum hátt í 4% og jafnvel í Þýskalandi hátt í 3%. Hætta er á að vextir á markaði fari hækkandi, þótt

ekki sé nema til samræmis við aukna verðbólgu. Til viðbótar kemur álag á kröfu skuldabréfa vegna aukinnar áhættu af ofurháum skuldum. Þetta eru hin alvarlegu tíðindi í ljósi þess hve mörgum mikilvægum ríkjum í heimsbúskapnum er þröngur stakkur skorinn í ljósi sligandi skulda.

Myndin hér að neðan sýnir skuldir ríkis-sjóðs hjá fáeinum skuldugum ríkjum sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2011. Skuldavandi Japana er sérstakur kapituli á alþjóðlegum fjármála-markaði. Jafnvel þótt skuldir Ítala séu 125% af landsframleiðslu er ekki teljandi

halli á fjárlögum þeirra án vaxta. Bandaríkjamenn eru í alvarlegri stöðu þar sem fjárlagahalli án vaxta er 9% af VLF og skuldir ríkissjóðs yfir 100%. Skuldahlutfall þar mun hækka um nálægt 10% á ári næstu ár þar sem viðbrögð ráðamanna eru lítil enn sem komið er. Á áttunda áratug síðustu aldar var hliðstætt ástand hækkandi vaxta, verðbólgu, atvinnuleysis og fjárlagahalla á Vesturlöndum – en ekki eins háar skuldir hins opinbera og nú er við að glíma.


## Hlutabréf leiðandi hagvísir

Reynsla 20. aldarinnar kennir okkur að verðþróun hlutabréfa á alþjóðlegum markaði getur gengið þvert á væntingar almennings sem oft mótast af fréttalutningi í fjölmiðlum og því að fjárfestar á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði virðast æ ofan í æ meta rétt hvernig vindar blása löngu áður en það er öðrum ljóst. Hlutabréf á alþjóðlegum markaði eru leiðandi hagvísir og talið er að fjárfestar sjái fyrir sér framvindu næstu sex til tólf mánuði. Í lok janúar 2012 hafa hlutabréf á alþjóðlegum

markaði hækkað samfelld frá síðari hluta desember 2011 eftir lággildi í byrjun október. Nýjar hagtölur um framleiðslu og atvinnu sem borist hafa á fyrstu vikum ársins 2012 eru að jafnaði jákvæðari en væntingar stóðu til. Í lok janúar spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, svo að dæmi sé tekið, því að vöxtur heimsframleiðslu verði 3,3% árið 2012, liðlega 1% lægri en talið var fyrir tólf mánuðum. Horfur á hlutabréfamarkaði eru góðar eftir kröftuga hækkun á fyrstu vikum ársins 2012 og svo kann að fara að árið reynist hagfelldara um allan heim en vænst var í ársbyrjun.

## Skuldir ríkissjóðs í % af VLF, áætl. 2011

Heimild: IMF Global Financial Stability Report, september 2011. The Economist



Skuldir hins opinbera í nokkrum helstu ríkjum heims sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu 2011.



# Innlendir verðbréfamarkaðir

## Skuldabréfamarkaður

Skuldabréfamarkaðurinn á Íslandi árið 2011 var, líkt og undanfarin ár, sá markaður sem var hvað virkastur með tilliti til veltu og verðmyndunar. Ekki varð breyting á veltusamsetningu á árinu 2011. Líkt og hefur verið frá ársbyrjun 2009 er nánast eingöngu um að ræða viðskipti á eftirmarkaði með skuldabréf útgefin af íslenska ríkinu og Íbúðalána-sjóði.

Heildarvelta ársins í ríkis-tryggðum skuldabréfum nam rúmum 5.000 milljörðum króna, sem er litlu minna en árið 2010, en þá var veltan rétt tæpir 5.500 milljarðar króna.

Fyrri hluti ársins 2011 ein-kenndist af væntingum fjárfesta um aukna verðbólgu. Verðbólguálag til næstu fimm ára tvöfaldaðist á þeim tíma, fór úr 2,5% í um og yfir 5% um mitt ár. Önnur skýring á auknu verðbólguálagi er aukið framboð á

óverðtryggðum ríkisbréfum en aftur takmarkað framboð af verðtryggðum ríkis-tryggðum skuldabréfum.

Gjaldeyrishöftin hafa jafnframt umtalsverð áhrif til verðmyndunar skuldabréfa og jafnvel umfram væntingar fjárfesta um vaxtaþróun. Þetta á sérstaklega við um styttri enda verðtryggðra skuldabréfa, HFF14 og HFF24, þar sem erlendir aðilar hafa heimild undir gjaldeyrishöftunum til að skipta afborgunum og

vaxtagreiðslum af íbúðabréfum úr íslenskum krónum í erlendan gjaldeyri. Þessi undanþága var numin úr gildi með lagabreytingu í mars 2012 og verðmyndun á skuldabréfamarkaði er því minna háð haftasniðgöngu en áður.


## Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Verðbólguálag (RB19 vs. HFF24)

Þróun verðbólguálags til 5 ára, kröfumunur á RIKB 19 og HFF 24 0215

## Ávöxtunarkrafa skuldabréfa



Þróun ávöxtunarkröfu fyrir verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf

Ríkissjóður var stærsti útgefandi skuldabréfa á markaði á liðnu ári með 127 milljarða útgáfu, þar af 113 milljarða í ríkisbréfum. Ríkissjóður gaf jafnframt út 14 milljarða í verðtryggðum flokki (RIKS 30 0701) í tengslum við áætlun Seðlabankans um afnám gjald-eyrishafta. Íbúðalánasjóður var einnig umfangsmikill útgefandi og gaf út 14 milljarða króna í íbúðabréfum.

Lánasjóður sveitarfélaga gaf út rúmlega 4,5 milljarða á árinu.

Ríkissjóður fylgdi áfram þeirri stefnu sinni árið 2011 að lengja endurgreiðsluferil skuldabréfa ríkissjóðs í innlendri mynt. Kaupendur skuldabréfa ríkissjóðs skiptust mestmegnis í tvo hópa. Erlendir aðilar eru helstu kaupendur að ríkisbréfum með stuttan


líftíma, sem helgaðist fyrst og fremst af gjaldeyrishöftunum. Þetta hefur haldið skammtímaávöxtum niðri. Innlendir aðilar hafa hins vegar fyrst og fremst leitað í hærri ávöxtun með kaupum á löngum óverðtryggðum ríkisbréfum.

Þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi hækkað vexti á seinni hluta ársins lækkaði ávöxtunarkrafan á löngum óverð-

tryggðum bréfum. Það sem ræður þeirri þróun eru fyrst og fremst væntingar um lítið framboð af löngum óverðtryggðum bréfum sem og sú staðreynd að lesa mátti í yfirlýsingum peningastefnunefndar Seðlabankans að nefndin teldi núverandi vaxtastig rétt miðað við efnahagsumhverfið á Íslandi.

## Innlendur hlutabréfamarkaður

Gengi



### Hlutabréfamarkaður

Lítið fór fyrir endurreisn innlends hlutabréfamarkaðar á árinu 2011 en hann ein- kenndist af fáum skráðum fyrirtækjum á markaði. Stærstan hluta ársins voru aðeins teljandi viðskipti með bréf tveggja félaga, Marel og Icelandair. Þau félög hækk- uðu einnig mest á árinu, Marel um 25% og Icelandair um tæp 60%. Á Íslandi eru lífeyrissjóðirnir á meðal stærstu eigenda fyrirtækja sem skráð eru á markað. Þeir hreyfa fremur lítið við eignum sínum á hlutabréfa- markaði. Því er lítið flot á

þeim bréfum sem skráð eru og þar með lítil velta með bréfin.

Össur átti góðu gengi að fagna á árinu þó að hlutabréf félagsins hafi lækkað í verði. Í upphafi árs stóð til að Össur yrði afskráður úr Kauphöll Íslands og yrði aðeins skráður í kauphöll- inni í Kaupmannahöfn. Kauphöll Íslands ákvað þó að nýta heimild í lögum sem gerði henni kleift að taka bréf Össurar til viðskipta og þ.a.l. voru þau skráð í báðum kauphöllum. Í desember 2011 voru hlutabréf Haga skráð á markað, en það er fyrsta félagið sem skráð er

á íslenskan hlutabréfamark- að síðan í október 2007. Í útboðinu seldust hlutabréf fyrir 4 milljarða króna og var útboðsgengið 13,5. Bréfin hækkðu töluvert strax á fyrstu dögum eftir skrán- ingu og stóð gengi þeirra í 16,35 í lok árs. Vísitala inn- lendra hlutabréfa, OMXI6, lækkaði um 2,58% á árinu.

Það sem af er ári hafa töluverðar hræringar verið á erlendum hlutabréfamörk- uðum vegna skuldastöðu ríkja og minnkandi hag- vaxtar og er hættu á að þær hræringar hafi áhrif á innlendan hlutabréfamarkað. Að öllu óbreyttu er þó

útlit fyrir að árið á innlenda hlutabréfamarkaðinum verði gott. Efnahagur þeirra félaga sem eru á hlutabréfamarkaði er almennt sterkur og lítil endurfjármögnunarpörf fyrir hendi. Fleiri félög hafa horft til skráningar á árinu 2012 og má þar nefna Eimskipa- félag Íslands og Reginn ehf., dótturfélag Landsbankans. Gjaldeyrishöft eru enn við lýði og ekki útlit fyrir að þau verði afnumin í nánustu framtíð. Því munu fjárfestar fyrst og fremst leita á inn- lendan verðbréfamarkað.

*Elín Ylfa Viðarsdóttir er 12 ára nemandi í Álfhólsskóla og einn af efñilegri sundkonum landsins.*

*Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.*



# Landsbankinn þinn

---

**Árið 2011** einkenndist af kröftugri uppbyggingu Landsbankans og umbótum í starfi hans í anda nýrrar stefnu. Í henni kemur fram að bankinn ætli sér að vera hliðstæður bestu bönkum á Norðurlöndum árið 2015.

---

Lögð var rík áhersla á það á árinu að kynna þær breytingar sem ný stefna felur í sér með fundaröð um allt land. Samhliða fundaröðinni birti bankinn loforðalista með 28 aðgerðum sem hann efndi öll um mitt ár eins og til stóð, þar með talið að grípa til sérstakra úrræða til að taka á skuldavanda viðskiptavina sinna. Á árinu sameinaðist Landsbankinn Spkef, SP-Fjármögnun og Avant hf.

Stefna Landsbankans .....	26
Umbótamenning .....	29
Hreyfiafl .....	30
Fjárhagsleg endurskipulagning .....	31
Beina brautin .....	33
Lánastarfsemi .....	35
Íslenski lífeyrissjóðurinn .....	36
Samruni Landsbankans við önnur fjármálafyrirtæki .....	37

# Stefna Landsbankans

---

**Landsbankinn ætlar sér að vera í forystuhlutverki** í endurreisn íslensks samfélags. Einkunnarorð hinnar nýju stefnu bankans eru „við hlustum, lærum og þjónum“ og í þeim endurspeglast sú mikla áherslubreyting sem jafnt og þétt verður á rekstri hans. Rík áhersla er lögð á að hlusta á viðskiptavinum, læra af reynslunni og þá staðreynd að Landsbankinn er umfram allt þjónustufyrirtæki.

---

Stefnan hvílir á fjórum meginstoðum. Sú fyrsta er „öflug liðsheild“, þar sem lögð er áhersla á að starfsmenn komi fram sem ein heild sem vinnur ötullega að sama markmiði eftir skilgreindum leiðum. „Traustir innviðir“ vísa til þess markmiðs að ná fram hagfelldu hlutfalli á milli kostnaðar og tekna, auka gæði eigna og þar með að sjá vanskil viðskiptavina lækka verulega. Þriðja meginstoðin er „ánægðir viðskiptavinir“ og undir hana flokkast m.a. persónuleg þjónusta og úrvinnsla skuldamála fyrirtækja og heimila. Síðast en ekki síst er fjórða yfirheitið, „ávinningur samfélags og eigenda“ og undir það fellur traust, arðsemi, samfélagsleg ábyrgð

og uppgjör við Landsbanka Íslands hf. Helstu áherslurnar í stefnunni eru rammaðar inn með orðunum áhugi, áreiðanleiki, ábyrgð og ávinningur.

---

## Mælingar og eftirfylgni

---

Mikil áhersla er lögð á mælanleg markmið í allri vinnu innan bankans. Vegvísir bankans samanstendur af fjórum meginstoðum stefnunnar og tíu undirflokkum hennar sem mældir eru reglulega til að kanna framþróun verkefna. Hver og einn þessara tíu undirflokka byggir svo á enn fleiri undirlíðum sem mæla þróun verkefna innan sviða

og deilda. Þegar mælingar ársins 2011 eru skoðaðar sést að bankinn hefur náð langflestum markmiðum sínum og á því byggir nýr vegvísir sem nær allt til ársins 2015.

---

## Kynning stefnunnar

---


Á árinu 2011 lagði Landsbankinn mikla áherslu á að kynna nýja stefnu sína. Efnit var til fundaraðar undir merki stefnunnar; Landsbankinn þinn. Haldnir voru 9 fundir og þá sóttu um 800 manns. Á fundunum kynnti Steinþór Pálsson bankastjóri stefnu bankans og fram-tíðarsýn, jafnframt því að fjalla um fortíðina og þær

breytingar sem nýtt skipulag bankans hefur í för með sér. Tilgangurinn með þessum opnu fundum var að hlusta á fólkið í landinu.

Samhliða fundaherferðinni birti Landsbankinn aðgerðalista sinn opinberlega. Á honum voru 28 aðgerðir til að breyta bankanum í takt við nýja stefnu. Aðgerðalistinn var í sex meginlíðum: Bankinn hét því að starfsmenn skrifuðu allir undir siðasáttmála, hann vildi takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu, vera hreyfiafl í samfélaginu og rækja samfélags- og siðferðislegt hlutverk sitt.


## Viðskiptatryggð

Heimild: Capacent



## Traustur banki

Heimild: Capacent



## Vegvísir

		Mæling	Markmið			
Markmið	Mæling	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Öflug liðsheilð</b>						
Ánægja starfsmanna	Vinnustaðagreining	4,35*	>4,2	>4,2	>4,2	>4,2
<b>Traustir innviðir</b>						
Hagkvæmni	Kostnaðarhlutfall	57,2%	<50	<50	<50	<50
Gæði eigna	% 90 daga vanskil	14%	<8	<5	<3	<2
<b>Ánægðir viðskiptavinir</b>						
Viðskiptatryggð	CE11 vísitala **	3,4	3,7	4	>4	>4
Viðreisn	Fjöldi viðskiptavina úr endurskipulagningu	> 75%	Lokið			
<b>Ávinningur samfélags og eigenda</b>						
Traust	Ímyndarmæling	3,5	3,6	3,8	4	4
Arðsemi	Hagnaður / eigið fé	8,8%	Áhl+ 5,25***	Áhl+ 5,25***	Áhl+ 5,25***	Áhl+ 5,25***
Uppgjör við gamla bankann	Útgáfa skilyrta skuldabréfs ****	66%	Lokið			

\* Vinnustaðagreining í febrúar 2012.

\*\* Mæling á tengslum viðskiptavina við fyrirtæki, 11 spurningar.

\*\*\* Áhættulausir vextir + 5,25%.

\*\*\*\* Eignarhlutur LBI hf. rennur til ríkisins ef markmiði um upphæð skilyrta skuldabréfsins verður náð í lok árs 2012.



# Umbótamenning

Verkefni um innleiðingu sérstakrar umbótamenningar var sett á fót í september 2011. Markmið verkefnisins er að Landsbankinn verði til fyrirmyndar árið 2015 og starfsemin einkennist af gagnsæi og stöðugum umbótum.

Þessu verkefni er ekki síst ætlað að skýra verklag og


einfalda þar sem þörf er á. Margvíslegs ávinnings má vænta af þessari vinnu, en hún mun hafa mikil áhrif á bæði fyrirtækjamenningu og stjórnkerfi bankans. Skýrt verklag treystir innviði bankans þannig að hægt er að skila sem mestu virði til viðskiptavina á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt. Afleiðingin af slíkri

hagræðingu verður lægri kostnaður og betri skilningur á þörfum viðskiptavina sem aftur leiðir til skilvirkari þjónustu.

Meginferlakort Landsbankans lýsir starfsemi bankans, dregur upp hvernig samskiptum við viðskiptavini er háttað og undirstrikar að Landsbankinn er þjónustu-

fyrirtæki og að viðskiptavinurinn er settur í forgrunn. Því er einnig ætlað að tengja saman verkefni ólíkra sviða eða deilda til að samfella myndist í þjónustu við viðskiptavini.

## Viðskiptavinur með fjármagn – Viðskiptavinur sem vantar fjármagn



# Hreyfiafl

## Það er stefna Landsbankans að vera hreyfiafl í samfélaginu.

Öflugt atvinnulíf þarf greiðan aðgang að fjármagni og þar gegnir Landsbankinn mikilvægu hlutverki. Bankinn tók þátt í fjölmörgum fjármögnunarverkefnum á árinu.

Eitt stærsta verkefnið var fjármögnun Búðarhálsvirkjunar og í Arnarfirðinum fjármagnaði Landsbankinn laxeldi á vegum Fjarðalax. Ný verksmiðja Lýsis rís nú við Grandagarð og Landsbankinn fjármagnaði tvö gagnaver; Verne Global og Thor Data Center.

Í júní byggði bankinn enn frekar undir þessa nálgun sína og stóð fyrir 25 fundum með sveitastjórnnum um allt land, þar sem lögð var áhersla á fundi með atvinnuþróunarfélögum, sveitarstjórnarmönnum, forsvarsmönnum fyrirtækja, verkályðshreyfingu og fleirum.

Markmiðið með fundunum var að leita uppi tækifæri og hugmyndir sem hægt væri að próa frekar.

Ferðaþjónustan er ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu hennar, m.a. með fjármögnun byggingar skíðahótels Icelandair á Akureyri, gufubaðsaðstöðu Fontana á Laugarvatni, endurfjármögnun Bláa lónsins og hótélbygginga við Mýrargötu og Mjólnisholt.

Að auki stofnaði bankinn þróunarsjóð ásamt Iðnaðarráðuneytinu sem ætlað er að styrkja efnileg fyrirtæki í ferðaþjónustu.

### Nýsköpun

Til að styðja vel við bakið á frumkvöðlum hefur Landsbankinn komið á fót nýsköpunarþjónustu sem er sérsníðin að þörfum nýrra fyrirtækja. Þá hefur bankinn staðið fyrir atvinnu- og nýsköpunarhelgum í samstarfi við Innovit þar sem markmiðið er að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla um leið atvinnusköpun í landinu.

### Sala fyrirtækja í ótengdum rekstri

Eignarhald fjármálafyrirtækja á félögum í óskyldum rekstri er óæskilegt. Landsbankinn leggur því mikla áherslu á að selja fyrirtæki sem hann kann að eignast, eins skjótt og auðið er. Sala bankans á Vestia og Icelandic Group var stór áfangi á þeirri leið og meðal fleiri félaga sem bankinn seldi á árinu 2011 má nefna, Björgun og Pizza Pizza.

### Farið var í heimsóknir á eftirtalda staði

- » Akureyri
- » Norðurþing
- » Snæfellsbær
- » Akranes
- » Borgarbyggð
- » Hvalfjarðarsveit
- » Fljótshérað
- » Fjarðabyggð
- » Vopnafjörður
- » Seyðisfjörður
- » Fljótshreppur
- » Stykkishólmur
- » Sveitarfélagið Ölfuss
- » Árborg
- » Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- » Bláskógarbyggð
- » Rangárþing eystra
- » Hvammstangi
- » Sauðárkrókur
- » Skagaströnd
- » Reykjanesbær
- » Hornafjörður
- » Grindavík
- » Ísafjarðarbær
- » Bolungarvík
- » Súðavík
- » Vesturbyggð
- » Tálknafjörður

# Fjárhagsleg endurskipulagning

Stærsta verkefni bankans árið 2011 var án efa úrvinnsla skuldamála bæði fyrirtækja og einstaklinga. Landsbankinn hefur lagt mikla áherslu á að hraða úrvinnslu þeirra og gripið til aðgerða fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga umfram það sem ákveðið var í samkomulagi fyrirtækja og stofnana á fjármálamarkaði í samvinnu við opinbera aðila.

## Lækkun skulda heimilanna

Ríkisstjórn og fjármála-fyrirtækin skrifuðu undir víðtækt samkomulag um aðgerðir til að vinda ofan af skuldavanda heimilanna árið 2010. Unnið var eftir því framan af árinu 2011 en þá ákvað Landsbankinn að fara aðrar leiðir og gera betur við sína viðskipta-

vini en samkomulagið gerði ráð fyrir. Í lok maí kynnti bankinn viðamiklar aðgerðir í þessa veruna, þrískiptar aðgerðir sem byggðu á traustri fjárhagsstöðu bankans.


» Lækkun fasteignaskulda með aðlagðri 110% leið þar sem miðað var við fasteignamat í stað verðmats áður. Með því lækkuðu skuldir meira og með skilvirkari hætti en

áður var mögulegt. Einnig var ákveðið að aðrar aðfararhæfar eignir kæmu almennt ekki til frádráttar.

» Landsbankinn endurgreiddi skilvísunum 20% af þeim vöxtum sem þeir höfðu greitt frá 1. janúar 2009 til 30. apríl 2011. Endurgreiðslan kom fyrst til lækkunar lána, en væru viðskiptavinir skuldlausir

## Höfuðstóll útlána, nettó > 90 daga vanskil

ISK milljarðar



fengu þeir upphæðina lagða inn á reikning.

- » Skuldir umfram greiðslugetu voru lækkaðar, t.d. yfirdráttur, skuldabréfalán og lánsveð. Sú lækkun gat að hámarki numið 8 milljónum króna hjá hjónum, en 4 milljónum króna hjá einstaklingum.

Að mati forsvarsmanna bankans voru þær leiðir sem í boði voru of tafsamar og flóknar og því var öll vinna við úrvinnslu skuldamála einfölduð og henni hraðað með sjálfvirkum keyrslum úr gagnagrunnum.

Þetta skilaði m.a. því að þó aðeins 2000 manns hafi sótt um 110% leið voru skuldir rúmlega 3.300 lækkaðar til samræmis við niðurstöðu leitar í gagnagrunnum bankans.

Alls lækkaði Landsbankinn skuldir 55.000 einstaklinga um 55,8 ma.kr.

### Þróun vanskila

Vanskilahlutfall hefur verið mikið í umræðunni frá 2008, enda hefur það hækkað mjög frá því sem áður var. Vanskilahlutfallið

er mjög sterk vísbending um heilbrigði efnahagslífsins. Landsbankinn hefur lagt gríðarlega áherslu á að lækka vanskilahlutfall og miða allar aðgerðir í skuldámálum einstaklinga og fyrirtækja að því að koma lánum í skil. Bankinn náði markmiðum sínum á þessu sviði og reyndar gott betur á árinu 2011.

### Endurskipulagning skulda fyrirtækja

Á árinu 2010 setti Landsbankinn á stofn sérstakt svið, Endurskipulagningu eigna,

til að fást við skuldavanda fyrirtækja og hraða úrvinnslu mála. Skrifað var undir almennt samkomulag um hina svokölluðu Beinu braut seint á því ári og unnið samkvæmt því. Snemma á árinu 2011 ákvað Landsbankinn að Beina brautin skyldi ná til fleiri lífvænlegra fyrirtækja í greiðsluferðleikum en upphaflega var stefnt að og um mitt ár rýmkaði bankinn reglurnar enn frekar svo fleiri myndu geta nýtt sér úrræðin.

Frá þeim tíma hefur endurskipulagning skulda fyrirtækja gengið mun hraðar og betur en áður.

Niðurfærslur - einstaklingar	Höfuðstóll október 2008	Afskrift í m. kr.	Hlutfall
Endurútreikningur erlendra lána, er falla undir svokallaðan Mótormax dóm	26.637	10.122	38%
Endurútreikningur erlendra lána einstaklinga, dómur Hæstaréttar, júní 2010	57.144	23.429	41%
Lækkun annarra skulda (úrræði kynnt í maí 2011)	7.659	3.625	47%
110% leiðin	76.479	15.239	20%
Önnur úrræði, þar með talin eldri 110% leið, 25% lækkun erlendra lána o.fl.	37.024	4.315	12%
Bíla- og tækjafármögnun	37.024	12.163	38%
<b>Samtals</b>	<b>237.350</b>	<b>68.893</b>	<b>29%</b>

# Beina brautin

Lítill og meðalstór fyrirtæki með skuldir allt að 1.000 m. kr. gátu fengið skuldir sínar lækkaðar niður að endurmetnu eigna- og rekstrarvirði þeirra, hvort sem er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga og ábyrgða fyrir skuldum fyrirtækis.

## Beina brautin í hnotskurn

- » Lífvænleg fyrirtæki sem skulda minna en 1.000 m. kr. fengu tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrir 1. júní 2011.
- » Traust og trúnaður þurfti að ríkja milli aðila og áframhaldandi þátttaka núverandi eigenda og/eða lykilstjórnenda er mikilvæg fyrir fyrirtækið.
- » Skuldir fyrirtækis voru aðlagðar að virði eigna og rekstrar, hvort sem hærra var, að viðbættu virði annarra trygginga

og ábyrgða fyrir skuldum fyrirtækis.

- » Ábyrgðir og skuldir eigenda voru endurmetnar á grundvelli greiðslugetu og eignastöðu, samhliða endurskipulagningu.
- » Möguleiki var að fá mat þriðja aðila á virði fyrirtækis.
- » Öllum var boðið að samþykkja skuldauppgjör og endurskipulagningu með fyrirvara um betri rétt samkvæmt niðurstöðu dómstóla. Breytingar Landsbankans á Beinu brautinni, vorið 2011:
- » Reglur um mikilvægi eigenda voru rýmkaðar svo fleiri gætu nýtt sér Beinu brautina.
- » Fyrirtæki með heildarvirði hærra en skuldir gátu nýtt sér úrræðið væru þau í greiðsluvanda, jafnvel þó ekki þyrfti að koma til afskrifta á skuldum þeirra.

## Sala fullnustueigna

Landsbankinn fylgir skilgreindu söluferli til að tryggja hagsmuni viðskiptavina við sölu á fullnustueignum. Allar fullnustueignir eru auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði, brjóti það ekki gegn lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans. Minni fasteignir, ökutæki og lausafjármunir eru boðnar til sölu eins fljótt og unnt er. Slíkar eignir eru verðmetnar og seldar með milligöngu fagmanna. Skráð verðbréf eru seld á markaði. Við sölu fullnustueigna sem bankinn yfirtekur frá einstaklingum er stefnt að því að tryggja friðhelgi þeirra.

Smærri fasteignir Landsbankans eru vistaðar í dótturfélaginu Hömlum ehf. Áætlun um sölu fyrirtækja í samkeppnisrekstri sem bankinn kann að eignast er birt opinberlega innan sex mánaða frá því að bankinn


öðlast umráðarétt yfir eigninni. Stærri fasteignir eru vistaðar hjá Regin ehf. og má nálgast allar upplýsingar um sölu þeirra á heimasíðu Regins ehf.

## Niðurfærsla lána frá stofnun Landsbankans


Landsbankinn hf. hefur frá stofnun haustið 2008 til ársloka 2011 fært niður skuldir einstaklinga og fyrirtækja samtals um 500 milljarða í tengslum við yfirtöku bankans á fyrirtækjum eða gjaldprot þeirra. Lang mestu munar um niðurfærslur á lánnum fyrirtækja sem bankinn hefur ýmist þurft að taka yfir, endurskipuleggja eða hafa farið í prot.

Niðurfærslur - fyrirtæki Afskriftir í kjölfar samninga, gjaldþrots og/eða yfirtöku eignarhalds	Höfuðstóll október 2008	Afskrift í m. kr.	Hlutfall
Eignarhaldsfélög	258.763	177.689	69%
Þjónusta	277.156	115.676	42%
Sjávarútvegur	230.135	45.582	20%
Byggingarstarfsemi	71.814	43.678	61%
Verlsun	137.401	42.444	31%
Iðnaður	38.163	9.499	25%
Veitur	11.493	3.812	33%
Landbúnaður	12.710	2.840	22%
Samgöngur	22.712	1.890	8%
<b>Samtals</b>	<b>1.060.347</b>	<b>443.111</b>	<b>42%</b>

## Endurskipulagning fyrirtækja - hlutfall af útlánasafni Endurskipulagningar eigna



## Endurskipulagning útlána fyrirtækja á vegum Endurskipulagningar eigna - fjöldi



# Lánastarfsemi

## Ávöxtun á lánamarkaði

Verulegar breytingar hafa orðið á lánamarkaði og hart verið deilt um kosti og galla verðtryggingar. Landsbankinn hefur brugðist við þessari umræðu og setti í október á markað útlána- og innlánaflokka sem mörkuðu ákveðin þáttaskil. Þá voru boði óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja eða fimm ára. Að binditíma loknum geta viðskiptavinir valið um vaxtaviðmið. Bankinn hefur jafnframt lækkað fasta vexti á verðtryggðum lánnum verulega. Enn fremur lækkuðu faxtir vextir óverðtryggðra bílasamninga og eru nú lægri en áður hefur tíðkast. Eftirspurn eftir óverðtryggðum lánnum hefur farið

vaxandi, en greiðslubyrðin á þeim lánnum er þyngri en eignamyndun hraðari.

## Ávöxtun sparifjár

Enn er hægt að ná góðri ávöxtun á sparifé, þó vextir hafi lækkað frá því sem áður var. Landsbankinn greip til þess ráðs á árinu að bjóða nýjan sparireikning, Fastvaxtareikning, með föstum óverðtryggðum vöxtum út binditímann til að fjölga valkostum. Sá möguleiki bætist við fjölbreytta sparnaðarmöguleika í sjóðum sem reknir eru af Landsvaka, dótturfélagi Landsbankans. Ávöxtun þeirra var ágæt á árinu 2011 miðað við efnahagssumhverfið, en almennt hafa vextir farið lækkanði í

landinu undanfarin misseri og ávöxtun sparifjár haldist í hendur við það.

Skuldabréfasjóður Landsvaka, Sparibréf verðtryggð, náði hæstu ávöxtun verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hér á landi á síðasta ári, samkvæmt hlutlausum samburði á vefsíðunum keldan.is og sjodir.is. Sparibréf verðtryggð fjárfesta í meðalöngum og löngum verðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Ávöxtun sjóðsins á árinu var 16,31% sem verður að teljast mjög gott í því árferði sem nú ríkir. Ávöxtun skuldabréfasjóða á árinu var almennt góð.


Landsvaki leggur áherslu á að sjóðaúrval félagsins svari þörfum markaðarins

hverju sinni og undir lok árs 2011 voru stofnaðir tveir nýir sjóðir: annars vegar Eignabréf sem fjárfestir í dreifðu og blönduðu safni skuldabréfa og hlutabréfa með grunn í verðbréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sá sjóður hentar þeim sem vilja setja hluta sparnaðar síns í áhættumeiri eignir. Veltubríf er verðbréfasjóður sem fjárfestir aðallega í innlánnum og ríkisvixlum en hefur einnig heimild til fjárfestinga í peningamarkaðsgerningum útgefnum af sveitarfélögum, bönkum og öðrum fyrirtækjum. Veltubríf er skammtímasjóður með fremur lítilli áhættu þegar horft er til vaxta-áhættu en áhættusamri fjárfestingarstefnu þegar horft er til skuldaraáhættu sjóðsins.

## Innlán

Ma. kr.


800



## Útlán til viðskiptavina

Ma. kr.

800




# Íslenski lífeyrissjóðurinn

**Íslenski lífeyrissjóðurinn** var stofnaður árið 1990 og er almennur lífeyrissjóður sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið með rekstrarsamning við Landsbankann sem sér um daglegan rekstur sjóðsins. Rekstrarsamningurinn var endurnýjaður á árinu 2011. Sjóðurinn hefur notið ávinnings af góðu samstarfi við Landsbankann sem veitir sjóðfélögum aðgang að öflugri þjónustu bankans og útibúaneti hans. Þrátt fyrir sterk tengsl við Landsbankann er Íslenski lífeyrissjóðurinn sjálfstæður lífeyrissjóður með öflugt sjóðfélagalýðræði. Hann er einn af fáum lífeyrissjóðum þar sem meirihluti stjórnar er kjörinn af sjóðfélögum á ársfundi. Landsbankinn skipar einn stjórnarmann, en til að tryggja óhæði bankans var farin sú leið að auglýst var eftir hæfum óháðum stjórnarmanni sem situr fyrir hönd bankans í stjórn sjóðsins.

## Nafnávöxtun



Íslenski lífeyrissjóðurinn er með tvær deildir, séreignar- og samtryggingardeild. Séreignardeildin býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi eignasetningu, vænta ávöxtun og áhættu. Leiðirnar henta mismunandi aldurshópum en sjóðfélagar geta valið

Lífsbrautina og færast þá á milli leiða eftir aldri. Samtryggingardeildin er með eina ávöxtunarleid en tvær mismunandi útgreiðsluleiðir. Með því leggur Íslenski lífeyrissjóðurinn áherslu á sveigjanleika þegar kemur að lögbundnu framlagi til öflunar lífeyrisréttinda með

samspili samtryggingar og séreignar.

Í lok árs 2011 var heildarstærð Íslenska lífeyrissjóðsins tæpir 35 milljarðar króna og heildarföldi sjóðfélaga tæplega 28 þúsund.



# Samruni Landsbankans við önnur fjármálafyrirtæki

Landsbankinn og Spkef voru sameinaðir að morgni 7. mars samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Frá þeim tíma yfirtók Landsbankinn allar eignir og skuldir Spkef og samninga við birgja, þjónustufyrirtæki og aðra. Starfsmenn sparisjóðsins urðu við breytinguna starfsmenn Landsbankans, en bankinn tryggði nánast öllum starfsmönnum sem áður störfuðu undir merkjum Spkef starf við hæfi. Fast að 20 störf

voru flutt frá Reykjavík til Reykjanesbæjar, en á þeim stöðum þar sem bæði Landsbankinn og Spkef höfðu haft starfsemi, voru útibúin sameinuð. Þetta átti við um Reykjanesbæ, Ólafsvík, Grindavík og Ísafjörð.

Í október var formlega gengið frá því að SP-Fjármögnun og Avant hf. rynnu inn í Landsbankann og mynda þau saman Bíla- og tækjafjármögnunarsvið bankans. Allir starfsmenn sem það


kusu héldu vinnu sinni við þessar breytingar. Tilgangur samrunans var fyrst og fremst að einfalda rekstur og bjóða viðskiptavinum aukið vöruframboð og góða þjónustu. Engar breytingar urðu á högum viðskiptavina SP-Fjármögnunar og Avant og Landsbankinn tók við öllum réttindum og skyldum fyrirtækjanna.

Landsbankinn eignaðist SP-Fjármögnun að fullu árið 2009 en Landsbanki Íslands

hf. (LBI hf.) hafði áður átt 51% hlut í félaginu frá árinu 2002. Bankinn eignaðist 99% hlutafjár í Avant í febrúar 2011 í kjölfar nauðasamninga. Með þessu skrefi styrktist staða Landsbankans á fjármögnunarmarkaði og starfsmannahópurinn eflidist.

## Útibúanet Landsbankans

Landsbankinn rekur víðfeðmasta útibúanet á landinu. Eftir sameiningu við **Spkef** í mars 2011 eru útibú og afgreiðslur 45 talsins í öllum landshornum.



Heimili Ragnheiðar Steindórsdóttur leikkonu.

Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.



# Stjórn og stjórnarhættir

---

**Góðir stjórnarhættir Landsbankans** stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

---

---

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti starfseminnar í ársskýrslu og á vef samkvæmt þeim fyrirmælum sem leiðbeiningarnar geyma.

Stjórnarháttayfirlýsing .....	40
Framkvæmdastjórn .....	50
Skipurit, svið og deildir .....	55
Dótturfélög .....	71

# Stjórnarháttayfirlýsing

---

**Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt** á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

---

---

## Tilvísanir í reglur og leiðbeiningar um stjórnarhætti sem Landsbankinn fylgir

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010, ber Landsbankanum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í júní 2009 (3. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í leiðbeiningunum er kveðið á um að árlega skuli birta yfirlýsingu um stjórnarhætti viðkomandi félags (stjórnarháttayfirlýsingu) og er þar tilgreint nánar hvaða atriði skuli koma fram í yfirlýsingunni. Þessi kafla í ársskýrslunni inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans og fylgir yfirlýsingin þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

---

## Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að undanskildum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.1, 2.7, 5.B.3 og 5.B.4 í leiðbeiningunum. Verður hér gerð grein fyrir þessum frávikum og tilgreindar ástæður þeirra og þau úrræði sem gripið var til vegna þeirra.

**Grein 1.1 er svohljóðandi:**  
*„Þegar tími og dagsetning aðalfundar hefur verið ákveðin, helst eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs*

*félagsins, er mælt til þess að upplýst sé um það á vefsíðu þess ásamt lokadagsetningu fyrir hluthafa til að leggja fram mál og/eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum.“*

Landsbankinn hefur upplýst um tíma og dagsetningu aðalfundar á vefsíðu sinni en ekki var talið gerlegt að ákveða og tilkynna dagsetninguna með endanlegum hætti eins snemma og mælt er til í leiðbeiningunum. Aðalfundir bankans eru að jafnaði haldnir í mars eða apríl hvert ár og er dagsetning þeirra yfirlétt ákveðin í lok undangengins árs.

Þá hefur Landsbankinn ekki fylgt þeirri leiðbeiningu í grein 1.1 að upplýsa innan umræddra tímamarka um lokadagsetningu fyrir hluthafa til að leggja fram mál og/eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum. Ástæður þessara frávik eru af svipuðum toga og þær sem raktar eru hér að framan að því er varðar dagsetningu aðalfundar. Þá skiptir máli að einungis eru tveir hluthafar í Landsbankanum sem almennt eru upplýstir um undirbúning aðalfundar.

**Grein 2.7 er svohljóðandi:**

„Stjórn félags ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynd.“ Landsbankinn uppfyllir þessa kröfu leiðbeininganna. Í skýringum með þessari grein segir m.a.: „Það er mikilvægt að innra eftirlit og áhættustýring félagsins fái næga umfjöllun innan stjórnarinnar. Til að

tryggja að svo verði er æskilegt að stjórn félagsins haldi með reglubundnum hætti sérstaka stjórnarfundum eingöngu til að fara yfir málefni tengd innra eftirliti. Stjórnin ætti að boða ytri og innri endurskoðendur ásamt framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd á þessa fundi.“

Landsbankinn hefur ekki haldið sérstaka bankaráðsfundi eingöngu um innra eftirlit, eins og hér er mælt með. Ástæðan er sú að bankaráð hefur skipað Endurskoðunar- og áhættunefnd til að fjalla sérstaklega um innra eftirlit. Nefndin upplýsir bankaráð um málefni tengd innra eftirliti og tekur bankaráð þau til umræðu þegar tilefni er til.

**Grein 2.9 er svohljóðandi:**

„Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda og þróun félagsins.“

Bankaráð hefur framkvæmt mat á störfum sínum, skipulagi, verklagi og starfsháttum, sem og frammistöðu bankastjóra. Bankastjóri hefur metið frammistöðu þeirra stjórnenda sem heyra beint undir hann.

Í skýringum með þessari grein segir að æskilegt sé að stjórn meti jafnframt störf undirnefnda sinna en það hefur ekki verið gert. Framkvæmd árangursmats er í þróun og mun bankaráð endurskoða tilhögun þess.

**Grein B.3 í 5. kafla leiðbeininganna er svohljóðandi:**

„Starfskjaranefnd skal annast það hlutverk stjórnar að undirbúa og framkvæma tillögur að kjörum stjórnarmanna og semja við stjórnendur.“ Í skýringum með þessari grein segir að hlutverk Starfskjaranefndar ætti m.a. að felast í að „ *tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við ... bestu framkvæmd hverju sinni*“ og að „*[s]emja við framkvæmdastjóra um laun og*

*önnur starfskjör, innan ramma starfskjarastefnu félagsins.*“

Landsbankinn uppfyllir ekki þessi ákvæði leiðbeininganna eins og þau eru túlkuð í skýringum. Með lögum hafa þessi hlutverk verið tekin af bankaráði Landsbankans og þar með Starfskjaranefnd hans. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkisins. Undir þetta ákvæði fellur framkvæmdastjóri (bankastjóri) Landsbankans, enda á ríkið rúmlega 81% eignarhlut í bankanum. Samsvarandi ákvæði er í 1. mgr. 79. gr.a. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, sbr. lög nr. 87/2009. Framangreind ákvæði fela í sér undantekningu frá 2. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Síðarnefnda reglan kveður á um að það er félagsstjórn sem ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

Þetta hlutverk stjórnar hlutafélags er í samræmi við það sem almennt tíðkast í félagarétti þeirra ríkja sem Ísland vill helst miða sig við. Þetta er og í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti hlutafélaga, t.d. meginreglur OECD. Að baki þessu fyrirkomulagi búa þau rök að það sé stjórn hlutafélags (eða starfskjaranefnd) sem er best til þess fallin að ákvarða laun framkvæmdastjóra. Sú ákvörðun þarf að byggjast á yfirgripsmikilli þekkingu á starfsemi viðkomandi félags og þeirri ábyrgð og þeim hæfis- og árangursviðmiðum sem stjórnin setur starfi framkvæmdastjóra.

Það er því afar óheppilegt út frá sjónarmiðum um ábyrgð stjórnar og góða stjórnarhætti að taka þetta hlutverk

af stjórninni og færa það til þriðja aðila sem er ótengdur þeirri starfsemi sem fram fer í viðkomandi félagi og miðar ákvörðun sína um laun og starfskjör við aðrar og óskyldar forsendur. Ekki skiptir máli þótt þetta sé gert með lögum. Slíkt fyrirkomulag, þ.e. að utanaðkomandi aðili ákvarði laun og starfskjör framkvæmdastjóra, leiðir til skerðingar á áhrifavaldi stjórnar á stjórnun félagsins. Þegar um er að ræða fjármála-fyrirtæki kann slík skerðing á áhrifavaldi stjórnar að auka rekstraráhættu fyrirtækisins.

Þann 26. janúar 2012 mælti fjármálaráðherra fyrir frumvarpi á Alþingi til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrif-

stofustjórar, launaviðmið), 365. mál, þingskjal 441. Í umsögn bankaráðs Landsbankans er gerð grein fyrir sjónarmiðum bankans að því er varðar fyrirkomulag á ákvörðun starfskjara bankastjóra. Í umsögninni er lagt til að gerð verði breyting á 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð þannig að bankinn verði tekinn undan gildissviði laganna og bent á að slíka breytingu megi gera með því að bæta inn nýjum málslíð sem kæmi eftir 2. ml. 2. mgr. 1. gr. þess efnis að ákvæðið taki ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í grein B.4 í 5. kafla leiðbeininganna segir m.a.: „Starfskjaranefnd skal útbúa starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör

framkvæmdastjóra...“ Jafnframt segir: „Hafi starfskjaranefnd ekki verið skipuð skal þetta vera hlutverk stjórnar.“

Landsbankinn uppfyllir ekki þessi ákvæði greinarinnar og er vísað til umfjöllunar hér að ofan um grein B.3.

---

### Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar í tengslum við gerð reikningsskila

---

Bankaráð ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits. Innleiðing og framkvæmd eftirlitsins hvílir hjá stjórnendum bankans og eftirlitsein-ingum, þ.e. Áhættustýringu, Regluvörslu og Innri endurskoðun. Endurskoðunar- og áhættunefnd er ein

## Fundarsókn bankaráðsmanna

	Starfstími á árinu 2011	Bankaráðs-fundir	Lána-nefndir	Endurskoðunar- og áhættunefnd	Starfskjara-nefnd	Stjórnar-háttanefnd
<b>Núverandi bankaráðsmenn</b>						
Gunnar Helgi Hálfðanarson	1.1. - 31.12	23	7	0	7	3
Sigríður Hrólfsdóttir	1.1. - 31.12	24	8	14		
Þórdís Ingadóttir	1.1. - 31.12	23	9	14		
Ólafur Helgi Ólafsson	1.1.- 31.12	21	9	4	6	3
Andri Geir Arinbjarnarson, tók sæti Guðríðar Ólafsdóttur	1.1. - 31.12	21	9		1	3
Jón Sigurðsson, varamaður tók sæti Andra Geirs sem 1. varamaður	1.1.- 31.12	10	4			
Þorsteinn Garðarsson, varamaður	1.1.- 31.12	5	1			
Helga Loftsdóttir, varamaður	28.4.- 31.12	3				
Kristján Þ. Davíðsson, varamaður	28.4. - 31.12	3				
<b>Fyrri bankaráðsmenn</b>						
Guðríður Ólafsdóttir	1.1.- 26.5	13	4		6	
Melrós Eysteinsdóttir*	1.1. -24.05			7		

\*Tilnefnd af LBI og sat eingöngu fundi í Endurskoðunar- og áhættunefnd

af undirnefndum bankaráðs og fjallar hún með reglu-bundnum hætti um málefni tengd reikningsskilum, innra eftirliti og áhættustýringu. Innra eftirlit bankans byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr þeirri áhættu sem fer umfram samþykktan áhættuvilja bankans. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem eftirlitseiningar bankans sannreyna að fylgt sé.

### Einkunnarorð félagsins, siðasáttmáli og stefna um samfélagslega ábyrgð

Þann 2. október 2010 kynnti Landsbankinn og birti á vef sínum stefnu sína undir heitinu Landsbankinn þinn

og einkunnarorðin „Við hlustum, lærum og þjónum.“ Bankinn setti sér siðareglur þann 1. mars 2011. Siðareglurnar eru í formi sáttmála sem allir starfsmenn bankans hafa skrifað undir og endurnýja árlega samhliða starfsmannasamtali. Siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum. Sáttmálinn er skrifaður frá sjónarhorni starfsmanna og lýsir því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að árétta ábyrgð hvers og eins. Siðasáttmálann er að finna á vef Landsbankans. Í byrjun árs 2011 birti Landsbankinn stefnu sína

um samfélagslega ábyrgð. Markmið stefnunnar er að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismál saman við rekstur bankans. Samfélagsstefnan grundvallast á fimm meginþáttum sem tengjast beint starfsemi og rekstri bankans, og eru í samræmi við alþjóðleg viðmið um samfélagslega ábyrgð, Global Compact, UNEP FI og ISO 26000. Innleiðing stefnunnar felst í stöðugreiningu á lykilþáttum samfélagslegrar ábyrgðar, fjölda lykilverkefna og breytingum á verkferlum og vinnureglum sem hafa það í för með sér að alþjóðlegum viðmiðum um samfélagslega ábyrgð sé fylgt. Stefnan skal vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en árið 2015.

### Fjöldi stjórnarfunda og fundir undirnefnda ásamt mætingu á fundi

Á árinu 2011 hélt bankaráð Landsbankans 25 fundi. Haldnir voru 14 fundir í Endurskoðunar- og áhættunefnd, 7 í Starfskjaranefnd, 3 í Stjórnarháttanefnd og 9 í lánanefndum. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu nefndarmanna á fundina. Þess ber að geta að breytingar urðu á skipan bankaráðs á árinu 2011.

---

## Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs, bankastjóra og framkvæmdastjórnar

---

Bankaráð er skipað fimm mönnum og jafn mörgum til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár.

Bankasýsla ríkisins tilnefnir fjóra bankaráðsmenn og Landsskil ehf. einn. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráðið sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Bankaráðsmenn kjósa formann bankaráðs og varaformann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun. Bankaráð hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar

reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf ráðsins.

Fimm undirnefndir starfa á vegum bankaráðs. Hlutverk nefndanna er m.a. að undirbúa umfjöllun bankaráðs um tiltekna starfsemi og annast nánari athugun á málum sem henni tengist. Nefndirnar eru: Endurskoðunar- og áhættunefnd, Stjórnarháttanefnd, Starfskjaranefnd og tvær lánanefndir. Bankaráð skipar í þrjár fyrsttöldu nefndirnar þrjá bankaráðsmenn. Bankaráð hefur ekki talið ástæðu til að skipa tilnefningarnefnd. Bankaráð ræður bankastjóra. Bankastjóri ræður aðra stjórnendur bankans. Viðskiptasvið bankans eru sex: Viðskiptabanki, Fyrirtækjabanki, Fjárstýring og

markaðir, Eignastýring, Endurskipulagning eigna og Bíla- og tækjafjármögnun. Stoðsviðin eru Áhættustýring, Fjármál og Þróun. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með bankastjóra. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Landsbankans í umboði eigenda og í samræmi við stefnu bankaráðs. Þá heyrja fjórar deildir beint undir bankastjóra, Skrifstofa bankastjóra, Lögfræðiráðgjöf, Regluvarsla og Umboðsmenn viðskiptavina.

---

## Skipun nefndarmanna undirnefnda

---

Bankaráð skipar nefndarmenn í undirnefndir. Endurskoðunar- og áhættunefnd er skipuð þremur bankaráðsmönnum, en formaður bankaráðs skal ekki vera í nefndinni. Einn nefndarmað-

ur, að minnsta kosti, skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningskila. Stjórnarháttanefnd og Starfskjaranefnd eru hvor um sig skipaðar þremur bankaráðsmönnum. Lánanefndir eru skipaðar öllum bankaráðsmönnum. Bankaráð hefur ritað öllum undirnefndum, nema lánanefndum, erindisbréf þar sem fram kemur m.a. hlutverk nefndanna.

---

## Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

---

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans, en þær ná jafnframt til undirnefnda bankaráðs. Þar má einnig finna þau erindisbréf sem út hafa verið gefin fyrir Endurskoðunar- og áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Stjórnarháttanefnd.





Frá vinstri: Ólafur Helgi Ólafsson, Þórdís Ingadóttir, Gunnar Helgi Hálfðanarson, Sigríður Hrólfsdóttir og Andri G. Arinbjarnarson.

## Upplýsingar um bankaráðsmenn

**Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður,** er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraþróf í rekstrarhagfræði frá McMaster University í Kanada. Gunnar Helgi var forstjóri Landsbréfa hf. á árunum 1989-1999 og framkvæmdastjóri Eignastýringar Landsbanka Íslands hf. frá 1997 til 1999. Hann var framkvæmdastjóri hjá bandaríska sjóðastýringarfyrirtækinu AllianceBernstein Investments á Norðurlöndunum með aðalskrifstofu í Stokkhólmi, á árunum 1999-2009. Þar voru helstu verkefni

hans þróun viðskiptasambanda við stærstu banka Norðurlandanna og íslenska lífeyrissjóði. Gunnar Helgi hefur setið í bankaráði Landsbankans frá febrúar 2010. Gunnar Helgi á ekki hlut í bankanum, hvorki beint eða í gegnum tengda aðila, og hefur ekki gert kaupréttarsamning við bankann. Þá hefur Gunnar Helgi engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né stóra hluthafa í bankanum.

**Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður** er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraþróf í rekstrarhagfræði frá University of Berkeley

í Kaliforníu. Sigríður starfaði á fjárfstýringarviði Íslandsbanka á árunum 1994-1998 og síðan hjá Eimskip frá 1998 til 2004, upphaflega sem forstöðumaður fjárfreiðudeildar en síðan sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá árinu 2000. Hún var framkvæmdastjóri fjárfestinga- og fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar 2007-2008 og starfaði sem framkvæmdastjóri Árvakurs frá 2009-2010. Sigríður hefur setið í bankaráði Landsbankans frá febrúar 2010. Sigríður á ekki hlut í bankanum, hvorki beint eða í gegnum tengda aðila og hefur ekki gert kaupréttarsamning við bankann. Þá hefur Sigríður engin hagsmunatengsl við helstu

viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né stóra hluthafa í bankanum.

**Þórdís Ingadóttir** er lögfræðingur (cand. jur.) frá lagadeild Háskóla Íslands og með LL.M. gráðu í alþjóðalögum frá New York University School of Law. Þórdís er dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sinnir þar kennslu jafnt sem rannsóknunum. Á árunum 1999-2003 starfaði hún hjá New York University og á árinu 2004 hjá lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þórdís hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum, m.a. fyrir stjórnvöld, alþjóðastofnanir, háskóla og félagasamtök. Þórdís hefur setið í bankaráði Landsbankans frá apríl

2010. Þórdís á ekki hlut í bankanum, hvorki beint eða í gegnum tengda aðila og hefur ekki gert kaupréttarsamning við bankann. Þá hefur Þórdís engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né stóra hluthafa í bankanum.

**Ólafur Helgi Ólafsson** er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og á að baki langan feril í íslensku atvinnulífi. Lengst af var hann framkvæmdastjóri Lýsingar, eða í 15 ár, en áður var hann fjármálastjóri sama félags, fjármálastjóri Orku-bús Vestfjarða, deildarstjóri tölvudeildar Heimilistækja og deildarstjóri tölvudeildar Ísal. Frá árinu 2007 hefur Ólafur rekið eigið ráðgjafafyrirtæki. Hann situr í stjórn nokkurra fyrirtækja, m.a. Eimskips, Urriðaholts ehf. og VSB verkfræðistofu ehf. Ólafur Helgi hefur setið í bankaráði Landsbankans frá nóvember 2010. Ólafur Helgi á ekki hlut í bankanum,

hvorki beint né í gegnum tengda aðila og hefur ekki gert kaupréttarsamning við bankann. Þá hefur Ólafur Helgi engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né stóra hluthafa í bankanum.

**Andri G. Arinbjarnarson** var 1. varamaður bankaráðs frá febrúar 2010, en tók sæti Guðríðar Ólafsdóttur þegar hún sagði sig úr bankaráði í maí 2011. Andri Geir er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraþáttum í verkfræði frá Tækniháskólanum í Lyngby. Hann hefur einnig lokið MBA frá Stanford University, Graduate School of Business, í Bandaríkjunum. Hann á og rekur fyrirtækið AGA Partners, en var áður framkvæmdastjóri sænsk-bandaríska ráðgjafafyrirtækisins Search Value. Þar áður var hann einn eigenda og lykilstarfsmanna ráðgjafa- og ráðningafyrirtækisins Whitehead Mann í London. Andri Geir á ekki

hlut í bankanum, hvorki beint eða í gegnum tengda aðila og hefur ekki gert kaupréttarsamning við bankann. Þá hefur Andri Geir engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né við stóra hluthafa í bankanum.

**Varamenn í bankaráði eru eftirtaldir:**

Jón Sigurðsson  
Helga Loftsdóttir  
Kristján Þ. Davíðsson  
Þorsteinn Garðarsson

**Upplýsingar um hvaða bankaráðsmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum**

Allir aðalmenn í bankaráði eru óháðir Landsbankanum samkvæmt formlegu mati sem fram fór í lok árs 2011. Ekkert kom fram í matinu sem benti til hagsmunarárekstra eða þess að þeir væru ekki óháðir bankanum,

stjórnendum bankans eða stórum hluthöfum.

**Helstu þættir í árangursmati**

Árlegt árangursmat bankaráðs fór fram á tveimur fundum bankaráðs í júní og júlí 2011. Allir bankaráðsmenn tóku þátt í matinu. Skoðað var hvernig til tókst með mikilvægustu viðfangsefni bankaráðs á liðnu ári. Einnig var lagt mat á starfshætti, skipulag og verklag í störfum ráðsins. Meðal skoðunarþátta voru undirbúningur fyrir setu í bankaráði, samskipti við hagsmunaaðila, hlutverk og frammistaða formanns, starfsáætlun, upplýsingagjöf, forgangsröðun verkefna, jafnvægi milli stefnumótunar og eftirlits, samvinna og úrlausn ágreiningsmála og eftirlit með ákvörðunum. Formaður bankaráðs vék af fundi þegar stjórnarmenn mátu frammi-

stöðu hans. Árangursmatið leiddi til ákveðinna úrlausn-arefna sem unnið hefur verið að í kjölfar matsins.

---

## Helstu skyldur bankastjóra

---

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum bankaráðs. Hann skal sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins

sé með tryggilegum hætti. Bankastjóri er talsmaður bankans um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni. Bankastjóri Landsbankans, Steinþór Pálsson, á ekki hlut í bankanum, hvorki beint eða í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi við bankastjóra. Þá eru ekki til staðar nein hagnuatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins né stóra hluthafa í félaginu.

---

## Lög og reglur

---

Á árinu 2011 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við framkvæmd Landsbankans á tilteknum viðskiptum bankans með verðbréf með tilliti til þess hvort fylgt hafi verið ákvæðum 18. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfa- viðskipti. Umrædd viðskipti áttu sér stað í september 2010. Landsbankinn hefur breytt verklagi til samræmis við athugasemd

Fjármálaeftirlitsins. Þá gerði Persónuvernd athugasemd við verklag Landsbankans á framkvæmd áreiðanleikakönnunar samkvæmt tilmælum Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nánar tiltekið við notkun kennitalna. Var það mat Persónuverndar að tilmæli Fjármálaeftirlitsins sem Landsbankinn starfaði eftir væru ekki í samræmi við lög um persónuvernd. Í framhaldinu var verklagi Landsbankans breytt til samræmis við ákvörðun Persónuverndar og Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um frávik frá gildandi tilmælum.

---

## Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

---

Hluthafar í Landsbankanum eru tveir, íslenska ríkið og Landsskil ehf. Bankaráð hefur lögmaelt og eðlileg samskipti við hluthafana í samræmi við

lög, samþykktir bankans og starfsreglur bankaráðs. Formaður bankaráðs stýrir samskiptum bankaráðs við hluthafa. Bankaráðsmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni bankans og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélag, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda. Hluthafar eiga ávallt kost á að gera bankaráði grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri bankans og leggja spurningar fyrir bankaráð. Bankaráð tekur afstöðu til tillagna og spurninga hluthafa.





# Framkvæmdastjórn

---

**Hlutverk framkvæmdastjórnar** er að stýra daglegum rekstri Landsbankans í umboði eigenda og í samræmi við stefnu Bankaráðs. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á skilvirka stjórnun og markvissa innleiðingu á stefnu bankans.

---

---

## **Steinþór Pálsson,** bankastjóri

Steinþór Pálsson hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum við banka og framleiðslufyrirtæki bæði innanlands og erlendis og mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun. Steinþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Edinborgarháskóla. Á árum áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra lánasviðs Verzlunarbanka Íslands og varð síðar starfsmaður Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður lána-deildar, fjárfestingarlána, útibúaþjónustu, áhættustýr-

ingar og fyrirtækjaþjónustu, auk þess sem hann var virkur í stefnumótunarstarfi Íslandsbanka og samrunaferli forvera hans. Hann var um hríð fjármála- og rekstrarstjóri líftæknifyrirtækisins Urður, Verðandi, Skuld, en starfaði síðan í átta ár hjá Actavis. Fyrst sem framkvæmdastjóri Actavis á Möltu, þá sem framkvæmdastjóri Actavis í Bandaríkjunum og á árunum 2008-2010 sem framkvæmdastjóri Actavis samstæðunnar á Íslandi á sviði stefnumótunar. Steinþór er stjórnarformaður Hamla ehf. og situr í stjórn Samtaka fjármála-fyrirtækja. Steinþór er formaður framkvæmdastjórnar,

Áhættu- og fjármálanefndar og Lánanefndar. Steinþór tók við starfi bankastjóra í júní 2010.

---

## **Helgi Teitur Helgason,** Viðskiptabanki

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998 og hóf þá störf sem lögfræðingur og síðar lögmaður í Landsbankanum, þar sem hann annaðist almenn lögfræðistörf, innheimtu, ráðgjöf og málflutning. Helgi leiddi opnun skrifstofu Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri

og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004, auk þess að veita stéttarfélögum á Akureyri og félagsmönnum þeirra lögmannsþjónustu. Helgi var útibússtjóri Landsbankans á Akureyri frá árinu 2004 til 2010. Helgi er stjórnarmaður í Mótus ehf. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd.

---

## **Árni Þór Þorbjörnsson,** Fyrirtækjabanki

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði. Hann hefur starfað í Landsbankanum frá 1996. Á fyrstu



**Frá vinstri:** Helgi Teitur Helgason, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Hjördís Dröfn Vilhjámsdóttir, Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Árni Þór Þorbjörnsson, Steinþór Pálsson, Jensína Kristín Böðvarsdóttir, Frans Sigurðsson og Hreiðar Bjarnason.

árunum annaðist hann almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málfutning. Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs til ársins 2008, en við stofnun nýja bankans tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs og við skipulagsbreytingarnar í október 2010 tók hann við Fyrirtækjabankanum. Árni situr í stjórnnum Hamla ehf. og Mótus ehf. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd.

#### **Hreiðar Bjarnason,** Markaðir og fjárstýring

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MSc gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Hreiðar hefur starfað í Landsbankanum frá árinu 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárstýringu. Hann tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárstýringar snemma árs 2010. Hreiðar á sæti í framkvæmdastjórn og Áhættu- og fjármálanefnd.

#### **Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir,** Eignastýring

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi frá Tryggingaskólanum og löggildingarprófi í verðbréfaviðskiptum. Hrefna starfaði sem sjóðsstjóri hjá Arev Verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007 áður en hún gekk til liðs við Landsbankann. Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningarsviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi

hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands. Hrefna hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja bæði héraðs og erlendis. Hrefna er fulltrúi Landsbankans í stjórn Framtakssjóðs Íslands. Hún á sæti í framkvæmdastjórn og Fjárfestingarráði Eignastýringar.

---

**Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir,**

Endurskipulagning eigna og Bíla- og tækjafjármögnun

---

Hjördís er með Bs gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hún var sérfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands frá 1999-2005, hagfræðingur hjá Glitni á árunum 2006-2008 og ráðgjafi fjármálaráðherra á árunum 2009 til september 2010 við verkefni sem féllu fjármálaráðuneytinu í skaut við fall bankanna haustið 2008. Hjördís hefur setið í samstarfsnefnd stjórnvalda um fjármálastöðugleika fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og var í samninganefnd um lán ríkisins frá Norðurlöndunum og Póllandi. Hjördís hóf störf í Landsbankanum í október 2010. Hún situr í stjórn Hamla ehf. og á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd.

---

**Perla Ösp Ásgeirsdóttir,**

Áhættustýring

---

Perla er með MSc gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabílinu 2005-2010 og hjá Rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009. Perla sinnti m.a. eftirliti með fjármála-fyrirtækjum og -mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármálamarkað. Perla var ráðin forstöðumaður Áhættustýringar Landsbankans í apríl 2010 og framkvæmdarstjóri í október. Perla á sæti í framkvæmdastjórn, Lánanefnd og í Áhættu- og fjármálanefnd.

---

**Frans Páll Sigurðsson,**

Fjármál

---

Frans er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með endurskoðun sem sérsvið. Frans kom til Landsbankans frá GlaxoSmithKline, en hann var fjármálastjóri fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi, þar sem hann hafði aðsetur. Frans tók þátt í uppbyggingu starfs Glaxo-SmithKline á Íslandi frá 2004 sem fjármálastjóri og yfirmaður dreifingarmála. Áður starfaði Frans sem ráðgjafi hjá Pricewaterhouse-Coopers, sem meðeigandi hjá PWC Consulting og síðar hjá IBM Business Consulting Services. Frans er stjórnarmaður í Horni fjárfestingarfélagi ehf. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Áhættu- og fjármálanefnd.

---


**Jensína Kristín Böðvarsdóttir,**

Þróun

---

Jensína er með BSc gráðu í auglýsingafræðum frá San Jose State University í Kaliforníu, Bandaríkjunum, og lauk MBA prófi með áherslu á neytendahögðun og markaðsfræði frá University of San Diego árið 1995. Jensína starfaði áður hjá Símanum þar sem hún var forstöðumaður sölu á Einstaklingssviði frá árinu 2007. Jensína gegndi stöðu markaðsstjóra Globus frá árinu 2004-2007, var framkvæmdastjóri mannaúðssviðs IMG á árunum 2002-2004, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar IMG frá 2001, starfsmannastjóri Norðurljósa 1999-2001 og tók þátt í mótun og uppbyggingu ráðningaþjónustu Gallup á árunum 1997-1999. Jensína er stjórnarformaður Reiknistofu bankanna hf. og stjórnarmaður í Frumtaki GP ehf. Hún á sæti í framkvæmdastjórn og er formaður Öryggisnefndar, auk þess að starfa með Starfskjaranefnd.





### Nefndaskipulag framkvæmdastjórnar

Bankaráð ber ábyrgð á mótun og eftirliti með áhættuvilja og -stefnu bankans. Bankastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd áhættustefnu bankans í öllu stjórnskipulagi og nefndum. Bankastjóri hefur stofnað Áhættu- og fjármálanefnd, Lánanefnd og nefnd framkvæmdastjórnar. Þessar nefndir bera ábyrgð á þróun

og eftirliti með áhættustjórnun í bankanum, hver á sínu sviði. Allar nefndirnar veita bankaráði reglulega upplýsingar um starfsemi sína. Hvað varðar starfs- einingar liggur ábyrgðin á stýringu áhættu hjá viðkomandi stjórnunum, framkvæmdastjórnunum og stjórnendum.

Bankastjóri á sæti í þremur nefndum sem hver fyrir sig fjallar um mismunandi áhættuþætti: Áhættu- og fjármálanefnd, Lánanefnd og

nefnd framkvæmdastjórnar. Lánanefnd fjallar um útlána-áhættu og Áhættu- og fjármálanefnd um markaðs- og lausafjáráhættu. Áhættu- og fjármálanefnd fylgist einnig með allri áhættu bankans og ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við áhættuvilja og áhættumörk bankans. Að auki sér nefndin um að yfirfara og samþykkja allar breytingar á áhættulíkönunum áður en þær eru lagðar fyrir bankaráð. Bankastjóri situr einnig fundi framkvæmda-

stjórnar, sem er samráðs- vettvangur bankastjóra og framkvæmdastjóra, þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi í málefnum hvers sviðs. Framkvæmdastjórn tekur allar helstu ákvarðanir sem ekki er fjallað um á öðrum vettvangi eða í öðrum fastanefndum.


Nefnda- og ákvörðunarskipulag bankans er hannað til að mæta kröfum um eftirlit og áhættustjórnun.

Frá tókustað úr Landsbankaauglýsingu. Netaknippi hanga á vegg  
í Randulffs-sjóhúsi á Eskifirði þar sem nú er rekinn veitingastaður á sumrin.

Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2012.



# Skipurit, svið og deildir



Skipuriti bankans er ætlað að endurspegla stefnu og áherslur bankans. Viðskipta- og afkomueiningar fá aukið vægi, þar sem lykiláhersla er lögð á þjónustu við viðskiptavini, en við þær styðja öflugar miðlæggar einingar. Með þessum hætti vilja forsvarsmenn Landsbankans leggja áherslu á að Landsbankinn verði hreyfiafl í íslensku samfélagi sem vinnur náið með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að uppbyggingu íslensks samfélags.

Viðskiptasviðin voru í upphafi ársins fimm talsins: Viðskiptabanki, Fyrirtækjbanki, Fjárstýring og markaðir, Eignastýring og Endurskipulagning eigna. Við samruna SP-Fjármögnunar og Avant hf. varð til Bíla- og tækjafjármögnun, sjötta tekjusviðið. Hin megin sviðin eru Áhættustýring, Fjármál og Þróun.

# Viðskiptabanki

Viðskiptabanki veitir einstaklingum, rekstraraðilum og minni og meðalstórum fyrirtækjum almenna og sérhæfða bankaþjónustu í gegnum starfsstöðvar Landsbankans um land allt. Því til viðbótar veitir bankinn fjölbreyttar sjálfsafgreiðslulausnir samhliða aðgengilegri þjónustu í gegnum Ráðgjafa- og þjónustuver bankans, sem starfrækt er á þremur stöðum á landinu. Ríflega 108 þúsund

einstaklingar og um 10 þúsund minni og meðalstór fyrirtæki og rekstraraðilar eru í viðskiptum við Landsbankann.

Lögð er áhersla á að þjónusta viðskiptavini með fjölbreyttu vöruframboði. Í árslok 2011 voru hefðbundnar starfsstöðvar Landsbankans 45 um allt land, auk umfangsmikillar þjónustu við ferðamenn í Leifsstöð.

Dreifileiðir Landsbankans og snertifletir bankans og viðskiptavina eru í sífelldri þróun og er stefna Landsbankans sú að tryggja viðskiptavinum persónulega, hagfellda og virðisaukandi bankaþjónustu. Í sérhverri starfsstöð bankans er boðið upp á persónulega ráðgjöf og er þjónusta tryggð með sjálfsafgreiðslu- og símaþjónustu, s.s. netbönkum og þjónustuveri Landsbankans.

Árangur af starfsemi Viðskiptabanka byggir á ánægju viðskiptavina með vörur bankans og virðisaukandi þjónustu sem þeim er veitt með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi og á samkeppnishæfu verði.

## Skipurit Viðskiptabanka



# Fyrirtækjabanki

Fyrirtækjabanki annast málefni stórra fyrirtækja og sveitarfélaga og sér um stærri fjármögnunarverkefni. Fyrirtækjabanki hefur sterka stöðu meðal stærstu fyrirtækja og stofnana á Íslandi, en markaðshlutdeild bankans á fyrirtækjamarkaði var um 37,1% í árslok 2011.

Til viðskiptavina Fyrirtækjabanka teljast m.a. fyrirtækjasamstæður sem skulda yfir 500 m. kr., sjávarútvegsfélög sem skulda yfir 300 m. kr. í bankanum, sveitarfélög með yfir 1.500 íbúa, nýfjárfesting sjávarútvegsfyrirtækja umfram 50 m. kr. og nýfjárfesting í byggingafram-

kvæmdum umfram 100 m. kr. Starfsmenn Fyrirtækjabanka voru 37 í lok árs 2011.

Öllum viðskiptavinum Fyrirtækjabanka er úthlutaður viðskiptastjóri, en þeir bera ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og eru tengiliðir þeirra við bankann. Viðskiptastjórar skiptast í þrjá hópa, að hluta til miðað við atvinnugreinaskiptingu og að hluta til vegna samkeppnissjónarmiða. Einn hópur hefur umsjón með viðskiptum við verktaka, fasteignafélög, sveitarfélög og ýmis fyrirtæki í verslun og þjónustu. Annar hópur ber ábyrgð á viðskiptum við

flutningafélög, orkuviðnað og fyrirtæki í almennum iðnaði. Þriðji hópurinn hefur umsjón með viðskiptum við stærri viðskiptavini Landsbankans í sjávarútvegi.


Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans veitir ráðgjöf til fyrirtækja og fjárfesta og leggur áherslu á þjónustu er varðar umbreytingu fyrirtækja, m.a. samruna og yfirtökur, kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf um fjármögnun verkefna og skráningu fyrirtækja á hlutabréfamarkað.

Lögfræðipjónusta ber ábyrgð á yfirlestri og skjalagerð á flóknari lánasamningum

og tryggingaskjölum ásamt samskiptum við viðskiptavini og lögmenn. Deildin veitir einnig lögfræðilega ráðgjöf vegna lánveitinga, lánsforma eða útgáfu ábyrgða ásamt upplýsingagjöf til viðskiptastjóra og samskipti við lögmenn og skiptastjóra þrotabúa.

Að auki eru í Fyrirtækjabanka deildir sem annast annars vegar gagnagreiningu og vörubrúun og hins vegar gerð lánsþáttfyrirséðna og umsjón mála sem lögð eru fyrir Lána-nefnd bankans.

## Skipurit Fyrirtækjabanka



# Markaðir og fjárstýring

Á sviði Markaða og fjárstýringar starfar hópur sérfræðinga sem annast meðal annars lausafjárstýringu og fjármögnun bankans og miðlun gjaldeyris og verðbréfa á markaði. Í lok árs 2011 var fjöldi starfsmanna 21. Sviðið skiptist í tvær deildir, annars vegar Fjárstýringu og hins vegar Markaðsviðskipti.

Fjárstýring sér um lausafjárstýringu og fjármögnun bankans, stýrir markaðs-


áhættu, annast viðskiptavakt á gjaldeyrismarkaði, peningamarkaði og á skráðum verðbréfum. Fjárstýring gerir jafnframt tillögur að breytingum á vaxtatöflu bankans, ákvarðar sérkjör á reikningum og stjórnar innri verðlagningu á fjármagni milli sviða í bankanum. Ennfremur sér Fjárstýring um samskipti við Seðlabankann, innlendar og erlendar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki.

Í Markaðsviðskiptum fer fram miðlun á markaði með gjaldeyri og fjármálagerninga, svo sem skuldabréf, hlutabréf og afleiðusamninga til fagfjárfesta. Landsbankinn leggur mikla áherslu á að viðhalda sterku lausafjárhlutfalli, að takmarka áhættu vegna gjaldeyrismisvægis og að auka þóknunatekjur vegna markaðsviðskipta. Áfram verður unnið að því að styrkja tengsl við erlenda banka með það fyrir augum

að láns hæfi Landsbankans verði metið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í fyllingu tímans.

Unnið verður að því að koma á virkari markaði með fjármálagerninga og fjölga þeim fjárfestingarkostum sem í boði eru og verða með því það hreyfiafl á markaðnum sem Landsbankinn hefur einsett sér að vera.

## Skipurit Markaða og fjárstýringar



# Eignastýring

Eignastýring veitir alhliða eignastýringarþjónustu, sem felur í sér ráðgjöf við val á sparnaðarleiddum og uppbyggingu og stýringu eignasafna, allt eftir stöðu og markmiðum viðskiptavinarins. Viðskiptavinir Eignastýringar eru af fjölbreyttum toga, allt frá einstaklingum til lífeyrissjóða, stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja. Lífeyrissjóðir í fullri umsjón bankans eru fjölmargir. Þar er langstærstur Íslenski lífeyrissjóðurinn, en hann er jafnframt stærsti einstaki viðskiptavinur Eignastýringar. Hluti af framboði Eignastýringar felst í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sem reknir eru af Landsvaka, sjálfstæðu dótturfélagi bankans. Þá veitir sviðið viðskiptavinum bankans ráðgjöf og þjónustu á sviði sparnaðar,

fjárfestinga og lífeyrismála. Starfsmenn Eignastýringar voru 26 í árslok.

Hlutverk Fjárfestingarráðs Eignastýringar er að móta fjárfestingarstefnu fyrir söfn í eigu viðskiptavina, meta áhættu og finna varnir auk þess að vera vettvangur faglegrar umræðu um bestu ávöxtun, tækifæri á markaði og bestu aðferðir. Ráðið hittist reglulega og er skipað helstu sérfræðingum bankans á sviði eignastýringar. Ráðið setur meginstefnu um ráðstöfun fjármuna í eignasöfnum til stýringar í samræmi við þá eignaskiptingu sem áður hefur verið mótuð í samvinnu við viðskiptavini.

Þjónusta Stýringar eigna felst í eignastýringu á eignasöfnum Einkabanka-


þjónustu ásamt sérsniðinni eignastýringu fyrir fyrirtæki, lífeyrissjóði, tryggingarfélög, sveitarfélög og styrktarsjóði. Auk þessa er Stýring eigna með þrjá lífeyrissjóði í fullum rekstri, sem felur í sér eignastýringu verðbréfasafns, yfirumsjón með bókhaldi sjóðanna, skráningu lífeyrisgjalda og útgreiðslur á þeim.

Einkabankaþjónusta er sniðin að þörfum efnamestu viðskiptavina bankans. Starfsemin felst í stýringu eignasafna viðskiptavina auk almennrar bankaþjónustu. Val viðskiptavina er um virka stýringu eignasafns, þar sem ráðgjafar einkabankaþjónustu stýra eignum eftir fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu, eða ráðgjöf um stýringu, þar sem viðskiptavinur stýrir sjálfur

sínu eignasafni með aðstoð ráðgjafa.

Verðbréfa- og lífeyrissjóðir veitir viðskiptavinum bankans ráðgjöf og þjónustu á sviði sparnaðar, fjárfestinga og lífeyrismála. Einnig hefur deildin umsjón með fræðslu fyrir starfsmenn og viðskiptavinum bankans. Helstu viðskiptavinir deildarinnar eru almennir fjárfestar vegna verðbréfavíðskipta og einstaklingar og fyrirtæki vegna lífeyrismála. Auk milligöngu og ráðgjafar í tengslum við verðbréfavíðskipti annast deildin upplýsingaráðgjöf vegna Íslenska lífeyrissjóðsins og annarra lífeyrissjóða í vörslu Landsbankans.

## Skipurit Eignastýringar



# Endurskipulagning eigna

Hlutverk Endurskipulagningar eigna er að vinna úr skuldavanda fyrirtækja, sjá um innheimtumál bankans og hafa umsjón með og sjá um sölu fullnustueigna. Sviðið er samsett úr fjórum deildum, Fyrirtækjalausnum, Lögfræðinnheimtu, Fullnustueignum og Lögfræðideild sem starfar með hinum einingunum. Starfsmenn sviðsins voru 70 í árslok 2011.

Fyrirtækjalausnir annast úrvinnslu skuldavanda líf-


vænna fyrirtækja og uppgjörsmál vegna annarra fyrirtækja, ásamt lögfræðinnheimtu. Í upphafi árs samanstóð einingin af fimm úrvinnsluhópum, en þeim hafði fækkað í þrjá í árslok. Starfsmenn voru mest 30 en hefur fækkað í 22. Þrjú úrvinnsluhópar unnu úr skuldavanda stærri fyrirtækja þar sem einn hópurinn var með áherslu á sjávarútveg, annar með áherslu á fasteigna- og byggingarfélög og sá þriðji var blandaður. Í árslok hafa tveir

síðarnefndu hóparnir verið sameinaðir. Tveir úrvinnsluhópar unnu úr skuldavanda lítilla fyrirtækja og hafa þeir einnig verið sameinaðir.

Lögfræðinnheimtan sér um innheimtu frá því að vanskil verða og þar til uppgjors, fullnustu eða skiptaloka kemur. Fjöldi mála náði hámarki nálægt 12.000 um mitt ár en hefur fækkað niður í tæp 9.000 samhliða því sem skuldaúrræði einstaklinga og fyrirtækja hafa leyst mörg vandamál.

Fullnustueignir hafa svo umsjón með eignum sem bankinn hefur tekið yfir og sér um sölu þeirra. Sala eigna gekk vel á árinu, sérstaklega á þeim fyrirtækjum sem voru yfirtekin og á íbúðahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

## Skipurit Endurskipulagningar eigna





# Bíla- og tækjafjármögnun

Bíla- og tækjafjármögnun er nýtt svið innan Landsbankans sem var stofnað við samruna SP-Fjármögnunar hf. og Avant hf. við bankann í október 2011. Markmið samrunans er að styrkja stöðu Landsbankans á fjármögnunarmarkaði, einfalda rekstur og bjóða viðskiptavinum aukið vöruframboð og þjónustu. Engar breytingar urðu á högum viðskiptavina SP-Fjármögnunar og Avant við samrunann, en Landsbankinn tók við öllum

réttindum og skyldum fyrir tækjanna. Miklir möguleikar felast í þessum samruna og samþætting á starfsemi við bankann er stórt skref í sóknarátt. Á sviðinu starfar traustur og reynslumikill hópur fólks og var fjöldi starfsmanna 62 í árslok 2011.

Starfsemi Bíla- og tækjafjármögnunar felst í fjármögnun bifreiða, véla og tækja fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sviðið skiptist

í sex deildir: Útlán, Innheimtu, Fullnustueignir, Fjárreiður, Bakvinnsla og Vöruþróun. Fjármögnun bifreiða er aðallega á formi bílasamninga, þó eitthvað sé um notkun skuldabréfa. Í tengslum við tækjafjármögnun hefur verið boðið upp á tvo kosti, fjármögnunarleigu og kaupleigu, en vegna nýlegra dóma um fjármögnunarleigu annarra fjármögnunarfyrirtækja er aðeins boðið upp á kaupleigu að sinni.

Markmiðið er að bjóða hagkvæmar vörur og skjóta þjónustu. Með það að leiðarljósi er unnið að vöruþróun og endurbótum á þeim fjármögnunarformum sem í boði eru og meðal verkefna má nefna græna fjármögnun bíla og rekstrarleigu til stærri fyrirtækja. Einnig býður Landsbankinn fasta vexti á bílasamningum til fyrstu 36 mánaða.

## Skipurit Bíla- og tækjafjármögnunar







# Áhættustýring

Hlutverk Áhættustýringar er að meta og stýra útlána-áhættu bankans, meta markaðsáhættu, lausafjárahættu og rekstraráhættu og sjá um eftirlit með þessum þáttum. Áhættustýring ber ábyrgð á viðhaldi og greiningu áhættumatskerfa bankans. Deildir innan sviðsins eru sex: Útlánastýring, Útlánaeftirlit, Eigna- og skuldaáhætta, Rekstraráhætta, Líkön og greiningar og Hagfræðideild. Alls störfuðu 47 starfsmenn í Áhættustýringu í lok árs 2011.

Útlánastýring ber ábyrgð á mati á áhættu lánveitinga til viðskiptavina umfram útlánaheimild einstakra starfseininga og til viðskiptavina sem eru flokkaðir gulir, rauðgulir eða rauðir. Deildin hefur neitunarvald í þeim efnunum. Ákvörðunum

um lánveitingar umfram heimild Áhættustýringar er vísað til Lánanefndar bankans, sem og komi upp ágreiningur milli sviðsins og annarra starfseininga sem koma að útlánaákvörðunum.

Útlánaeftirlit ber ábyrgð á útlánaáhættu í lánasafni bankans. Deildin notar vöktunarkerfi sem flokkar viðskiptavini og færir þá milli flokkanna; staðlað, vöktunarlisti og endurskipulagning. Deildin vinnur einnig með öðrum deildum að greiningu á stórum áhættuskuldbindingum og virðisrýrnun.

Eigna- og skuldaáhætta sér um mælingar á og eftirlit með markaðsáhættu, lausafjárahættu og vaxtaáhættu utan veltubókar samstæð-

unnar. Eigna- og skuldaáhætta ber einnig ábyrgð á mótaðilaáhættu í afleiðuviðskiptum samstæðunnar. Að auki sinnir hún eftirliti með sjóðum í eigu bankans og félögum tengdum honum, ásamt sjóðum í stýringu hjá bankanum.


Rekstraráhætta ber ábyrgð á að tryggja að rekstraráhætta í starfseminni sé þekkt og að bankinn innleiði, viðhaldi og hafi eftirlit með skilvirkum ramma um stýringu á rekstraráhættu.

Hlutverk Líkana og greininga er að þróa og viðhalda innri líkönunum bankans og tengd ferli til að mæla áhættu, þ.m.t. að tengja áhættu við eigið fé, auk þess að styðja innleiðingu slíkra líkana og ferla innan bankans. Deildin ber einnig

ábyrgð á greiningu útlána-áhættu og upplýsingagjöf þar um til eftirlitsaðila og innan bankans.

Hagfræðideild er sjálfstæð deild innan Áhættustýringar og greinir áhættuþætti í ytra umhverfi bankans, jafnt innanlands sem erlendis, og ber ábyrgð á gerð sviðsmynda í álagsprófum bankans. Hagfræðideild stuðlar að upplýstri umræðu um efnahagsmál með útgáfu á þjóðhagsspám, ítarlegum greiningum á þróun og horfum hagkerfisins til næstu ára og sértækum greiningum á afmörkuðum efnisflokkum svo sem einstökum atvinnuvegum. Þá gefur Hagfræðideild mánaðarlega út ritið Vegvísi sem fjallar um þróun og horfur í efnahagsmálum.

## Skipurit Áhættustýringar



# Fjármál

Sviðið telur fjórar deildir: Hagdeild, Reikningshald, Lánavinnsla og Viðskiptaumsjón. Starfsmenn Fjármála voru 188 í árslok 2011.

Hagdeild hefur umsjón með gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana sem eru eitt af stýritækjunum við rekstur bankans. Deildinni er ætlað að greina niðurstöður í rekstri bankans með tilliti til þeirrar áætlunar sem liggur til grundvallar á hverjum tíma fyrir bankann í heild og hjá viðkomandi sviði/deild. Hagdeild sinnir jafnframt miðlun og uppbygginu á stjórnendaupplýsingum og tekur virkan þátt í verkefnum um eiginfjárstýringu bankans. Þá sér Hagdeild um skil á mán-

aðarlegum upplýsingum úr efnahags- og rekstrarreikningi til Seðlabanka Íslands, auk aðkomu að kostnaðarstýringu og greiðslu kostnaðarreikninga.

Viðskiptaumsjón sinnir mjög víðtæku hlutverki innan bankans, bæði með þjónustu við tekjusvið bankans og einnig beint við viðskiptavinum hans. Í starfseminni felst m.a. erlend greiðslumiðlun, öll verðbréfaþjónusta eða uppgjör verðbréfa og gjaldeyrisviðskipta, svo og öll vörsluþjónusta verðbréfa. Einnig fer þar fram sjóðaumsýsla, bæði fyrir verðbréfasjóði og lífeyrissjóði, svo og bakvinnsla fyrir lífeyrissparnað bankans. Mikil samskipti

eru við erlenda banka vegna samninga bankans um kaup á þjónustu, bæði vegna greiðslumiðlunar og vörslu og uppgjörþjónustu.


Ýmis lög og reglur gilda um þessa starfsemi og er starfsemin undir opinberu eftirliti sem innifelur meðal annars regluleg skýrsluskil til FME og SÍ. Einnig er regluleg upplýsingagjöf til annarra hagsmunaaðila. Innra eftirlit er hluti af daglegri starfsemi og lögð er sífellt meiri áhersla á þann hluta.

Reikningshald sér um gerð fjárhagslegra upplýsinga, s.s. árs- og árshlutareikninga, auk utanumhalds um þjónustusamninga innan

bankans og við dótturfélög hans. Einnig sér Reikningshald um uppgjör á skuldbindingum við Landsbanka Íslands hf. og skattamál.

Lánavinnsla sér um skjalagerð sem tengist lánasamningum við viðskiptavinum bankans. Einnig sér Lánavinnsla um þinglýsingar og vörslu frumskjala, auk þess sem útborganir lána eru á hennar höndum. Þá hefur Lánavinnsla haft umsjón með viðamiklu verkefni sem snýr að endurútreikningi erlendra lána.

## Skipurit Fjármála



# Þróun

Þróun er skipulagsheild sem hefur það hlutverk að vera leiðandi í framþróun og breytingum innan bankans. Innan Þróunar eru sjö deildir: Eignadeild, Mannauður, Markaðsdeild, Vefdeild, Verkefnastofa, Upplýsingatækni og Samfélagsleg ábyrgð. Í lok árs 2011 störfuðu þar 229 starfs-


menn, þar af 118 starfsmenn í Upplýsingatækni en sú deild skiptist í UT rekstur, UT hugbúnað og UT högun.

Starfseiningarnar mynda innviði bankans og eiga það flestar sameiginlegt að koma á einn eða annan hátt að málum þegar breytingar verða á starfseminni, óháð

því hvers eðlis þær eru. Saman mynda þær slagkraft til að keyra áfram breytingar þvert á bankann með skipulegum hætti og af fagmennsku. Landsbankinn hefur einn banka nýtt sér þessa leið til að sameina hæfni sína í breytingum á einu sviði. Þetta fyrirkomulag skapar bankanum mikil

tækifæri í samkeppni þar sem viðbragðstími styttest án þess að fagmennska víki. Með virku og góðu samstarfi við önnur svið bankans verður þannig hægt að leiða starfsemina áfram og tryggja stöðu bankans í síbreytilegu umhverfi, viðskiptavinum og starfsmönnum til hagsbóta.

## Skipurit Þróunar



# Skrifstofa bankastjóra

Skrifstofa bankastjóra vinnur náið með bankastjóra og styður hann í störfum sínum. Meginverkefni eru að fylgja eftir stefnu bankans,

annast innri og ytri samskipti bankans og sinna m.a. samskiptum við stofnanir, opinber fyrirtæki og ýmsa hagsmunaaðila. Skrifstofa

bankastjóra hefur umsjón með störfum og ákvörðunum Bankaráðs Landsbankans og framkvæmdastjórnar og fylgir þeim eftir. Fimm

starfsmenn voru á Skrifstofu bankastjóra í árslok 2011.

## Regluvarsla

Regluvarsla er sjálfstæð eining sem heyrir beint undir bankastjóra. Regluvarsla vinnur fyrst og fremst að því að:

1 Fylgjast með og meta reglulega virkni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að koma á og viðhalda viðeigandi reglum og ferlum til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá bankanum á því að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

2 Aðstoða, styðja og ráðleggja stjórnendum við störf þeirra. Veita starfsmönnum bankans, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

3 Framfylgja ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd laganna.

4 Greina, meta og fylgjast með áhættu tengdri regluvörslu í starfsemi bankans.

5 Innleiða skjalastefnu og hafa eftirfylgni með framkvæmd hennar innan bankans.

Regluvörsluáhættu má skilgreina sem áhættuna á lagalegum viðurlögum, fjárhagslegu tjóni eða skaða á ímynd bankans vegna brota gegn lögum, reglugerðum, siðareglum og því sem teljast góðir starfshættir. Regluvörsluáhætta er undirflokkur rekstraráhættu þar sem áherslan er á svik, mis-

ferli, aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, persónuvernd, siðareglur, reglur um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd.

Regluvarsla bankans hefur verið styrkt á síðustu þremur árum og aðgengi Regluvörslu að upplýsingum bætt. Starfsmenn Regluvörslu voru 7 í lok árs.

## Lögfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf veitir höfuðstöðvum, útibúum og dótturfélögum lögfræðipjónustu um hvað eina er varðar starfsemi bankans.

Meðal verkefna deildarinnar eru almenn lögfræðiráðgjöf, aðstoð og ráðgjöf við gerð samninga og viðskipta-skilmála, málflutningur,

samskipti við eftirlitsaðila og umsjón með stöðluðum eyðublöðum og lánsskjöllum. Starfsmenn deildarinnar voru 13 í lok árs.

# Umboðsmaður viðskiptavina

Umboðsmaður viðskiptavina hefur starfað í Landsbankanum frá byrjun árs 2009 samkvæmt tilmælum ríkisstjórnar Íslands og Samkeppniseftirlitsins. Umboðsmaður viðskiptavina er ráðinn af Bankaráði og bankastjóra og er hann ábyrgur gagnvart bankastjóra.

Hlutverk umboðsmanns viðskiptavina er tvíþætt, þjónusta og eftirlit. Viðskiptavinir geta leitað til hans telji þeir á sig hallað í viðskiptum við bankann


eða telji þeir sig ekki hafa fengið sanngjarna úrlausn sinna mála. Umboðsmaður skoðar þau mál sem honum berast af hlutleysi, gætir þess að viðskiptavinum sé ekki mismunað með óeðlilegum hætti og leitar úrlausna af sanngirni og í góðu samstarfi við starfsmenn bankans. Ennfremur hefur umboðsmaður það hlutverk að gæta þess að ákvarðanir og meðhöndlun mála við endurskipulagningu fyrirtækja í viðskiptum við bankann séu í samræmi við reglur og ferla bankans

og að allar ráðstafanir séu gagnsæjar og skráðar. Vegna mikilla anna hjá Umboðsmanni viðskiptavina var ráðinn sérstakur umboðsmaður fyrirtækja og tók hann til starfa í apríl 2011.

Öll mál sem koma til Umboðsmanns viðskiptavina eru skráð og flokkuð í málakerfi bankans. Þar er haldið utan um gögn og samskipti sem við koma hverju máli. Umfangsmesti málaflokkurinn árið 2011 var lánamál einstaklinga sem taldi 423 erindi eða 70,5% mála. Flest

erindin tengdust fjárhagslegri úrlausn á skuldavanda viðskiptavina bankans og helstu ágreiningsefnin voru verðmat fasteigna, skilgreining lána sem geta fallið undir 110% leiðina, lánsveð, krossveð, mat á aðfararhæfum eignum, s.s. bifreiðum og hlutabréfum, og erindi sem tengjast tveimur fasteignum. Erindi vegna endurútreiknings erlendra lána, vaxta og endurgreiðslu þeirra bærust einnig, sem og deilur um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

## Fjöldi skráðra mála






## Flokkun erinda


	2009 Fjöldi	2010 Fjöldi	2011 Fjöldi	Samt. fjöldi
Annað	3	6	23	32
Ábyrgðir	5	6	0	11
Fasteignaviðskipti	12	6	11	29
Fjárhagsleg endurskipulagning	3	0	1	4
Greiðslumiðlun – kort	23	13	9	45
Innlán	16	5	16	37
Innri mál bankans	8	5	1	14
Lánamál einstaklinga	146	235	423	804
Lánamál fyrirtækja	31	25	55	111
Lífeyrissjóðir	20	6	5	31
Starfsmenn	6	4	2	12
Verðbréfasjóðir	22	11	5	38
Verklag	22	36	41	99
Þjónusta	8	12	8	28
<b>Samtals</b>	<b>325</b>	<b>370</b>	<b>600</b>	<b>1.295</b>

## Niðurstaða afgreiddra mála

2011



Samtals 2009-2011



Samþykkt    Synjað    Hlutlaus

Þar sem mál eru ólík getur verið erfitt að skilgreina nákvæmlega niðurstöðu þeirra, en öll mál eru afgreidd í samræmi við verklagsreglur

bankans. Mál eru skilgreind sem samþykkt ef viðskiptavinur hefur fengið jákvæða úrlausn sinna mála á einhvern hátt þó niðurstaða

hafi ekki endilega verið samþykkt af hálfu bankans. Mál sem hefur verið synjað felur í sér að viðskiptavinur hefur ekki fengið úrlausn

sinna mála í samræmi við óskir sínar. Þá eru mál skráð hlutlaus ef að þau fela í sér almenna upplýsingagjöf.

# Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er hluti af stjórnskipulagi Landsbankans og þáttur í eftirlitskerfi bankans. Hlutverk Innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að bæta rekstur bankans. Innri endurskoðun leggur mat á virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttanna Landsbankans og stuðlar þannig að því að bankinn nái markmiðum sínum. Innri endurskoðun nær til allra starfseininga bankans, þar á meðal

dótturfélaga, en auk þess hefur deildinni verið falin innri endurskoðun á lífeyris-sjóðum í rekstri og stýringu Landsbankans.


Innri endurskoðandi er ráðinn af Bankaráði og ber ábyrgð gagnvart Bankaráði og endurskoðunarnefnd þess. Innri endurskoðandi er forstöðumaður innri endurskoðunardeildar Landsbankans, en starfsmenn deildarinnar voru 9 á liðnu ári. Rík áhersla er lögð á að starfsmenn Innri endur-

skoðunar séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Innri endurskoðandi skal sjá til þess að starf Innri endurskoðunar sé á hverjum tíma unnið í samræmi við lög, reglur, alþjóðleg viðmið og staðla um bestu framkvæmd, svo sem viðmið Alþjóðasamtaka um innri endurskoðun (IIA) og leiðbeinandi tilmæli Basel-nefndarinnar.

Innri endurskoðandi leggur árlega endurskoðunaráætlun fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar. Áætlunin

er áhættumiðuð og felur í sér upplýsingar um megináherslur í starfsemi deildarinnar. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd reglubundið grein fyrir framgangi innri endurskoðunar og hvernig miðar varðandi eftirfylgni þeirra frávika sem deildin hefur greint.

## Hlutfallsleg skipting tíma með hliðsjón af áhættu



# Dótturfélög

**Dótturfélög Landsbankans** teljast þau félög sem bankinn á meira en 50% eignarhlut í. Helstu dótturfélög Landsbankans eru nú Horn fjárfestingarfélag hf., Hömlur ehf., Landsvaki hf., Reginn ehf. og Landsbréf hf.

Til hlutdeildarféлага bankans teljast þau félög sem Landsbankinn hefur fjárfest í til langs tíma og þar sem eignarhlutur er umtalsverður en þó aldrei meiri en 50%. Eignarhlutur hlutdeildarféлага er færður í samræmi við hlutdeild bank-

ans í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti. Úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut bankans í viðkomandi félagi.

Horn  
fjárfestingar-  
félag hf.

Reginn ehf.

Hömlur ehf.

Landsvaki hf.

Landsbréf hf.

## Horn fjárfestingarfélag hf.

Horn er alhliða fjárfestingarfélag sem fjárfestir jafnt í skráðum sem óskráðum verðbréfum í flestum atvinnugreinum. Horn var stofnað í lok árs 2008 og hefur félagið skilað góðri arðsemi af fjárfestingum sínum frá stofnun. Efnahagsreikningur Horns er um 30 ma. kr. í dreifðu eignasafni og er meirihluti eigna félagsins með tekjur í erlendri mynt. Mikil áhersla er lögð á vandaða greiningu á þeim félögum sem eru í eignasafni Horns á hverjum tíma samhliða greiningu á áhugaverðum fjárfestingatækifærum. Markmið með stofnun félagsins á sínum tíma var að aðgreina umsýslu fjárfestinga í hluta-bréfum frá meginstarfsemi Landsbankans.

**Hermann Már Þórisson** er framkvæmdastjóri Horns fjárfestingafélags hf. Hermann hóf störf hjá Horni við stofnun félagsins árið 2008 og varð framkvæmdastjóri 2009. Á árunum 2006-2008 var Hermann sérfræðingur hjá Verðbréfasviði Landsbanka Íslands hf., en frá

1994-2005 var hann flugumferðarstjóri hjá Flugmálastjórn Íslands, þar af síðustu tvö árin yfirflugumferðarstjóri fyrir Flugmálastjórn Íslands á alþjóðaflugvellingum í Kosovo. Hermann er með BSc-gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands.

## Reginn ehf.

Reginn tók til starfa vorið 2009 og fer með eignarhald á þeim eignum sem bankinn eignast í kjölfar fullnustuaðgerða eða annars konar skuldaskila. Félagið ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun fasteigna eða fasteignafélaga. Þær eignir sem um ræðir eru uppbyggingar- og þróunarverkefni, skipulögð byggingarsvæði og umfangsmeiri íbúðarbyggingar í vinnslu og byggingu.

Félagið leitast við að bjóða út hvers kyns þjónustu tengda rekstri fasteigna. Sama á við um stærri framkvæmdir við fasteignir félagsins. Öll stærri verk eru boðin út sérstaklega.

Markmið Regins er að varðveita og hámarka þau

verðmæti sem bundin eru í fasteignum og fasteignafélögum. Félagið selur einstakar eignir eða félög á markaði og er áhersla á að sölufæri sé aðgengilegt fyrir markaðinn. Landsbankinn hefur lýst því yfir að fyrir dyrum standi skráning Regins á almennan hluta-bréfamarkað.

## Helgi S. Gunnarsson

er framkvæmdastjóri Regins ehf. Helgi er verkfræðingur með MSc-gráðu frá DTU – Danmarks Tekniske Universitet. Hann var framkvæmdastjóri hjá Eignarhaldsfélaginu Portus ehf. á árunum 2006-2009 og framkvæmdastjóri félagsins Nýsir fasteignir ehf. 2005-2006. Hann var sviðstjóri og einn af eigendum VSÓ ráðgjafar ehf. 1989-2005. Helgi hefur reglulega verið gesta-

fyrirlesari og leiðbeinandi í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Frá 1990 hefur Helgi verið meðdómari og dómkvaddur matsmaður í fjölda mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Reykjaness. Helgi var ráðinn framkvæmdastjóri Regins ehf. í maí 2009.

## Hömlur ehf.

Hömlur ehf. og dótturfélög Hamla bera ábyrgð á eignum sem bankinn eignast við uppboð, skuldaskilasamninga eða við gjaldþrot og ætlaðar eru til sölu á næstu 12-18 mánuðum og/eða ef verðmæti fasteignar er undir 300 m. kr. Dýrari fasteignir enda að jafnaði hjá Reginn ehf.

## Staða eigna í Hömlum 31.1.2012 (m. kr.)

	Fjöldi	Verðmat
Íbúðarhúsnæði	284	5.883
Iðnaðar-/skrifstofuhúsnæði	300	7.431
Sumarhús	14	138
Sumarhúsálóðir	191	3.589
Lóðir aðrar	85	698
Annað (m.a. jarðir)	16	1.600
<b>Samtals</b>	<b>890</b>	<b>16.108</b>

Í Hömlum ehf. er vistað íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði sem metið er á minna en 300 milljónir króna, skip og bátar, sumarbústaðir, jarðir og lóðir, bifreiðar, yfirteknar vörubirgðir og yfirteknar viðskiptakröfur. Hömlur fara einnig með virkan eignahlut í félögum sem bankinn kann að eignast en almenna reglan er sú að eignir eru boðnar til sölu eins fljótt og hægt er.

**Friðrik S. Halldórsson** er framkvæmdastjóri Hamla ehf. Friðrik er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Landsbankanum frá árinu 2008, einkum við verkefni tengdum endurskipulagningu útlána og fullnustueigna. Friðrik hefur unnið við banka- og fjármálastarfsemi frá árinu 1988 og hefur viðtæka þekkingu á sviði bankarekstrar.

---

## Landsvaki

---

Rekstrarfélagið Landsvaki hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Landsvaki var stofnaður

árið 1994 sem dótturfélag Landsbréfa hf., sem fékkst við eignastýringu og verðbréfaviðskipti einstaklinga. Landsbréf sameinaðist gamla Landsbankanum árið 2001 og þar með varð Landsvaki dótturfélag bankans.

Samkvæmt lögnum ber að starfrækja verðbréfa- og fjárfestingarsjóði í sérstöku fjármálafyrirtæki sem kallast rekstrarfélag. Rekstrarfélög eru starfsleyfis skyld og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Landsvaki hf. er óháður Landsbankanum, til að mynda er starfsemi félagsins í aðskildu húsnæði og meirihluti stjórnarmanna Landsvaka ótengdur Landsbankanum. Landsvaki útvistar þó hluta af rekstri sínum til Landsbankans, svo sem ráðgjöf og vörslu.

**Ari Skúlason** er framkvæmdastjóri Landsvaka hf. Ari er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og meistaraþróf í hagfræði frá Háskólanum í Árósum. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Ari hóf starfsferil sinn hjá Kjarrannsóknarnefnd og vann svo sem hagfræðingur hjá

Árósaborg. Hann starfaði hjá ASÍ frá 1988 til 2001, fyrst sem forstöðumaður hagdeildar og alþjóðafulltrúi og síðan sem framkvæmdastjóri frá 1994. Frá 2001-2004 var hann framkvæmdastjóri Aflvaka, atvinnuþróunarfélags Reykjavíkurborgar. Hann hóf störf í Landsbankanum í upphafi árs 2005 sem forstöðumaður Greininga á Fyrirtækjasviði. Hann varð síðan framkvæmdastjóri Landsvaka hf. í maí 2009.

---

## Landsbréf hf.

---

Í kjölfar kaupa bankans á Rose Invest hf. í febrúar 2011 var nafni félagsins breytt í Landsbréf hf. Starfsleyfi Landsbréfa hf. tekur til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu og fjárfestingarráðgjöf.

Á fyrsta ársfjórðungi 2011 rak félagið tvo sjóði en í kjölfar skipulagsbreytinga sem gerðar voru í lok ársfjórðungsins voru sjóðirnir að fullu innlestir. Á þeim tíma hófust viðræður á milli Landsbréfa hf. og Landsvaka hf. um kaup Landsbréfa

á sjóðarekstri Landsvaka. Samningur náðist um kaupin og hefur síðan verið unnið að framkvæmd þeirra viðskipta í fullu samráði við Fjármálaeftirlitið. Stefnt er að því að kaupin á sjóðarekstrinum muni koma til framkvæmda í upphafi annars ársfjórðungs 2012.

**Svandís Rún Ríkarðsdóttir** er framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. Svandís er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið löggildingarprófi í verðbréfa- viðskiptum. Svandís var annar stofnandi Rose Invest hf. árið 2008 (nú Landsbréf hf.) og hefur síðan þá starfað sem framkvæmdastjóri félagsins. Þar áður starfaði Svandís á eignastýringarsviði Íslandsbanka frá árinu 2004.

Rúnar Karlsson og sonur hans, Örvar Dóri Rögnvaldsson, í viðgerðum í bátahúsi þeirra á Ísafirði. Rúnar rekur ásamt fjölskyldu sinni fyrirtæki í ferðamannaíðnaðinum.

Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.



# Áhættustjórnun

---

**Árangursrík áhættustjórnun** er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika. Bankinn nýtir því bestu viðmið í umgjörð um áhættustjórnun og hefur sett upp sjálfstæðar eftirlits- og áhættustýringareiningar, útlánagreiningu og ferli til yfirferðar á lánsbeiðnum fyrir ákvarðanatöku.

---

---

Eftirlit bankaráðs, bankastjóra og einstakra nefnda bankans, skýr og skilvirk heimild einstakra aðila í ákvarðanatöku og stýrð áhættutaka eru hornsteinar áhættustjórnunar bankans.

Áhætta er eðlislæg í starfsemi bankans. Áhættu er stýrt með samfelldri greiningu, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum eftirlitsþáttum. Áhættugreining felst

í að greina uppruna og gerð hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi bankans. Áhættumæling felur í sér viðeigandi mælingu á greindum áhættuþáttum til að hægt sé að stýra og fylgjast með þeim. Síðast en ekki síst tryggir áhættueftirlit fylgni við reglur og ferla og samræmi við áhættuvilja samstæðunnar. Áhættustýring gerir bankaráði reglulega grein fyrir starfsemi sinni.


# Áhættuvilji

Áhættuvilji Landsbankans hefur verið endurskoðaður og unnið er að innleiðingu nýrra mælinga til að styðja fylgni við áhættuviljann. Yfirlýsingu um áhættuvilja Lands-

bankans má sjá hér að neðan. Endanleg ábyrgð á áhættustjórnun innan bankans er hjá bankaráði Landsbankans, sem samþykkir áhættuvilja bankans. Bankastjóri tryggir

að áhættuviljinn endurspegl-ist í reglum og viðmiðum innan bankans og hefur hann, ásamt framkvæmdastjórn, eftirlit með því að áhættuvilja bankans sé

framfylgt innan einstakra eininga. Lögð er áhersla á að gagnrýnin umræða eigi sér stað um helstu kosti við ákvarðanatöku.



## Yfirlýsing um áhættuvilja

- » Stefna Landsbankans er að taka aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Bankinn stefnir að því að vera metinn til jafns við bestu banka á Norðurlöndum í sambærilegum rekstri.
- » Landsbankinn leitast við að viðhalda traustum viðskiptasamböndum. Hann mun nýta tækifæri

á mörkuðum til að tryggja dreifða og trausta fjármögnun. Landsbankinn forðast að tengjast viðskiptum sem geta skaðað orðspor hans.

- » Bankinn leitast við að takmarka sveiflur í starfsemi sinni og að vera ávallt í stakk búinn til að standast áföll. Viðskipti bankans taki mið af stöðu bankans og viðskiptavina hverju sinni, svo og mögulegra innbyrðis tengsla þeirra.

Arðsemi bankans skal metin út frá áhættu í rekstri.


- » Fyrirtækjamening Landsbankans einkennist af faglegum vinnubrögðum og ferlum sem styðja við öflugna áhættustefnu. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og mælingu á áhættu sem verður til innan þeirra eininga. Ákvarðanir eru teknar að undangenginni ítarlegri og faglegri

umræðu um helstu kosti með langtíma hagsmuni bankans að leiðarljósi. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er samofin allri starfsemi bankans.

- » Áhættustefnu er framfylgt með markmiðasetningu, viðskiptastefnu, innri reglum og mörkum með tilliti til laga og reglna um fjármálamarkaði.



## Skipting á áhættu samstæðunnar - hlutfall af eiginfjárförf



### Áhættureglur og -ferlar

Markmið áhættureglna og -ferla bankans er að tryggja að áhætta í rekstri hans sé þekkt, mæld og vöktuð og að henni sé stýrt með virkum hætti. Áhættu er stýrt þannig að tryggt verði að hún haldist innan þeirra marka sem bankinn hefur sett sér, áhættuvilja samstæðunnar og þannig að hún samræmist kröfum eftirlitsaðila. Bankinn hefur innleitt stefnu í uppbyggingu áhættu í safni sínu til að tryggja að flókt sem getur haft áhrif á eigið fé og afkomu bankans

sé takmarkað og viðráðanlegt.

Áhættustýringarsvið ber ábyrgð á eftirliti og miðlun upplýsinga um áhættu innan bankans með setningu og framkvæmd takmarkana. Viðskiptaeyningar sinna einnig eigin eftirliti með áhættutöku og fylgni við áhættumörk. Dótturfélög bankans hafa eigin áhættustýringareiningar, en Áhættustýring fær upplýsingar um áhættuskuldbindingar frá dótturfélagunum og setur þær í samhengi við skuldbindingar samstæðunnar.

Regluvarsla hefur eftirlit með því að reglum um verðbréfa- og innherjaviðskipti, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningabætti og öðrum viðeigandi lögum og reglum sé framfylgt á samstæðugrundvelli. Regluvarsla fylgist einnig með því að samstæðan starfi í samræmi við siðareglur og reglur um markaðsmisnotkun, hagsmunaárekstra og bestu starfshætti. Regluvarsla er ein af stöðdeildum samstæðunnar og er hluti af fyrirtækjamenningu hennar.

Innri endurskoðun er hluti af áhættustýringaramma bankans auk þess að vera þáttur í eftirlitskerfi hans. Markmið Innri endurskoðunar er að staðfesta að innri eftirlitskerfi bankans, þar með talið áhættustjórnun, séu fullnægjandi og virk. Skilvirkni áhættustýringar og áhættustýringarferla samstæðunnar, þ.m.t. ICAAP ferlið, er metið af Innri endurskoðun sem skilar niðurstöðum til bankaráðs. Starfsemi Innri endurskoðunar tekur til allra starfseininga, einnig dótturfélaga bankans.

## Helstu verkefni 2011

Í lok árs 2010 beindi bankinn sjónum að margvíslegum þáttum með það að markmiði að bæta áhættustjórnun enn frekar, skerpa áherslur og auka skilvirkni. Á árinu 2011 var því farið í alhliða umbætur á starfsemi og skipulagi Áhættustýringar og markmið sett um að auka vitund um áhættustjórnun í bankanum, tryggja aðkomu Áhættustýringar fyrir að ákvörðunarferli sem og að endurskoða alla ferla og vinnulýsingar sem

tengjast áhættustjórnun. Til stuðnings markmiðunum voru sviðsmyndagreiningar efldar, upplýsingagjöf bætt og áhættuvilji og áhættumörk mótuð. Önnur verkefni sem unnin voru á árinu til stuðnings ofangreindri stefnu:

» **Bein aðkoma Áhættustýringar að lánaferli**  
Möguleikar Áhættustýringar til að hafa áhrif á og stýra útlánaáættu hafa aukist verulega með beinni aðkomu að lánaferlinu og neitunarvaldi í lánanefndum.

» **Vöktunarkerfi útlána**  
Vöktunarkerfið eykur yfirsýn viðskiptaeininga og bætir áhættustjórnun. Viðskiptavinir á vöktunarlísta þurfa staðfestingu Áhættustýringar á útlánaákvörðunum.

» **Nýtt virðisrýrnunarferli**  
Með þessu nýja ferli er skjalfest formlega hvernig endurmat á kaupvirði lánasafns bankans frá Landsbanka Íslands hf. er framkvæmt.

» **Endurbætur á innra matskerfi**  
Verið er að endurbæta innra matskerfið og tryggja að það samræmist regluverki Basel nefndarinnar um innri matsaðferðir (e. Internal Rating Based Approach). Láns-hæfismat hefur verið bætt með nýjum láns-hæfiskvarða og láns-hæfislíkani. Í útlánareglum segir að úthlutun láns-hæfiseinkunna og samþykkt þeirra skuli vera hluti af útlánaferlinu og vera þar með hluti af útlánaheimild.

## Helstu verkefni 2012

Verkefni	Tilgangur / Markmið
Innleiðing áhættuvilja	Efla áhættustjórnun og áhættuvitund
Endurskoðun lykilferla	Treysta innviði og auka skilvirkni
Basel III innleiðing	Innleiða bestu viðmið í lausafjárstýringu og fjármögnun. Uppfylla kröfur alþjóðlegra eftirlitsaðila
Samstarf við Eignastýringu	Innleiða tilmæli FME um áhættustjórnun samtryggingardeilda lífeyrissjóða
Þróun og viðhald verðbólgu- og þjóðhagsspálíkana	Mynda grunn fyrir ákvarðanatöku og móta sýn á íslensku efnahagsumhverfi
Efling notkunar sviðsmynda	Leiða fram áhættuþætti og/eða samspil þeirra og meta áhrif á bankann. Styðja við ákvarðanatöku og áhættustjórnun
Skilgreining og innleiðing lykiláhættuvísa	Koma í veg fyrir rekstrartöp og/eða atvik með fyrirbyggjandi mælikvörðum
Þróun og innleiðing rekstrarsamfelluáætlana	Lágmarka hættu á rekstrarstöðvun sem og áhrif hennar og stuðla að skjótri endurreisn í kjölfar rekstrarstöðvunar

## Eiginfjárförf

Heildar eiginfjárförf bankans er 141 ma.kr. Eiginfjárgrunnur bankans ætti því að vera 15% hið minnsta út frá núverandi áhættu skv. ICAAP-ferli bankans. Metin lágmarks eiginfjárförf bankans er því lægri en krafa FME um 16% lágmarks hlutfall af eiginfjárgrunni. Í lok júní 2011 var eiginfjárförf bankans sem mest (165 ma.kr.). Hún

hefur því lækkað nokkuð sem endurspeglar bættu áhættustöðu bankans frá því á miðju síðasta ári. Þetta má að mestu leyti rekja til þess að dregið hefur úr gjald-eyrisáhættu vegna endurúrreiknings og myntbreytingu erlendra lána.

Útlánaáhætta er veigamesta áhætta bankans (56% af heildaráhættu) og samantlagt eru útlána- og samþjöppunaráhætta 74% allrar áhættu.

## Mæling eiginfjárþarfar

Landsbankinn hefur það að markmiði að endurbæta og innleiða umgjörð um eiginfjárförf bankans (e. Economic Capital) á árinu 2012. Tilgangur umgjörðarinnar er að gera bankanum kleift að reikna eiginfjárförf sína, þ.e. hversu mikið eigið fé bankinn þarf til eðlilegs reksturs.

Markmiðið er að mæla eiginfjárförf bankans vegna óvæntra tapa svo að bankinn

eigi ætíð nægt eigið fé til að standast lögbundnar kröfur.


Óvænt tap er skilgreint út frá 99,9% öryggismörkum og eins árs tímabili, þ.e. bankinn skal eiga nægt eigið fé til að greiðsluþrot ætti að koma upp á að meðaltali þúsund ára fresti. Þetta jafngildir reglum Basel regluverksins og láns hæfis-einkunn A.

## Áhættuliðir sem mynda ramma um eiginfjárförf.

Útlánaáhætta	Bankinn notar innra áhættulíkan sem fylgir IRB Basel reglum, þ.e. eiginfjárförf er jöfn eiginfjárkröfu IRB aðferðarinnar.
Markaðsáhætta	Bankinn notar staðalaðferð Basel til þess að reikna eiginfjárförf fyrir hlutabréfaáhættu og skuldabréfaáhættu.
Gjaldeyrisáhætta	Eiginfjárförf er samantlagt árlegt VaR sem er fengið með því að skala eins dags VaR gildið, í samræmi við Basel staðalinn og Stressed VaR með 99,9% öryggisbili, reiknað samkvæmt til-mælum í Basel staðlinum.
Rekstraráhætta	Bankinn notar grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) Basel reglnanna til að reikna eiginfjárförf, sem er 15% af 3 ára meðaltali rekstrartekna.
Vaxtaáhætta utan veltubókar	Bankinn reiknar eiginfjárförf vegna vaxtaáhættu utan veltubókar sem er áætluð markaðsvirðisáhrif á eigið fé bankans vegna flatrar 2% hliðrunar á vaxtaferlinum.
Samþjöppunaráhætta	Bankinn skiptir samþjöppunaráhættu í (i) lántakasamþjöppun stórra (tengdra) einstakra lána og (ii) geirasamþjöppun innan atvinnuvega, þar sem líkur á vanefnd innan atvinnuvegar ræðst af sameiginlegum undirliggjandi þætti.
Viðskiptaáhætta	Bankinn notar innra líkan til að reikna eiginfjárförf.
Laga- og stjórnvaldsáhætta	Eiginfjárförf er reiknuð sem tap vegna yfirstandandi deilna og/eða nýrra stjórnvaldsaðgerða.

## Innra mat á eiginfjárförf

ma. kr.



Með umgjörð um eiginfjárförf er hægt að bera saman mismunandi gerðir áhættu þar sem eiginfjárförf er skilgreind á sama máta fyrir allar gerðir áhættu. Mikilvægasta notkun eiginfjárrammans er vegna:

- » Skiptingu eigin fjár til viðskiptaeininga
- » Útreiknings áhættuvegins hagnaðar og arðsemi
- » Útreiknings áhættuveginnar verðlagningar
- » Áhættustjórnunar
- » Innra mats á eiginfjárförf – ICAAP

### Útlánaáhætta


Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á að bankinn verði fyrir fjárhagslegu tjóni standi aðili að fjármálagerningi ekki við skuldbindingar sínar.

Vegna fjármálakreppunnar ríkir talsverð óvissa um endurheimtur af lánasafni bankans. Hefðbundnar mælingar á útlánaáhættu endurspeglar þessa óvissu. Útlánaáhætta er stærsta einstaka áhættan sem bankinn stendur frammi fyrir, samtals um 74% af allri áhættu bankans. Útlán bankans til viðskiptavina

námu 671 ma.kr. í árslok og jukust um 10% á árinu. Mest var aukningin í útlánnum til fasteignaviðskipta, eða 16 ma.kr. Hlutfall einstaklingslána hækkaði um 10% og hlutfall stærstu atvinnugreinarinnar sjávarútvegs hækkaði um 4%. Undanfarin misseri hefur útlánageta í bankakerfinu og framboð á lánsfé verið mun meiri en eftirspurn, þrátt fyrir lágt vaxtastig. Samkeppni um ný útlán er því mikil. Útlánastarfsemin hefur því í miklum mæli snúist um þjónustu við núverandi viðskiptavinum og endurskipulagningu viðskiptavina í greiðsluferðleikum.

Fjárhagsleg endurskipulagning fjölda viðskiptavina, bæði einstaklinga og fyrirtækja, ásamt endurreikningi erlendra lána skilaði sér í verulegri lækkun 90 daga vanskila, eða úr 19% í 14%. Á sama tíma lækka útreiknaðar meðallíkur á vanefndum samkvæmt lánshæfislíkani bankans óverulega. Að hluta til skýrist þetta af því að viðskiptavinir eru enn með lágt lánshæfi eftir endurskipulagningu. Nokkur tími getur liðið frá lokum endurskipulagningar þar til árangur hennar verður sýnilegur í lánshæfisútreikningi. Í árslok skilgreindi bankinn um 17,5% af heildarfjölda viðskiptavina á vöktunarlista

## Dreifing útlána eftir lánshæfiseinkunn – líkur á vanefndum (PD)



og þar af 14% í alvarlegum greiðsluferðleikum. Hlutfall viðskiptavina á vöktunarskrá var mun hærra hjá fyrirtækjum, eða 49%, en 14% hjá einstaklingum.

### Stefna og ábyrgð vegna útlánaáhættu

- » Lánasafn bankans sé vel dreift milli atvinnugreina, útlánategunda og framboðinna trygginga
- » Útlánaákvæðanir grundvallast á áhættumati og verðlagning útlána endurspeglir útlánaáhættu
- » Gæði lánasafnsins séu metin og þeim stýrt út frá lánshæfiseinkunn
- » Lágmarka skal tapsáhættu með fyrirbyggjandi aðgerðum

- » Lánasafn bankans sé arðsammt bæði til lengri og skemmri tíma

Stýring samstæðunnar á útlánaáhættu byggir á virku eftirliti af hálfu bankaráðs, bankastjóra, Áhættu- og fjármálanefndar, Lánanefndar og útlánadeildum. Áhættustýringar. Útlánaáhættu er stýrt í samræmi við yfirlýstan áhættuvilja og útlánastefnu sem samþykkt er af bankaráði, sem og ítarlegar útlánareglur sem bankastjóri samþykkir. Yfirlýsing um áhættuvilja og útlánastefna kveða á um takmarkanir á áhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga við einstaka lántaka eða hópa lántaka, samsöfnunar-

áhættu og áhættu gagnvart nýjum og áhættusömum atvinnugreinum.

Þrepaskiptar útlánaheimildir eru ákvarðaðar út frá stærð viðskiptaeininga, tegund viðskiptavina og reynslu starfsmanna. Útlánaákvæðanir umfram útlánaheimild viðskiptaeininga krefjast samþykkis Áhættustýringar. Útlánaákvæðanir umfram heimildir Áhættustýringar eru háðar samþykki Lánanefndar bankans. Útlánaákvæðanir umfram heimildir Lánanefndar eru háðar samþykki Lánanefndar bankaráðs, sem fer með hæstu útlánaheimild bankans.

### Mælingar og eftirlit


Bankinn notar ýmiskonar mælingar og aðferðir til að stýra og meta útlánaáhættu. Helst ber að nefna eftirlit og mat á líkum á vanefndum viðskiptavina (e. probability of default (PD)), flokkun í lánshæfiseinkunnir, mælingar og eftirlit með vanskilum viðskiptavina og öflugt vöktunarkerfi útlána.

### Nýtt lánshæfislíkan fyrirtækja

Tekið hefur verið í notkun nýtt lánshæfislíkan fyrirtækja sem leysir af hólmi eldra lánshæfislíkanið.

Nokkur breyting er á einkunnadreifingu nýja líkansins samanborið við

## Höfuðstóll útlána >90 daga vanskil



það gamla. Nýja líkanið hefur góða spágetu og er vel kvarðað (e. calibrated), þ.e. vegið PD gildi fyrir öll fyrirtæki er jafnt raunverulegu vanefndahlutfalli a.t.t. til eðlilegra skekkjumarka.

Hlutfall fyrirtækja í vanefndum fyrir bankann í heild hefur lækkað um 5% undanfarið ár sem og vanefndahlutfallið, en gæði safnsins hafa ekki batnað mikið. PD gildið var 10,2% í ársbyrjun og er nú 9,1%. Rekja má litlar framfarir í gæðum til þess að viðskiptamenn sem koma úr endurskipulagningu eru þrátt fyrir það enn með lágt lánshæfi.

### Vanskil

Snemma árs 2011 setti bankinn sér það markmið að ná >90 daga vanskilahlutfallinu niður fyrir 14%. Það markmið náðist, en hlutfall vanskila af stöðu útlánasafnsins fór úr því að vera 21% í upphafi árs í um 14% í lok árs. Frá ársbyrjun 2011 til ársloka varð verulegur viðsnúningur á stöðu útlána sem voru komin í 90 daga vanskil og yfir. Staða þeirra lækkaði úr 128 ma.kr. í 98 ma.kr. Viðsnúningurinn skýrist að stærstum hluta af tveimur þáttum. Annars vegar endurútreikningi á erlenda hluta lánasafnsins í kjölfar dóma Hæstaréttar, en vægi þess hluta lánasafnsins

í heildarlækkun á stöðu vanskilahlutans vó 71%. Hins vegar er skýringu að finna í átaki sem hófst í byrjun ágúst sl. með það að markmiði að lækka vanskil einstaklinga og fyrirtækja.

Hlutfall lána til fyrirtækja sem voru komin í yfir 90 daga vanskil voru 13% af stöðu fyrirtækjalánasafnsins um síðustu áramót. Ef litið er til þeirra fyrirtækja sem ekki voru í ferli hjá Endurskipulagningu eigna á þeim tíma var vanskilahlutfall þeirra lána aðeins 1%, en hins vegar var vanskilahlutfall þeirra fyrirtækja sem voru í ferli hjá Endurskipulagningu eigna 43%.

Hlutfall lána til einstaklinga sem komin voru í 90 daga vanskil var 19% af stöðu lána til einstaklinga. Ef lán til einstaklinga sem voru í greiðsluskjóli um áramót eru skoðuð sérstaklega sést að vanskilahlutfall þeirra lána er 95%, en hlutfallið er 10% hjá þeim aðilum sem ekki hafa þegið greiðsluskjól hjá umboðsmanni skuldara. Það er augljóst að þeir aðilar sem eru í ferli hjá Endurskipulagningu eigna eða Umboðsmanni skuldara halda uppi heildarvanskilahlutfalli lántakenda bankans, en ef þau úrræði sem þeim standa til boða duga til hagsbóta mun vanskilahlutfallið lækka á komandi misserum.

### Litaflokkun lánþega

Tæpt ár er síðan vöktunarkerfi útlána var fyrst tekið í notkun. Í ágúst 2011 voru allir lánþegar komnir í vöktun. Nú þegar er hafin undirbúningsvinna við að klára innleiðingu þess með þriðja áfanga.

Á haustmánuðum hefur heildarfjöldi í eftirliti aukist lítillega sem telja má að sé að mestu vegna lagfæringa gagnaskráninga.

Litaflokkunin er sem hér segir:

- » **Grænir viðskiptavinir** eru taldir standa undir skuldbindingum sínum vandkvæðalaust.
- » **Gulir viðskiptavinir** eru á vöktunarlista 1, eiga við tímabundna erfiðleika að stríða og kunna að þurfa að fá frestun á afborgunum eða breytingar á lánstíma eða skilmálum.

» **Rauðgulir viðskiptavinir** eru á vöktunarlista 2. Þessir viðskiptavinir eru enn undir umsjá við-eigandi viðskiptaeyningar, en líklegt er að endurskipulagning skulda eða frestun afborgana reynist nauðsynleg.

» **Rauðir viðskiptavinir** eru þeir sem komnir eru í umsjá Endurskipulagningar eigna eða eru í alvarlegum vanskilum.

Ef horft er á fyrirtækin sérstaklega sýnir litaflokkunin slakari stöðu en hjá einstaklingum. Þó hafa fyrirtækin sýnt meiri framfarir á árinu. Sem dæmi hefur hlutfall gulra og rauðgulra fyrirtækja lækkað úr rúmum 50% í rúm 22% á meðan hlutfall einstaklinga hefur lækkað um 2,2 prósentustig á sama tíma.

Gulum viðskiptavinum fjölgaði lítillega á fjórða ársfjórðungi, en sú aukning

er að mestu tilkomin vegna fyrirtækja sem snúa aftur í rekstur eftir endurskipulagningu. Þrátt fyrir töluverðan fjölda afskriftarmála fjölgaði rauðum viðskiptavinum í lok árs vegna mála sem send voru til lokaúrvinnslu. Á sama tímabili mátti hins vegar merkja aukningu í fjölda grænna viðskiptavina sem rekja má til árangurs skuldaúrræða.

### Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er mæld í stórum áhættuskuldbindingum og samþjöppun atvinnugreina í lánasafni

Heildaráhættuskuldbinding 10 stærstu samstæða í lok ársins var 179 ma.kr. eða sem nemur 93% af eiginfjárgrunni bankans. Þar af falla tvær áhættuskuldbindingar undir skilgreiningu FME um stórar áhættur, þ.e. eru yfir 10% af eiginfjár-


grunni bankans. Samanlögð heildarskuldbinding þeirra nam um 45% af eiginfjárgrunni. Hámark samkvæmt reglum FME er 400%, en innri skorða sem bankinn hefur sett sér í áhættuvilja er 200%. Hámark einstakrar áhættuskuldbindingar skv. reglum FME er 25% og var engin skuldbinding yfir þeim mörkum í árslok. Innri skorða fyrir einstaka áhættu samkvæmt áhættuvilja bankans er 20% og var ein skuldbinding yfir þeim mörkum í árslok. Samtala fyrir stórar áhættur var 31% af eigin fé í árslok 2010 og hefur því hækkað um 14 prósentustig milli ára.

### Stórar atvinnugreinar


Af útlánnum til viðskiptavina var hlutfallslega mest til einstaklinga, eða um 25% af heildarútlánnum. Af atvinnugreinum er sjávarútvegur stærstur í lánasafni bankans, eða 20% af heildarútlánnum til viðskiptavina, en um 30% af útlánnum til fyrirtækja.

### Litaflokkun lánþega - 31.12.2011


Allir viðskiptavinir bankans (fjöldi)



Fjöldi einstaklinga



Fjöldi fyrirtækja



## Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi af stöðu innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsverði.

Markaðir á Íslandi hafa tekið stakkaskiptum síðan síðla árs 2008. Skráð verðbréf á markaði eru fá og stærð og dýpt markaðarins lítil, en von er á fleiri skráningum á árinu. Gjaldeyrismarkaðir eru undir gjaldeyrishöftum sem nýlega voru hert af Seðlabanka Íslands. Skráð gengi gjaldeyris var nokkuð stöðugt á árinu, en helstu myntir lækkuðu um tæp 5%. Hlutabréfamarkaður lækkaði um rúmt 1% á árinu.

Í árslok 2011 var 13,4% af áhættugrunni bankans vegna markaðsáhættu. Langstærstur hluti hennar er vegna hlutabréfaáhættu, eða 7,7%. Hlutabréfaáhætta bankans jókst töluvert á árinu, en stefnt er að því að draga úr hlutabréfaáhættu bankans árið 2012. Vaxtaberandi eignir hafa haldist

stöðugar. Gjaldeyrissáhætta minnkaði verulega á árinu og var í árslok 3,1% af áhættugrunni bankans.

### Stefna og ábyrgð markaðsáhættu

Bankaráð fer með æðsta vald um áhættustefnu og ákveður áhættuvilja bankans í heild, þar með talið markaðsáhættu. Áhættu- og fjármálanefnd tekur ákvarðanir sem varða stýringu og eftirlit með markaðsáhættu á grundvelli áhættustefnunnar sem bankaráð hefur samþykkt. Markaðsáhættu bankans er stýrt af Fjárstýringu undir eftirliti Áhættu- stýringar. Bankinn hefur sett reglur um markaðsáhættu og gilda þær fyrir stýringu bankans sem og dótturfélaga hans.

Markmið stýringar markaðs-áhættu er að stjórna markaðsáhættu og takmarka hana við ásættanleg mörk en tryggja samtímis sem besta nýtingu á samspili áhættu og ávöxtunar.

### Mælingar og eftirlit

Bankinn styðst við ýmis tæki til að stýra og hafa eftirlit með markaðsáhættu. Ólíkir áhættuþættir kalla á fjölbreytta mælikvarða, en megináðferðirnar sem bankinn styðst við eru nafn- verðsgreining, greining á hagnaði og tapi, sviðsmyndir, næmnigreining, VaR (e. value at risk) og VBP (e. value per basis point).

### Áhættumörk

Bankaráð hefur skilgreint hámark markaðsáhættu bankans og má hún ekki vera hærri en 20% af heildaráhættugrunni bankans. Þar af má áhætta vegna hlutabréfa ekki vera hærri en 10%, gjaldeyrissáhætta má ekki vera hærri en 10% í gnótt- eða skortstöðu og áhætta vegna skuldabréfa má ekki vera hærri en 5%.

Heimild til stöðutöku í gjaldeyri er rúm vegna þeirrar stöðu sem bankinn er í gagnvart Landsbanka Íslands hf., en á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013 mun bankinn gefa út skuldabréf í erlendri mynt. Fjárhæð

bréfsins er óviss, en mun verða allt að 92 milljarðar króna m.v. gengi EUR/ISK þann 31.12.2012.

Áhættu- og fjármálanefnd ákveður heimildir til einstakra eininga til stöðutöku í markaðsáhættu byggða á áhættuvilja bankaráðs.

### Hlutabréfaáhætta


Hlutabréfaáhætta bankans í árslok 2011 mæld sem hlutfall af áhættuvegnum eignum nam 7,7% samanborið við 4,8% í lok árs 2010, en hækkunina má að mestu leyti rekja til virðisaukningar hlutabréfa í eigu Horns. Í markaðsáhættustefnu bankans er gert ráð fyrir að minnka hlutabréfaáhættu á árinu 2012.

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta bankans í árslok 2011 nam 2,6% af áhættugrunni en var 2,5% í árslok 2010 og hreyfðist því lítið á árinu. Langstærstur hluti skuldabréfaeignar bankans er í fjárframlagi ríkisins og erlendum ríkis- skuldabréfum vegna lausa- fjárstýringar.



## Nettó gjaldeyrisstaða í árslok



### Gjaldeyrisáhætta

Bankinn starfar í samræmi við reglur Seðlabankans nr. 950/2010, um gjaldeyrisjöfnuð. Reglurnar kveða á um að gjaldeyrisjöfnuður stofnana (hvort sem er til skamms eða langs tíma) skuli ávallt vera innan ákveðinna marka í hverri mynt.

Með dómi Hæstaréttar þann 9. júlí 2011 í máli Landsbankans gegn Mótormax ehf. var ákveðinni óvissu í gjaldeyrisjöfnuði bankans eytt og gjaldeyrisjöfnuður leiðréttur í kjölfarið um þau erlendu útlán sem eftir dóminn teljast lán í íslenskum krónum. Í fram-

haldi af myntbreytingu ólöglegra lána yfir í íslenskar krónur hætti bankinn að meta gjaldeyrisáhættu með svokölluðum gjaldeyrisstuðli (FX-delta) sem var reiknaður út frá meðalteygni lána í erlendri mynt gagnvart gengisbreytingum. Óvissa um gjaldeyrisáhættu bankans er þó enn til staðar.

Í árslok 2011 var gjaldeyrisáhætta bankans 3,1% af heildaráhættugrunni bankans, samanborið við 8,5% í lok árs 2010. Lækkunin er að mestu tilkomin vegna endurútreiknings erlendra lána í lánasafni bankans á árinu 2011.

### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því að bankinn eigi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar sem fylgja fjárskuldum, sem gerðar eru upp með afhendingu reiðufjár eða annarrar fjáreignar, eða að slíku uppgjöri fylgi óhóflegur kostnaður. Áhættuna má rekja til mögulegs misræmis í tímasetningu á greiðsluflæði eigna og skulda.

Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjäreignir bankans skilgreindar 240

milljarðar. Lausafjárstaða í krónum lækkaði um 65 milljarða, en lausafjárstaða í erlendum myntum jókst um 68 milljarða á síðasta ári. Innlán bankans jukust á árinu um rúma 37 milljarða króna. Nýtt regluverk byggt á Basel III regluverkinu var samþykkt í Áhættu- og fjármálanefnd í lok síðasta árs og sýnir mæling bankans að LCR hlutfall (e. Liquidity Coverage Ratio) hans er yfir þeim mörkum sem reglurnar kveða á um.

### **Stefna og ábyrgð vegna lausafjárahættu**

Bankinn hefur sett sér og dótturfélögum sínum lausafjárstýringarstefnu. Markmið stefnunnar er að tryggja að nægjanlegt lausafé og geta til fjármögnunar sé til staðar til að tryggja fjárhagslegar skuldbindingar, bæði tímanlega og með hóflegum kostnaði, jafnvel við álagsaðstæður.

Áhættu- og fjármálanefnd mótar stefnu í lausafjárstýringu, hefur eftirlit með lausafjárstöðu bankans og er ráðgefandi um samsetningu eigna og skulda. Fjárstýring bankans annast lausafjárstýringu, en Áhættustýring hefur eftirlit með lausafjárstýringu og að kröfur um lausafé séu uppfylltar.

Í desember 2011 samþykkti Áhættu- og fjármálanefnd breytingar á lausafjárreglum bankans. Nýjar reglur byggja á ramma settum fram í regluverki Basel-nefndarinnar í Basel III sem gefinn var út í desember 2010. Þessi rammi myndar nýjan samræmdan mælikvarða fjármálafyrirtækja um

hvernig lausafjárstaða skuli mæld. Nýir mælikvarðar eru annars vegar lausafjárþekjuhlutfall (e. Liquidity Coverage Ratio) og hins vegar hlutfall fjármögnunarþekju (e. Net Stable Funding Ratio). Niðurstöður þeirra mælinga eru hluti af reglulegum skýrsluskilum til Áhættu- og fjármálanefndar.

### **Mæling og eftirlit lausafjárahættu**

Helsti mælikvarði bankans á lausafjárahættu er hlutfall grunnlausafjár og innlána, grunnreiðslugetuhlutfall, sem sýnir hlutfall þeirra innlána sem bankinn getur greitt út fyrirvaralaust án verulegs taps. Við árslok nam grunnreiðslugetuhlutfall 43% samanborið við 46% í árslok 2010.

Áhættustýring framkvæmir vikulega álagspróf á lausafjárstöðu bankans skv. innri reglum. Álagsprófin felast í því að ýmis hugsanleg tilvik eru prófuð til að tryggja að lausafé sé nægjanlegt til að standast álag. Hvert álagspróf byggir á mismunandi forsendum til að meta áhrif útflæðis innlána miðað við

mismunandi markaðsaðstæður. Minni tiltrú viðskiptavina, fjármagnsflótti og samkeppni eru meðal þeirra forsenda sem prófaðar eru.

### **Áhættumörk**

Bankaráð hefur skilgreint áhættuvilja lausafjárahættu og er hann settur fram sem hlutfall grunnlausafjár og innlána, grunnreiðslu- hlutfall. Það skal ávallt vera herra en 20%.

Bankinn undirgengst jafnframt eftirlit og skorður tveggja eftirlitsstofnana, Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands, hvað varðar lágmarks lausafjárstöðu.

### **Vaxtaáhætta utan veltubókar**

Vaxtaáhætta utan veltubókar felst í þeim áhrifum sem vaxtabreytingar eigna og skulda utan veltubókar hafa á vaxtamun eða markaðsvirði eigin fjár.

Vaxtaáhætta utan veltubókar hefur haldist stöðug frá stofnun bankans og er áætluð rúmum 5 milljarðar mæld með því að hliðra vöxtum um 2 prósentustig og reikna áætluð markaðsvirðisáhrif á eigið fé. Bankinn byrjaði að bjóða ný íbúðalán með vaxtaáhættu, en eftirspurn þeirra hefur ekki haft teljandi áhrif á stöðu bankans.

### **Mæling og eftirlit vaxtaáhættu utan veltubókar**

Endurverðlagningaráhætta er að mestu bundin við fastvaxtaútlánasafn bankans í verðtryggðum íslenskum krónum. Uppruni þeirra er að stærstum hluta vegna fasteignalána bankans. Hækkun vaxta mun því hafa neikvæð áhrif á afkomu bankans. Mat á áhrifum af 1 og 2 prósentustigs vaxtabreytingum á markaðsvirði safnsins eru metin af Eigna- og skuldaáhættu í fastvaxta- skýrslu bankans sem skilað er til FME ársfjórðungslega.

Vaxtaáhættunni er stýrt af Fjárstýringu bankans undir eftirliti Áhættustýringar. Í núverandi efnahagsumhverfi

hefur bankinn takmarkaðan aðgang að afleiðugerningum eða öðrum gerningum til að stýra vaxtaáhættunni. Það er því gert í gegnum vöruframboð bankans.

### Áhættumörk

Eiginfjárförf vegna vaxtaáhættu utan veltubókar er áætluð með hliðrun vaxta um 2 prósentustig flatt yfir allar myntir og alla punkta vaxtakúrfunnar. Eiginfjárförf vegna vaxtaáhættu utan veltubókar er mæld sem hluti af ICAAP-ferli bankans. Bankaráð hefur sett þau áhættumörk að áhrif hliðrunar vaxta um 2 prósentustig yfir allar myntir og alla punkta vaxtakúrfunnar á markaðsvirði eigin fjár megi að hámarki nema 5% af eigin fé.

### Afleiður

Bankinn býður viðskiptavinum sínum þrjá tegundir af afleiðum, en þær eru heildarskiptasamningar á skuldabréf, skiptasamningar á hlutabréf og gjaldmiðlaskiptasamninga. Í afleiðuviðskiptum styðst bankinn

við útlánaígildi sem samanstendur af markaðsvirði samninga að viðbætti metinni framtíðaráhættu sem fer eftir eðli samnings. Bankinn gerir jafnframt ríkar kröfur um tryggingar og þurfa þær að vera hærri en útlánaígildi, annars kemur til veðkalls.

Bankinn notar afleiðusamninga jafnframt sem áhættuvarnir og hefur bankinn gert skiptasamninga til að verja gjaldeyrisáhættu sína. Tilgangur þeirra er að færa fjármögnun bankans frá GBP, USD og EUR yfir í fleiri myntir eins og þær endurspeglast í lánabók bankans.

### Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi afleiðu af svikum, mistökum, vanrækslu, óhagræði, kerfisbilunum eða utanaðkomandi atvikum. Áhætta vegna regluvörslu, þ.e. hættan á lagalegum viðurlögum og upplýsingatækniáhætta, falla í þennan flokk. Brot gegn lögum og reglum, sem og bilanir í

upplýsingakerfum, geta valdið bankanum umtalsverðu tjóni. Bankastjóri setur ítarlegar reglur um stýringu rekstraráhættu og ábyrgðarsvið.

### Stefna og ábyrgð vegna rekstraráhættu

Áhættustýring ber ábyrgð á að bankinn viðhaldi og þrói skilvirkt rekstraráhættustýringarferli sem er í samræmi við lagalegar kröfur og rekstraráhættustefnu bankans. Þá hefur sviðið það hlutverk að viðhalda rekstrarsamfelluáætlunum og styður aðrar deildir bankans í innleiðingu þeirra. Stýring rekstraráhættu er á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns. Upplýsingaöryggi, almennt öryggi, fræðsla og þjálfun eru mikilvægir hlutar stýringar rekstraráhættu og því er unnið náið með þeim deildum sem að þessum þáttum koma. Atvikaskýrslur, endurskoðun og eftirfylgni eru einnig mikilvægir hlutar stýringar rekstraráhættu, enda draga greining og úrbótaráðstafanir úr tapi sem hlýst af ófullnægjandi ferlum.


### Mælingar og eftirlit

Bankinn notar grunnbendistærðir (e. basic indicator approach) við útreikning á eiginfjárförf í tengslum við rekstraráhættu á samstæðugrunni. Bankinn fylgir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB frá 14. júní 2006 og vísar í það skjal, sérstaklega viðauka 10, fyrsta hluta, um útreikning á eiginfjárförf í tengslum við rekstraráhættu. Landsbankinn tekur einnig mið af reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, um eiginfjárförf og áhættugrunn fjármála fyrirtækja.

Það fyrirkomulag að utanaðkomandi aðili ákvarði laun og starfskjör bankastjóra hefur áhrif til takmörkunar á áhrifavaldi stjórnar. Þetta fyrirkomulag skapar bankanum verulega rekstraráhættu. Slíkt launafyrirkomulag hefur einnig neikvæð áhrif á launastefnu fyrirtækisins.

*Signý Ásta Guðmundsdóttir læknanemi  
við störf í kandidatsnámi sínu á Landspítalanum.*

*Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.*



# Samfélagsleg ábyrgð og mannauður

---

**Samfélagsleg ábyrgð er hluti af** skynsömum og heilbrigðum fyrirtækjarekstri. Í þeim anda hyggst Landsbankinn byggja upp langvarandi samband við viðskiptavini, vera hreyfiafl í samfélaginu og tryggja um leið að rekstur og starfsemi hans sé í sátt við umhverfið. Á sama tíma stefnir Landsbankinn að því að tryggja arðsemi fyrir hluthafa, vöxt og stöðugleika til lengri tíma.

---

Landsbankinn birtir skýrslu um samfélagslega ábyrgð á vef sínum. Við gerð þeirrar skýrslu fylgir Landsbankinn viðmiðum Global Reporting Initiative, eða GRI, sem byggja á því að miðla upplýsingum um starfsemi fyrirtækja hvað varðar samfélagslegri ábyrgð á samræmdan hátt.

Samfélagsleg ábyrgð ..... 90  
Mannauður ..... 100

# Samfélagsleg ábyrgð

---

**Landsbankinn kynnti nýja** og heilsteypta stefnu um samfélagslega ábyrgð á árinu 2011. Bankinn leggur mikla áherslu á að samþætta efnahags-, samfélags- og umhverfismál við starfshætti bankans, tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og að stjórnendur og starfsmenn sýni samfélagslega ábyrgð í daglegum störfum.

---

Með þessi atriði að leiðarljósi hefur verið unnið markvisst að því að efla áhættustjórnun, skýra stjórnarhætti bankans og þekkingu og vitund starfsmanna á samfélagsmálum.

Í samfélagsstefnu bankans segir að Landsbankinn ætli að hafa forystu um að byggja upp velferð til framtíðar í íslensku samfélagi með því að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismál saman við starfshætti bankans.

Þetta gerir Landsbankinn með því að byggja upp trausta innviði og öfluga liðsheild, hlusta á viðskiptavini sína og virða og hvetja starfsmenn til virkrar þátttöku í samfélaginu. Landsbankinn á að vera traustur samstarfsaðili og álitlegur fjárfestingarkostur sem skilar eigendum ásættanlegri arðsemi og ávinningi til samfélagsins.

Stefnan skal vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en árið 2015.

Til að ná þessu markmiði hefur Landsbankinn greint og markað sér stefnu í fimm megin málaflokkum til að innleiða samfélagslega ábyrgð í bankanum.

**Málaflokkarnir eru:**

- » Viðskiptavinurinn
- » Mannauður
- » Samskipti við birgja og sala eigna
- » Samfélagsþátttaka
- » Umhverfismál

Við innleiðingu á stefnu einstakra málaflokka er tekið mið af grunnreglum samfélagslegrar ábyrgðar eins og þeim er lýst í leiðbeiningum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 26000).

Fjallað er um samfélagslega ábyrgð víða í ársskýrslunni, m.a. í kafla um mannauð og í kafla um innleiðingu stefnu bankans og framgangi helstu verkefna á árinu 2011.



Landsbankinn og Innovit standa saman að atvinnu- og nýsköpunarhelgum um allt land.

### Markmið fyrir 2012


Til að efla enn frekar innleiðingu á stefnu um samfélagslega ábyrgð Landsbankans voru settir á fót sex stýrihópar. Tilgangur þeirra er að greina samfélagsleg áhrif bankans, forgangsraða verkefnum innan hvers málaflokks og bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.

#### Stýrihóparnir eru:

- » Stýrihópur um viðskiptavininn
- » Stýrihópur um samfélagsþátttöku
- » Stýrihópur um samskipti við birgja

- » Stýrihópur um umhverfismál
- » Stýrihópur um samræmda skýrslugjöf (Global Reporting Initiative)
- » Stýrihópur um ábyrgar fjárfestingar (Principle of Responsible Investment)

Verkefni stýrihópanna verður að greina væntingar samfélagsins til bankans og með hvaða hætti bankinn getur uppfylla þær. Hóparnir skulu vinna að forgangsröðun verkefna og útfærslu þeirra með það að markmiði að stefnan verði innleidd árið 2015.





Steinþór Pálsson, bankastjóri, og Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, takast í hendur eftir að Landsbankinn undirritaði jafnréttissáttmála UN Women og Global Compact.

### **Síðasáttmáli**

Landsbankinn setti sér síðareglur í mars 2011 og eru þær í formi sáttmála sem allir starfsmenn bankans höfðu skrifað undir 1. júní. Starfsmenn skrifuðu undir og staðfestu sáttmálann að nýju í starfsmannasamtölum í ársbyrjun 2012. Sáttmálinn er hornsteinn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum.

### **Stjórnarhættir gerðir opinberir**

Í því skyni að auka gagnsæi voru stjórnarhættir bankans birtir á vef bankans á árinu. Landsbankinn stefnir að því að stjórnarhættir séu á hverjum tíma í samræmi

við bestu framkvæmd og á vegum bankaráðs starfar sérstök stjórnarháttanefnd. Bankinn fylgir jafnframt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins árið 2009. Fjallað er nánar um stjórnarhætti bankans í sérkafla í árskýrslunni.

### **Kynjahlutföll jöfnuð**

Kynjahlutföll í stjórnnum dótturfélaga voru jöfnuð á árinu í samræmi við markmið bankans, en árið áður hafði kynjahlutfall verið jafnað í framkvæmdastjórn þegar átta framkvæmdastjórar voru ráðnir eftir að störfín voru auglýst. Unnið

var að gerð nýrrar jafnréttisstefnu fyrir bankann á árinu sem samþykkt var og kynnt opinberlega í fyrsta ársfjórðungi ársins 2012. Landsbankinn undirritaði í september árið 2011 Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbindur Landsbankinn sig til að vinna að umbótum í jafnréttismálum innan fyrirtækisins og sýna þannig samfélagslega ábyrgð.

### **Samskipti við birgja og sala eigna**

Á árinu var kynnt ný stefna um samskipti við birgja með samfélagslegum áherslum. Stefnan byggir á þeirri meginhugsun að gæta sanngirmi, jafnræðis og meðal-

hófs í samskiptum við birgja og þjónustuaðila. Landsbankinn tekur tillit til umhverfis- og samfélagsstefnu í viðskiptum sínum við birgja og þjónustuaðila. Jafnframt styður bankinn þá í að auka og þróa umhverfisvitund í starfsemi sinni.

Landsbankinn kynnti einnig stefnu um sölu og ráðstöfun fullnustueigna bankans. Meginmarkmið stefnunnar er að bankinn fylgi góðum viðskiptaháttum og selji fullnustueignir eins fljótt og unnt er í opnu og gagnsæju söluferli. Bankinn fylgir skilgreindu söluferli til að tryggja hagsmuni viðskiptavina við sölu á fullnustueignum.





Landsbankinn hefur um árabíl staðið fyrir Friðriksmóttinu í skák í samvinnu við Skáksamband Íslands til heiðurs Friðriki Ólafssyni, fyrsta stórmeistara Íslendinga.

### Samgöngusamningur

Starfsfólki Landsbankans bauðst á árinu að gera samkomulag við bankann um vistvænar samgöngur og alls höfðu rúmlega 200 manns skrifað undir samgöngusamning í lok ársins. Með samningnum skuldbinda starfsmenn sig til að nýta sér vistvænar samgöngur en fá í stað þess endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar, m.a. við almenn-  
ingssamgöngur.

### Akstur

Landsbankinn kolefnis-  
jafnar akstur og millilanda-  
flug starfsmanna til og frá  
Íslandi á hverju ári. Lands-  
bankinn nýtti fjórtán dísil-

bíla og þrettán bensínbíla  
á árinu 2011. Heildarelds-  
neytisnotkun var 20.749 dm<sup>3</sup>  
af bensíni og 33.638 dm<sup>3</sup>  
af díselolíu. Miðað við að  
losun á CO<sub>2</sub> sé 2,32 kg/dm<sup>3</sup>  
bensín og 2,68 kg/dm<sup>3</sup> dísel  
var heildar losun 138.232 kg  
af CO<sub>2</sub>. Samkvæmt upplýs-  
ingum á vef Kolviðs er verð  
vegna kolefnisjöfnunar 2 kr/  
kg CO<sub>2</sub>. Kostnaður Lands-  
bankans við kolefnisjöfnun  
vegna aksturs á bílum bank-  
ans nam því 276.464 kr.

### Flug starfsmanna

Starfsmenn Landsbankans  
flugu samtals 227 ferðir til  
og frá Íslandi á árinu 2011.  
Samkvæmt reiknilíkani  
Kolviðs um kolefnislosun

var losun samtals um  
104.625 kg CO<sub>2</sub>. Miðað við  
að verð kolefnisjöfnunar sé  
2 kr./kg CO<sub>2</sub> þá er kostnaður  
Landsbankans við kolefnis-  
jöfnun flugs 209.250 krónur  
á árinu 2011.

### Miðstöð um samfélagsábyrgð

Landsbankinn er einn stofn-  
aðila Festu, miðstöðvar um  
samfélagsábyrgð fyrirtækja,

sem komið var á laggirnar  
árið 2011. Aðrir stofnaðilar  
eru Ríó Tinto Alcan, Lands-  
virkjun, Síminn, Össur og Ís-  
landsbanki. Markmið þekk-  
ingarsetursins er að auka  
þekkingu á samfélagslegri  
ábyrgð í rekstri fyrirtækja  
og efla getu þeirra til að inn-  
leiða hana í starfsemi sína.

### Samantekt

Kolefnisjöfnun vegna aksturs bíla Landsbankans	276.464 kr.
Kolefnisjöfnun vegna flugs starfsmanna til og frá Íslandi	209.250 kr.
<b>Samtals</b>	<b>485.714 kr.</b>



Við afhendingu samfélagsstyrkja Landsbankans.

## Viðskiptavinurinn

Einkunnarorð Landsbankans eru: *Við hlustum, lærum og þjónum*. Á grunni þeirra hefur starfsfólk átt beint samtal við yfir 30.000 viðskiptavini um þjónustu sína og birtir ábendingar þeirra og viðbrögð við þeim á vef bankans.

Starf umboðsmanns viðskiptavina var eftt til muna með ráðningu umboðsmanns fyrirtækja, en til umboðsmanna geta þeir viðskiptavinir leitað sem telja sig ekki hafa fengið sanngjarna úrlausn sinna mála.

**Ánægja viðskiptavina**  
Íslenska ánægjuvogin er samansett úr þremur spurningum

um ánægju viðskiptavina og væntingar þeirra til fyrirtækisins, þar sem sýnt hefur verið fram á tengsl ánægju og tryggðar viðskiptavina. Landsbankinn hefur frá árinu 2009 hækkað mest allra banka eða um 7,2 stig af 100 og er nú með einkunnina 57,3.

Mælingarnar eru framkvæmdar af Capacent Gallup.

## Viðskiptavinatengsl

Landsbankinn lætur framkvæma mælingar á þjónustu sinni og ímynd. Meðal annars svara viðskiptavinir af handahófi spurningum sem gefa vísbendingar um tilfinningaleg tengsl þeirra við sinn aðalviðskiptabanka.

Mælingarnar eru gerðar af Capacent Gallup fjórum sinnum á ári.

## Stuðningur við samfélagið

Það er hlutverk Landsbankans að styðja íslenskt samfélag með öflugum og fjölbreyttum hætti. Beinn og óbeinn fjárhagslegur stuðningur við samfélagið er liður í stefnu Landsbankans um samfélagslega ábyrgð. Alls nam beinn fjárhagslegur stuðningur bankans um 127 milljónum árið 2011. Við það bætist bein þátttaka starfsfólks með ráðgjöf og sjálfbodastarfi í fjölmörgum samstarfsverkefnum. Í stuðningi sínum við samfélagið leggur bankinn áherslu á eftirtalin meginvið:

- » Mannúðarmál
- » Menningu og listir
- » Menntun, rannsóknir og nýsköpun
- » Íþrótt- og æskulýðsmál
- » Umhverfismál

### Ánægja viðskiptavina

Heimild: Capacent

	2009	2010	2011
Íslandsbanki	54,5	57,5	59,7
Landsbankinn	50,1	56,8	57,3
Arion banki	49,6	54,4	52,9
<b>Meðaltal banka</b>	<b>55,5</b>	<b>58,3</b>	<b>56,4</b>

### Viðskiptavinatengsl

Heimild: Capacent

	2009	2010	2011
Landsbankinn	3,28	3,23	3,33
Stóru viðskiptabankarnir	3,30	3,23	3,29

## Samfélagssjóður Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2011 voru veittir námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir, samtals að upphæð 40,4 milljónir króna. Í dómnefndum var fagfólk utan bankans í meirihluta.

## Samfélagsstyrkir

Samfélagsstyrkjum Landsbankans er ætlað að styðja við samfélagsmál af ýmsum toga, t.d. verkefni mannúðarsamtaka og líknarfélaga, verkefni á sviði menntamála, rannsókna og vísinda, verkefni á sviði menningar og lista, forvarnar- og æskulýðsstarf og sértæka útgáfu- starfsemi. Heildarupphæð styrkja nam 15 milljónum króna árið 2011 og umsóknir voru yfir 500.

## Heildarstuðningur við samfélagsmál

2011

127.000.000 kr.

2010

100.000.000 kr.

## Námsstyrkir

Markmið námsstyrkja er að styðja við nám framúrskarandi námsmanna á mismunandi skólastigum. Námsstyrkir Landsbankans eru veittir árlega og eru mikilvægur þáttur í samfélagsstuðningi bankans. Heildarupphæð styrkja nam

5,4 milljónum króna árið 2011 og voru umsóknir yfir eitt þúsund talsins.

## Nýsköpunarstyrkir

Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að gefa frumkvöðlum tækifæri til að þróa viðskiptahugmyndir eða nýja vöru eða þjónustu. Nýsköpunarstyrkjum er jafnframt ætlað að styðja við frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu vegna nýsköpunar eða sækja námskeið sem sannanlega byggir upp færni sem nýtist við þróun viðskiptahugmynda. Heildarupphæð styrkja árið 2011 nam 15 milljónum króna og bærust 250 umsóknir um styrki.

## Umhverfisstyrkir

Umhverfisstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á sviði umhverfismála og náttúruverndar. Styrkir til umhverfismála byggja á stefnu bankans um samfélagslega

ábyrgð hans og skyldur. Veittir voru styrkir að upphæð 5 milljónum króna og bærust 130 umsóknir um styrki.

## Afreksstyrkir

Afreksstyrkir verða veittir í fyrsta sinn árið 2012 til að styðja við bakið á afreksfólki



Tónleikar á Menningarnótt í útibúinu við Austurstræti.

sem iðkar einstaklings- íþróttir og náð hefur langt í sinni grein. Einnig verða veittir styrkir til ungs og efnilegs íþróttafólks sem á framtíðina fyrir sér. Alls verða þrjár milljónir veittar í afreksstyrki.

## Sjálfboda starfsfólks

Landsbankinn leitast við að auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum, meðal annars með ráðgjöf og sjálfboda starfi á vinnutíma. Á síðasta ári aðstoðuðu starfsmenn meðal annars við jólaúthlutun Mæðrastreksnefndar í Reykjavík, í landssöfnuninni Á allra vörum til stuðnings Neistanum og jólalagasamkeppni Geðhjálpur undir yfirskriftinni Geðveik jól. Fleiri hundruð starfsmenn lögðu sitt af mörkum með frjálsu framlagi í jólasöfnun Landsbankans til styrktar Mæðrastreksnefnd, Rauða krossi Íslands og Hjálparstarfi kirkjunnar.

Landsbankinn hefur enn fremur boðið fram sérfræðipækkingu starfsmanna við ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum, nýsköpun og samfélagsábyrgð og flutt fyrirlestra bæði í fyrirtækjum og háskólum. Haldin hafa verið námskeið og fjármálakvöld um land allt. Þá hafa starfsmenn setið í dómnefndum, meðal annars í Gullegginu, frumkvöðlakeppni Innovit, sem Landsbankinn styrkir. Loks hafa starfsmenn tekið þátt í Atvinnu- og nýsköpunarhelgum sem haldnar hafa verið um land allt í samvinnu við Innovit. Þar hafa starfsmenn metið viðskiptaáætlanir og veitt ráðgjöf.

## Leggðu góðu málefni lið

Landsbankinn gerir bæði einstaklingum og fyrirtækjum kleift að gerast áskrifendur að góðu málefni í netbankanum og hægt er að velja á milli meira en 80 góðra málefna. Leggðu góðu málefni lið er gott dæmi um samfélagsverkefni sem

er nátengt meginstarfsemi Landsbankans. Þjónustan verður áfram mikilvægur liður í starfi bankans.

### Stuðningur við íþróttafélög

Samningar við íþróttafélög eru stór þáttur í samfélagsstuðningi bankans og mikilvægur liður í markaðsstarfi útibúa. Megináhersla hefur verið lögð á stuðning við barna- og unglíngastarf, en víða er afreksstarf styrkt samhliða.

### Samfélag í nýjan búning

Samfélag í nýjan búning er yfirskrift stefnu sem Landsbankinn hefur sett sér um stuðning bankans við íþróttafélög. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál. 25 íþróttafélög og jafn mörg góð málefni eru þátttakendur í verkefninu. Hugmyndafræði stefnunnar er nýstárleg. Landsbankinn afsalar sér öllum merkingum á búningum samstarfsfélaga en býður íþróttafélögunum að velja gott málefni til að setja á búninga sína. Landsbank-

inn heitir á hvern sigur og njóta bæði félag og málefni góðs af.

### Stór verkefni á árinu

Landsbankinn tók þátt í nokkrum stórum verkefnum á sviði mannúðarmála á árinu. Bankinn hefur um áráraðir verið aðalbakhjarl Sjónarhóls, ráðgjafarmiðstöðvar fyrir foreldra barna með sérþarfir. Landssöfnunin *Á allra vörum* naut stuðnings bankans, en að þessu sinni var safnað fyrir Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna. Loks styrkti bankinn landssöfnun á vegum Lionshreyfingar-

innar til stuðnings Blindrafélaginu og söfnun á vegum Lífs styrktarfélags til ágóða fyrir kvennadeild Landspítalans.

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi á Menningarnótt frá upphafi. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt. Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturlistapottur á vegum Höfuðborgarstofu og Landsbankans. Markmið hans er að veita



Starfsfólki Landsbankans býðst að gera samkomulag við bankann um vistvænar samgönguleiðir.

### Hæstu styrkir árið 2011: > 1.000.000

Samfélagsstyrkir – 35 styrkir	15.000.000 kr.
Nýsköpunarstyrkir – 27 styrkir	15.000.000 kr.
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	10.000.000 kr.
Knattspyrnusamband Íslands	8.000.000 kr.
Samfélag í nýjan búning – 15 málefni	7.500.000 kr.
Jólaaðstoð 2011	6.000.000 kr.
Námsstyrkir – 14 einstaklingar	5.400.000 kr.
Umhverfisstyrkir – 17 styrkir	5.000.000 kr.
Atvinnu- og nýsköpunarhelgar Innovits og Landsbankans	4.400.000 kr.
Á allra vörum – landssöfnun til styrktar Neistanum	3.000.000 kr.
Landssöfnun til stuðnings færeyskum björgunarsveitum	3.000.000 kr.
Bókamessan í Frankfurt	2.500.000 kr.
Menningarnætursjóður	2.500.000 kr.
Sjónarhóll	2.500.000 kr.
Leikfélag Akureyrar	2.200.000 kr.
Innovit – Gulleggið	1.850.000 kr.
Þekkingarsetur um samfélagslega ábyrgð	1.700.000 kr.
ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa tónlistarinnar	1.500.000 kr.
Fjölsmiðjan á Suðurnesjum	1.500.000 kr.
Ljósanótt – bæjarhátíð í Reykjanesbæ	1.250.000 kr.
Landssöfnun Lionshreyfingarinnar	1.000.000 kr.
Listahátíð í Reykjavík	1.000.000 kr.
SÍBS	1.000.000 kr.



Sigurður B. Stefánsson, sérfræðingur hjá Eignastýringu, skrifar greinar um efnahagsmál á umræðuvef bankans.

frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Veittir eru margir hóflegir styrkir þannig að sem flestir fái notið góðs af. Landsbankinn hefur enn fremur styrkt aðrar bæjarhátíðir um land allt.

Landsbankinn var einn af bakhjörllum heiðursþátttöku Íslands á Bókamessunni í Frankfurt og styrkti verkefnið bæði við kynningu innanlands og erlendis. Landsbankinn styrkti sérstaklega einstæða sýningu á íslenskum handritum sem opnuð var í Schirn listasafninu í Frankfurt í september 2011, en handritasýningin var hluti af stærri sýningu listakonunnar Gabríelu Friðriksdóttur. Á sýningunni var farin óvenjuleg leið með því að blanda saman hinu forna og hinu nýja. Landsbankinn var einnig bakhjarl sérstaks kynningarverkefnis um

Íslendingasögurnar í nútímanum hérlandis.

### Fjármálafræðsla og fjármálalæsi

Landsbankinn leggur áherslu á að efla fjármálalæsi, enda er það eitt meginhlutverk bankans að veita faglega ráðgjöf og góðar upplýsingar um fjármál bæði fyrir viðskiptavini og samfélagið. Með það að leiðarljósi er unnið markvisst að því að efla fjármálalæsi, með sérstökum verkefnum, á vef Landsbankans eða í útgáfu á vegum bankans.

### Raunveruleikurinn

Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermíleikur, sem fer fram á netinu og er ætlaður sem fjármála- og samfélagsfræðsla í lífsleiknitímum 9. og 10. bekkjar grunnskóla.

Með Raunveruleiknum fá nemendur innsýn í ákvarðanir sem venjulegur maður þarf að taka í lífi sínu og þá valkosti sem hann stendur frammi fyrir. Árið 2005 hlaut Raunveruleikurinn verðlaun Norrænu ráðherra-nefndarinnar sem besta námsefnið um neytendamál. Raunveruleikurinn er gott dæmi um samfélagsverkefni sem er nátengt meginstarfsemi Landsbankans. Raunveruleikurinn verður áfram hluti af fræðslustarfi Landsbankans.

### Tólf fjármálakvöld

Landsbankinn hélt tólf fjármálakvöld um allt land á árinu 2011. Á nokkrum þeirra var fjallað um réttindi lífeyrisþega í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins, en önnur voru helguð fræðslu um sparnað á ýmsum skeiðum ævinnar.

### Fræðsla í framhaldsskólum

Landsbankinn hefur boðið upp á fjármálafræðslu í framhaldsskólum landsins með það að markmiði að efla fjármálaskilning nemenda og gera þeim betur kleift að greina valkosti í fjármálum og gera áætlanir til framtíðar. Fræðslan stendur öllum framhaldsskólum landsins til boða og er unnin í samstarfi við fulltrúa þeirra. Ungt fólk í hlutastarfi hjá Landsbankanum, sem jafnframt er í háskólanámi, sinnir fræðslunni fyrir hönd bankans þannig að um er að ræða jafningjafræðslu. Landsbankinn hélt sautján slík námskeið á árinu 2011.

Landsbankinn gaf út bækling undir yfirskriftinni „Fjárráða“ sem miðar að því að efla fjármálalæsi. Bæklingurinn er sendur til forráðamanna viðskiptavina

sem eru að ná 18 ára aldri. Bæklingurinn er ætlaður ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref í átt að fjárhagslegu sjálfstæði.

### Hádegisfundir fyrir fyrirtæki

Haldnir voru fimmtán hádegisverðarfundir fyrir minni og meðalstór fyrirtæki um allt land með það að markmiði að efla tengsl og þjónustu og bjóða forsvarsmönnum þeirra að hlusta á fróðleg erindi sérfræðinga bankans og stjórnenda fyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann. Tæplega 2.000 stjórnendur fyrirtækja sóttu hádegisverðarfundina.

### Umræðan og Fjárhagur

Landsbankinn vill stuðla að og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu og fræðslu um efnahagslíf og fjármál fyrirtækja og einstaklinga. Undir lok síðasta árs var opnaður umræðuvefur um efnahagsmál, Umræðan. Þar eru birtar greinar eftir sérfræðinga utan sem innan bankans. Markmiðið er að efla almennt fjármálalæsi og að til verði lifandi vettvangur fyrir þá sem vilja fylgjast með faglegri umfjöllun um efnahagsmál.

Fjárhagur er vefsvæði á Umræðuvef Landsbankans sem tileinkað er fræðslu um fjármál. Hér miðla starfsmenn Landsbankans af þekkingu sinni og reynslu um málefni er snerta fjármál heimilisins og efnahagsmál. Hér má einnig finna ýmis

konar verkfæri sem geta hjálpað til við skipulag fjármála heimilisins.

### Við styðjum nýsköpun

Landsbankinn tók þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á sviði nýsköpunar. Bankinn hóf samstarf við Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur um atvinnu- og nýsköpunarhelgar, um land allt. Veturinn 2011–2012 voru haldnir nokkrir slíkir viðburðir. Að auki er Landsbankinn einn meginbak-hjarla Gulleggsins, frumkvöðlakeppni Innovit.

### Svanni, lánatryggingasjóður kvenna

Í samstarfi við Svanna, lánatryggingasjóð kvenna, hóf Landsbankinn að veita konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika þeirra til að stofna fyrirtæki. Sjóðurinn er í eigu velferðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Úthlutað var úr sjóðnum í lok árs 14,5 milljónum króna til fimm einstaklinga og verkefna.

### Þróunarsjóður fyrir ferðapjónustu

Landsbankinn og iðnaðarráðuneyti settu í nóvember 2011 á laggirnar þróunar-



Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi á Menningarnótt frá upphafi.

sjóð til þess að styðja við markaðsátakið Ísland allt árið sem er þriggja ára verkefni og ætlað að lengja ferðamannatímamann á Íslandi. Heildarframlag stofnenda sjóðsins er 70 milljónir króna og verður því ráðstafað á árinu 2012.

Annars vegar verður leitast við að styðja verkefni einstakra fyrirtækja sem haft geta áhrif til lengingar ferðamannatímabils á tilteknum svæðum og hins vegar samstarfsverkefni fyrirtækja sem sameiginlega þróa þjónustu sem lengir ferðamannatímabilið.

*Berglind Gunnarsdóttir æfir körfubolta með Snæfelli í Stykkishólmi, leikur með meistaraflokki og yngri flokkum. Hún er nemandi í Fjölbrotaskóla Snæfellinga.*

*Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.*



# Mannauður

---

**Landsbankinn er öflugt þekkingarfyrirtæki** með sérmenntað starfsfólk á öllum sviðum. Kappkostað er að skapa gott starfsumhverfi og bjóða upp á markvissa starfsþróun. Innleiðing nýrrar stefnu bankans setti sterkan svip á starfssvið Mannauðs á árinu 2011, en mikil áhersla var lögð á að efla starfsánægju, þjálfun og fræðslu starfsmanna.

---

Landsbankinn leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt og traust starfsfólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Allir sem hefja störf hjá bankanum fá góðar móttökur og fræðslu um starfsemi bankans, svo og markvissa starfsþjálfun. Lögð er áhersla á að laun og aðbúnaður séu samkeppnishæf og að hagsmunir starfsfólks og bankans fari saman.

Einstaklingar eru metnir á eigin forsendum og ákvarðanir um starfskjör taka mið af frammistöðu, starfi og ábyrgð. Lögð er áhersla á að hjá bankanum starfi hæft starfsfólk sem býr yfir faglegri þekkingu. Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta sé lykillinn að farsælum rekstri bankans.

## Fjölgun vegna samruna

Á árinu fjölgaði stöðugildum í Landsbankanum um 165. Miklar breytingar urðu á starfsmannahópnum við samruna bankans við Spkef annars vegar og Avant og SP-Fjármögnun hins vegar. Hjá þessum fyrirtækjum störfuðu um 200 manns sem bættust við samheldinn hóp starfsfólks í Landsbankanum. Sameiningin

við Spkef gekk afar vel þótt aðdragandi hennar hafi verið mjög stuttur. Starfsmenn unnu undir miklu álagi við að tryggja að samruninn gengi sem best fyrir sig. Sama gilti um sameiningu Avant og SP-Fjármögnunar við bankann.

Nýráðningar voru 125 á árinu og meðalaldur nýrra starfsmanna 34 ár. Starfsmannavelta var 9% á árinu.



## Kynjahlutfall og launamunur kynjanna í stjórnunarstöðum

■ KVK ■ KK

### Frankvæmdastjórar



### Forstöðumenn



### Deildarstjórar





### Útibússtjórar




Laun kvenna sem hlutfall af launum karla

## Kynjahlutfall í nýráðningum 2011



## Kynjahlutfall allra starfsmanna



### Fræðsla fyrir starfsmenn

Það er stefna Landsbankans að hjá honum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Í fræðslustarfi bankans er lögð áhersla á markvissa, fjölbreytta fræðslu og þjálfun sem tryggir nauðsynlega þekkingu og hæfni til að ná ár-

angri í starfi. Einnig bjóðast styrkir til að sækja nám eða fræðslu utan bankans.


Á árinu 2011 voru haldnir um 350 fræðsluatburðir af fjölbreyttum toga. Að meðaltali sótti hver starfsmaður fleiri en fjóra þeirra. Kennarar og fyrirlesarar eru ýmist starfsmenn eða utanaðkomandi sérfræðingar.

Landsbankinn hefur verið aðili að samstarfi íslenskra fjármálafyrirtækja og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) um vottun fjármálaráðgjafa frá vorinu 2010. Hópur ráðgjafa mun ljúka námi sem veitir vottun vorið 2012.

### Stjórnendabjálfun

Ný og markviss stjórnendabjálfun hófst formlega í byrjun árs 2012 og verður eitt af lykilverkefnum í fræðslustefnu bankans á árinu. Meginmarkmiðið er að styðja betur við stjórnendur, bæði með þjálfun og skýrari upplýsingagjöf til lengri og skemmri tíma.

## Vinnustaðgreining Landsbankans, febrúar 2012



### Hlustum, lærum og þjónum

Einkunnarorð nýrrar stefnu eru *hlustum, lærum og þjónum*. Með þeim er staðfestur sá skilningur að Landsbankinn er þjónustufyrirtæki og að meginmarkmið hans sé að þjóna viðskiptavinum.

Unnið hefur verið að innleiðingu einkunnarorðanna á ýmsa vegu, meðal annars með öflugu innra starfi. Sumarið 2011 var settur á fót hugmyndaveggur starfsmanna á innra neti þar sem starfsfólki gafst tækifæri til

að setja fram sínar hugmyndir um umbætur í bankanum. Verkefni sem þóttu endurspeglar nýja stefnu bankans best voru valin til framkvæmda veturinn 2011–2012.

### Áhersla á jafnréttismál

Landsbankinn vann markvisst að jafnréttismálum innan bankans á árinu. Jafnréttisnefnd er starfrækt innan bankans og hafði hún forystu um að semja nýja jafnréttisstefnu fyrir bankann á árinu. Stefnan

var samþykkt og kynnt opinberlega á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012. Kynjahlutfall í stjórnnum dótturfélaga var jafnað á árinu í samræmi við markmið bankans. Árið áður hafði kynjahlutfall verið jafnað í framkvæmdastjórn þegar átta framkvæmdastjórnar voru ráðnir eftir að störfín voru auglýst. Rúmlega 70% forstöðumanna eru karlar en konur eru fleiri meðal deildarstjóra, eða 63%.

Landsbankinn undirritaði í september árið 2011 Jafnréttissáttmála UN Women

og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbindur Landsbankinn sig til að vinna að bættum jafnréttismálum innan fyrirtækisins og sýna samfélagslega ábyrgð.

### Aukin starfsánægja

Landsbankinn framkvæmir árlega ítarlega vinnustaðgreiningu meðal starfsmanna og er nýjasta könnunin gerð í febrúar og mars 2012. Greiningin gefur mikilvæga sýn á viðhorf starfsmanna um starfsánægju



*Landsbankinn býr yfir hæfu og reynslumiklu starfsfólki.*

og stöðu bankans sem vinnustaðar. Niðurstöður nýjustu könnunar gefa sterklaga til kynna að starfsmenn telji bankann á réttri leið. Af þeim 27 spurningum sem eru eins og í síðustu könnun hækkar Landsbankinn á öllum mælingum. Starfsánægja og stolt starfsmanna hefur aukist jafnt og þétt síðustu þrjú ár og hækkar nú tölvert. Samhliða vinnustaðagreiningu er framkvæmt stjórnendamat og að meðaltali hækka stjórnendur

bankans frá síðustu mælingu. Sé frammistaða þeirra í könnuninni borin saman við gagnabanka Capacent á Íslandi kemur í ljós að stjórnendur Landsbankans eru meðal þeirra 30% sem standa sig best á Íslandi.

Í viðskiptaáætlun bankans er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem sett hafa verið um starfsánægju til ársins 2013. Ánægðir og stoltir starfsmenn eru lykillinn að árangri og öflug líðsheil er

ein af þeim fjórum meginstöðum sem stefna bankans hvílir á.

---

### **Öflugt starfsmannafélag**

---

Í Landsbankanum er rekið öflugt starfsmannafélag, FSLÍ (Félag starfsmanna í Landsbankanum á Íslandi), en verkefni þess er að koma fram fyrir hönd starfsmanna og gæta hagsmuna þeirra og samninga um hlunnindi

og réttindi. Félagið sinnir málefnum starfsmanna með mjög myndarlegum hætti og hefur mikilvægu hlutverki að gegna við mótun starfsanda í bankanum. Starfsmenn bankans leggja mikla áherslu á ábyrgt framlag til samfélagsmála og hafa starfað með sjálfbóðaliðasamtökum og safnað fé innan sinna raða til ýmissa góðgerðar- og velferðarmála.

*Elín Ylfa Viðarsdóttir er 12 ára nemandi í Álfhólsskóla,  
víólunemandi og sundkona í Breiðabliki.*

*Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2012.*




# Helstu atriði ársreiknings

**Árið 2011 var á margan hátt gott ár** fyrir Landsbankann og við náðum flestum markmiðum okkar. Meginverkefnið var endurskipulagning skulda viðskiptavina bankans og hefur mikið áunnist á því sviði. Þó er enn verk að vinna og staða margra er erfið. Það er keppikefli allra, hvort sem er innan bankans eða utan, að efnahagslífið vaxi og hagur heimila og fyrirtækja vænkist. Nýfallnir dómar hafa ekki verið nægjanlega skýrir og hafa því valdið óvissu um hvernig fara á með ólögmet lán og haga endurútreikningi þeirra. Við höfum kosið að sýna ítrustu varúð í mati okkar á áhrifum dóms Hæstaréttar um vexti frá í febrúar.

Lykiltölur	31.12.2011	31.12.2010
Hreinar vaxtatekjur	32.649	24.686
Hreinar rekstrartekjur	30.744	50.849
Hagnaður eftir skatta	16.957	27.231
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	8,8%	15,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta a.t.t. skilyrts skuldabréfs	23,1%	23,5%
Eiginfjárlutfall (CAD)	21,4%	19,5%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,9%	2,3%
Kostnaðarlutfall *	57,2%	61,1%
Heildareignir	1.135.482	1.081.133
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	144,1%	159,6%
Stöðugildi í árslok	1.311	1.146


\* Kostnaðarlutfall = (Laun + önnur rekstrargjöld + afskriftir) / (Hreinar vaxtatekjur + hreinar þjónustutekjur)

#### Arðsemi eigin fjár



Arðsemi eigin fjár á árinu 2011 var 8,8% samanborið við 15,9% árið 2010. Arðsemiskrafa eigenda bankans var 10,6% á árinu 2011. Ef tekið er tillit til gjaldfærslu vegna virðisaukningar á skilyrta skuldabréfinu nam arðsemi eigin fjár 23,1%.

#### Eiginfjárlutfall (CAD)




Eiginfjárlutfall (CAD) bankans segir til um styrk bankans til að mæta áhættu. Hlutfallið hefur hækkað um 1,9 prósentustig á árinu 2011 og er nú vel yfir 16% kröfu FME.

Efnahagsreikningur – eignir	31.12.2011	31.12.2010	Breyting 2011	%
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	8.823	47.777	-38.954	-82%
Kröfur á lánastofnanir	100.133	91.882	8.251	9%
Markaðsskuldabréf	221.848	161.559	60.289	37%
Hlutabréf	46.037	29.429	16.608	56%
Útlán til viðskiptavina	639.130	592.954	46.176	8%
Aðrar eignir	65.959	28.743	37.216	129%
Eignir til sölu	53.552	128.789	-75.237	-58%
<b>Samtals</b>	<b>1.135.482</b>	<b>1.081.133</b>	<b>54.349</b>	<b>5%</b>

## Heildareignir bankans jukust um 5% á árinu 2011.

### Eignir



\* Sjóður og innistæður í Seðlabanka

Bankinn styrkti erlenda lausafjáreign sína verulega á árinu 2011 og endurspeglast það í 60 milljarða króna aukningu á liðnum markaðsskuldabréf. Hlutabréf aukast um 16,6 milljarða, fyrst og

fremst vegna gangvirðisbreytinga. Útlán hækka um 46 milljarða króna, m.a. vegna samruna við Spkef og tilfærslu úr liðnum eignir til sölu í efnahagsreikningi.


Aðrar eignir aukast um 37 milljarða króna og skýrist það að stærstum hluta af kröfu á ríkissjóð vegna samruna við Spkef.

Eignir til sölu lækka um 75 milljarða króna, sem skýrist af sölu á eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. og Icelandic Group hf. á árinu 2011.


**Það er eitt af meginverkefnum bankans** að losa af efnahagsreikningi og selja frá sér eignir sem bankinn hefur eignast gegnum uppgjör og endurskipulagningu fyrirtækja. Á árinu 2011 seldi bankinn frá sér eina fyrirtækjasamstæðu

(Vestia) og fyrirtækið Icelandic Group og nam bókfært verð þeirra samtals 85 milljörðum króna. Þegar félögin eru seld til þriðja aðila teljast skuldir þeirra við bankann aftur til útlána. Aukning útlána vegna þessa var um 23 milljarðar króna.

#### Eignir til sölu



#### Skuldir tengdar eignum til sölu






Lausafjáreignir	Lausafjárvirði 31.12.2011	Lausafjárvirði 31.12.2010	Breyting 2011	%
Lausafé hjá seðlabönkum	8.823	47.777	-38.954	-82%
Lán til fjármálastofnana (styttra en 7 dagar)	85.940	69.709	16.231	23%
Skuldabréf hæf til endurhverfra viðskipta	145.362	119.196	26.166	22%
<b>Lausafjáreignir samtals</b>	<b>240.125</b>	<b>236.682</b>	<b>3.443</b>	<b>1%</b>

**Lausafjárstaða bankans er mjög sterk**, en lausafjáreignir námu rúmum 240 milljörðum króna í lok árs 2011. Greiðslugetuhlutfall innlána var 43,2% í árslok, en hlutfallið


mælir laust fé sem hlutfall af heildarinnlánum. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að hlutfallið sé að lágmarki 5%, en bankinn er með eigin markmið um að hlutfallið sé ekki lægra en 20%.

#### Þróun á lausafjáreignum árið 2011




Efnahagsreikningur – skuldir	31.12.2011	31.12.2010	Breyting 2010	%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	112.876	147.478	-34.602	-23%
Innlán frá viðskiptavinum	443.590	371.558	72.033	19%
Lántaka	277.076	261.313	15.763	6%
Skilyrt skuldabréf	60.826	26.510	34.316	129%
Aðrar skuldir	31.485	27.800	3.685	13%
Skuldir tengdar eignum til sölu	9.385	61.609	-52.224	-85%
Eigið fé	200.244	184.866	15.379	8%
<b>Samtals</b>	<b>1.135.482</b>	<b>1.081.133</b>	<b>54.349</b>	<b>5%</b>

#### Skuldir og eigið fé



\* Skuldir tengdar eignum til sölu

## Samsetning innlána




## Innlánaþróun – helstu breytingar

Innlán fjármálafyrirtækja lækkuðu á árinu um 35 milljarða króna og skýrist það af þátttöku þeirra í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands.

Innlán viðskiptavina jukust um 72 milljarða króna og má rekja það að stærstum hluta til samrunans við Spkef.

## Lántaka – áætlað greiðsluflæði af skuldabréfi til Landsbanka Íslands hf.



**Skuldabréfið til Landsbanka Íslands var 277 milljarðar króna í árslok 2011. Skuldabréfið hækkaði um tæpa 16 milljarða króna á árinu vegna veikingar íslensku krónunnar gagnvart þeim myntum sem skuldabréfið er skráð í.**

Þann 16. desember 2009 sömdu Landsbankinn og Landsbanki Íslands hf. (LBI) um uppgjör vegna mismunar á eignum og innlendum innistæðum sem færðar voru til Landsbankans. Gefið var út skuldabréf í erlendum myntum til 10 ára og er skuldabréfið afborgunarlaust fyrstu fimm

árin. Að auki fékk LBI 18,7% eignarhlut í bankanum.


Landsbankinn og LBI sömdu jafnframt um að ákveðinn hluti af lánasafni bankans yrði sérmerkt (e. ring-fenced) og virðisaukning af þeim lánum myndi skiptast 15%/85% milli Landsbankans og LBI.

Virðismatið mun fara fram í lok árs 2012 og í framhaldinu mun bankinn gefa út 5 ára skuldabréf til LBI að því gefnu að virðisaukning hafi orðið í lánasafninu.


Viðbótarskuldabréfið getur að hámarki orðið 92 milljarðar króna. Verði bréfið gefið út

að fullu mun LBI láta allan eignarhlut sinn af hendi til Bankasýslu ríkisins. Hlutfallslegt virði skuldabréfsins hefur áhrif á hversu stóran eignarhlut LBI lætur af hendi í lok árs 2012.

## Eigið fé



## Skilyrt skuldabréf



## Eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hefur aukist um 29 milljarða króna umfram fjármögnunarkostnað.


Skilyrta skuldabréfið til LBI stendur í 60,8 milljörðum króna. Ef lokavirði bréfsins yrði eins og staðan er nú myndi LBI afhenda Bankasýslu ríkisins u.þ.b. 11% hlut í bankanum

og Bankasýsla ríkisins færi því með tæplega 93% af hlutafé bankans. Ef miðað er við bókfært virði eigin fjár er virði hlutarins í dag um 186 milljarðar króna. Eignarhlutur

ríkisins hefur því hækkað um 63 milljarða króna frá stofnun bankans. Á sama tíma var fjármagnskostnaður ríkisins af eiginfjárframlaginu, sem bankanum var upphaflega lagt til,

um 35 milljarðar króna. Virði eignarhlutar ríkisins hefur því aukist um 29 milljarða króna umfram fjármögnunarkostnað.

## Afkoma 2011




Rekstrarafkoma og arðsemi á árinu 2011 í samanburði við árið 2010 litast af mögulegum áhrifum dóms Hæstaréttar um réttmæti þess að nota viðmiðunarvexti Seðla-

bankans aftur í tímenn við endurútreikning erlendra lána. Bankinn færir varúðarfærslu upp á 38 milljarða króna í rekstrarreikningi 2011 vegna dómsins.

Rekstrarreikningur	2011	2010	Breyting	%
Hreinar vaxtatekjur	32.649	24.685	7.964	32%
Virðisbreyting útlána	-23.587	641	-24.228	-3782%
<b>Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu útlána</b>	<b>9.062</b>	<b>25.326</b>	<b>-16.264</b>	<b>-64%</b>
Hreinar þjónustutekjur	4.423	3.582	841	23%
Gjaldeyrsgengismunur	-759	14.623	-15.382	-105%
Aðrar rekstrartekjur	18.018	7.318	10.699	146%
<b>Afkoma fyrir rekstrarkostnað</b>	<b>30.744</b>	<b>50.849</b>	<b>-20.106</b>	<b>-40%</b>
Laun og tengd gjöld	11.990	9.331	2.659	28%
Önnur rekstrargjöld	8.467	6.632	1.811	27%
Afskriftir rekstrarfjármuna	771	1.311	-539	-41%
Kostnaður tengdur yfirtöku eigna frá LBI	245	542	-297	-55%
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>21.450</b>	<b>17.816</b>	<b>3.633</b>	<b>20%</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, að frádrögnum skatti	1.418	291	1.126	386%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	583	680	-75	-11%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>10.105</b>	<b>32.644</b>	<b>-22.539</b>	<b>-69%</b>
Áætlaður tekju- og bankaskattur	-597	8.182	-8.779	-107%
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi</b>	<b>10.702</b>	<b>24.462</b>	<b>-13.760</b>	<b>-56%</b>
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádrögnum skatti	6.255	2.769	3.486	126%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>16.957</b>	<b>27.231</b>	<b>-10.274</b>	<b>-38%</b>

## Samanburður á afkomu 2010 og 2011



Þegar litið er á rekstrarreikninginn sést að undirliggjandi rekstur bankans stendur styrkum fótum. Hreinar vaxtatekjur á árinu 2011 námu 32,6 milljörðum króna samanborið við 24,7 milljarða króna á árinu 2010. Því til viðbótar hafa hreinar þjónustutekjur aukist um 23% á árinu og standa því undir stærri hluta rekstrarkostnaðar. Aðrir þættir sem falla undir óreglulega liði eru t.d. aðrar tekjur og hagnaður af aflagðri starfsemi. Samtals eru óreglulegir tekjuliðir um 24 milljarðar króna sem ekki er rétt að gera ráð fyrir til framtíðar, en á móti kemur einskíptis gjaldfærsla upp á 38 milljarða króna sem ætlað er að mæta mögulegum áhrifum af nýföllum dómi Hæstaréttar frá 14. febrúar 2012. Ljóst er þó að fleiri dómur þurfa að falla áður en endanleg niðurstaða fæst.

Rekstrarkostnaður hefur hækkað um 3,6 milljarða króna milli ára og skýrist það einna helst af viðbótarkostnaði sem leggst við rekstrarkostnað bankans í kjölfar sameiningar við Spkef og Avant. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna samrunanna er u.þ.b.

1,6 milljarðar króna. Aðrar hækkanir skýrast af beinum kostnaði vegna sameininganna auk áhrifa samningsbundinna hækkana vegna kjarasamninga, vegna fjölgunar starfsmanna við endurúrreikning lána og vegna starfslokagreiðslna.

Vaxtamunur af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% á árinu 2011 í samanburði við 2,3% á árinu 2010. Hækkunin skýrist m.a. af því að hlutfall eigna sem ekki bera vexti lækkar á árinu einkum vegna efnahagsliðarins Eignir til sölu. Virðisrýrnun eykst um 24 milljarða króna, m.a. vegna varúðarfærslna í tengslum við dóm Hæstaréttar. Virði hlutabréfasafns bankans sem að stærstum hluta er vistað í Horni, dótturfélagi bankans, hækkaði um tæpa 16 milljarða króna á árinu 2011. Með leiðréttingu lána úr erlendra mynt yfir í íslenskar krónur á árinu 2011 minnkaði ójafnvægi í gjaldþyrstingum og var gengismunur gjaldþyrstingum því óverulegur á árinu.

Ragnheiður Steindórsdóttir er ein af helstu leikkonum þjóðarinnar í áratugi, hún er mikill áhugamaður um garðrækt.

Mynd úr markaðsefni Landsbankans 2011.





VII. kafli

# Ársreikningur samstæðu 2011

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

---

**Efnisyfirlit**

---

Skýrsla og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra .....	122
Áritun óháðs endurskoðanda .....	123
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2011 .....	124
Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2011 .....	125
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2011 .....	126
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2011 .....	127
Skýringar við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 .....	129

---

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

## Skýrsla og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samstæðureikningur Landsbankans hf. fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning bankans og dótturfélaga (hér eftir „samstæðan“).

Landsbankinn var stofnaður af Fjármálaráðuneytinu þann 7. október 2008. Samstæðan býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum upp á alhliða vöruframboð og þjónustu á sviði fjármála. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 1.311 í lok árs 2011. Eigendur Landsbankans eru tveir. Landsskil ehf., sem er í eigu Landsbanka Íslands hf., fer með 18,7% hlut og Bankasýsla ríkisins fer með 81,3% hlut.

### Rekstur ársins 2011

Hagnaður samstæðunnar á árinu 2011 nam 16.957 milljónum króna. Bankaráð leggur til að ekki verði greiddur arður og að hagnaði ársins 2011 verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé. Samanlagt eigið fé samstæðunnar var 200.244 milljónir króna í lok árs, þar með talið hlutfé að upphæð 24.000 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, var 21,4% í árslok 2011.

Á árinu 2011 gekk samstæðan frá sölu á 100% eignarhlut í dótturfélaginu Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. (Vestia) og 100% eignarhlut í Icelandic Group hf.

Bankinn yfirtók starfsemi SpKef sparisjóðs þann 7. mars 2011 í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Starfsemi og rekstur SpKef hafa verið samþætt Landsbankanum að fullu. Fjárhæð greiðslu frá ríkissjóði vegna yfirtökunnar, í formi skuldabréfs útgefnu til bankans, er háð mati sérstakrar úrskurðarnefndar á virði yfirtækinnna fjáreigna og fjárskulda.

Samstæðan lauk yfirtöku á öllu hlutfé í Rose Invest hf. í mars 2011 og breytti í kjölfarið nafni félagsins í Landsbréf hf. Félagið mun annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu og fjárfestingaráðgjöf.

Í október var gengið var frá samruna bankans við tvö dótturfélög, SP-Fjármögnun hf. og Avant hf. Kjarnastarfsemi félaganna tveggja var fjármögnun bíla og tækja. Megintilgangur samrunans var að ná fram hagræðingu í rekstri og bjóða viðskiptavinum víðtækara vöruúrval og aukna þjónustu.

Árin 2010 og 2011 kvað Hæstiréttur upp dóma í málum um lögmati ákvæða lánasamninga um gengistryggingu. Samkvæmt lögum skulu slík lán bera lægstu óverðtryggðu vexti útlána í íslenskum krónum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands. Samstæðan gerði ráð fyrir áhrifum vegna þessara dóma í samstæðureikningi ársins fyrir árið 2010. Að auki voru 2.684 milljónir króna færðar til gjalda í rekstrarreikning samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi ársins 2011 vegna endurútreiknings lána sem dómurinn tók til.

Þann 15. febrúar 2012 úrskurðaði Hæstiréttur að lánveitanda væri óheimilt að nota viðmiðunarvexti Seðlabankans við ákveðnar aðstæður sem tilteknar voru í dóminum, m.a. þar sem lánveitandinn hafði gefið út fullnaðarkvittanir. Mál þetta tók ekki til samstæðunnar en kann að hafa þýðingu fyrir hana. Ekki liggur enn fyrir hvaða fordæmisgildi dómurinn hefur en bankinn hefur gert ráð fyrir mögulegum áhrifum dómsins í samstæðureikningi fyrir árið 2011, byggt á mati stjórnenda. Frekari dóma er þörf til að skýra fordæmisgildið og því gæti matið á fjárhagslegum áhrifum breyst í samræmi við niðurstöður þeirra.

### Horfur

Viðsnúningur varð í íslensku efnahagslífi á árinu 2011 eftir tveggja ára samdrátt og er áætlað að verg landsframleiðsla hafi vaxið um 3,1%. Horfur í efnahagslífinu út árið eru óvissar, að hluta vegna efnahagslegrar óvissu á helstu útflutningsmörkuðum og viðvarandi verðbólgu innanlands. Engu að síður benda hagvísar til þess að vöxtur muni halda áfram árið 2012.

Vegna ríkjandi gjaldeyrishafta hefur samstæðan takmarkað svigrúm til að verjast sveiflum í gengi íslensku krónunnar. Samstæðan hefur engu að síður gert ýmsar ráðstafanir til að draga úr gengisáhættu og gert er ráð fyrir að gengisáhætta verði í framtíðinni innan ásættanlegra marka.

Reginn hf. og Horn fjárfestingarfélag hf. eru dótturfélög bankans. Reginn fer með eignarhlut samstæðunnar í fasteignum sem fyrirsjáanlegt er að samstæðan muni eiga til lengri tíma. Horn á eignir í skráðum og óskráðum hlutabréfum félaga í ýmsum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að bæði félögin og/eða eignir þeirra verði boðnar til sölu á árinu 2012.

Grunnaðkoma Landsbankans er traust og fer batnandi. Með endurnýjuðum og skilvirkari ferlum er stefnt að því að auka hagkvæmni í rekstri bankans og bæta þjónustu. Eiginfjárstaða og lausafjárstaða samstæðunnar er sterk og er bankinn vel í stakk búinn til að takast á við það verkefni að verða hreyfiafl í íslenska hagkerfinu.

## Áhættustýring

Það er skoðun bankaráðs Landsbankans að öflug áhættustýring sé til þess fallin að auka verðmætasköpun. Innra eftirlit miðar að því að tryggja traustan rekstur og skynsamlega stýringu áhættu sem annars gæti komið í veg fyrir að samstæðan nái viðskiptalegum markmiðum sínum.

Árið 2011 hefur samstæðan áfram unnið að því að efla áhættustýringu með hliðsjón af bestu starfsháttum og hefur jafnframt markað sér skýran áhættuvilja, það er stefnu um hversu mikla áhættu samstæðan er tilbúin að taka. Samstæðan stefnir að því að efla áhættustjórnun og áhættumenningu enn frekar á þessu ári með því að auka vitund starfsmanna varðandi áhættur í starfsemi samstæðunnar. Nánar er fjallað um áhættustýringu samstæðunnar í skýringum 43-80.

Á árinu 2009 voru samþykkt lög um að launakjör bankastjóra Landsbankans skyldu ákvörðuð af kjararáði. Kjararáð ákvarðar laun og starfskjör háttsettra ríkisstarfsmanna og æðstu stjórnenda hlutafélaga sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Þetta fyrirkomulag hefur að mati bankaráðs leitt til þess að launakjör bankastjóra Landsbankans eru ekki samkeppnishæf á markaði og hefur einnig áhrif á sjálfstæði bankaráðs til að taka viðskiptalegar ákvarðanir.

## Yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Bankaráð og bankastjóri hafa í dag rætt samstæðureikning bankans hf. fyrir árið 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni. Bankaráð og bankastjóri leggja til við aðalfund bankans að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 16. mars 2012  
Bankaráð



Gunnar Helgi Hálfðanarson  
formaður bankaráðs



Þórdís Ingadóttir



Sigríður Hrólfsdóttir



Andri Geir Arinbjarnarson



Ólafur Helgi Ólafsson



Bankastjóri

Steinn Pálsson

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Landsbankans hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Landsbankans hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2012

KPMG ehf.



Helgi F. Arnarson



Sigríður Helga Sveinsdóttir

## Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2011

Skýringar	2011	2010	
<b>Eignir</b>			
8	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	8.823	47.777
7,9,38	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	221.848	161.559
7, 9	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	46.037	29.429
7, 10	Afleiðusamningar	159	23
11	Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	100.133	91.882
12, 38	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	639.130	592.954
13	Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð	11.678	3.340
14	Rekstrarfjármunir	6.437	5.016
15	Óefnislegar eignir	681	877
22	Skatteign	3.003	1.522
16	Aðrar eignir	44.001	17.965
		<b>1.081.930</b>	<b>952.344</b>
17	Eignir í sölumeðferð	53.552	128.789
	<b>Eignir samtals</b>	<b>1.135.482</b>	<b>1.081.133</b>
<b>Skuldir</b>			
18	Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	112.876	147.478
19	Innlán frá viðskiptavinum	443.590	371.558
10	Afleiðusamningar og skortstöður	7.916	7.119
22	Skattskuld	70	1.979
20,38	Veðtryggð skuldabréf	277.076	261.313
7,21,38	Skilyrt skuldabréf	60.826	26.510
23	Aðrar skuldir	23.499	18.701
		<b>925.853</b>	<b>834.658</b>
	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	9.385	61.609
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>935.238</b>	<b>896.267</b>
24	<b>Eigið fé</b>		
	Hlutfé	24.000	24.000
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	123.898	123.898
	Lögbundinn varasjóður	3.781	2.932
	Óráðstafað eigið fé	47.952	31.828
	<b>Eigið fé hluthafa bankans</b>	<b>199.631</b>	<b>182.658</b>
	Hlutdeild minnihluta	613	2.208
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>200.244</b>	<b>184.866</b>
	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.135.482</b>	<b>1.081.133</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.



## Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2011

Skýringar	2011	2010*
Vaxtatekjur	60.831	61.060
Vaxtagjöld	(28.182)	(36.374)
<b>25 Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>32.649</b>	<b>24.686</b>
26 Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum	58.489	49.702
4(h),26 Tap af gengistryggðum útlánunum og kröfum á viðskiptavinum	(40.726)	(18.157)
26,60 Virðisrýrnun útlána og krafna	(7.034)	(14.636)
7, 21 Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	(34.316)	(16.269)
<b>Hrein virðisbreyting</b>	<b>(23.587)</b>	<b>640</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur eftir hreina virðisbreytingu útlána og krafna</b>	<b>9.062</b>	<b>25.326</b>
Þjónustutekjur	7.437	6.292
Þjónustugjöld	(3.014)	(2.710)
<b>27 Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>4.423</b>	<b>3.582</b>
28, 30 Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	17.459	6.359
29, 30 Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	1.009	2.536
31 Hreinn gjaldeyrisgengis (tap) hagnaður	(759)	14.623
32 Aðrar tekjur og gjöld	(450)	(1.577)
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>17.259</b>	<b>21.941</b>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>30.744</b>	<b>50.849</b>
33 Laun og launatengd gjöld	11.990	9.331
34 Annar rekstrarkostnaður	8.467	6.632
14 Afskriftir	771	1.311
23 Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	583	680
35 Yfirtökukostnaður	245	542
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>22.056</b>	<b>18.496</b>
13 Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	1.417	291
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>10.105</b>	<b>32.644</b>
36 Tekjuskattur	1.411	(7.782)
Skattur á heildarskuldir fjármála fyrirtækja	(814)	(400)
<b>Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>10.702</b>	<b>24.462</b>
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádrögnum tekjuskatti	6.255	2.769
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>16.957</b>	<b>27.231</b>
<b>Hagnaður ársins tilheyrir:</b>		
<b>Hluthafar bankans</b>		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	10.702	24.462
Hagnaður af aflagðri starfsemi	6.271	2.766
<b>Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans</b>	<b>16.973</b>	<b>27.228</b>
<b>Hlutdeild minnihluta</b>		
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	(16)	3
<b>Hlutdeild minnihluta í (tap) hagnaði ársins</b>	<b>(16)</b>	<b>3</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>16.957</b>	<b>27.231</b>

\* Vissar samanburðarfjárhæðir hafa breyst til samræmis við nýja framsetningu í þessum samstæðuársreikningi (sjá skýringu 2).

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Eiginfjárfirlit samstæðunnar fyrir árið 2011

### Skýringar

		Hluthafar bankans						
		Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráð- stafað eigið fé	Alls	Hlutdeild minnihluta	Samtals alls	
<b>Breytingar á eigin fé á árinu 2011</b>		Hlutafé	Hlutafjár					
	Eigið fé 1. janúar 2011	24.000	123.898	2.932	31.828	182.658	2.208	184.866
	Hagnaður ársins				16.973	16.973	(16)	16.957
	Lagt í lögbundinn varasjóð			849	(849)	0		0
	Aukin hlutdeild minnihluta vegna kaupa á dótturfélagi					0	130	130
	Minni hlutdeild minnihluta vegna sölu á dótturfélagi					0	(1.709)	(1.709)
24	<b>Eigið fé 31. desember 2011</b>	<b>24.000</b>	<b>123.898</b>	<b>3.781</b>	<b>47.952</b>	<b>199.631</b>	<b>613</b>	<b>200.244</b>
<b>Breytingar á eigin fé á árinu 2010</b>								
	Eigið fé 1. janúar 2010	24.000	123.898	741	6.791	155.430	2.162	157.592
	Hagnaður ársins				27.228	27.228	3	27.231
	Lagt í lögbundinn varasjóð			2.191	(2.191)	0		0
	Aukin hlutdeild minnihluta vegna kaupa á dótturfélagi					0	43	43
24	<b>Eigið fé 31. desember 2010</b>	<b>24.000</b>	<b>123.898</b>	<b>2.932</b>	<b>31.828</b>	<b>182.658</b>	<b>2.208</b>	<b>184.866</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Sjóðstreymisfirlit samstæðunnar fyrir árið 2011

Skýringar	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður ársins	16.957	27.231
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	(32.349)	(39.310)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(50.887)	(11.319)
Innheimtar vaxtatekjur	58.630	98.601
Greidd vaxtagjöld	(24.650)	(43.398)
30 Fenginn arður	598	583
Greiddur tekjuskattur	(1.254)	(470)
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>	<b>(32.955)</b>	<b>31.918</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
5 Handbært fé yfirtekið með samruna	1.969	-
Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélagum	(6.773)	-
14 Keyptir rekstrarfjármunir	(377)	(91)
14 Seldir rekstrarfjármunir	12	79
15 Eignfærðar óefnislegar eignir	(76)	(104)
<b>Handbært fé til fjárfestingahreyfinga</b>	<b>(5.245)</b>	<b>(116)</b>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(38.200)	31.802
Handbært fé í upphafi árs	52.654	21.166
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(829)	(314)
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>13.625</b>	<b>52.654</b>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi</b>		
5 Yfirteknar eignir og skuldir frá SpKef sparisjóði	(30.480)	-
5 Hlutdeild minnihluta	(116)	-
5 Áætluð fjárhæð skuldabréfs útgefna af ríkissjóði Íslands vegna yfirtöku á SpKef sparisjóði	30.596	-
5 Yfirteknar eignir og skuldir frá Avant hf.	9.722	-
5 Gangvirði útistandandi kröfu bankans á Avant hf.	(9.722)	-

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Sjóðstreymisfirlit samstæðunnar fyrir árið 2011

Skýringar	2011	2010
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi</b>		
25 Hreinar vaxtatekjur	(32.649)	(24.686)
26 Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum	(58.489)	(49.702)
4(h),26 Tap af gengistryggðum útlánnum og kröfum á viðskiptavinum	40.726	18.157
26,60 Virðisrýmun útlána og krafna	7.034	14.636
7, 21 Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	34.316	16.269
28 Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(17.459)	(6.359)
29 Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(1.009)	(2.536)
31 Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	1.588	(14.309)
32 Tap af sölu rekstrarfjármuna	61	18
32 Tap af sölu fullnustueigna	1.030	-
14 Afskriftir	771	1.311
13 Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	(1.417)	(291)
36 Tekjuskattur	(1.411)	7.782
36 Skattur á heildarskuldur fjármálfyrirtækja	814	400
Hagnaður af aflagðri starfsemi fyrir tekjuskatt	(6.255)	-
	<b>(32.349)</b>	<b>(39.310)</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		
Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(452)	3.400
Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	(44.088)	(5.455)
Breytingar á útlánnum og kröfum á fjármálfyrirtæki	(12.633)	(4.514)
Breytingar á útlánnum og kröfum á viðskiptavinum	18.812	23.117
Breytingar á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum	21.839	-
Breytingar á öðrum eignum	2.739	182
Breytingar á eignum í sölumeðferð	(16.831)	(9.612)
Breytingar á skuldum við fjármálfyrirtæki og Seðlabanka	(55.082)	51.560
Breytingar á innlánnum frá viðskiptavinum	18.095	(80.955)
Breytingar á skattskuldum	3.637	(3.667)
Breytingar á fullnustueignum	1.144	2.152
Breytingar á öðrum skuldum	(1.275)	3.068
Breytingar á skuldum vegna eigna í sölumeðferð	13.208	9.405
	<b>(50.887)</b>	<b>(11.319)</b>
<b>Handbært fé sundurliðað:</b>		
8 Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	6.404	45.810
11 Innstæður hjá fjármálfyrirtækjum	7.221	6.844
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>13.625</b>	<b>52.654</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Efnisyfirlit

Almennt	Blaðsíða
1	Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til
2	Grundvöllur reikningsskilanna
3	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir
4	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir
5	Sameining félaga
6	Starfsþættir

### Skýringar við efnahagsreikning

7	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda
8	Sjóður og innstæður í Seðlabanka
9	Skuldabréf og hlutabréf
10	Afleiðusamningar og skortstöður
11	Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki
12	Útlán og kröfur á viðskiptavini
13	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum
14	Rekstrarfjármunir
15	Ófnislegar eignir
16	Aðrar eignir
17	Eignir í sölumæðferð
18	Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka
19	Innlán frá viðskiptavinum
20	Veðtryggð skuldabréf
21	Skilyrt skuldabréf
22	Skatteign og skattskuld
23	Aðrar skuldir
24	Eigið fé

### Skýringar við rekstrarreikning

25	Hreinar vaxtatekjur
26	Hrein virðisbreyting útlána og krafna
27	Hreinar þjónustutekjur
28	Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði
29	Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum
30	Arðstekjur
31	Hreinn gjaldeyrisgengis (tap) hagnaður
32	Aðrar tekjur og gjöld
33	Laun og launatengd gjöld
34	Annar rekstrarkostnaður
35	Yfirtökukostnaður
36	Tekjuskattur

### Aðrar skýringar

37	Málaferli
38	Veðsettar eignir
39	Leigusamningar
40	Fjárvarsla
41	Viðskipti við tengda aðila
42	Atburðir eftir reikningsskiladag

Áhættustýring eiginfjár	Blaðsíða
43	Áhættustýring eiginfjár
44	Eiginfjárgrunnur og eiginfjárhlutfall

### Áhættustýring

45	Mikilvægar fjárhagslegar áhættur
46	Áhættustýringarferli
47	Áhættustýringarrammi
48	Áhættustýringarsvið
49	Útlánaáhætta
50	Stýring útlánaáhættu
51	Varnir vegna útlánaáhættu
52	Mæling útlánaáhættu
53	Virðisrýrnun útlána
54	Hámarks útlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum
55	Útlán og aðrar kröfur eftir atvinnugreinum
56	Útlánagæði fjáreigna
57	Útlán og aðrar fyrirgreiðslur þar sem ekki er um vanskil eða virðisrýrnun að ræða
58	Útlán og kröfur í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð
59	Útlán og kröfur á viðskiptavini og fjármálafyrirtæki með sérstaka virðisrýrnun
60	Virðisrýrnun útlána og krafna á fjármálafyrirtæki og viðskiptavini
61	Útlán sem hefur verið endursamið um
62	Stórar áhættuskuldbindingar
63	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum
64	Afleiðusamningar
65	Lausafjárahætta
66	Stýring lausafjárahættu
67	Kvikleiki innlána
68	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda
69	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum
70	Markaðsáhætta
71	Stýring markaðsáhættu
72	Vaxtaáhætta
73	Næmnigreining eigna í veltubók
74	Næmnigreining eigna utan veltubókar
75	Verðtryggingaráhætta (öll söfn)
76	Gjaldeyrisáhætta (öll söfn)
77	Sambjöppun gjaldeyrisáhættu
78	Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu
79	Gengi erlendra gjaldmiðla
80	Rekstraráhætta

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

Fjármálaráðuneytið stofnaði Landsbankann hf. (áður NBI hf. og hér eftir vísað til sem „bankinn“ eða „Landsbankinn“) 7. október 2008 fyrir hönd ríkissjóðs. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Rekstrarleyfi bankans er samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Skráð aðsetur bankans er í Austurstræti 11, 155 Reykjavík. Samstæðuársreikningur bankans fyrir árið 2011 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi bankans er á sviði fyrirtækja-, viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi, eignastýringar og fjármögnunarleigu. Bankinn starfar eingöngu á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar var samþykktur af bankaráði þann 16. mars 2012.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2011 hefur verið gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku, samþykktur af bankaráði og áritaður af endurskoðendum félagsins þann 16. mars 2012. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu, þá gildir enska útgáfan.

#### Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa metið hvort bankinn hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningurinn gerður miðað við þá forsendu að bankinn sé rekstrarhæfur.

#### Matsgrundvöllur

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði að undanskildum:

- Fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem metnar eru á gangvirði,
- Fastafjármunum til sölu og eignahlutum í félögum í sölumæðferð, sem metnir eru á því sem lægra reynist af bókfærðu verði eða gangvirði að frádrögnum sölukostnaði.

#### Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Liðir í reikningsskilum hvers og eins félags innan samstæðunnar eru færðir í gjaldmiðli þess efnahagsumhverfis sem viðkomandi félag starfar í (starfrækslugjaldmiðli þess). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum (ISK), sem er einnig starfrækslugjaldmiðill bankans, námundaðar að næstu milljón nema annað komi fram.

#### Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

Í skýringu 4 er fjallað um mat og gefnar forsendur sem fela í sér talsverða áhættu sem gæti leitt til verulegra breytinga á bókfærðu virði eigna og skulda á næsta fjárhagsári.

#### Breytingar á framsetningu og flokkun

Samstæðan breytti á árinu 2011 framsetningu á framlagi sínu í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Framlagið kemur nú fram undir sérstökum lið í rekstrarreikningnum, en var áður meðal „Annars rekstrarkostnaðar“ í rekstrarreikningnum. Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2010 í rekstrarreikningnum hefur verið breytt í samræmi við nýju framsetninguna sem hér segir:

- Nýr liður bætist við, „Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta“, að fjárhæð ISK 680 milljónir;
- „Annar rekstrarkostnaður“ lækkar samsvarandi um ISK 680 milljónir.

#### Aðrar breytingar á reikningsskilum

Nýju staðlarnir og breytingar á stöðlum sem tóku gildi fyrir samstæðuna frá og með 1. janúar 2011 höfðu engin áhrif á ársreikning samstæðunnar, að undanskildum breytingum á IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar („Financial Instruments: Disclosures“), í kjölfar útgáfu Endurbóta á IFRSs („Improvements to IFRSs“) (maí 2010).

Samstæðan innleiddi með heimild áður en það var skylduboðið allan endurskoðaðan reikningsskilastaðal IAS 24 Upplýsingar um tengda aðila („Related Party Disclosures“)(endurskoðaður 2009) í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2010.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram í samstæðuársreikningnum, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðunum hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem fram koma í reikningnum. Eins og fram kemur í skýringu 2 var gerð breyting á framsetningu og flokkun ákveðinna liða í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi fyrir árið 2011. Samstæðan þurfti ekki að skrá tekjur eða gjöld sem aðra heildarafkomu á árunum 2011 og 2010.

Hér á eftir er gerð grein fyrir mikilvægustu reikningsskilaaðferðum sem beitt var við gerð þessa ársreiknings.

#### Leiðrétting á villum frá fyrra ári

Á árinu 2011 kom í ljós að verðbólguforsendur, sem notaðar voru af samstæðunni við að meta framtíðarsjóðstreymi lána og krafna á viðskiptavini í skýringunni „Eftirstöðvagreiðing fjáreigna og fjárskulda“, voru ekki réttar. Forsendurnar sem leiðrétta þurfti tengjast aðeins eftirstöðvagreiðingu fyrir samanburðarfjárhæðir frá fyrrri reikningsskilatímabilum á árinu 2010. Röngu forsendurnar höfðu engin áhrif á fjárhæðir í rekstrar- eða efnahagsreikningi samstæðunnar. Samstæðan notar réttar verðbólguforsendur í eftirstöðvagreiðingunni 31. desember 2011 og hefur einnig leiðrétt samanburðarfjárhæðir fyrir lán og kröfur á viðskiptavini í eftirstöðvagreiðingunni 31. desember 2010. Leiðréttingin vegna villu frá fyrra ári hefur leitt til lækkunar á hreinni lausafjástöðu þann 31. desember 2010, sem greint er frá í skýringum 68 og 69 í ársreikningi bankans vegna ársloka 2010, úr ISK 553.662 milljónir í ISK 293.344 milljónir.

#### Dótturfélög og hlutdeild minnihluta

##### (a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þeirra í þeim tilgangi að öðlast ávinning af starfsemi þeirra. Almenn fylgir slíku eignarhald á hlutum með meira en helmingi atkvæðaréttar. Við mat á því hvort bankinn hafi yfirráð yfir félagi er tekið tillit til áhrifa mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur eða hægt er að breyta í virkan rétt. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferðinni er beitt við sameiningu fyrirtækja í samstæðunni. Endurgjald við kaup á dótturfélagi felur í sér gangvirði yfirfærðra eigna, skulda sem stofnað er til og eigin fé útgefna af samstæðunni. Endurgjaldið innifelur gangvirði sérhverrar eignar eða skuldar sem eru tilkomnar vegna skilyrtra greiðslna. Kostnaður tengdur kaupum, annar en sá sem tilheyrir útgáfu skulda- og hlutabréfa, er gjaldfærður þegar hann fellur til. Aðgreinanlegar keyptar eignir og yfirteknar skuldir við sameiningu fyrirtækja eru upphaflega metnar á gangvirði á yfirtökudegi. Skilyrtar skuldbindingar hins yfirtekna félags eru aðeins skráðar við sameiningu fyrirtækja ef slík skuldbinding er þegar til staðar og er til komin vegna liðsins atburðar, og hægt er að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti. Nánari upplýsingar eru veittar í þessari skýringu um hvernig samstæðan færir viðskiptavild sem til verður við sameiningu fyrirtækja.

Viðskipti á milli félaga innan samstæðunnar, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum þeirra á milli eru felld út í ársreikningi samstæðunnar. Óinnleyst tap er einnig felld út nema að með viðskiptunum sé sýnt fram á virðisrýrnun yfirfærðrar eignar. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt eftir því sem við á til að tryggja samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

##### (b) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti hagnaðar eða taps og eiginfjár sem bankinn á ekki beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi samstæðunnar og er talin með eigin fé í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans. Samstæðan ákveður í hverjum kaupum fyrir sig hvort meta eigi eignarhlut minnihlutaeigenda í keyptu félagi á gangvirði eða miðað við hlutdeild þeirra í hreinum eignum keypta félagsins. Breytingar á eignarhlut bankans í dótturfélagi sem leiða ekki til þess að yfirráð tapist eru færðar sem eiginfjárhreyfingar. Þegar um þess háttar breytingar er að ræða er hlutdeild meirihluta- og minnihlutaeigenda í dótturfélaginu breytt til samræmis við fyrrgreindar breytingar. Þegar stöðu eignarhluta án yfirráða er breytt er mismuninum á stöðunni og gangvirði endurgjaldsins sem greitt er eða móttakið fært beint undir þann hluta eigin fjáris sem fellur undir eigendur bankans.

#### Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20 til 50% atkvæðisréttar annars félags. Í reikningsskilum vegna fjárfestinga í hlutdeildarfélögum er annað hvort beitt hlutdeildaraðferð eða fjárfestingin er færð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eins og lýst er frekar í þessari skýringu. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru færð með hlutdeildaraðferð koma fram í efnahagsreikningnum í línunni „Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð“. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem færðar eru sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning kom fram í efnahagsreikningnum í línunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Hlutdeildarfélag (framhald)

##### *Hlutdeildarfélag með hlutdeildaraðferð*

Hlutdeildaraðferð er beitt vegna fjárfestinga í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð frá og með þeim degi sem verulegum áhrifum er náð og eru fjárfestingarnar færðar á kostnaðarverði í upphafi. Viðskiptavild í tengslum við fjárfestingu í hlutdeildarfélagi er innifalin í bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Niðurfærsla viðskiptavildar er ekki heimil. Ef hlutdeild samstæðunnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda hlutdeildarfélags er umfram kostnaðinn við fjárfestinguna, er það sem umfram er, fært sem tekjur við ákvörðun á hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins á því tímabili sem fjárfestingin á sér stað.

Þar sem viðskiptavild er ekki aðgreind frá bókfærðu verði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi, er virðisrýrnun hennar ekki prófuð sérstaklega samkvæmt kröfum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 36, Virðisrýrnun eigna (e. „Impairment of Assets“). Í staðinn er bókfært virði fjárfestingarinnar í heild sinni prófað fyrir virðisrýrnun samkvæmt IAS 36 með því að bera saman endurheimtanlegt virði fjárfestingarinnar og bókfært virði hennar, í hvert skipti sem kröfur alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 39, Fjármálagerningar: Skráning og mat (e. „Financial Instruments: Recognition and Measurement“), gefa til kynna mögulega virðisrýrnun á fjárfestingunni.

Eftir kaupin í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi færð í rekstrarreikning og hlutdeild hennar í hreyfingum varasjóða þeirra er færð í varasjóðum samstæðunnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu virði fjárfestingarinnar. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags jöfn eða hærri en bókfært verð þess, að meðtöldum öllum öðrum ótryggðum kröfum, færir samstæðan ekki frekara tap, nema að hún hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd þess.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum á milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar eru felldur út, að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagunum. Óinnleyst tap er jafnframt fellt út nema að viðskiptin gefi vísbendingu um virðisrýrnun eignarinnar sem var yfirfærð. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarfélaga hefur verið breytt þar sem þarf til að tryggja samræmi í reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

##### *Hlutdeildarfélag metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Samstæðan tilgreinir við upphaflega skráningu vissar fjárfestingar í hlutdeildarfélagum, sem eru í eigu félaga innan samstæðunnar sem sérhæfa sig í áhættufjárfestingum, á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IAS 39 "Fjármálagerningar, Skráning og mat" (e. „Financial Instruments: Recognition and Measurement“). Samstæðan metur slíkar fjárfestingar á gangvirði og skráir breytingar á gangvirði í rekstrarreikning í línunni „Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði“.

#### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðeigandi félags innan samstæðunnar á stundargengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á uppgjörstegi eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði, eftir því sem við á, í viðkomandi erlendum gjaldmiðli og umreiknuð í starfrækslugjaldmiðlinum á stundargengi þess dags. Gjaldmiðlagengishagnaður eða -tap af peningalegum liðum er munurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum við upphaf tímabilsins, leiðrétt fyrir vöxtum og greiðslum á tímabilinu, og afskrifaða kostnaðarverðinu í erlenda gjaldmiðlinum umreiknuðu á stundargengi í lok tímabilsins. Ópeningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem metnar eru á gangvirði eru fyrst metnar á gangvirði í viðeigandi gjaldmiðli, sem er síðan umreiknað í starfrækslugjaldmiðlinum á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað. Allur gjaldeyrisgengismunur sem verður til vegna umreiknings í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikninginn.

#### Fjáreignir og fjárskuldir

##### (a) Skráning

Samstæðan skráir upphaflega í fjárhagsbókhalda sitt útlán og kröfur, innlán og útgefin skuldabréf á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði að teknu tilliti til, þegar um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem er ekki metin síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til kaupa fjáreignarinnar eða útgáfu fjárskuldarinnar.

##### (b) Flokkun

Samstæðan flokkar allar fjáreignir ýmist sem útlán og kröfur eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samstæðan flokkar allar fjárskuldir ýmist á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreign eða fjárskuld er flokkuð sem veltufjáreign eða veltufjárskuld ef hún er keypt eða til orðin aðallega í þeim tilgangi að selja eða kaupa hana aftur innan skamms tíma eða ef hún er hluti af safni skilgreindra fjármálagerninga sem er stýrt sameiginlega og fyrir liggja merki um nýlegt mynstur um skammtíma hagnaðartöku. Veltufjáreignir samanstanda af skulda-, eiginfjár- og afleiðugerningum. Veltufjárskuldir eru afleiðuskuldir



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

##### (b) Flokkun (framhald)

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald þegar fjáreignirnar eru hluti af safni fjármálagerninga sem lýtur áhættustjórnun og upplýsingagjöf til yfirstjórnenda á grundvelli gangvirðis.

Útlán og kröfur eru fjáreignir með fastar eða útreiknanlegar greiðslur sem ekki er átt viðskipti með á virkum markaði og eiga upptök sín innan samstæðunnar eða samstæðan eignast án þess að hafa í hyggju að eiga viðskipti með þær.

##### (c) Afskráning

Samstæðan afskráir fjáreign þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar samstæðan flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða samstæðan heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Samstæðan á í viðskiptum þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikning hennar, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi eignanna sem fluttar eru, eða hluta þeirra. Í þeim tilvikum þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir þá er yfirfærð eign ekki afskráð. Til yfirfærsluigna, þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða renna út.

##### (d) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera annað hvort upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldina upp samtímis.

Tekjur og gjöld eru aðeins settar fram á nettógrunni þegar reikningsskilareglur leyfa slíkt, eða þegar hagnaður og tap er til kominn af flokki áþekkra viðskipta svo sem viðskipta með veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

##### (e) Mat afskrifaðs kostnaðarverðs

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er sú upphæð fjáreignar eða fjárskuldar sem hún var metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum endurgreiðslum af höfuðstól, að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afskriftum þar sem beitt er virkum vöxtum á mismun upphaflegu upphæðarinnar sem skráð var og innlausnarupphæðarinnar, að frádreginni virðisrýrnun.

##### (f) Mat gangvirðis

Gangvirði er sú upphæð sem hægt væri að skipta á fyrir eign eða gera upp skuld á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta á þeim degi sem virðið er ákvarðað.

Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings með tilboðsverði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef það er til staðar. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og teljast vera raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óskyldra aðila. Þar sem það er tiltækt, er það lokaverð viðkomandi markaðar sem ákvarðar gangvirði veltufjáreignar og eignar sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í gegnum rekstrarreikning, en það verður yfirleitt síðasta viðskiptaverð.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Verðmatsaðferðir styðjast við nýleg viðskipti á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta, ef slíkt er tiltækt, vísan í gildandi gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins, núvirðisgreiningu sjóðstreymis og verðmyndunarlíkón valréttarsamninga. Sú verðmatsaðferð sem valin er styðst eins mikið og hægt er við gögn af markaði, styðst eins lítið og hægt er við sérstakt mat samstæðunnar, tekur inn í myndina alla þætti sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og er í samræmi við viðtekna hagræna aðferðafræði sem beitt er við verðlagningu fjármálagerninga. Inntök verðmatsaðferða endurspeglar markaðsvæntingar með sanngjörnum hætti og meta áhættu- og arðsemisþætti þá sem felast í fjármálagerningnum. Bankinn er með verðmatsnefnd sem metur gangvirði með því að beita líkönum og taka mið af greinanlegum markaðsupplýsingum og beita faglegri dómgreind. Samstæðan stillir af og prófar verðmatsaðferðir með því að nota verð af greinanlegum gildandi markaðsviðskiptum með sama gerning eða byggir á öðrum tiltækum og greinanlegum markaðsgögnum.

Ef viðskiptaverðið er ekki það sama og gangvirði annarra greinanlegra gildandi markaðsviðskipta með sama gerning eða ef það er byggt á verðmatsaðferð þar sem aðeins er stuðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, skráir samstæðan tafarlaust mismuninn á milli viðskiptaverðs og gangvirðis (fyrsta dags hagnaður eða tap). Í tilvikum þar sem gangvirði er ákveðið með gögnum sem ekki eru greinanleg, er mismunur viðskiptaverðs og verðs líkansins skráð í rekstrarreikning eftir aðstæðum við hver viðskipti en eigi síðar en þegar gögnin sem stuðst er við verða greinanleg eða þegar gerningurinn er afskráður.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

##### (g) Virðisrýrnun fjáreigna

###### Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver hlutlæg merki séu um að virði láns eða lánasafns hafi rýrnað. Virði láns eða lánasafns er talið hafa rýrnað og virðisrýrnun til orðin aðeins þegar fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar og slíkur eða slíkir atburðir hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti fyrir lánið eða lánasafnið. Til hlutlægra merkja um rýrnun teljast greinanleg gögn um eftirfarandi tapseburði:

- verulegir fjárhagserfiðleikar lántakans,
- brot á samningi, eins og vanefnd afborgunar eða greiðslu vaxta eða höfuðstóls,
- samstæðan veitir lántakanum, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum sem varða fjárhagsvanda lántakandans, ívilnun með endurfjármögnun sem lánveitandi myndi ekki annars taka til greina,
- líklegt má teljast að lántakinn verði gjaldproti eða gangist undir aðra fjárhagslega endurskipulagningu, eða
- greinanleg gögn gefa til kynna mælanlega lækun áætlaðs sjóðstreymis af útlánasafni frá upphaflegri skráningu þess jafnvel þó að enn sé ekki hægt að tengja lækunina við einstök útlán í safninu, þar með taldar óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða almennt versnandi efnahagsleg skilyrði sem tengjast þessu lánasafni.

Samstæðan skilgreinir einstök mikilvæg útlán og metur fyrst hvort hlutlæg merki séu um virðisrýrnun þeirra, og metur þetta síðan fyrir einstök útlán eða söfn útlána og krafna sem ekki hafa verið skilgreind sem mikilvæg hvert fyrir sig. Ef samstæðan ákvarðar að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnun fyrir mikilvæg útlán, tekur hún það útlán með í safni útlána með svipaða lánsáhættu og metur virðisrýrnun þeirra saman. Einstakar mikilvægar eignir sem hafa fengið virðisrýrnun eru ekki teknar með í sameiginlegu virðisrýrnunarmati.

Ef fyrir eru hlutlæg merki um að virðisrýrnun hafi orðið á útláni eða kröfum, er fjárhæð tapsins mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirt áætlað framtíðarsjóðsflæði að undanskildu ætluðu útlánatapi í framtíðinni, núvirt með upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfært virði eignarinnar er lækkað sem nemur virðisrýrnuninni, með færslu á afskriftareikning og upphæð tapsins færð undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“ í rekstrarreikningi. Við ákvörðun virðisrýrnunar lána með breytilega vexti er notast við gildandi virka vexti við núvirðinguna.

Útreikningur núvirðis áætlaðs framtíðarsjóðstreymis af veðsettri fjáreign endurspeglar sjóðstreymi sem gæti stafað af því að ganga að veði, að undanskildum kostnaði við að yfirtaka og selja veðið, hvort sem líklegt er að gengið verði að veðinu eða ekki.

Þegar meta á virðisrýrnun heildstætt, eru útlán flokkuð eftir svipuðum eiginleikum lánsáhættu, út frá matsferlum samstæðunnar, sem taka tillit til tegundar eignar og veðs, atvinnugreinar, stöðu vanskila og annarra þátta sem máli skipta. Þessir eiginleikar eru viðeigandi til að áætla framtíðarsjóðstreymi í safni slíkra lána, með því að gefa til kynna getu skuldarans til að greiða hverja þá upphæð sem er á gjalddaga samkvæmt samningsskilmálum.

Virðisrýrnun útlánasafna er metin heildstætt á grunni vænts sjóðstreymis og jafningjamats á eignum með svipaða eiginleika lánsáhættu. Slíkt jafningjamat er einnig lagað að nýjustu greinanlegum gögnum, til að endurspeglar áhrifin af núverandi aðstæðum sem höfðu ekki áhrif á tímabilið sem jafningjamatið var upphaflega byggt á og til að losna við áhrifin af fyrri tappáttum sem ekki eru til staðar lengur.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í safni eigna eru í samræmi við breytingar á greinanlegum gögnum á milli tímabila, til dæmis breytingar á fasteignaverði, greiðslustöðu, eða öðrum þáttum sem gefa til kynna leitni á líkum og umfangi á tapi samstæðunnar. Samstæðan endurskoðar reglulega aðferðir sínar og forsendur við að áætla framtíðarsjóðstreymi til að lágmarka ósamræmi á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Þegar lán er óinnheimtanlegt, er það afskrifað á móti framlagi til virðisrýrnunar útlána í efnahagsreikninginum. Lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið, eins og tilgreint er í lánareglum samstæðunnar, og fjárhæð tapsins hefur verið ákvörðuð. Sérhver áður afskrifuð fjárhæð sem síðar er endurheimt er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

Fari svo, á síðara tímabili, að upphæð virðisrýrnunartapsins lækki og ástæðu þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að upprunalega virðisrýrnunin var skráð, þá er virðisrýrnunartapinu sem áður var skráð snúið við með leiðréttingu á afskriftarreikninginn. Fjárhæð viðsnúningsins er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

##### (g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Útlán sem endursamið er um

Samstæðan reynir að endurskipuleggja lán frekar en að ganga að veðum. Slíkt kann að fela í sér greiðsludreifingu og samning um nýja lánaskilmála. Virðisrýrð útlán sem samið er um upp á nýtt eru ekki talin ný útlán. Þegar búið er að endursema um lánaskilmála eru slík útlán ekki lengur í vanskilum og öll síðari virðisrýrnun er metin út frá upphaflegum virkum vöxtum eins og þeir voru reiknaðir fyrir breytingu lánaskilmálanna. Stjórnendur yfirfara stöðugt útlán sem samið hefur verið um að nýju til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun þessara útlána verður metin áfram hver fyrir sig eða sameiginlega. Virði einstakra útlána sem hafa ekki rýrnað en þar sem samið hefur verið um skilmála að nýju eru skráð sem ný útlán. Þar af leiðandi eru upprunalegu útlánin afskráð og endurumsömuð útlánin skráð sem ný útlán.

#### Handbært fé

Í sjóðstreymi er handbært fé skilgreint sem reiðufé og óbundnar innstæður hjá Seðlabanka og fjármálafyrirtækjum.

#### Skuldabréf og hlutabréf

Skuldabréf og hlutabréf sem eru flokkuð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skráð á gangvirði í efnahagsreikning bæði í upphafi og eftir upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður er skráður beint í rekstrarreikning. Hagnaður og tap sem til verður af breytingum á gangvirði er færður beint í rekstrarreikning bankans undir viðkomandi lið, „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ eða „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði“. Með hagnaði og tapi eru taldar vaxtatekjur skuldabréfa en undanskilið er gjaldeyrisgengishagnaður og -tap, sem færður er á liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

Skuldabréf sem flokkuð eru sem lán og kröfur eru upphaflega metin á gangvirði auk viðskiptakostnaðar sem tengist þeim beint og við síðara mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðu verði skuldabréfanna og eru færðir undir „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi.

#### Afleiðusamningar

Afleiður eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Við síðara mat eru afleiður skráðar á gangvirði, og allar breytingar á gangvirði færðar undir liðinn „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ í rekstrarreikningi, að undanskildum breytingum á framvirkum gjaldeyrisafleiðum og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttta sem færðar eru undir liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður/(tap)“ í rekstrarreikningi. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Bankinn beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

#### Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru upphaflega metnar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði sem tengist þeim beint, en við síðara mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána og krafna. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

Útlán og kröfur yfirtekin með miklum afföllum

Bankinn yfirtók lán af Landsbanka Íslands hf. með miklum afföllum sem endurspeglar áorðið útlánatap á yfirtökudegi. Afföllin voru innifaldir í gangvirði þessara lána og krafna sem metið var við upphaflega skráningu. Afföllin eru einnig innifaldir í áætluðu framtíðar sjóðstreymi sem notað er af bankanum til þess að reikna afskrifað kostnaðarverð og virka vexti þessara útlána og krafna.

Á hverjum reikningsskiladegi metur bankinn stöðuna á þessum útlánnum og kröfum og hvort það séu hlutlæg merki um breytingar á væntu sjóðstreymi frá þeim, til dæmis vegna mismunar á væntum og raunverulegum greiðslum, breytingar á virði trygginga og bætt fjárhagsstaða lántaka. Ef það er einhver breyting á væntu sjóðstreymi endurreiknar bankinn bókfært verð þessara lána og krafna sem núvirði upp færðs áætlaðs framtíðar sjóðstreymis, sem reiknað er út frá virkum vöxtum lánanna og krafna. Mismunurinn á upp færðu bókfærðu virði og bókfærðu virði eins og það stendur fyrir upp færslu, sem felur í sér áfallna vexti, verðbætur, gjaldeyrisgengismun og raunverulegar greiðslur af lánnum og kröfum til samstæðunnar, er skráður á grundvelli lánasafna í rekstrarreikninginn í línunni „Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum“.

Samstæðan skráir vexti og verðbætur á þessi útlán og kröfur á grundvelli bókfærðs virðis og aðeins að því marki sem vextir og verðbætur teljast innheimtanlegar. Vextir og verðbætur skrást í rekstrarreikninginn í línunni „Vaxtatekjur“.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýrnun. Til kostnaðarverðs teljast útgjöld sem rekja má beint til kaupa á eignunum.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins talinn með bókfærðu verði eignar ef líklegt er að fjárhagslegur ábati af eigninni í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn áreiðanlega. Allur annar kostnaður vegna viðgerða og viðhalds er gjaldfærður í rekstrareikning á því fjárhagstímabili sem hann fellur til.

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir með línulegri aðferð. Aðferðin er notuð á afskrifanlegan hluta eignanna, en það er kostnaður þeirra að frádregnu hrakvirði deilt á áætlaðan líftíma þeirra, með eftirfarandi hætti:

Byggingar	25 - 50 ár
Tölvuvélbúnaður	3 ár
Annar búnaður og ökutæki	3 - 10 ár

Hrakvirði eignanna og líftími þeirra er endurskoðaður árlega og breytt þar sem við á.

Hagnaður og tap af sölu eigna er fundið með því að bera söluverð eignar saman við bókfært verð hennar á sóludegi. Hagnaður og tap eru talin með undir liðnum „Aðrar tekjur og gjöld“ í rekstrareikningnum.

#### Óefnislegar eignir

##### (a) Hugbúnaðarleyfi

Keypt hugbúnaðarleyfi er eignfært miðað við kostnaðinn sem fellur til við kaup hugbúnaðarins og sem til fellur við að koma honum í notkun. Hugbúnaðarleyfi sem er skráð sem óefnisleg eign er niðurfært á líftíma þess sem er áætlaður 3 – 5 ár.

Kostnaður við að viðhalda hugbúnaði er færður sem útgjöld á þeim tíma sem hann fellur til.

##### (b) Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins skráð sem eign ef hún er keypt við sameiningu félaga. Hún er skráð á kaupdegi og metin sem samtala (a) gangvirðis afhents endurgjalds, (b) skráð upphæð allra eignahluta án yfirráða í yfirtekna félaginu, og (c) gangvirði alls eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í yfirtekna félaginu, að frádregnu hreinu skráðu virði (yfirléitt gangvirði) aðgreinanlegra keypra eigna og yfirtekinnar skulda, allt metið miðað við kaupdag. Til afhents endurgjalds telst gangvirði afhentra eigna, áfallnar skuldir og eigið fé útgefið af samstæðunni. Þessu til viðbótar telst gangvirði alls skilyrts endurgjalds með sem hluti af afhentu endurgjaldi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metinn á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Almennt er virðisrýrnun viðskiptavildar endurskoðuð árlega, en oftast ef atburðir eða breytingar á aðstæðum gefa til kynna mögulega rýrnun bókfærðs verðs. Vegna virðisrýrnunarprófa er viðskiptavild úthlutað miðað við kaupdag til hvernar fjárskapandi einingar samstæðunnar eða hópa fjárskapandi eininga sem búist er við að njóti hagsbóta af samlegðaráhrifum sameiningarinnar, hvort sem þær einingar fá úthlutað öðrum eignum eða skuldum keypta félagsins eða ekki. Hver eining sem fær úthlutaða viðskiptavild er lægsta stig innan samstæðunnar þar sem liður í innri stjórnun er að fylgjast með viðskiptavildinni. Þegar viðskiptavild er tengd ákveðnum hluta fjárskapandi einingar (eða hópi fjárskapandi eininga) og hluti af rekstri einingarinnar er seldur, er viðskiptavildin sem tengist selda rekstrinum innifalin í bókfærðu virði þess rekstrar þegar reiknaður er hagnaður eða tap af sölu rekstrarins.

#### Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Eignir með ótakmarkaðan líftíma eru ekki afskrifaðar en prófað er árlega hvort þær hafi rýrnað í virði. Farið er yfir eignir sem eru afskrifaðar til að gæta að virðisrýrnun í hvert sinn sem atburðir eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera óendurkræft. Skráð er virðisrýrnun sem nemur því sem bókfært virði eignarinnar er umfram endurheimtanlegt virði hennar. Endurheimtanlegt virði hennar er annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hennar, hvort sem hærra er. Í þeim tilgangi að meta virðisrýrnun eru eignir flokkaðar á lægstu stig aðgreinanlegs sjóðstreymis (fjárskapandi einingar). Á hverjum reikningsskiladegi er kannað hvort virðisrýrnun hafi snúist við á eignum öðrum en fjáreignum, að viðskiptavild undanskilinni.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Frestaður tekjuskattur

Frestuð skatteign er skráð þegar líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður fáið sem jafna má gegn tímabundnum mismun til frádráttar.

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu sem skuld, vegna tímabundins mismunar á skattverði eigna og skulda og bókfærðs virðis þeirra í ársreikningi samstæðunnar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar skráningar eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja, en það hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattaegan hagnað eða tap þegar viðskiptin eiga sér stað. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með skatthlutföllum sem hafa verið lögleidd eða efnislega lögleidd fyrir reikningsskiladag og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð tekjuskattseign er innlest eða frestuð tekjuskattsskuld er gerð upp.

Meginhluti tímabundins mismunar er til kominn vegna breytinga á gangverði ýmissa fjáreigna og fjárskulda og mismunar á gangvirði keyþra eigna og skattverði þeirra.

#### Eignir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar fastafjármuni (eða flokka af eignum ásamt tengdum skuldum) sem eignir í sölumeðferð þegar bókfært virði þeirra endurheimtist aðallega með sölu. Það á venjulega við um veð sem samstæðan hefur gengið að og hún heldur sem tryggingu fyrir lánum og kröfum, þar með taldar eignir og skuldir dótturfélaga sem samstæðan hefur náð yfirráðum yfir með því að ganga að veði og/eða vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Talið er að fastafjármunir (eða flokkur eigna með tengdar skuldir) verði endurheimtist aðallega með sölu þegar sala eignarinnar er mjög líkleg og hún er tiltæk fyrir tafarlausa sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála um sölu á slíkum eignum. Stjórnendur verða að vera staðráðnir í að selja og verða að vinna með virkum hætti að sölu eignarinnar á verði sem er hæfilegt miðað við gildandi gangvirði hennar. Frekara skilyrði er að búist sé við að skrá megi söluna sem frágengna innan eins árs frá dagsetningu flokkunarinnar.

Eignir og eignasamstæður sem flokkaðar eru í sölumeðferð eru metnar á því sem lægra reynist af bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Hreinar eignir til viðbótar sem verða hluti af eignasamstæðu til sölu, til dæmis vegna hagnaðar sem eignasamstæðan skilar, auka bókfært verð eignasamstæðunnar, en þó ekki meira en sem nemur gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eignasamstæðunnar eins og það er ákvarðað á hverjum reikningsskiladegi.

Þegar um er að ræða stakar eignir sem samstæðan hefur flokkað í sölumeðferð, ákvarðar hún gangvirði þeirra að frádregnum sölukostnaði með tilliti til gildandi markaðsverðs á hverjum reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða dótturfélög sem flokkuð eru í sölumeðferð ákvarðar samstæðan gangvirði þeirra á grunni aðferða við núvirðingu sjóðstreymis. Sölukostnaður er aðeins viðbótarkostnaður og kostnaður sem rekja má beint til sölu eignasamstæðna, að undanskildum fjármögnunarkostnaði og tekjuskatti.

#### Innstæður og veðtryggð skuldabréf

Samstæðan fjármagnar sig með innlánum, lántökum hjá fjármálafyrirtækjum og skuldabréfaútgáfu.

Þegar samstæðan selur fjáreign og semur um leið um endurkaup á eigninni eða svipaðri eign á föstu verði í framtíðinni („endurkræf viðskipti“), er það fært sem skuld við fjármálafyrirtæki eða Seðlabankann og undirbyggjandi eign er áfram skráð í reikningsskilum samstæðunnar.

Samstæðan flokkar fjármálagerninga sem fjárskuldir eða eiginfjárgerninga samkvæmt efni þeirra og skilgreiningu fjárskuldar, fjáreignar eða eiginfjárgjörnings.

Innstæður og veðtryggð skuldabréf eru í upphafi metin á gangvirði auk alls viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til viðskiptanna. Eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Gangvirði fjárskulda með innlausnarákvæði eins og veltiinnlán, er ekki lægra en innlausnarupphæðin núvört frá fyrsta degi sem krefjast má greiðslu fjárhæðarinnar.

#### Skilyrt skuldabréf

Skilyrta skuldabréfið er skilyrt skuldbinding bankans um að gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. þann 31. mars 2013, sem viðbótarendurgjald fyrir eignir og skuldir sem bankinn yfirtók af Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008. Útgáfa skuldabréfsins og nafnverð þess eru skilyrt af umframvirði ákveðinna safna eigna, sem ákvarðað á þann 31. desember 2012, yfir framtíðarvirði kaupverðs þeirra eigna þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar.

Skilyrta skuldabréf bankans er flokkað sem fjárhagsleg skuld og er metið á gangvirði. Allur hagnaður eða tap sem af leiðir er skráð undir liðnum „Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs“ í rekstrarreikningi.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Skortstöður

Skortstöður eru skuldbindingar samstæðunnar um að láta af hendi fjáreignir sem hún hefur fengið að láni og selt þriðja aðila. Þessar skuldbindingar eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Eftir það eru þær skráðar á gangvirði og allar breytingar á gangvirði skráðar í rekstrarreikning undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“.

#### Fjárhagslegar ábyrgðir

Samningar um fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem krefjast þess að útgefandi inni af hendi tilteknar greiðslur til að bæta samningshafa tap sem hann verður fyrir ef tiltekinn skuldari stendur ekki við greiðslur á tilskildum tíma, samkvæmt skilmálum skuldagerings. Samstæðan hefur gefið út slíkar ábyrgðir til annarra banka, fjármálastofnana eða annarra aðila til tryggingar á skuldbindingum viðskiptavina samstæðunnar gagnvart þessum aðilum.

Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningsskilin á gangvirði þess dags sem ábyrgðin var gefin út. Eftir upphaflega skráningu er skuldbinding samstæðunnar vegna slíkra ábyrgða metin sem hærra gildið, annars vegar upphaflegt mat, að frádragnum afskriftum á þjónustutekjum af ábyrgðunum sem dreifast línulega á tíma samningsins, og hins vegar besta mat á útgjöldum vegna uppgjörs á hvers konar fjárhagslegum skuldbindingum sem stofnast vegna ábyrgðanna á reikningsskiladegi. Slíkt mat ákvarðast á grundvelli reynslu af sams konar viðskiptum og tapi, ásamt mati stjórnenda.

#### Óvissar skuldir og skuldbindingar

Samstæðan skráir óvissar skuldir ekki sem skuldir í efnahagsreikningi sínum, fyrir utan þær óvissuskuldir sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og sem eru með gangvirði sem hægt er að meta áreiðanlega. Óviss endurgjald sem samstæðan afhendir við sameiningu fyrirtækja er skráð á gangvirði á yfirtökudegi. Samstæðan flokkar skuldbindinguna um að greiða óviss endurgjald sem skuld eða eigið fé.

Skuldbindingar vegna kostnaðar eins og þær sem tengjast löglegum kröfum eða endurskipulagningu eru skráðar áorðnar þegar (i) samstæðunni ber, vegna liðinna atburða, lagaleg eða rökstudd skylda til að borga, (ii) líklegra er en ekki að veita þurfi fjármunum til að gera upp skuldbindinguna, og (iii) að upphæðin hafi verið áætluð með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding er metin á núvirði greiðslanna sem ætla má að þurfi til að gera upp skuldbindinguna. Notuð er ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem endurspeglar mat markaðarins á hverjum tíma á tímavirði peninga og áhættunni sem fylgir skuldbindingunni. Öll hækkun á skuldbindingunni yfir tíma er skráð sem vaxtakostnaður.

#### Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með iðgjaldatengt lífeyrisskerfi þar sem þau greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með ákveðnu framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Samstæðan er ekki skuldbundin til frekari greiðslna þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Samstæðan er ekki með neinn réttindatengdan lífeyrissjóð.

#### Hlutfé

##### (a) Kostnaður við útgáfu hluta

Kostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta er aðgreindur undir eigin fé sem frádráttur frá yfirverði hlutabréfa, að frádraginni tekjuskattspörun.

##### b) Arður á almenn hlutabréf

Arður er færður á eigið fé á því tímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi bankans.

#### Fjárvarsla

Samstæðan er fjárvörsluáðili, þar sem hún er handhafi eða sér um ráðstöfun eigna meðal annars fyrir hönd einstaklinga, stofnana og lífeyrissjóða. Þessar eignir og tekjur sem af þeim fást eru ekki færðar í þessi reikningsskil þar sem þær eru ekki eignir samstæðunnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir (framhald)

#### Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Til vaxtatekna og vaxtagjalda sem eru færðar í rekstrarreikning teljast vextir af fjáreignum og fjárskuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru skráð í rekstrarreikninginn eftir aðferð virkra vaxta. Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

#### Hrein virðisrýrnun lána og krafna

Gjöld vegna virðisrýrnunar lána og krafna á fjármálafyrirtæki og viðskiptavinum eru sett fram í rekstrarreikningi undir liðnum „Virðisrýrnun útlána og krafna“. Eftir að virðisrýrnun hefur verið færð, eru vaxtatekjur færðar á þeim vöxtum sem notaðir voru við núvirðingu á því framtíðarsjóðstreymi sem notað var við að meta virðisrýrnunina.

#### Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Þjónustutekjur og umboðslaun eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt. Umsýslugjöldum er almennt frestað ásamt tengdum beinum kostnaði og þau skráð sem leiðrétting á virkum vöxtum lánsins. Umboðslaun og gjöld fyrir þátttöku í samningum um viðskipti fyrir þriðja aðila, eins og umsýsla viðskipta með hlutabréf eða önnur verðbréf eða kaup eða sala á fyrirtækjum, eru færð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið. Þjónustutekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum og aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, yfirleitt í hlutfalli við tíma. Þjónustutekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sömu grunnreglu fyrir skráningu tekna er beitt fyrir aðra fjárvörsluþjónustu sem er veitt með samfelldum hætti til langs tíma.

#### Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning tengist fjáreignum sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og felur í sér:

- allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangvirði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni, og
- arðstekjur, sem skráðar eru þegar samstæðan öðlast rétt til að fá greiðslu.

#### Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og –skuldum tengist fjáreignum og skuldum sem samstæðan flokkar sem veltubókarliði og felur í sér:

- allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangverði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni,
- arðstekjur sem skráðar eru þegar réttur samstæðunnar til greiðslu er til orðinn, og
- gjaldeyrisgengishagnaður og –tap af afleiðueignum og afleiðuskuldum, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrisafleiða og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttta, sem fært eru undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningnum.

#### Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

Með hreinum gjaldeyrisgengishagnaði (tapi) er talinn allur hagnaður og tap vegna gengisbreytinga á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum. Gjaldyrisgengishagnaður og -tap af afleiðu fjáreignum og fjárskuldum er talið með undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrisafleiða og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttta, sem eru teknar með undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningnum.

#### Aðrar tekjur og gjöld

Til annarra tekna og gjalda teljast tekjur af samningum um endurkröfur og hagnaður og tap af fullhustueignum og fastafjármunum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Leigusamningar

##### (a) Þegar samstæðan er leigutaki

Leigusamningar sem samstæðan á aðild að og er leigutaki eru aðallega rekstrarleigusamningar. Á leigutíma eru greiðslur fyrir rekstrarleigu færðar línulega í rekstrarreikning, undir liðinn „Annar rekstrarkostnaður“.

Þegar rekstrarleigusamningi er rift áður en leigutíminn er útrunninn, er hver sú fjárhæð sem greidd er leigusala gjaldfærð á því tímabili sem riftun á sér stað.

##### (b) Þegar samstæðan er leigusali

Þegar um er að ræða fjármögnunarleigusamninga, er núvirði leigugreiðslna skráð sem krafa, undir útlán og kröfur á viðskiptavini. Fjármagnstekjur eru færðar yfir líftíma leigusamningsins, með því að endurspegla fasta ávöxtunarkröfu af hreinni fjárfestingu samstæðunnar í leigusamningnum.

#### Aflögð starfsemi

Samstæðan setur fram aflagða starfsemi undir sérstökum lið í rekstrarreikningi ef fyrirtæki eða hluti þess hefur verið seldur eða flokkaður í sölumeðferð og:

- telst vera stór aðskilinn hluti rekstrar,
- er hluti af stakri samhæfðri áætlun um að selja stóran aðskilinn hluta rekstrar, eða
- er dótturfélag keypt sérstaklega til að selja aftur.

Hagnaður af aflagðri starfsemi sem kemur fram í rekstrarreikningi samanstendur af (a) hagnaði eftir skatta eða tapi af rekstri af aflagðri starfsemi og (b) hagnaði eftir skatta eða tapi sem færast við gangvirðismat að frádregnum kostnaði við sölu eða við sölu eignanna eða safns í sölumeðferð sem telst vera aflagða starfsemin. Hluttur fyrirtækis tekur til reksturs og sjóðstreymis sem hægt er að aðgreina með skýrum hætti, rekstrarlega og vegna reikningsskila, frá öðrum rekstri samstæðunnar og sjóðstreymi hennar.

#### Nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir sem hafa ekki enn verið innleiddar

Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkunum hafa ekki ennþá tekið gildi í árslok 2011 og hefur ekki verið beitt við gerð þessa ársreiknings samstæðunnar. Nýju staðlarnir og breytingar á stöðlum sem gætu haft mikilvæg áhrif á ársreikning samstæðunnar eru eftirfarandi:

Breytingarnar á IFRS 7 Fjármálagerning: Skýringar - Tilfærslur fjáreigna („Financial Instruments: Disclosures – Transfers of Financial Assets“), þar sem gerð er krafa um að félög birti vissar upplýsingar um (a) tengsl tilfærðra fjáreigna sem eru ekki afskráðar að fullu og tengdra skulda og (b) eðli og áhættu sem tengist áframhaldandi tengslum félags við afskráða fjáreign. Samstæðunni verður skylt að taka upp breytingarnar í ársreikning sinn fyrir árið 2012. Ekki er gerð krafa í þessum breytingum um skýringar fyrir reikningsskilatímabil fyrir 1. janúar 2012. Breytingarnar munu aðeins hafa áhrif á umfang skýringa sem gerð er krafa um að samstæðan upplýsi í ársreikningi sínum með tilliti til tilfærslu á fjáreignum.

Breytingarnar á IAS 32 og IFRS 7 – Skuldajöfnun fjáreigna og fjárskulda („Offsetting Financial Assets and Financial Liabilities“), sem skýrir hvenær félag hefur nú lagalega heimild til þess að skuldajafna fjáreignir og fjárskuldir og gerir kröfur til félags um að birta vissar upplýsingar um áhrif eða möguleg áhrif á fjárhagslega stöðu félags vegna nettunar fyrirkomulags. Ef breytingarnar á IAS 32 verða samþykktar af ESB verður samstæðunni skylt að taka tillit til þeirra í samstæðureikningsskilum vegna ársins 2014 og breytingar á IFRS 7 skyldubodnar fyrir árs- og árshlutareikninga samstæðunnar frá og með árinu 2013. Krafast er að þessum breytingum sé beitt afturvirktt vegna bæði IAS 32 og IFRS 7. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða þessar breytingar með heimild áður en þær verða skyldubodnar og vinnur nú að því að meta áhrif þeirra á samstæðureikninginn. Samstæðan gerir hins vegar ráð fyrir því að auknar kröfur verði gerðar um upplýsingagjöf vegna áhrifa eða mögulegra áhrifa nettunarfyrirkomulags á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

IFRS 10 - Samstæðureikningar („Consolidated Financial Statements“) setur fram reglur um gerð og framsetningu samstæðureikninga fyrir félög sem hafa yfirráð yfir einu eða fleiri félögum. Samkvæmt IFRS 10 eru yfirráð grundvallarhugtakið í skilgreiningu á því hvaða félög teljast hluti af samstæðu. Reglan um yfirráð byggir á þremur undirstöðubáttum yfirráða: (a) vald yfir fjárfestingunni, (b) áhætta gagnvart eða réttindi til breytanlegra tekna af fjárfestingunni og (c) möguleiki til að nota vald yfir fjárfestingunni til að hafa áhrif á arðsemi fjárfestingarinnar. IFRS 10 inniheldur leiðbeiningar um hvernig beita skuli yfirráðareglunni við mismunandi aðstæður, þ.m.t. aðstæður þar sem fjárfestir ræður ekki yfir meirihluta atkvæðisréttar. Í IFRS 10 er byggt á samstæðu aðferðarfræðinni úr IAS 27 - Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil („Consolidated and Separate Financial Statements“) (með áorðnum breytingum frá 2008). IFRS 10 leysir af hólmi IAS 27 (2008) og SIC-12 Samstæðureikningsskil rekstrareiningar um sérverkefni („Consolidation – Special Purpose Entities“). Ef IFRS 10 verður innleiddur af ESB verður hann skyldubodinn fyrir samstæðuna frá og með samstæðureikningi fyrir árið 2013. Samanburðarfjárhæða frá fyrri tímabilum er krafist með ákveðnum undantekningum og í samræmi við staðalinn. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða IFRS 10 þegar það er leyfilegt og áður en staðallinn verður skyldubodinn og vinnur nú að því að meta áhrif IFRS 10 á samstæðureikninginn.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkningar sem hafa ekki enn verið innleiddar (framhald)

IFRS 12 - Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum félögum („Disclosure of Interests in Other Entities“) tekur til allrar upplýsingagjafar vegna hagsmuna í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og félögum utan samstæðunnar. Almenn er kröfur IFRS 12 um upplýsingagjöf viðtækari en kröfur núverandi staðla. Ef IFRS 12 verður innleiddur af ESB verða hann skyldubodinn fyrir samstæðuna frá og með samstæðureikningi fyrir árið 2013 með afturvirkri birtingu upplýsinga samkvæmt staðlinum. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða IFRS 12 þegar það er leyfilegt og áður en staðallinn verður skyldubodinn og vinnur nú að því að meta áhrif IFRS 12 á samstæðureikninginn. Samstæðan gerir hins vegar þegar ráð fyrir því að krafa verði gerð um viðtækari upplýsingagjöf í tengslum við eðli og áhættu vegna hagsmuna bankans í öðrum félögum og áhrifa þeirra hagsmuna á fjárhagsstöðu, afkomu og sjóðstreymi samstæðunnar.

IFRS 13 Mat á gangvirði („Fair value measurement“), sem setur fram einn ramma um mat á gangvirði bæði fyrir þá liði sem eru fjárefnislegir og ófjárefnislegir, ásamt kröfum um upplýsingagjöf þeim tengdum. IFRS 13 setur ekki fram nýjar kröfur um það hvenær krafist er mats á gangvirði, heldur gefur leiðbeiningar um það hvernig meta skuli gangvirði og upplýsingagjöf þar að lútandi, þegar þess er krafist eða heimilt samkvæmt öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Almenn er kröfur um upplýsingagjöf samkvæmt IFRS 13 viðtækari en þær sem krafist er í núgildandi stöðlum. Ef staðallinn verður samþykktur af ESB verður hann skyldubodinn fyrir samstæðuna frá og með samstæðureikningi fyrir árið 2013. Samstæðan verður að beita matskröfunum samkvæmt IFRS 13 framvirk, frá og með byrjun þess árstímabils sem það beitir staðlinum upphaflega en samstæðan hefur val um það hvort það veitir samanburðarupplýsingar fyrri árstímabils. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða IFRS 13 þegar það er leyfilegt og áður en staðallinn verður skyldubodinn og vinnur nú að því að meta áhrif staðalsins á samstæðureikninginn. Hins vegar er búist við að krafist verði ítarlegri upplýsinga um mat á gangvirði.

IFRS 9 - Fjármálagerningar („Financial Instruments“) kemur í stað þess hluta IAS 39 Fjármálagerningar: Skráning og mat („Financial Instruments: Recognition and Measurement“) sem fjallar um flokkun og mat á fjáreignum og fjárskuldum. Helstu atriði IFRS 9 eru eftirfarandi:

- Gerð er krafa um að fjáreignir séu flokkaðar í annan af tveimur matsþópum: eignir sem síðar eru metnar á gangvirði og eignir sem síðar eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Ákvörðunin skal tekin við upphaflega skráningu eignanna. Flokkunin byggir á viðskiptalíkani sem félag notar til að stýra fjármálagerningum sínum og samningsbundnu sjóðstreymi þeirra.
- Fjármálagerningur er við síðara mat metinn á afskrifuðu kostnaðarverði einungis ef um skuldagering er að ræða og bæði markmið viðskiptalíkans félags gera ráð fyrir að eignarhald miði að innheimtu á samningsbundnu sjóðstreymi sem og að samningsbundið sjóðstreymi vegna eignarinnar sé einungis vegna greiðslna af höfuðstól og vöxtum. Allir aðrir skuldageringar skulu færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
- Allir eiginfjárgerningar skulu við síðara mat metnir á gangvirði. Eiginfjárgerningar í veltubók skulu metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fyrir alla aðra eiginfjárgerninga eru tveir óafturkræfanlegir valkostir við upphaflega skráningu, að færa innleystan og óinnleystan hagnað og tap á gangvirði undir aðra heildarafkomu eða í gegnum rekstrarreikning. Endurflokkun á hagnaði og tapi á gangvirði er óheimil. Ákvörðun um framangreinda valkosti má taka á grundvelli hvers einstaks gernings fyrir sig. Arð skal færa í gegnum rekstrarreikning svo framarlega sem arðurinn er ávöxtun fjárfestingarinnar.
- Afleiður sem eru innbyggðar í samninga með hýsil sem er fjáreign í skilningi staðalsins á ekki aðskilja frá hýslinum. Samsetta fjármálagerninga af því tagi skal meta í heild sinni hvort sem meta skal á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði.
- IFRS 9 (2010) gerir almenn kröfu um að breyting á gangvirði vegna breytinga útlánaáhættu skulda sem félag tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning komi fram í yfirliti um aðra heildarafkomu og einungis það sem eftir stendur af fjárhæð heildarhagnaðar eða -taps sé fært í rekstrarreikninginn. Fjárhæðir sem koma fram í yfirliti um aðra heildarafkomu má ekki endurskilgreina síðar og færa í rekstrarreikninginn en þær má færa til innan eigin fjár. Hins vegar, ef skráning hagnaðar og taps í yfirliti um aðra heildarafkomu myndar eða eykur reikningshaldslegt ósamræmi í rekstrarreikningi, verður öll gangvirðisbreytingin að koma fram í rekstrarreikningnum. Allur hagnaður og tap á gangvirði í tengslum við lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verður áfram færður í rekstrarreikning.

IASB hefur sett fram tvær útgáfur af IFRS 9. Sú fyrri var gefin út árið 2009 og sú síðari árið 2010. Útgáfan frá árinu 2010 inniheldur allar kröfur 2009 útgáfunnar án breytinga en einnig kröfur um flokkun og mat á fjárskuldum og afskráningu fjáreigna og fjárskulda. 2010 útgáfan leysir þá frá árinu 2009 af hólmi. Hinsvegar getur félag ákveðið að nota 2009 útgáfuna í stað þeirrar frá 2010 fyrir reikningsár sem hefjast fyrir 1. janúar 2015.

Ef IFRS 9 verður samþykktur af ESB verður hann skyldubodinn fyrir samstæðuna frá og með samstæðureikningnum fyrir árið 2015. Við upphaflega innleiðingu á IFRS 9 hefur samstæðan val um að endurgera samanburðarfjárhæðir fyrri tímabil eða ekki og mun þurfa að veita ákveðnar upplýsingar um umbreytinguna frá IAS 39 yfir í IFRS 9. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða IFRS 9 þegar það er leyfilegt og áður en hann verður skyldubodinn og vinnur nú að því að meta áhrif staðalsins á samstæðureikninginn. Með hliðsjón af starfsemi samstæðunnar má búast við því að staðallinn hafi viðtæk áhrif á samstæðureikninginn.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

#### (a) Virkir vextir á lánum og kröfum

Bankinn yfirtók lán og kröfur frá Landsbanka Íslands hf. með miklum afföllum sem endurspeglar áorðið útlánatap. Virkir vextir eru reiknaðir fyrir þau lán með því að áætla framtíðarsjóðstreymi þeirra og bera það saman við kaupverð þeirra. Til að meta sjóðstreymi þurfa stjórnendur að beita huglægu mati um fjárhagsstöðu skuldara og getu þeirra til að greiða skuldir sínar, hreint sóluvirði allra undirliggjandi veða og tímasetningu alls mögulegs sjóðstreymis. Í þeim áætlunum felst veruleg áhætta á því að breyta þurfi bókfærðu virði lánanna innan næsta fjárhagsárs.

#### (b) Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan yfirfer útlánasöfn sín til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti ársfjórðungslega. Til að ákveða hvort virðisrýrnun skuli færð, þá metur samstæðan hvort fyrir liggja greinanleg og mælanleg gögn sem bendi til þess að áætlað framtíðarsjóðstreymi af lánasafni hafi minnkað áður en hægt verður að greina lækkun á einstökum lánum í því safni. Meðal vísbendinga um virðisrýrnun geta verið gögn sem benda til þess að óhagstæð breyting hafi átt sér stað á greiðslugetu lántakenda í tilteknum hópi, eða fylgni er á milli efnahagsaðstæðna og vanefnda í þessum hóp. Til að áætla framtíðarsjóðstreymi sitt nota stjórnendur áætlanir sem byggja á tapreynslu, ásamt hlutlægum merkjum um virðisrýrnun í einsleitum söfnum. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru við að áætla bæði fjárhæð og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis eru endurskoðaðar reglulega til að draga úr mögulegum mismun á áætlunum um tap og raunverulegu tapi.

#### (c) Mat fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga er ákveðið með matsaðferðum ef enginn virkur markaður er til staðar eða skráð verð er ekki tiltækt með öðrum hætti. Í slíkum tilfellum er gangvirði áætlað út frá greinanlegum gögnum fyrir svipaða fjármálagerninga eða með því að nota líkön. Þar sem greinanleg markaðsgögn eru ekki tiltæk er mat á þeim byggt á viðeigandi forsendum. Þegar matsaðferðir (til dæmis líkön) eru notaðar til að ákveða gangvirði, eru þær yfirfarnar og endurskoðaðar reglulega af til þess hæfnum og óháðum starfsmönnum. Öll líkön eru yfirfarin áður en þau eru sett í gagnið, og stillt til að tryggja að útkoman endurspegli raunveruleg gögn og sambærilegt markaðsverð. Alltaf þegar því verður við komið eru aðeins notuð greinanleg gögn, en þættir eins og sveiflur, fylgni og lánsáhætta, hvort sem hún er eigin eða gagnaðila, krefjast þess að stjórnendur komi með sitt mat. Breyttar forsendur fyrir þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga.

#### (d) Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Við vissar kringumstæður gefa reikningsskilareglur samstæðunnar svigrúm til að skipta eignum og skuldum í mismunandi flokka við upphaflega skráningu.

- Þar sem fjáreignir eða fjárskuldir hafa verið flokkaðar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli lýsingu á slíkum eignum og skuldum eins og hún er sett fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.
- Þar sem fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli þau viðmið sem sett eru fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.
- Þar sem fjáreignir hafa verið flokkaðar sem útlán og kröfur hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli þau viðmið sem sett eru fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

#### (e) Eignir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar eignir (og eignasamstæður ásamt tengdum skuldum) sem eignir í sölumeðferð ef slíkar eignir eða eignasamstæður eru lausar til sölu í núverandi ástandi þeirra, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála við sölu slíkra eigna eða eignasamstæðna, ef stjórnendur eru staðráðnir í að selja slíkar eignir og leita með virkum hætti eftir kaupanda, ef reynt er að markaðssetja eignirnar með virkum hætti á sanngjörnu verði miðað við gangvirði þeirra, ef búist er við að sölunni verði lokið innan eins árs og ef salan er talin mjög líkleg. Þó kunna atburðir og aðstæður að lengja tímann til að ljúka sölunni umfram eitt ár. Lenging tímans sem þarf til að ljúka sölunni undanskilur ekki eign (eða eignasamstæðu) frá því að vera flokkuð í sölumeðferð ef töfin verður vegna atburða eða aðstæðna sem eru utan áhrifasviðs bankans og hann er enn staðráðinn í að selja eignina (eða eignasamstæðuna).

Þegar eignir eru flokkaðar sem eignir í sölumeðferð hefur bankinn ákveðið að þær uppfylli flokkunarviðmiðið.

#### (f) Frestuð skatteign

Frestuð skatteign er skráð í efnahagsreikning. Frestuð skatteign er skráð að svo miklu leyti sem líklegt er talið að hún nýtist í framtíðinni. Beita þarf huglægu mati við að finna hve mikið af frestuðu skatteigninni skuli skrá, eftir því hvenær og hve mikill skattskyldur hagnaður er líklegur.

#### (g) Laust fé

Lykilviðmið samstæðunnar við að fylgjast með lausafjárahættu er hlutfall grunn lausafjäreigna og innlána. Við útreikning þessa hlutfalls þarf að beita huglægu mati við að ákveða hvaða eignir eru seljanlegar. Ennfremur er lánstími sumra eigna, sem eru í eftirstöðvagreiningu fjäreigna og -skulda sem fram kemur í skýringunum, til dæmis lán yfirtekin frá Landsbanka Íslands hf., byggður á væntanlegu sjóðstreymi frekar en samningsbundnum lánstíma. Til að áætla sjóðstreymi frá þessum fjäreignum verða stjórnendur að beita huglægu mati á fjárhagsstöðu skuldaranna og getu þeirra til að endurgreiða skuldir sínar, á hreint söluvirði allra undirliggjandi veða og tímasetningu sjóðstreymis.

#### (h) Gjaldmiðla- og vaxtaviðmið lánasamninga

Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð sinn þann 23. febrúar 2011, í ágreiningsmáli milli Landsbankans hf. og þrotabús Mótormax ehf., þess efnis að ákveðin útlán í erlendum gjaldmiðlum til fyrirtækja væru í reynd útlán í íslenskum krónum sem falla undir ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vísitölubinding slíkra útlána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla telst vísitölubinding sem ekki er heimil samkvæmt lögnum. Jafnframt úrskurðaði Héraðsdómur að þessi útlán skyldu bera frá upphafi lægstu útlánsvexti á óverðtryggðum útlánum í íslenskum krónum eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands. Þann 9. júní 2011 kvað Hæstiréttur Íslands upp sinn úrskurð í þessu máli og staðfesti úrskurð Héraðsdóms. 2.684 milljónir króna voru færðar til gjalda á fjórða ársfjórðungi á árinu 2011 í rekstrarreikning samstæðunnar undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavini“ vegna endurútreiknings á útlánum sem falla undir þennan úrskurð.

Á árunum 2010 og 2011 kvað Hæstiréttur upp dóma um ólögmati ákvæða um gengistryggingu í lánasamningum. Lögum samkvæmt skulu slík lán bera lægstu viðmiðunarvexti Seðlabankans á óverðtryggðum útlánum í íslenskum krónum. Þann 15. febrúar 2012 úrskurðaði Hæstiréttur að lánveitanda væri óheimilt að nota viðmiðunarvexti Seðlabankans við ákveðnar aðstæður sem tiltekna eru í dóminum, m.a. vegna þess að lánveitandi hafði gefið út fullnaðarkvittanir fyrir greiðslur afborgana. Mál þetta varðaði ekki samstæðu bankans en kann þó að skipta máli fyrir bankann. Við útgáfu samstæðureiknings þessa er ekki ljóst hvaða fordæmisgjildi dómurinn hefur. Bankinn hefur engu að síður gert ráð fyrir áhrifum vegna dómsins í samstæðureikningi ársins 2011, byggt á besta mati stjórnenda, og gjaldfært 38.042 milljónir króna undir liðnum "Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavini" í rekstrarreikning samstæðunnar fyrir árið 2011. Frekari dóma er þörf sem skýra frekar fordæmisgjildið og þar af leiðandi gæti matið á fjárhagslegum áhrifum breyst í samræmi við niðurstöður þeirra.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 5. Sameining félaga

#### Samruni Avant hf.

Sem einn aðal lánveitandi fjármögnunaryfirtækisins Avant hf. fékk bankinn yfirráð yfir félaginu þann 24. janúar 2011. Yfirráðin byggjast á nauðasamningi vegna Avant hf. sem samþykktur var af Héraðsdómi Reykjavíkur þann sama dag. Samkvæmt nauðasamningnum samþykkti bankinn að taka 100% almennra hluta í Avant hf. sem greiðslu á einni af kröfum bankans á félagið að fjárhæð 2,0 milljarðar króna. Þann 6. október 2011 lauk bankinn samruna sínum við Avant hf.

Gangvirði yfirtækinnna eigna og skulda á yfirtökudegi þann 24. janúar 2011 var eftirfarandi:

Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir	Gangvirði
<b>Eignir</b>	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	683
Útlán og kröfur á viðskiptavini	9.360
Skatteign	1.270
Aðrar eignir	23
Eignir í sölumæðferð	311
<b>Samtals</b>	<b>11.647</b>
<b>Skuldir</b>	
Aðrar skuldir	(1.925)
<b>Samtals</b>	<b>(1.925)</b>
<b>Samtals aðgreinanlegar yfirteknar hreinar eignir</b>	<b>9.722</b>
Gangvirði útstandandi kröfu bankans á Avant hf.	(9.722)
<b>Viðskiptavild</b>	<b>0</b>

Útlán og kröfur á viðskiptavini	24. janúar 2011			Gangvirði
	Bókfært virði rétt fyrir yfirtöku*	Samnings- bundið greiðslu-flæði**	Vænt endurheimtanlegt greiðslu-flæði**	
Fyrirtæki og opinberir aðilar	7.868	10.815	9.166	7.868
Einstaklingar	1.492	2.045	1.738	1.492
<b>Samtals</b>	<b>9.360</b>	<b>12.860</b>	<b>10.904</b>	<b>9.360</b>

\*Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar sem sýna bókfært virði eigna og skulda Avant hf. á yfirtökudegi.

\*\*Greiðsluflæði byggir á ónúvirtu greiðsluflæði höfuðstóla og áfallinna vaxta.

Fyrir utan kröfuna sem var gerð upp af Avant hf. með því að gefa út á bankann 100% af almennum hlutum í félaginu skuldaði Avant hf. bankanum 12,4 milljarða króna á yfirtökudegi. Útstandandi krafa bankans og samsvarandi skuld Avant hf. hafa verið felldar út í ársreikningi samstæðunnar.

Frá yfirtökunni í janúar 2011 hefur Avant hf. skilað samstæðunni samtals 102 milljónum króna í rekstrartekjur og 12 milljónum króna í hagnað.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 5. Sameining félaga (framhald)

#### Samruni SpKef sparisjóðs

Þann 7. mars 2011 tók bankinn yfir allar eignir, skuldir og rekstur SpKef sparisjóðs í samræmi við ákvörðun FME. Fyrir samrunann var SpKef sparisjóður að fullu og í beinni eigu ríkissjóðs Íslands. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig til þess að gefa út skuldabréf sem greiðslu til bankans vegna neikvæðs munar á milli gangvirðis á yfirteknum eignum og yfirteknum skuldum. Samið var um yfirtökuna á grundvelli viðskipta milli óháðra aðila og almennum viðurkenndum viðskiptaskilmálum. Bankinn og ríkissjóður Íslands eru sem stendur ekki sammála um gangvirði fjáreigna sparisjóðsins í því áreiðanleikakönnunarferli sem er ennþá í gangi. Þess vegna er núverandi mat á virði fjáreigna sparisjóðsins í ársreikningi samstæðunnar byggt á núgildandi besta mati bankans á gangvirði eignanna. Yfirteknar eignir sparisjóðsins hafa verið skráðar af samstæðunni til bráðabirgða að fjárhæð 45,3 milljarðar króna á gangvirði. Yfirteknar skuldir frá sparisjóðnum hafa verið skráðar til bráðabirgða af samstæðunni að fjárhæð 75,8 milljarðar króna. Gangvirði og bráðabirgðafjárhæðir vegna yfirtekninna eigna og skulda sparisjóðsins, ásamt framsetningu á þeim, eru háðar breytingum á síðari reikningsskilatímabilum sem gætu orðið eftir að áreiðanleikakönnunar- og matsferlinu lýkur.

Besta mat bankans á virði yfirtekninna eigna og skulda sem skráð var á yfirtökudegi þann 7. mars 2011 var eftirfarandi:

	Bókfært virði rétt fyrir yfirtöku*	Virðis-leiðrétt-ingar	Núverandi mat bankans	Jöfnunar-færslur***	Áhrif á samstæð-una
<b>Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir</b>					
<b>Eignir</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	1.295	-	1.295	(10)	1.285
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	9.969	94	10.063	-	10.063
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	747	(675)	72	-	72
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	1.175	(40)	1.135	(1.612)	(477)
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	42.596	(14.001)	28.595	(384)	28.211
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	234	-	234	-	234
Rekstrarfjármunir	2.441	(828)	1.613	-	1.613
Skatteign	205	-	205	-	205
Aðrar eignir	70	-	70	-	70
Eignir í sölumæðferð	2.095	(102)	1.993	-	1.993
<b>Samtals</b>	<b>60.827</b>	<b>(15.552)</b>	<b>45.275</b>	<b>(2.006)</b>	<b>43.269</b>
<b>Skuldir</b>					
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(13.885)	-	(13.885)	-	(13.885)
Innlán frá viðskiptavinum	(57.575)	-	(57.575)	10	(57.565)
Skattskuld	(74)	-	(74)	-	(74)
Aðrar lántökur	(2.058)	-	(2.058)	1.996	(62)
Aðrar skuldir	(264)	(1.899)	(2.163)	-	(2.163)
<b>Samtals</b>	<b>(73.856)</b>	<b>(1.899)</b>	<b>(75.755)</b>	<b>2.006</b>	<b>(73.749)</b>
<b>Samtals aðgreinanlegar yfirteknar hreinar eignir</b>			<b>(30.480)</b>	<b>0</b>	<b>(30.480)</b>
Hlutdeild minnihluta			(116)	-	(116)
<b>Bráðabirgða fjárhæð skuldabréfs útgefnu af ríkissjóði Íslands til bankans</b>			<b>(30.596)</b>	<b>0</b>	<b>(30.596)</b>

7. mars 2011

	Bókfært virði rétt fyrir yfirtöku*	Samnings-bundið greiðslu-flæði**	Vænt endur-heimtanlegt greiðslu-flæði**	Gangvirði
<b>Útlán og kröfur á viðskiptavinum</b>				
Fyrirtæki og opinberir aðilar	19.035	35.624	24.752	14.173
Einstaklingar	23.561	37.785	23.129	14.422
<b>Samtals</b>	<b>42.596</b>	<b>73.409</b>	<b>47.881</b>	<b>28.595</b>

#### Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Opinberir aðilar	9.969	19.626	19.145	10.063
------------------	-------	--------	--------	--------

\*Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar sem sýna bókfært virði eigna og skulda SpKef sparisjóðs á yfirtökudegi.

\*\*Greiðslufæði byggir á ónúvirtu greiðslufæði höfuðstóla og áfallinna vaxta.

\*\*\*Jöfnunar færslur samanstanda af útistandandi fjárhæðum milli bankans og SpKef sparisjóðs sem hafa verið jafnaðar út í samstæðunni við samrunann.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 5. Sameining félaga (framhald)

#### Samruni SpKef sparisjóðs (framhald)

Endurgjald ríkissjóðs Íslands með útgáfu skuldabréfa sem greiðslu til bankans er háð endanlegu gangvirði fjáreigna og fjárskulda SpKef sparisjóðs. Samstæðan skráði vegna þessa 30.596 milljónir króna til bráðabirgða undir liðnum „Aðrar eignir“ í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Yfirtökukostnaður sem tengdist beint yfirtökunni nam 245 milljónum króna og var allt kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu. Yfirtökukostnað sem tengdist óbeint yfirtökunni var erfitt að meta með áreiðanlegum hætti, þar sem sá kostnaður tengdist innri þjónustu, eins og launum starfsmanna bankans sem unnu að yfirtökunni. Beinn yfirtökukostnaður var þar af leiðandi gjaldfærður undir liðnum „Yfirtökukostnaður“ að frátöldum óbeinum yfirtökukostnaði.

Frá yfirtökunni 7. mars 2011 hefur SpKef sparisjóður skilað samstæðunni samtals 1.784 milljónum króna í rekstrartekjur og 258 milljónum króna í hagnað.

#### Heildarsamruni á reikningsskilatímabilinu

Taflan fyrir neðan sýnir allar yfirteknar eignir og skuldir sem skráðar voru á árinu 2011:

	Avant hf.	SpKef sparisjóður	Samtals
<b>Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir</b>			
<b>Eignir</b>			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	683	1.295	1.978
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	10.063	10.063
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	72	72
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	-	1.135	1.135
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	9.360	28.595	37.955
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	-	234	234
Rekstrarfjármunir	-	1.613	1.613
Skatteign	1.270	205	1.475
Aðrar eignir	23	70	93
Eignir í sölumeðferð	311	1.993	2.304
<b>Samtals</b>	<b>11.647</b>	<b>45.275</b>	<b>56.922</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	(13.885)	(13.885)
Innlán frá viðskiptavinum	-	(57.575)	(57.575)
Skattskuld	-	(74)	(74)
Aðrar lántökur	-	(2.058)	(2.058)
Aðrar skuldir	(1.925)	(2.163)	(4.088)
<b>Samtals</b>	<b>(1.925)</b>	<b>(75.755)</b>	<b>(77.680)</b>
<b>Samtals aðgreinanlegar yfirteknar hreinar eignir</b>	<b>9.722</b>	<b>(30.480)</b>	<b>(20.758)</b>
Hlutdeild minnihluta	-	(116)	(116)
Gangvirði útstandandi kröfu bankans á Avant hf.	(9.722)	-	(9.722)
Bráðabirgða fjárhæð skuldabréfs útgefnu af ríkissjóði Íslands til bankans	-	30.596	30.596
<b>Viðskiptavild</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

Ef allur samruni félaga á reikningsskilatímabilinu hefði átt sér stað frá og með 1. janúar 2011 hefði samstæðan skilað samtals 30.692 milljónum króna í rekstrartekjur og samtals 16.509 milljónum króna í hagnað.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Starfspættir

Starfspættirnir bjóða mismunandi vörur og þjónustu og eru birtir í samræmi við innanhússkýrslur til bankastjóra og bankaráðs, sem eru ábyrg fyrir ráðstöfun fjármuna til starfspáttanna og mat á fjárhagslegum árangri þeirra.

Samstæðan samanstendur af sjö lykilstarfspáttum:

- **Viðskiptabanki** býður einstaklingum og minni og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjármálaþjónustu í gengum útibúanet bankans.
- **Bifreiða- og tækjafjármögnun** býður einstaklingum og fyrirtækjum upp á leigusamninga.
- **Fyrirtækjabanki** býður stærri og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjármálaþjónustu.
- **Endurskipulagning eigna** býður fyrirtækjum, sem eru í vanskilum með lán sín og eiga möguleika á að rétta stöðu sína, upp á lausnir til endurskipulagningar.
- **Markaðir og fjárstýring**, Markaðir bjóða upp á miðlunarþjónustu í verðbréfum, gjaldeyri og afleiðum, skuldabréfa- og hlutabréfaútboð, peningamarkaðslán og ráðgjafarþjónustu. Fjárstýring sér aftur á móti um ávöxtun óúthlutaðs eigin fjár, fjármögnun, lausafjárstýringu og millibankaviðskipti fyrir bankann. Jafnframt stýrir Fjárstýringin markaðsáhættu samstæðunnar.
- **Eignastýring** býður upp á viðtækt vöruúrval og þjónustu á sviði auðs- og eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta.
- **Horn fjárfestingarfélag**, dótturfélag bankans, er fjárfestingarfélag sem fjárfestir bæði í skráðum og óskráðum verðbréfum í flestum atvinnugreinum.

Aðrir starfspættir samstanda af nokkrum stoðdeildum samstæðunnar, eins og Fjármálum, Áhættustýringu og Þróun.

Stjórnunarkostnaður stoðeilda samstæðunnar sem má rekja beint til einstakra starfspátta er deilt niður á viðeigandi starfspætti á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Óbeinan stjórnunarkostnað kostnaðarstöðva er ekki hægt að meta með áreiðanlegum hætti og honum er þar af leiðandi ekki deilt niður á starfspætti.

Eftirfarandi tafla er samantekt á fjárhagslegri frammistöðu hvers starfspátta, eins og þær upplýsingar koma fram í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað starfspátta fyrir skatta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með taldar vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfspátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Engar tekjur af viðskiptum við einn einstakan ytri viðskiptavin námu 10% eða meira af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2011.

Í samstæðunni var einn starfspáttur á árinu 2010 samanborið við sjö starfspætti á árinu 2011. Samanburðarfjárhæðir liggja ekki fyrir um starfspættina sjö fyrir árið 2010 og eru þar af leiðandi ekki endurflokkaðar og birtar í ársreikningi samstæðunnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. desember 2011	Viðskipta- og tækja- banki fjármögnun		Bifreiða- og tækja- fyrirtækja- banki lagning eigna		Endurskipu- banki lagning eigna		Markaðir og Fjárfestingar- Eignastýring		Horn fjárfestingar- félag		Aðrir starfsþættir		Starfsþættir samþals		Jöfnunar- færslur		Samþals	
Hreinar vaxtatekjur	12.004	1.682	9.536	4.957	7.320	15	(1.024)	(291)	34.199	(1.550)				32.649				
Hrein virðisbreyting	(10.351)	(14.816)	3.120	(1.095)	(422)	-	-	(23)	(23.587)	-				(23.587)				
Hreinar þjónustutekjur	2.000	170	386	68	1.067	971	84	(133)	4.613	(190)				4.423				
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	-	37	5.304	-	1.452	-	10.759	(93)	17.459	-				17.459				
Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(1)	-	-	-	1.448	7	(447)	2	1.009	-				1.009				
Hreinn gjaldvísingis hagnaður (tap)	-	(439)	-	-	(854)	5	238	-	(1.050)	291				(759)				
Aðrar tekjur og (gjöld)	(932)	12	(267)	288	172	(1)	29	252	(447)	(3)				(450)				
<b>Rekstrartekjur samþals</b>	<b>2.720</b>	<b>(13.354)</b>	<b>18.079</b>	<b>4.218</b>	<b>10.183</b>	<b>997</b>	<b>9.639</b>	<b>(286)</b>	<b>32.196</b>	<b>(1.452)</b>				<b>30.744</b>				
Rekstrargjöld samþals	(11.919)	(1.189)	(2.398)	(2.068)	(2.253)	(1.308)	(268)	(863)	(22.266)	210				(22.056)				
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	561	-	-	(2)	826	-	-	32	1.417	-				1.417				
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>(8.638)</b>	<b>(14.543)</b>	<b>15.681</b>	<b>2.148</b>	<b>8.756</b>	<b>(311)</b>	<b>9.371</b>	<b>(1.117)</b>	<b>11.347</b>	<b>(1.242)</b>				<b>10.105</b>				
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	(3.800)	(11.852)	28.809	10.221	(2.892)	960	10.681	69	32.196									
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	6.520	(1.502)	(10.730)	(6.003)	13.075	37	(1.042)	(355)	0					0				
<b>Rekstrartekjur samþals</b>	<b>2.720</b>	<b>(13.354)</b>	<b>18.079</b>	<b>4.218</b>	<b>10.183</b>	<b>997</b>	<b>9.639</b>	<b>(286)</b>	<b>32.196</b>									
<b>Eignir samþals</b>	<b>486.403</b>	<b>24.579</b>	<b>365.490</b>	<b>123.225</b>	<b>558.934</b>	<b>3.638</b>	<b>29.770</b>	<b>7.134</b>	<b>1.599.173</b>	<b>(463.691)</b>				<b>1.135.482</b>				
<b>Skuldir samþals</b>	<b>457.545</b>	<b>18.246</b>	<b>304.513</b>	<b>102.452</b>	<b>483.429</b>	<b>3.156</b>	<b>22.454</b>	<b>7.134</b>	<b>1.398.929</b>	<b>(463.691)</b>				<b>935.238</b>				
<b>Úthlutað eigið fé</b>	<b>28.858</b>	<b>6.333</b>	<b>60.977</b>	<b>20.773</b>	<b>75.505</b>	<b>482</b>	<b>7.316</b>	<b>0</b>	<b>200.244</b>	<b>0</b>				<b>200.244</b>				



## Skýringar við samstæðuársreikning

### Skýringar við efnahagsreikning

#### 7. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS 39 "Fjármálagerningar, Skráning og mat", ber að flokka fjáreignir og fjárskuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þessar eignir og skuldir eftir upphaflega skráningu þeirra. Um síðara mat hvers flokks fer sem hér segir:

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Veltufjáreignir og veltufjárskuldir, metnar á gangvirði;
- Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2011:

Fjáreignir	Lán og kröfur	Veltufjár- eignir/ skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Aðrar skuldir á gangvirði	Samtals bókfært virði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	8.823	-	-	-	-	8.823	8.823
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	112.547	93.063	16.238	-	-	221.848	221.848
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	1.224	44.813	-	-	46.037	46.037
Afleiðusamningar	-	159	-	-	-	159	159
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	100.133	-	-	-	-	100.133	100.133
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	639.130	-	-	-	-	639.130	669.227
Aðrar fjáreignir	4.321	-	-	-	-	4.321	4.321
<b>Samtals</b>	<b>864.954</b>	<b>94.446</b>	<b>61.051</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.020.451</b>	<b>1.050.548</b>
<b>Fjárskuldir</b>							
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	-	-	112.876	-	112.876	112.876
Innlán frá viðskiptavinum	-	-	-	443.590	-	443.590	443.582
Afleiðusamningar og skortstöður	-	7.916	-	-	-	7.916	7.916
Veðtryggt skuldabréf	-	-	-	277.076	-	277.076	277.076
Skilyrt skuldabréf	-	-	-	-	60.826	60.826	60.826
8) Kvörtun Arion banka til ESA, ætlaðir ríkisstyrkir. ESA hefur einnig til skoðunar kvörtun frá Arion banka dagsetta þann 16. september 2011. Kvörtunin felur í sér að Landsbankinn njóti ríkisstyrkja sem raski samkeppnismarkaði bankanna. Því er haldið fram að ríkisstyrkurinn birtist í því að ríkið geri ekki eðlilega kröfu um greiðslu arðs af rekstri bankans heldur hafi fjármuninum verið varið í að greiða úr skuldavanda einstaklinga í kjölfar bankahruns. Landsbankinn hefur svarað kvörtuninni með erindi til ESA þar sem fram kemur að arðgreiðslur bankans til hluthafa séu með eðlilegum hætti og sú staðreynd að Landsbankinn bjóði viðskiptavinum sínum betri kosti en aðrir bankar sé ótengt eignarhaldi hans. ESA hefur málið til skoðunar og hefur ekki ákveðið að hefja formlega rannsókn á málinu.

#### Önnur málaferli

9) Þrotabú Norðurturnsins ehf. gegn Eignarhaldsfélaginu Smáralind ehf. Þrotabú Norðurturnsins ehf. hefur stefnt Eignarhaldsfélaginu Smáralind ehf. sem er í eigu Regins, dótturfélags Landsbankans, til greiðslu 1,3 milljarða króna ásamt dráttarvöxtum frá 30. mars 2009. Stefna þrotabúsins var lögð fram í héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. nóvember 2011. Krafan byggist á því að Norðurturninn ehf. byggði bílastæðahús sambyggt verslunarmiðstöðinni Smáralind í tengslum við aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir félagsins. Þrotabúið heldur því fram að samningur hafi verið á milli Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. (ES) og Norðurturnsins ehf. um byggingu bílastæðahússins enda væri það til hagsbóta fyrir viðskiptavinum verslunarmiðstöðvarinnar og að ES hafi samþykkt að greiða 1,3 milljarða króna af verkinu. Af hálfu ES er því haldið fram að slíkt loforð hafi aldrei verið gefið. Að mati lögmannna ES er málgrundvöllur þrotabúsins á veikum grunni byggður og þykir ólíklegt að þrotabúið fái kröfu sína staðfesta fyrir dómi. Falli dómur á þann veg mun Landsbankinn bera ábyrgð á greiðslu kröfunnar í samræmi við yfirlýsingu þar um.

10) Mál Hestafls ehf. gegn Landsbankanum hf., krafa um greiðslu á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar. Hestafl gerir kröfu um að fá greiddar 230 milljónir króna á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar sem gefin var út í tengslum við kaup Hestafls á öðru félagi sem hafði í hyggju að reisa fasteignir á Selfossi. Greiðsluábyrgð Landsbankans samkvæmt skilmálum tryggingarbréfsins hefði stofnast við ákveðna fyrirhugaða áfanga framkvæmdanna. Í ljósi þess að framkvæmdum var hætt áður en þær næðu nokkrum af nefndum áföngum bar Landsbankanum ekki að greiða á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Aðalmeðferð málsins fyrir héraðsdómi Reykjavíkur er á dagskrá þann 8. júní 2012.

### 38. Veðsettar eignir

Samkvæmt veðsetningarsamningi (e. pledge agreement) sem bankinn og Landsbanki Íslands hf. skrifuðu undir þann 12. október 2010 er hluti af útlánasafni bankans sett að veði til tryggingar á veðtryggðum skuldabréfum útgefnum þann 12. október 2010 (sjá skýringu 20) og skilyrta skuldabréfsins sem bankinn kann að gefa út á Landsbanka Íslands hf. (sjá skýringu 21). Bankinn er skuldbundinn til að viðhalda 127,5% (353.272 milljónir króna) (31.12.2010: 333.174 milljónir króna) veðhlutfalli á veðtryggðu skuldabréfunum. Hins vegar nemur veðtryggingin vegna veðtryggðu skuldabréfanna 365.449 milljónum króna þann 31. desember 2011 (31.12.2010: 356.290 milljónum króna). Þegar búið verður að gefa út skilyrta skuldabréfið verður bankinn að veðsetja eignir fyrir skuldabréfinu með 118% lágmarks veðhlutfalli. Engar eignir verða veðsettar fyrir skilyrta skuldabréfið áður en það verður gefið út. Veðsettar eignir sem bættast við hið veðsetta safn verða að standast ákveðnar kröfur.

Þessu til viðbótar hefur bankinn sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum við Seðlabankann að fjárhæð 5.789 milljónir króna í árslok 2011 (2010: 5.500 milljónir króna) til þess að tryggja uppgjör í íslenska greiðsluferfinu. Frekari veðsetningar hafa átt sér stað í venjulegum bankaviðskiptum vegna nettunar- og skuldajöfnunarfyrirkomulags að heildarfjárhæð 12.858 milljónir króna í árslok 2011 (2010: 7.123 milljónir króna).

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 39. Leigusamningar

#### Skuldbindingar vegna rekstrarleigu þar sem samstæðan er leigutaki

Í þeim tilfellum þar sem bankinn er leigutaki, voru áætlaðar lágmarksleigugreiðslur, sem falla undir óuppsegjanlega rekstrarleigu, sem hér segir þann 31. desember:

	2011	2010
Innan 1 árs	47	29
Eftir 1 til 5 ár	339	172
Eftir meira en 5 ár	183	271
<b>Samtals</b>	<b>569</b>	<b>472</b>

#### Rekstrarleiga þar sem samstæðan er leigusali

Samstæðan er leigusali í þeim tilvikum sem tæki og áhöld eru keypt og leigð þriðja aðila með skipan sem fellur í raun undir lán og kröfur sem færðar eru samkvæmt IAS 39 í ársreikningi samstæðunnar.

Væntanlegar lágmarksleigugreiðslur sem falla undir óuppsegjanlega rekstrarleigu voru sem hér segir þann 31. desember:

	2011	2010
Innan 1 árs	2.118	3.356
Eftir 1 til 5 ár	3.135	3.570
Eftir meira en 5 ár	278	407
<b>Samtals</b>	<b>5.531</b>	<b>7.333</b>

#### Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigu þar sem samstæðan er leigusali

Samstæðan er leigusali í þeim tilvikum sem varanlegir rekstrarfjármunir eru leigðir þriðja aðila með skipan sem fellur undir fjármögnunarleigu. Fjármögnunarleigukröfur á viðskiptavini eru færðar meðal lána og krafna á viðskiptavini í ársreikningi samstæðunnar.

Hreinar fjárfestingar í fjármögnunarleigukröfum eru eftirfarandi:

	Brúttó- fjárfesting í fjármögn- unarleigu	Framtíðar fjármagns- tekjur	Núvirði lágmarks- leigu- greiðslna
<b>31. desember 2011</b>			
Innan 1 árs	9.229	(901)	8.328
Eftir 1 til 5 ár	15.961	(1.236)	14.725
Eftir meira en 5 ár	2.086	(162)	1.924
<b>Samtals</b>	<b>27.276</b>	<b>(2.299)</b>	<b>24.977</b>
<b>31. desember 2010</b>			
Innan 1 árs	7.573	(1.412)	6.161
Eftir 1 til 5 ár	16.870	(2.065)	14.805
Eftir meira en 5 ár	1.306	(41)	1.265
<b>Samtals</b>	<b>25.749</b>	<b>(3.518)</b>	<b>22.231</b>

Ótryggt hrakvirði í lok árs 2011 er núll (2010: núll).

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 40. Fjárvarsla

Samstæðan veitir fjárvörslu-, eignastýringar-, fjárfestingastýringar- og ráðgjafþjónustu. Í því felst að samstæðan tekur ákvarðanir um ráðstöfun, kaup og sölu ýmissa fjármálagerna. Eignir í vörslu bankans eru ekki taldar fram í reikningsskilunum þar sem þær eru ekki eignir bankans. Hluti þessarar þjónustu hefur í för með sér að samstæðan samþykkir markmið og viðmið fyrir fjárfestingu eigna í hans vörslu. Þann 31. desember 2011 námu heildareignir í stýringu samstæðunnar 112 milljörðum króna (2010: 100 milljörðum króna). Heildareignir í vörslu bankans námu 1.093 milljörðum króna (2010: 998 milljörðum króna).

### 41. Viðskipti við tengda aðila

#### Tengdir aðilar

Ríkissjóður Íslands, fyrir hönd íslenska ríkisins, á 81,3% hlut í bankanum í árslok 2011. Þær stofnanir og fyrirtæki sem tengjast ríkinu og flokkast sem tengdir aðilar eru: Fjármálaráðuneytið, Bankasýsla ríkisins og stofnanir sem tengjast þeim.

Viðskipti á milli bankans og dótturfyrirtækja hans falla undir skilgreiningu um viðskipti á milli tengdra aðila. Öllum viðskiptum við dótturfélög er eytt út við samstæðureikningsskil og birtast þar af leiðandi ekki í ársreikningi samstæðunnar. Helstu dótturfyrirtæki bankans 31. desember 2011 voru eftirfarandi:

Fyrirtæki	Eignahagsmunir	Starfsemi
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Horn fjárfestingarfélag ehf. (Ísland)	100%	Fjárfestingafyrirtæki
Reginn hf. (Ísland)	100%	Fasteignafélag
Landsvaki hf. (Ísland)	100%	Umsjón með verðbréfasjóðum
Landsbréf hf. (Ísland)	100%	Umsjón með verðbréfasjóðum
Hömlur ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Blámi - fjárfestingarfélag ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Vörður líftryggingar hf. (Ísland)	60%	Tryggingafélag
Landsbanki Vatnsafl ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Span ehf. (Ísland)	100%	Upplýsingatækniþjónusta
Landsbanki Holdings UK plc. (Bretland)	100%	Eignarhaldsfélag

Landsbanki Íslands hf. hefur veruleg áhrif yfir bankanum, óbeint í gegnum dótturfélag sitt Landsskil ehf. sem á 18,7% hlut í bankanum. Landsskil ehf. skipar einn af fimm bankaráðsmönnum bankans og Landsbanki Íslands hf. hefur einnig áhrif í gegnum áheyrnarfulltrúa sína í ýmsum nefndum bankans. Þó að fyrrgreindir áheyrnarfulltrúar hafi ekki rétt til að taka þátt í ákvörðunarferlinu á fundum hjá nefndum bankans geta þeir komið á framfæri athugasemdum sínum fyrir utan fundina, sem getur haft mikil áhrif á lokaávarðanir. Vegna eignarhaldsins, fulltrúa í bankaráði og áhrifa í gegnum nefndir bankans fellur Landsbanki Íslands hf. undir skilgreininguna tengdur aðili.

Lykilstjórnendur bankans og þeir sem tengjast þeim nánum fjölskyldutengslum falla undir skilgreininguna á tengdum aðilum og í sumum tilfellum lykilstjórnendur dótturfélaga bankans. Lykilstjórnendur bankans eru: bankaráð, bankastjóri, framkvæmdastjórar og aðrir stjórnendur sem hafa völd og ábyrgð til þess að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með rekstri bankans. Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins falla undir skilgreininguna á lykilstjórnendum bankans vegna valdsviðs þeirra til þess að hafa áhrif á stefnu bankans.

#### Viðskipti við tengda aðila

##### (a) Viðskipti við íslenska ríkið og ríkisfyrirtæki

Vörur og þjónusta samstæðunnar eru boðnar íslenska ríkinu og ríkisfyrirtækjum (þar með talið öðrum bönkum í eigu ríkisins) í samkeppni við aðra og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Með sama hætti kaupir bankinn og aðrir aðilar tengdir bankanum vörur og þjónustu frá ríkisfyrirtækjum á markaðsverði og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Eðli og útistandandi kröfur á opinbera aðila koma fram í skýringu 54.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 41. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

#### (b) Viðskipti við aðra tengda aðila

Innlán Landsbanka Íslands hf. hjá bankanum námu 29.942 milljónum króna þann 31. desember 2011 (2010: 33.418 milljónum króna). Á árinu 2011 færði bankinn 324 milljónir króna sem tekjur vegna umsýsluþjónustu við Landsbanka Íslands hf. sem byggist á þjónustusamningi milli bankanna (2010: 479 milljónir króna).

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir útlána til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og útlán til dóttur- og hlutdeildarfélaganna:

	2011		2010	
	Staða í árslok	Stærstu útistandandi fjárhæðir á árinu	Staða í árslok	Stærstu útistandandi fjárhæðir á árinu
<b>Útlán í milljónum króna</b>				
Lykilstjórnendur	112	133	161	200
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	247	299	250	331
Hlutdeildarfélag	48.136	84.971	7.273	7.307
<b>Samtals</b>	<b>48.495</b>	<b>85.403</b>	<b>7.684</b>	<b>7.838</b>

Engin sértæk virðisrýrnun var færð vegna þessara lána.

Engar ábyrgðir, veð eða loforð hafa verið gefin út eða innleyst vegna þessara viðskipta á tímabilinu sem reikningsskilin ná til. Jafnframt eru engir leigusamningar milli tengdra aðila á tímabilinu.

#### (c) Greiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra

Laun og hlunnindi fyrir árið 2011 í milljónum króna	Laun og hlunnindi	Starfsloka-greiðslur*	Samtals
Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs	6,4	-	6,4
Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður bankaráðs	5,1	-	5,1
Guðríður Ólafsdóttir, í bankaráði	1,6	-	1,6
Þórdís Ingadóttir, í bankaráði	4,1	-	4,1
Ólafur Helgi Ólafsson, í bankaráði	4,1	-	4,1
Andri Geir Arinbjarnarson, varamaður í bankaráði	4,4	-	4,4
Aðrir varamenn í bankaráði bankans	3,5	-	3,5
Steinþór Pálsson, bankastjóri	13,9	-	13,9
8 framkvæmdastjórar	168,0	-	168,0
Framkvæmdastjórar dótturfélaganna Vestia, Horn, Reginn, Landsvaki og SP fjármögnun	77,3	24,0	101,3
<b>Samtals</b>	<b>288,4</b>	<b>24,0</b>	<b>312,4</b>

\*Hlunnindi eru ópeningaleg hlunnindi í formi frjálsra afnota bifreiða í eigu bankans.

Framlag samstæðunnar í sjálfstæða iðgjaldatengda lífeyrissjóði vegna bankaráðs, bankastjóra og framkvæmdastjóra nam 46 milljónum króna.

Á árinu 2011 námu heildarmánaðarlaun og -hlunnindi núverandi bankastjóra 1,2 milljónum króna. Mánaðarlaun og -hlunnindi núverandi framkvæmdastjóra bankans námu 1,8 milljónum króna að meðaltali á árinu 2011.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 41. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

#### (c) Greiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra (framhald)

Laun og hlunnindi fyrir árið 2010 í milljónum króna	Laun og hlunnindi	Starfsloka-greiðslur*	Samtals
Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs	5,3	-	5,3
Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður bankaráðs	3,8	-	3,8
Guðríður Ólafsdóttir, í bankaráði	3,0	-	3,0
Þórdís Ingadóttir, í bankaráði	2,6	-	2,6
Ólafur Helgi Ólafsson, í bankaráði	0,6	-	0,6
Andri Geir Arinbjarnarson, varamaður í bankaráði	2,7	-	2,7
Fyrirverandi bankaráðsmenn	2,9	-	2,9
Aðrir varamenn í bankaráði bankans	1,1	-	1,1
Ásmundur Stefánsson, fyrrv. bankastjóri*	6,0	9,3	15,3
Steinþór Pálsson, bankastjóri	7,9	-	7,9
8 framkvæmdastjórar	57,8	-	57,8
5 fyrirverandi framkvæmdastjórar*	74,5	70,8	145,3
Framkvæmdastjórar dótturfélaganna Vestia, Horn, Reginn, Landsvaki og SP fjármögnun	56,0	-	56,0
<b>Samtals</b>	<b>224,2</b>	<b>80,1</b>	<b>304,3</b>

\*Allar greiðslur vegna starfsloka sem komu til greiðslu á árinu 2011 voru að fullu færðar til gjalda í rekstrarreikningi á árinu 2010.

Á árinu 2010 námu heildarmánaðarlaun og -hlunnindi núverandi bankastjóra 1,1 milljón króna. Mánaðarlaun og -hlunnindi núverandi framkvæmdastjóra bankans námu 1,5 milljónum króna að meðaltali á árinu 2010. Heildarmánaðarlaun og -hlunnindi til fyrirverandi bankastjóra námu 1,3 milljónum króna að meðaltali á árinu 2010. Mánaðarlaun og -hlunnindi fyrirverandi framkvæmdastjóra bankans námu 1,5 milljónum króna að meðaltali á árinu 2010.

Bankinn keypti bifreiðar af tveimur núverandi framkvæmdastjórum sínum við ráðningu þeirra til bankans. Kaupverð bifreiðanna nam 7 milljónum króna, sem var það sama og matsverð þeirra á þessum tíma. Bifreiðarnar eru óseldar í árslok 2011.

#### (d) Viðskipti við fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins

Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins fengu engin laun eða hliðstæðar greiðslur frá samstæðunni á árinu 2011. Samstæðan átti ekki í viðskiptum við þessa aðila eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum önnur en útlána- og innlána viðskipti undir hefðbundnum viðskiptabankaformverkjum, að undanskildum kaupum á Rose Invest hf., rekstrarfélag verðbréfasjóða, sem var í helmingseigu Sigurðar B. Stefánssonar stjórnarmanns í Bankasýslu ríkisins.

Þann 9. mars 2011 lauk Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., sem er dótturfélag bankans, kaupum á öllum hlutum í félaginu Rose Invest hf., sem var í helmingseigu Sigurðar B. Stefánssonar, stjórnarmanns í Bankasýslu ríkisins. Sigurður B. Stefánsson tók ekki þátt í stjórnarstörfum fyrir ISFI eftir að samningaviðræður við bankann hófust og sagði sig úr stjórninni í febrúar 2011. Rose Invest hf. hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu og fjárfestingaráðgjöf. Kaupin munu styrkja stöðu bankans enn frekar á sviði eigna- og sjóðastýringar þar sem stofnendur Rose Invest hf., þ.m.t. Sigurður B. Stefánsson, hafa gengið til liðs við Eignastýringu bankans. Kaupverðið fyrir hluti Sigurðar B. Stefánssonar nam 23,7 milljónum króna og var greitt af Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 42. Atburðir eftir reikningsskiladag

Aðalatburðir eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings samstæðunnar eru eftirfarandi:

Þann 15. febrúar 2012 úrskurðaði Hæstiréttur að lánveitanda væri óheimilt að nota viðmiðunarvexti Seðlabanka Íslands við ákveðnar aðstæður sem tilteknar eru í dóminum, m.a. vegna þess að lánveitandi hafði gefið út fullnaðarkvittanir fyrir greiðslur afborgana. Mál þetta varðaði ekki bankann en kann þó að skipta máli fyrir bankann. Við útgáfu ársreiknings þessa er ekki fyllilega ljóst hvaða fordæmisgildi dómurinn hefur. (Sjá skýringu 4 (h)).

Þann 9. febrúar 2012 úrskurðaði Héraðsdómur Reykjavíkur í ágreiningi milli bankans og slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. varðandi flokkun á kröfu bankans á hendur þrotabúi Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 7,1 milljarð króna. Áður hafði slitastjórnin hafnað kröfu bankans um að krafan nyti stöðu sem sértökukrafa en samþykkt að krafan nyti stöðu sem almenn krafa viðskiptin. Málsástæður eru þær að þann 25. október 2008 ofgreiddi bankinn til skilaneftndar Landsbanka Íslands hf. fjárhæð sem nam 7,1 milljarði króna vegna uppgjörs á milli Landsvaka og Landsbanka Íslands hf. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði að flokkun kröfunnar félli undir 1. mgr. 109. gr. í kafla nr. XVII í gjaldþrotalögum nr. 21/1991 og þar með flokkaðist krafan sem sértökukrafa. Slitastjórnin hefur áfrýjað úrskurðinum til Hæstaréttar. Bókfært virði kröfunnar er 3,7 milljarðar króna og ef Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms mun bankinn færa hagnað að fjárhæð 3,4 milljarðar í rekstrareikning á árinu 2012 (sjá skýringu 16).

Þann 6. janúar 2012 náði stjórn Sparisjóðs Svarfdæla og bankinn samkomulagi þar sem bankinn kaupir allar eignir og rekstur sparisjóðsins. Samkomulagið felur í sér að bankinn tekur yfir skuldbindingar vegna innlána og víkjandi láns að heildarfjárhæð 3,2 milljarðar króna og greiðir sparisjóðnum 165 milljónir króna. Landsbankinn tekur sömuleiðis yfir rekstrartengdar skuldbindingar sparisjóðsins. Salan var samþykkt á stofnfjárhafafundi sparisjóðsins þann 24. janúar 2012. Endanleg sala rekstrar er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA.

## Skýringar við samstæðuáreikning

### Áhættustýring eiginfjár

#### 43. Áhættustýring eiginfjár

Stefnumörkun og ferlar samstæðunnar í tengslum við áhættustýringu eigin fjár tryggja að samstæðan hafi nægt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum.

Áhættustýringarferill eigin fjár samstæðunnar samanstendur af fjórum þáttum eru háðir hver öðrum: Mat á eiginfjárbörf, áhættuvilji/eiginfjármarkmið, áætlanagerð um eiginfjárbörf og skýrslugjöf/eftirlit.

Kröfur um eiginfjárbörf eru skilgreindar af tveimur ytri aðilum. Auk þess leggur samstæðan sjálfstætt mat á innri eiginfjárbörf. Lágmarkskrafan um eiginfjárlutfall samkvæmt Basel er 8% á meðan hún er 16% samkvæmt fjármálaeftirlitinu (FME) eða 8% ofan á Basel kröfuna. Samstæðan notar frjálsu fjárbindingaraðferðina („Economic Capital“) sem byggir á innri eiginfjárlutfalls matsferli („Internal Capital Adequacy Assessment Process“ (ICAAP)) fyrir álagsprófanir og til að meta kröfur um lágmarks eiginfjárlutfall sitt við mismunandi aðstæður.

Samstæðan fylgist reglulega með og metur núverandi áhættur helstu viðskiptaæininga og helstu áhættuflokka. Áhættuviljinn segir til um þá áhættu sem samstæðan er reiðubúin til að taka á sig til að ná viðskiptalegum markmiðum sínum.

Áætlanir um eiginfjárbörf byggjast á viðskipta- og fjárhagsáætlun samstæðunnar sem og álagsprófum. Viðskipta- og fjárhagsáætlanir setja fram þróun á eiginfjárbörf og tiltækt eigið fé á meðan álagspróf í eiginfjárlutfalls matsferlinu segir til um gjaldþol samstæðunnar og raunverulegt eigið fé við mismunandi aðstæður. Skýrslugjöf og eftirlit á eiginfjárbörfinni er aðallega í formi ársfjórðungslegra skýrslna til stjórnenda og skýrslu um innri eiginfjárlutfalls matsferilinn (ICAAP).

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að samstæðan skuli viðhalda minnst 12,0% eiginfjárlutfalli skv. eiginfjárbætti A til eigi skemmri tíma en þriggja ára frá stofnun, nema FME endurskoti ákvörðun sína. Samstæðan þarf enn fremur að viðhalda eiginfjárlutfalli (CAD hlutfalli) yfir 16,0% nema FME samþykki lægra hlutfall á grunni aukins aðgengis bankans að viðbótar eigin fé. Þetta hlutfall er hærra en núverandi eiginfjárbörf út frá innra mati (ICAAP) sem bankinn framkvæmdi.

#### 44. Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall

Eigið fé samstæðunnar var 200.244 milljónir króna þann 31. desember 2011 (2010: 184.866 m.kr.), eða 17,6% (2010: 17,1%) af heildareignum, skv. efnahagsreikningi samstæðunnar. Eiginfjárlutfallið, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálastofnanir, var 21,4% (2010: 19,5%) í árslok. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

<b>Eiginfjárgrunnur</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Hlutfé	24.000	24.000
Yfirverð	123.898	123.898
Lögbundinn varasjóður	3.781	2.932
Óráðstafað eigið fé	47.952	31.828
Hlutir aðrir en ráðandi hlutir	613	2.208
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>200.244</b>	<b>184.866</b>
Óefnislegar eignir	(681)	(878)
Frestaðar skattainneignir	(3.003)	(1.522)
<b>Eiginfjárbáttur A</b>	<b>196.560</b>	<b>182.466</b>
Frádráttur og annað eigin fé	(4.531)	(3.888)
<b>Eiginfjárgrunnur</b>	<b>192.029</b>	<b>178.578</b>

<b>Áhættuvegnar eignir</b>		
Útlánaáhætta	696.402	699.716
Markaðsáhætta	120.557	144.745
Rekstraráhætta	81.500	69.987
<b>Áhættugrunnur samtals</b>	<b>898.459</b>	<b>914.448</b>

Eiginfjárbáttur A	21,9%	20,0%
Eiginfjárlutfall	21,4%	19,5%



## Skýringar við samstæðuársreikning

### Áhættustýring

#### 45. Mikilvægar fjárhagslegar áhættur

Bankinn stendur frammi fyrir eftirfarandi mikilvægum áhættum vegna fjármálagerna:

- Útlánaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta
  - Gjalddeyrisáhætta
  - Vaxtaáhætta
  - Önnur verðáhætta

Bankinn skoðar einnig aðra viðeigandi áhættuþætti, svo sem rekstraráhættu og áhættu varðandi regluvörslu og lög.

Fjallað er um ofangreindar mikilvægar áhættur í skýringunum hér á eftir.

#### 46. Áhættustýringarferli

Áhættuvilji samstæðunnar hefur verið endurbættur og verið er að innleiða nýjar mælingar til að styðja við áhættuviljann. Yfirlýsing um áhættuvilja samstæðunnar er:

Stefna Landsbankans er að taka aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Bankinn stefnir að því að vera metinn til jafns við bestu banka á Norðurlöndum í sambærilegum rekstri.

Landsbankinn leitast við að viðhalda traustum viðskiptasamböndum. Hann mun nýta tækifæri á mörkuðum til að tryggja dreifða og trausta fjármögnun. Landsbankinn forðast að tengjast viðskiptum sem geta skaðað orðspor hans.

Bankinn stofnar til viðskipta með það að markmiði að takmarka sveiflur í starfsemi sinni og að vera ávallt í stakk búinn til að standast áföll. Viðskipti bankans tekur mið af stöðu bankans og viðskiptavina hverju sinni svo og mögulegra innbyrðis tengsla þeirra. Arðsemi bankans skal metin út frá áhættu í rekstri.

Fyrirtækjamening Landsbankans einkennist af faglegum vinnubrögðum og ferlum sem styðja við öflugna áhættustefnu. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun áhættu sem verður til innan þeirra eininga. Ákvarðanir eru teknar að undangenginni ítarlegri og faglegri umræðu um helstu kosti með langtíma hagsmuni bankans að leiðarljósi. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er samofin allri starfsemi bankans.

Áhættustefnu er framfylgt með markmiðasetningu, viðskiptastefnu, innri reglum og mörkum með tilliti til laga og reglna á fjármálamarkaði.

Áhætta er eðlislæg í starfsemi bankans. Áhættu er stýrt með samfelldri greiningu, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum eftirlitsþáttum. Áhættugreining felst í að greina uppruna og gerð hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi bankans. Áhættumæling felur í sér viðeigandi mælingu á greindum áhættuþáttum til að hægt sé að stýra og fylgjast með þeim. Síðast en ekki síst tryggir áhættueftirlit fylgni við reglur og ferla og samræmi við áhættuvilja samstæðunnar.

Markmið áhættureglna og ferla bankans er að tryggja að áhætta í rekstri hans sé þekkt, mæld og vöktuð og að henni sé stýrt með virkum hætti. Áhættu er stýrt þannig að tryggt sé að hún haldist innan þeirra marka sem bankinn hefur sett sér, áhættuvilja samstæðunnar og þannig að hún samræmist kröfum eftirlitsaðila. Bankinn hefur innleitt stefnu í uppbyggingu áhættu í safni sínu til að tryggja að flókt sem getur haft áhrif á eigið fé og afkomu bankans sé takmarkað og viðráðanlegt.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 47. Áhættustýringarramma

Stjórnskipulag áhættustýringar samstæðunnar í árslok 2011 er sem hér segir:

<b>Eftirlit bankaráðs</b>	<b>Bankaráð</b>				
	Innri endurskoðun, Starfskjaranefnd, Endurskoðunar- og áhættunefnd, Stjórnarháttanefnd				
<b>Helstu stjórnunareiningar og nefndir</b>	<b>Bankastjóri</b>				
	Áhættu- og fjármálanefnd Lánanefnd Framkvæmdanefnd				
<b>Tegundir áhættu</b>	Regluvörslu áhætta	Útlána áhætta	Markaðs áhætta	Rekstrar áhætta	Lausafjár áhætta

Bankaráð ber ábyrgð á mótun og eftirliti með almennt áhættustýringarstefnu samstæðunnar og ákvörðunum um áhættuvilja. Bankastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd þessara þátta í öllu stjórnskipulagi og nefndum. Bankastjóri hefur stofnað Áhættu- og fjármálanefnd, Lánanefnd og Framkvæmdanefnd. Þessar nefndir bera ábyrgð á þróun og eftirliti með áhættustýringarstefnum bankans á sínum sviðum.

Bankastjóri á sæti í þremur nefndum sem hver fyrir sig fjallar um mismunandi áhættuþætti: Áhættu- og fjármálanefnd, Lánanefnd og Framkvæmdanefnd. Lánanefnd fjallar um útlánaáhættu og Áhættu- og fjármálanefnd um markaðsáhættu og lausafjáraáhættu. Áhættu- og fjármálanefnd fylgist með allri áhættu bankans og ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við áhættuvilja og áhættutakmörk bankans. Að auki sér nefndin um að yfirfara og samþykkja allar breytingar á áhættulíkönunum áður en þær eru lagðar fyrir bankaráð. Bankastjóri situr einnig fundi Framkvæmdanefndar, sem er samráðsvettvangur bankastjóra og framkvæmdastjóra, þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi í málefnum hvers sviðs. Framkvæmdanefnd tekur allar helstu ákvarðanir sem ekki er fjallað um á öðrum vettvangi eða í öðrum fastanefndum.

Áhættustýringarsvið ber ábyrgð á stýringu áhættu innan bankans með setningu og framkvæmd takmarkana. Dótturfélög bankans hafa eigin áhættustýringareiningar en Áhættustýring fær upplýsingar um áhættuskuldbindingar frá dótturfélögunum og setur þær í samhengi við skuldbindingar samstæðunnar.

Regluvarsla hefur eftirlit með því að reglum um verðbréfa- og innherjaviðskipti, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og öðrum viðeigandi lögum og reglum sé framfylgt á samstæðugrundvelli. Regluvarsla fylgist einnig með því að samstæðan starfi í samræmi við siðareglur og reglur um markaðsmisnotkun, hagsmunaaðreksstra og bestu starfshætti. Regluvarsla er ein af stöðdeildum samstæðunnar og er hluti af fyrirtækjamenningu hennar.

Innri endurskoðun er hluti af áhættustýringarramma bankans auk þess að vera þáttur í eftirlitskerfi hans. Markmið Innri endurskoðunar er að staðfesta að innra eftirlitskerfi bankans, þar með talið áhættustjórnun sé fullnægjandi og virk. Skilvirkni áhættustýringar og áhættustýringarferla samstæðunnar, þ.m.t. ICAAP ferlið, er metið af Innri endurskoðun sem skilar niðurstöðum til bankaráðs. Starfsemi Innri endurskoðunar tekur til allra starfseininga, einnig dótturfélaga bankans.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 48. Áhættustýringarsvið

Undir Áhættustýringarsvið heyrja sex deildir.

- Útlánastýring ber ábyrgð á mati á áhættu vegna lánveitinga til viðskiptavina umfram útlánaheimild einstakra starfseininga og til viðskiptavina sem eru flokkaðir gulir, appelsínugulir eða rauðir (sjá skýringu 52) og hefur neitunarvald í þeim efnnum. Ákvörðun um lánveitingar umfram heimild Áhættustýringar er vísað til Lánanefndar bankans.
- Útlánaeftirlit ber ábyrgð á útlánaáættu í lánasafni bankans. Deildin notar EWS-vöktunarkerfi (Early Warning System) sem flokkar viðskiptavini og færir þá milli flokkanna: staðlað/eðlilegur rekstur, vöktunarlisti og endurskipulagning. Deildin vinnur einnig með öðrum deildum að greiningu á stórum áhættuskuldbindingum og virðisrýrnun.
- Eigna- og skuldaáættudeild sér um mælingar og eftirlit með markaðsáættu, lausafjáráættu og vaxtaáættu utan veltubókar samstæðunnar. Eigna- og skuldaáættudeild ber einnig ábyrgð á mótaðilaáættu í afleiðuviðskiptum samstæðunnar. Að auki sinnir hún eftirliti með sjóðum í eigu bankans og félögum tengdum honum ásamt sjóðum í stýringu hjá bankanum.
- Rekstraráættudeild ber ábyrgð á að tryggja að rekstraráættu í starfseminni sé þekkt og að bankinn innleiði, viðhaldi og hafi eftirlit með skilvirkum ramma um stýringu á rekstraráættu.
- Hlutverk Innri áhættulíkana er að þróa og viðhalda innri líkönum bankans og tengdum ferlum til að mæla áættu, þ.m.t. að tengja áættu við eigið fé, auk þess að styðja við innleiðingu slíkra líkana og ferla innan bankans. Deildin ber einnig ábyrgð á greiningu á útlánaáættu og upplýsingagjöf þar að lútandi til eftirlitsaðila og innan bankans.
- Hagfræðideild sér um greiningu á ytra efnahagsumhverfi bankans, bæði á Íslandi og erlendis, sem getur haft áhrif á starfsemina. Upplýsingarnar nýtast stjórnendum við áætlanagerð, áhættustýringu og ákvarðanatöku. Hvað varðar áhættustýringu er meginhlutverk deildarinnar að hanna og greina sviðsmyndir sem notaðar eru í álagsprófanaferli áhættustýringar.

### Útlánaáættu

#### 49. Útlánaáættu

Útlánaáættu er skilgreind sem áhættan á að bankinn verði fyrir tjóni standi mótaðili ekki við skuldbindingar sínar.

Útlánaáættu er stærsta einstaka áhættan sem bankinn stendur frammi fyrir og hún verður aðallega til vegna útlána og krafna á viðskiptavini, fjárfestinga í skuldabréfum, útgefinna ábyrgða og lánsloforða, skjalaábyrgða og mótaðilaáættu í afleiðuviðskiptum. Vegna fjármálakreppunnar ríkir talsverð óvissa um endurheimtu af lánasafni bankans. Hefðbundnar mælingar á útlánaáættu endurspeglar þessa óvissu.

#### 50. Stýring útlánaáættu

Stýring samstæðunnar á útlánaáættu byggir á virku eftirliti af hálfu bankaráðs, bankastjóra, Áhættu- og fjármálanefndar, Lánanefndar og útlánadeildum Áhættustýringarsviðs. Útlánaáættu er stýrt í samræmi við yfirlýstan áhættuvilja og útlánastefnu sem samþykkt er af bankaráði, sem og ítarlegar útlánareglur sem bankastjóri samþykkir. Yfirlýsing um áhættuvilja og útlánastefna kveða á um takmarkanir á áhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga við einstaka lántaka eða hópa lántaka, samþjöppunaráættu og áhættu gagnvart ákveðnum atvinnugreinum. Bankastjóri tryggir að áhættustefnunni sé framfylgt í innri reglum og verkferlum samstæðunnar. Bankastjóri og yfirstjórnendur bankans fylgjast með því að einstaka viðskiptaæiningar starfi í samræmi við áhættustefnuna.

Prepaskiptar útlánaheimildir eru ákvarðaðar út frá stærð viðskiptaæininga, tegund viðskiptavina og reynslu starfsmanna. Útlánaáættuáættu umfram útlánaheimild viðskiptaæininga krefjast samþykkis Útlánastýringar innan Áhættustýringar. Útlánaáættuáættu umfram heimildir Útlánastýringar eru háðar samþykki Lánanefndar bankans. Útlánaáættuáættu umfram heimildir Lánanefndar eru háðar samþykki Lánanefndar bankaráðs, sem fer með hæstu útlánaheimild bankans.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 51. Varnir vegna útlánaáættu

#### Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Varnir vegna útlánaáættu er innbyggt í útlánaáættina ferillinn og trygging útlána með veðum er hefðbundin aðferð til að lágmarka lánsáættu.

Fjárhæð og tegund tryggingarinnar miðast við mat á útlánaáættinni sem tengist gagnadilunum. Bankinn setur reglur um matsaðferðir og viðunandi tegundir trygginga. Útlán bankans eru m.a. tryggð með veði í íbúðar- eða atvinnuhúsnæði, jörðum, verðbréfum, flutningaskipum, fiskiskipum ásamt óframseljanlegum veiðheimildum, flugvéllum o.s.frv. Bankinn tekur einnig veð í kröfum og rekstrarfjármunum, svo sem vélbúnaði og tækjum til tryggingar lánum. Húsnæðislán eru tryggð með veði í undirliggjandi eign. Ekki eru gerðar jafn strangar kröfur til tryggingar skammtímalána til einstaklinga á borð við yfirdráttarlán og kreditkortalán.

Þar sem því verður við komið, fylgist samstæðan með markaðsvirði trygginga og geta krafist aukinna trygginga í samræmi við undirliggjandi lánasamning.

Núverandi umræða og pólitísk umfjöllun um hugsanlegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfi á Íslandi, sem getur falið í sér þrepaskipta afturköllun á kvóta frá núverandi eigendum hans, kann að draga úr virði þeirra fiskiskipa sem eru til trygginga fyrir hluta af útlánasafni bankans til fyrirtækja. Slík breyting kynni því að hafa neikvæð áhrif á útlánasafn bankans. Ómögulegt er að meta slík áhrif nákvæmlega eins og er, þar sem málið er enn til umræðu hjá Alþingi en frumvarp um breytingu laganna er í endurskoðun.

Bankinn er að innleiða nýtt tryggingakerfi. Hið nýja kerfi er þróað innan húss og gerir bankanum kleift að meta gæði og virði veða sem tryggja lánasafnið.

Til að draga frekar úr áættu í tengslum við fjármálagerninga gerir samstæðan jöfnunarsamninga sem gera henni kleift að skuldajafna alla samninga sem jöfnunarsamningurinn tekur til ef til vanskila kemur. Samningarnir ná almennt yfir öll markaðsviðskipti milli bankans og viðskiptamanns.

Almennt eru engar tryggingar teknar fyrir útlánunum og kröfum á fjármála fyrirtæki né heldur fyrir markaðsskuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum tekjum.

#### Afleiðusamningar

Til að draga úr útlánaáættu vegna afleiðusamninga velur bankinn mótaðila út frá ströngum reglum þar sem viðskiptavinir verða að uppfylla skilyrði fagfjárfesta, auk annarra skilyrða. Bankinn gerir einnig hefðbundna rammamninga Verðbréfasáráningar Íslands um skuldajöfnun við erlenda mótaðila og sambærilega jöfnunarsamninga við innlenda mótaðila.

Að auki eru til staðar tryggingarreglur vegna afleiðusamninga. Gerð er krafa um að viðskiptavinir eigi tryggingareikninga þar sem trygging (reiðufé eða ríkisbréf með eigi lægri einkunn en BBB) er í vörslu og stýringu. Innstæða tryggingareikningsins er veðsett bankanum og dregur þannig úr áættu bankans komi til vanskila af hálfu viðskiptavinarins. Tryggingakerfið segir einnig til um að virði tryggingar viðskiptavinarins skuli vera minnst jafnt útlánaígildi afleiðunnar, sem er núvört mögulegt tap af væntu sjóðstreymi afleiðunnar komi til vanskila viðskiptavinar.

Bankinn krefst aukinna trygginga ef innstæða á tryggingareikningi viðskiptavinar er lægri en framlegðin, sem er skilgreind sem hlutfall af nafnverði afleiðunnar og er mismunandi eftir tegund afleiða. Kalli bankinn á aukna tryggingu verður viðskiptavinurinn alla jafna að afla hennar innan tveggja daga til að standa straum af tapi. Að öðrum kosti lokar bankinn öllum eða nokkrum samningum og leysir til sín tryggingar þar til innstæða tryggingareiknings er á ný jöfn útlánaígildi afleiðunnar.

Eftirlitakerfi bankans fylgist með stöðu afleiðusamninga innan dags, kallar á auknar tryggingar og heldur utan um jöfnunarsamninga.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 52. Mæling útlánaáhattu

Bankinn fylgist með áhættum til að greina merki um minnkandi tekjur og lausafjárstöðu viðskiptavina eins fljótt og auðið er. Á grundvelli upplýsinga um viðskiptavini hefur bankinn þróað líkön til að spá fyrir um líkur á því að viðskiptavinir standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni, eins og það er skilgreint í innri lánshæfiseinkunnar aðferðinni í Basel II reglunum. Viðskiptamönnum er úthlutað lánshæfiseinkunn á innri lánshæfiskvarða út frá metnum líkum á vanefndum. Nýr lánshæfiskvarði var innleiddur árið 2011 og endurbætur gerðar á innra lánshæfislíkani fyrirtækja. Vinna við að bæta innra matskerfi bankans hófst árið 2010 og heldur áfram 2012 með það að markmiði að tryggja samræmi við innri áhættumatsaðferðir, fyrst í stað grunnleiðina (e. foundation approach).

Til viðbótar við lánshæfiseinkunnir notar bankinn flokkunarkerfi fjögurra áhættuflokka (grænn, gulur, appelsínugulur og rauður). Flokkunarkerfið var upphaflega notað til að gera grein fyrir viðskiptamönnum með lánaskuldbindingar yfir 500 milljónum króna frá stofnun bankans árið 2008 til ársins 2010. Í kjölfar breytinga á skipulagi Áhættustýringar á haustmánuðum 2010 og innleiðingu EWS-vöktunarkerfis útlánaáhattu var litaflokkuninni sem notuð var 2011 breytt og eftirfarandi flokkar teknir upp:

Fjárhæðir sem eru birtar í eftirstöðvagreiningunni eru ónúvirt framtíðar innflæði og útlæði greiðslna bankans, bæði greiðslufærðri af höfuðstólum og vöxtum. Þessar fjárhæðir eru aðrar en bókfært virði í efnahagsreikningi, sem byggja á núvirtu en ekki ónúvirtu greiðslufærðri. Ef greiðslur eru ekki fastar er fjárhæðin sem notuð er við eftirstöðvagreininguna ákvörðuð með tilliti til aðstæðna á reikningsskiladegi. Sem dæmi áætla bankinn framtíðargreiðslufærðri verðtryggðra eigna og skulda með því að styðjast við innra mat á verðtryggðu vaxtakúrfunni sem byggir á verðbólguáhrifum Seðlabanka Íslands fyrir árlega verðbólgu. Þegar óvíst er hvenær bankinn þarf að inna greiðslu af hendi er vænt greiðslustreymi reiknað út frá fyrsta degi sem bankinn kann að vera krafinn um greiðslu, en það er versta spá út frá sjónarmiði bankans. Sem dæmi má nefna að óbundnar innstæður falla inn á fyrsta tímabilið. Þar sem bankinn hefur skuldbundið sig til að reiða fram afborganir er reiknað með því að hver afborgun eigi sér stað á fyrsta degi sem bankinn kann að vera krafinn um greiðslu. Ónýttar lánalínur falla því líka innan þess tímabils sem fyrst mætti nýta þær. Fyrir fjárhagslega ábyrgðasamninga sem bankinn gefur út er fjárhæðin sem notuð er í eftirstöðvagreiningunni hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar og er hún gefin upp á fyrsta tímabilinu sem hægt væri að krefjast efnda á ábyrgðinni.

Engu að síður er talsverður munur á væntu greiðslufærðri bankans af óbundnum innstæðum annars vegar og fjárhæðunum sem eftirstöðvagreiningin miðast við hins vegar. Óbundin innlán viðskiptavina hafa stuttan samningsbundinn gjalddaga en eru skilgreind sem tiltölulega stöðug fjármögnunarleið með væntan lánstíma lengri en eitt ár. Sjá nánar í skýringu 67 um innlánaagreiningu. Að auki er ekki gert ráð fyrir því að allar lánalínur séu nýttar samstundis. Eins og kom fram hér að ofan í tengslum við lausafjárstýringu, framkvæmir bankinn einnig vikulegar álagsprófanir til að meta áhrif breyttra markaðsaðstæðna og úttekta á innlánunum.

Innan fjáreigna og fjárskulda koma fjárhæðir stundarviðskipta. Við stýringu á lausafjárahættu lítur bankinn á stundarviðskipti sem fjárhagslega eign eða skuld en ekki sem hluta af afleiðusamningum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 69. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum

Taflan hér fyrir neðan sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga bankans eftir gjaldmiðlum 31. desember 2011:

Fjáreignir aðrar en afleiður	Óbundið	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Samtals	Bókfært virði
Samtals í erlendri mynt	16.034	173.674	49.304	119.155	24.912	383.079	359.014
ISK	54.879	58.341	90.760	222.933	525.826	952.739	615.241
<b>Samtals</b>	<b>70.913</b>	<b>232.015</b>	<b>140.064</b>	<b>342.088</b>	<b>550.738</b>	<b>1.335.818</b>	<b>974.255</b>
<b>Afleiður – eignir</b>							
Samtals í erlendri mynt	-	2.727	-	-	-	2.727	143
ISK	-	(2.577)	-	-	-	(2.577)	16
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>150</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>150</b>	<b>159</b>
<b>Fjárskuldir aðrar en afleiður</b>							
Samtals í erlendri mynt	(73.007)	(5.408)	(10.173)	(197.905)	(115.753)	(402.246)	(357.868)
ISK	(384.733)	(55.352)	(27.387)	(63.343)	(41.950)	(572.765)	(549.310)
<b>Samtals</b>	<b>(457.740)</b>	<b>(60.760)</b>	<b>(37.560)</b>	<b>(261.248)</b>	<b>(157.703)</b>	<b>(975.011)</b>	<b>(907.178)</b>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b>							
Samtals í erlendri mynt	(11.760)	(761)	(2.311)	(109)	-	(14.941)	-
ISK	(76.318)	(618)	(673)	(1.363)	-	(78.972)	-
<b>Samtals</b>	<b>(88.078)</b>	<b>(1.379)</b>	<b>(2.984)</b>	<b>(1.472)</b>	<b>0</b>	<b>(93.913)</b>	
<b>Afleiður – skuldir</b>							
Samtals í erlendri mynt	-	(307)	97	397	99	286	(1.712)
ISK	-	(973)	(204)	(794)	(192)	(2.163)	(17)
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>(1.280)</b>	<b>(107)</b>	<b>(397)</b>	<b>(93)</b>	<b>(1.877)</b>	<b>(1.729)</b>
<b>Hrein lausafjárstaða í erlendri mynt</b>	<b>(68.733)</b>	<b>169.925</b>	<b>36.917</b>	<b>(78.462)</b>	<b>(90.742)</b>	<b>(31.095)</b>	
<b>Hrein lausafjárstaða í ISK</b>	<b>(406.172)</b>	<b>(1.179)</b>	<b>62.496</b>	<b>157.433</b>	<b>483.684</b>	<b>296.262</b>	
<b>Hrein lausafjárstaða</b>	<b>(474.905)</b>	<b>168.746</b>	<b>99.413</b>	<b>78.971</b>	<b>392.942</b>	<b>265.167</b>	

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 69. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga bankans eftir gjaldmiðlum 31. desember 2010:

Fjáreignir aðrar en afleiður	Óbundið	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Samtals	Bókfært virði
Samtals í erlendri mynt	23.644	110.991	29.315	71.293	120.314	355.557	249.812
ISK	104.031	64.893	85.367	213.797	433.027	901.115	651.430
<b>Samtals</b>	<b>127.675</b>	<b>175.884</b>	<b>114.682</b>	<b>285.090</b>	<b>553.341</b>	<b>1.256.672</b>	<b>901.242</b>
<b>Afleiður – eignir</b>							
Samtals í erlendri mynt	-	287	-	-	-	287	20
ISK	-	(168)	-	-	-	(168)	3
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>119</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>119</b>	<b>23</b>
<b>Fjárskuldir aðrar en afleiður</b>							
Samtals í erlendri mynt	(49.351)	(3.567)	(6.468)	(191.171)	(109.193)	(359.750)	(314.244)
ISK	(361.129)	(69.926)	(27.533)	(41.494)	(11.443)	(511.525)	(502.527)
<b>Samtals</b>	<b>(410.480)</b>	<b>(73.493)</b>	<b>(34.001)</b>	<b>(232.665)</b>	<b>(120.636)</b>	<b>(871.275)</b>	<b>(816.771)</b>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b>							
Samtals í erlendri mynt	(12.059)	(567)	(816)	(1.121)	-	(14.563)	
ISK	(72.177)	(1.622)	(1.038)	(971)	-	(75.808)	
<b>Samtals</b>	<b>(84.236)</b>	<b>(2.189)</b>	<b>(1.854)</b>	<b>(2.092)</b>	<b>0</b>	<b>(90.371)</b>	
<b>Afleiður – skuldir</b>							
Samtals í erlendri mynt	-	(964)	87	377	189	(311)	(1.428)
ISK	-	(136)	(200)	(779)	(375)	(1.490)	(17)
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>(1.100)</b>	<b>(113)</b>	<b>(402)</b>	<b>(186)</b>	<b>(1.801)</b>	<b>(1.445)</b>
<b>Hrein lausafjárstaða í erlendri mynt</b>	<b>(37.766)</b>	<b>106.180</b>	<b>22.118</b>	<b>(120.622)</b>	<b>11.310</b>	<b>(18.780)</b>	
<b>Hrein lausafjárstaða í ISK</b>	<b>(329.275)</b>	<b>(6.959)</b>	<b>56.596</b>	<b>170.553</b>	<b>421.209</b>	<b>312.124</b>	
<b>Hrein lausafjárstaða</b>	<b>(367.041)</b>	<b>99.221</b>	<b>78.714</b>	<b>49.931</b>	<b>432.519</b>	<b>293.344</b>	

Fjárhæðum í eftirstöðvagreiningunni fyrir 31. desember 2011 og 31. desember 2010 er skipt niður á tímabil með tilliti til eftirstöðva lánstíma samkvæmt samningi (þ.e. miðað við tímasetningu greiðsluflæðis samkvæmt ákvæðum samninga). Útlán og kröfur á viðskiptavini og skuldabréf útgefin af fyrirtækjum í greiðslustöðvun eða þar sem skiptameðferð stendur yfir eru þó undanþegin, eins og fram kemur í skýringu 68.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Markaðsáhætta

#### 70. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinna staða í gjaldmiðlum, hlutabréfum og vaxtaberandi gerningum, en slíkir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flókti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, vaxtaálögum, gengi gjaldmiðla og hlutabréfaverði. Önnur verðáhætta er skilgreind sem hlutabréfaáhætta og verðtryggingaráhætta, en greint er frá þessu sérstaklega í liðunum hér að neðan.

#### 71. Stýring markaðsáhættu

Bankinn flokkar markaðsáhættu starfseminnar í áhættu í veltubók og áhættu utan veltubókar og er áhættan meðhöndluð sérstaklega fyrir hvora bók. Veltubók inniheldur stöður sem koma til vegna viðskiptavaktar og stöðutöku fyrir eigin reikning (þ.e. skuldabréf flokkuð sem veltufjáreignir, hlutabréf, úppgerð verðbréfavíðskipti, afleiður og skortstöður) í Fjárstýringu. Söfn utan veltubókar innihalda stöðutökur sem tengjast viðskiptabankastarfsemi bankans og eigin stöðutökur Eigna- og skuldastýringar innan Fjárstýringar (þ.e. útlán og kröfur, innlán og skuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða skilgreind sem útlán og kröfur). Eigna- og skuldastýring ber jafnframt ábyrgð á daglegri lausafjárstýringu bankans og inniheldur því vaxtaberandi stöður sem skapa markaðsáhættu.

Bankaráð hefur það hlutverk að ákveða áhættuvilja bankans í heild, sér í lagi með tilliti til markaðsáhættu. Bankastjóri skipar Áhættu- og fjármálanefnd bankans, en hún mótar stefnu bankans varðandi markaðsáhættu og setur áhættumörk fyrir markaðsáhættu. Fjárstýring fer með stöður bankans í markaðstengdum afurðum undir eftirliti Eigna- og skuldaáhættu. Markmið stýringar markaðsáhættu er að skilgreina, staðsetja og hafa eftirlit með markaðsáhættu og greina og senda skýrslur til viðeigandi aðila innan bankans.

Haft er eftirlit með markaðsáhættu sem myndast vegna viðskipta í veltubók og starfsemi utan veltubókar. Daglegum, vikulegum og mánaðarlegum skýrslum er skilað til forstöðumanna og framkvæmdarstjóra viðeigandi starfseininga auk þess að skila nákvæmu innleggi í ársþrójunglega skýrslu Áhættustýringar. Markaðsáhætta bankans er því mæld daglega auk þess sem Eigna- og skuldaáhætta fylgist með þeim áhættumörkum sem Áhættu- og fjármálanefnd tilgreinir. Stuðst er við fjölda kennistærða, t.d. daglegan hagnað og tap, auk stöðu vegna mismunandi eiginda á borð við gjaldmiðil og útgefanda.

Áhættugrunnurinn er ákvarðaður með því að áhættuvega ákveðnar eignir samstæðunnar í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var af Basel-nefndinni um bankaeftirlit. Í töflunni hér að neðan er markaðsáhætta bankans í lok árs 2011 og 2010 tilgreind sem hlutfall af áhættugrunni:

Áhættuþáttur	2011	2010
	% af áh.gr.	% af áh.gr.
Hlutabréfaáhætta	7,7%	4,8%
Vaxtaáhætta	2,6%	2,5%
Gjaldeyrísáhætta	3,1%	8,5%
<b>Samtals</b>	<b>13,4%</b>	<b>15,8%</b>

Gerð er grein fyrir gjaldeyrísáhættu bankans í veltubók og utan veltubókar í skýringum 76-77 ásamt tengdri næmnigreiningu.

#### 72. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan á að vaxtabreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga.

Vaxtabreytingar á eignum eða skuldum samstæðunnar utan veltubókar hafa áhrif á vaxtamun. Áhættuna má aðallega rekja til mismunar á lengd vaxtatímabíla á milli eigna og skulda.

Vaxtaáhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fylgjast með vaxtabílum. Vaxtaáhættu er stýrt miðlægt innan samstæðunnar af Fjárstýringu og er undir eftirliti Eigna- og skuldaáhættudeildar Áhættustýringarsviðs. Í núverandi efnahagssumhverfi hefur bankinn ekki aðgang að neinum afleiðugerningum eða öðrum tækjum sem nota má til að stýra vaxtaáhættu.

Eftirfarandi töflur veita yfirlit yfir vaxtaáhættu samstæðunnar. Töflurnar sýna bókfært verð vaxtaberandi eigna og skulda á meðan fjárhæðir utan efnahagsreiknings eru sýndar sem nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga bankans (sjá skýringu 10). Fjárhæðirnar eru flokkaðar út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalddaga, hvort sem gerist fyrir.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 72. Vaxtaáhætta (framhald)

31 desember 2011	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Bókfært virði
<b>Fjáreignir</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	8.823	-	-	-	8.823
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	209.646	4.905	1.112	6.185	221.848
Afleiðusamningar	159	-	-	-	159
Útlán og kröfur á fjármálfyrirtæki	93.176	5.621	1.329	7	100.133
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	507.251	63.844	24.773	43.262	639.130
Aðrar fjáreignir	3.851	-	470	-	4.321
<b>Samtals</b>	<b>822.906</b>	<b>74.370</b>	<b>27.684</b>	<b>49.454</b>	<b>974.414</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
Skuldir við fjármálfyrirtæki og Seðlabanka	(112.876)	-	-	-	(112.876)
Innlán frá viðskiptavinum	(441.345)	(2.142)	(103)	-	(443.590)
Afleiðusamningar og skortstöður	(1.876)	(2.114)	(2.447)	(1.479)	(7.916)
Veðtryggð skuldabréf	(277.076)	-	-	-	(277.076)
Skilyrt skuldabréf	(60.826)	-	-	-	(60.826)
Aðrar fjárskuldir	(6.623)	-	-	-	(6.623)
<b>Samtals</b>	<b>(900.622)</b>	<b>(4.256)</b>	<b>(2.550)</b>	<b>(1.479)</b>	<b>(908.907)</b>
Hrein staða í efnahagsreikningi	(77.716)	70.114	25.134	47.975	65.507
Hrein staða utan efnahagsreiknings	808	(539)	(126)	(143)	
<b>Vaxtanæmnibil samtals</b>	<b>(76.908)</b>	<b>69.575</b>	<b>25.008</b>	<b>47.832</b>	
<b>31. desember 2010</b>					
<b>Fjáreignir</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	47.777	-	-	-	47.777
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	150.243	108	1.804	9.404	161.559
Afleiðusamningar	23	-	-	-	23
Útlán og kröfur á fjármálfyrirtæki	88.831	3.051	-	-	91.882
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	455.005	61.190	39.372	37.387	592.954
Aðrar fjáreignir	6.313	-	757	-	7.070
<b>Samtals</b>	<b>748.192</b>	<b>64.349</b>	<b>41.933</b>	<b>46.791</b>	<b>901.265</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
Skuldir við fjármálfyrirtæki og Seðlabanka	(147.478)	-	-	-	(147.478)
Innlán frá viðskiptavinum	(371.558)	-	-	-	(371.558)
Afleiðusamningar og skortstöður	(1.514)	(4.123)	(1.482)	-	(7.119)
Veðtryggð skuldabréf	(261.313)	-	-	-	(261.313)
Skilyrt skuldabréf	(26.510)	-	-	-	(26.510)
Aðrar fjárskuldir	(4.237)	-	-	-	(4.237)
<b>Samtals</b>	<b>(812.610)</b>	<b>(4.123)</b>	<b>(1.482)</b>	<b>0</b>	<b>(818.215)</b>
Hrein staða í efnahagsreikningi	(64.418)	60.226	40.451	46.791	83.050
Hrein staða utan efnahagsreiknings	886	(117)	(500)	(269)	
<b>Vaxtanæmnibil samtals</b>	<b>(63.532)</b>	<b>60.109</b>	<b>39.951</b>	<b>46.522</b>	

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 73. Næmnigreining eigna í veltubók

Stýring markaðsáætlu í veltubók bankans byggir einnig á eftirliti með næmni veltubókarinnar gagnvart mismunandi sviðsmyndum á verði hlutabréfa og vöxtum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað (tap) samstæðunnar fyrir tekjuskatt ef vaxtaferlum er hliðrað samsíða með breytingum á gangvirði skuldabréfa í veltubók í árslok 2011 og 2010 og sjóðsflæðis næstu 12 mánaða eftir það, ef gert er ráð fyrir stöðugri fjárhagsstöðu.

	2011			2010		
	Samsíða hliðrun vaxtaferils (í grunnpunktum)	Áhrif hliðrunar niður á við á hagnað	Áhrif hliðrunar upp á við á hagnað	Samsíða hliðrun vaxtaferils (í grunnpunktum)	Áhrif hliðrunar niður á við á hagnað	Áhrif hliðrunar upp á við á hagnað
<b>Mynt í milljónum króna</b>						
ISK, óverðtryggt	100	216	(216)	100	234	(233)
ISK, verðtryggt	50	155	(147)	50	77	(73)
<b>Samtals</b>		<b>371</b>	<b>(363)</b>		<b>311</b>	<b>(306)</b>

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádregnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á hagnaði fyrir tekjuskatt hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað samstæðunnar fyrir tekjuskatt ef verð á hlutabréfum og hlutabréfageningum sem eru í eigu bankans í árslok og flokkuð eru undir 1. og 2. þrep (eins og skilgreint er í skýringu 7) breyttist um +/- 10%:

Mynt í milljónum króna	2011		2010	
	Hækkun	Lækkun	Hækkun	Lækkun
ISK	956	(956)	1.033	(1.033)
EUR	6	(6)	-	-
DKK	97	(97)	-	-
SEK	302	(302)	375	(375)
NOK	378	(378)	374	(374)
Annað	39	(39)	204	(204)
<b>Samtals</b>	<b>1.778</b>	<b>(1.778)</b>	<b>1.986</b>	<b>(1.986)</b>

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádregnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á hagnaði fyrir tekjuskatt hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað samstæðunnar fyrir tekjuskatt ef verð á hlutabréfum og hlutabréfageningum sem eru í eigu bankans í árslok og flokkuð eru undir 3. þrep (eins og skilgreint er í skýringu 7) breyttist um +/- 10%:

Mynt í milljónum króna	2011		2010	
	Hækkun	Lækkun	Hækkun	Lækkun
ISK	1.983	(1.983)	802	(802)
EUR	811	(811)	225	(225)
GBP	1	(1)	-	-
NOK	-	-	21	(21)
<b>Samtals</b>	<b>2.795</b>	<b>(2.795)</b>	<b>1.048</b>	<b>(1.048)</b>

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádregnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á hagnaði fyrir tekjuskatt hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 74. Næmnigreining eigna utan veltubókar

Stýring vaxtaáættu til að takmarka vaxtabil byggir einnig á eftirliti með næmni fjáreigna og –skulda gagnvart ýmsum vaxtasviðsmyndum. Bankinn framkvæmir mánaðarlegt álagspróf á vaxtaáættu hreinnar stöðu liða utan veltubókar í efnahagsreikningi bankans. Í álagspröfun hliðrast vaxtaferill allra gjaldmiðla. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað (tap) bankans fyrir tekjuskatt ef öllum vaxtaferlum er hliðrað samsíða, en öllum öðrum breytum er haldið föstum, með tilliti til vaxtaáættu í árslok 2011 og 2010 og sjóðsflæðis næstu 12 mánaða eftir það, ef gert er ráð fyrir stöðugri fjárhagsstöðu.

	2011			2010		
	Samhliða hliðrun vaxtaferils (í grunnpunktum)	Áhrif hliðrunar niður á við á hagnað	Áhrif hliðrunar upp á við á hagnað	Samhliða hliðrun vaxtaferils (í grunnpunktum)	Áhrif hliðrunar niður á við á hagnað	Áhrif hliðrunar upp á við á hagnað
<b>Mynt í milljónum króna</b>						
ISK, óverðtryggt	100	(21)	21	100	(108)	108
ISK, verðtryggt	50	(93)	93	50	(17)	17
EUR	20	(18)	18	20	(9)	9
USD	10	(4)	4	10	(7)	7
GBP	20	(1)	1	20	1	(1)
JPY	5	(1)	1	5	(1)	1
CHF	5	(2)	2	5	-	-
Annað	10	-	-	10	(1)	1
<b>Samtals</b>		<b>(140)</b>	<b>140</b>		<b>(142)</b>	<b>142</b>

Eigið fé bankans hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádrögnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á hagnaði fyrir tekjuskatt hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

### 75. Verðtryggingaráhætta (öll söfn)

Verðtryggingaráhætta er áhættan á að sveiflur í vísitölu neysliverðs hafa áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerna. Talsvert ójafnvægi er milli verðtryggðra eigna og skulda bankans. Stærstur hluti húsnæðislána og neytandalána bankans er verðtryggður með vísitölu neysliverðs. Bankinn mætir þessu ójafnvægi með nýju vöruframboði svo sem óverðtryggðum húsnæðislánum og bundnum innlánsreikningum.

Verðtryggingaráhættu vegna tengingar við vísitölu neysliverðs er stýrt miðlægt innan bankans af Fjárstýringu og er undir eftirliti Eigna- og skuldaáættu innan Áhættustýringar. Ójöfnuður vegna verðtryggingar vísitölu neysliverðs í árslok 2011, reiknað sem munurinn á verðtryggðum eignum og skuldum, nam 128.958 milljónum króna (2010: 94.641 milljónum króna).

	2011	2010
<b>Bókfært virði</b>		
<b>Eignir</b>		
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	10.812	8.119
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	217.131	171.017
<b>Samtals</b>	<b>227.943</b>	<b>179.136</b>
<b>Skuldir</b>		
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(123)	(421)
Innlán frá viðskiptavinum	(97.127)	(82.215)
Skortstöður	(924)	(595)
<b>Samtals</b>	<b>(98.174)</b>	<b>(83.231)</b>
Staða í efnahagsreikningi samtals	129.769	95.905
Staða utan efnahagsreiknings samtals	(811)	(1.264)
<b>Verðtryggingarjöfnuður samtals</b>	<b>128.958</b>	<b>94.641</b>

Stýring verðtryggingaráhættu bankans vegna vísitölu neysliverðs felst í að fylgst er með næmni hreinnar stöðu bankans í verðtryggðum fjáreignum og fjárskuldum í efnahag gagnvart ýmsum verðbólgu/verðhjóðunar atburðum. Sem dæmi má nefna að 1% verðbólga, að öðrum forsendum óbreyttum, hefði valdið 1.298 milljónum króna (2010: 959 milljónum króna) aukningu vaxtatekna. Eigið fé bankans hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádrögnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á vaxtatekjum hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 76. Gjaldeyrishættu (öll söfn)

Bankinn starfar í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð, nr. 950/2010. Reglurnar kveða á um að gjaldeyrisjöfnuður stofnana (hvort sem er skortstöður eða gnóttstöður) skuli ávallt vera innan ákveðinna marka í hverri mynt. Bankinn veitir Seðlabanknum daglega upplýsingar um gjaldeyrisjöfnuð.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar á árinu 2011 hefur ákveðinni óvissu í gjaldeyrisjöfnuði bankans verið eytt og gjaldeyrisjöfnuður leiðréttur um þau erlendu útlán sem eftir dóm teljast lán í íslenskum krónum. Í framhaldinu hefur gjaldeyrisáhætta á lánasafn bankans minnkað og mæling á gjaldeyrisáhættu með svokölluðum gjaldeyrisstuðli, sem reiknaður var út frá meðalteygni lána í erlendri mynt gagnvart gengisbreytingum, verið hætt.

### 77. Samþjöppun gjaldeyrisáhættu

Tölflurnar hér fyrir neðan veita yfirlit yfir gjaldeyrisáhættu bankans í lok árs 2011 og 2010. Fjárhæðir utan efnahagsreiknings sýna nafnverðsfjárhæðir afleiðugerninga bankans.

Fjárhæðir sem settar eru fram hér að neðan innihalda gjaldeyrisáættingu á stundargengi í lok ársins 2011. Við stjórnun lausafjárhættu lítur bankinn á framansagða samninga hvorki sem afleiðueignir né afleiðuskuldir.

Eins og skýrt er frá í skýringu nr. 4(i) og 78 í samstæðureikningi bankans fyrir árið 2010, breytti samstæðan á árinu 2010 reikningshaldslegri meðhöndlun á öllum leigusamningum í erlendum gjaldmiðlum sem eru innan ramma laga nr. 38/2001. Þessi breyting nær einnig til vissra tegunda útlánasamninga í erlendri mynt. Vegna þessarar breytingar er bókfært virði þeirra ekki lengur talið sem útlán og kröfur á viðskiptavinum í erlendum gjaldmiðlum. Úrskurður Hæstaréttar frá 9. júní 2011 (sjá skýringu 4 (h)), staðfesti að þessi lán væru útgefin í íslenskum krónum. Úrskurðurinn hefur að miklu leyti eytt óvissu varðandi gjaldmiðlaviðmið lánasafns bankans og þar með hreina gjaldeyrisstöðu samstæðunnar.

Í skýringu 21 er fjallað um skilyrt skuldabréf sem gefa skal út eigi seinna en 31. mars 2013 í EUR eða þeim myntum sem bankinn og Landsbanki Íslands hf semja um. Miða á við það gengi sem Seðlabanki Íslands mun gefa út þann 31. desember 2012 og skal bankinn umbreyta í krónum talið lokavirði höfuðstólsins (þar sem þakið er 92 milljarðar) í EUR (eða þær myntir sem aðilar hafa samþykkt) þar sem EUR upphæðin (eða aðrar myntir) skal vera nýi höfuðstóll skilyrta skuldabréfsins. Skilyrta skuldabréfið er því í krónum til loka árs 2012 og endurspeglast ekki í eftirfarandi tölflum sem draga saman nettó gjaldeyrisstöðu bankans í lok árs 2011 og 2010. Bókfært virði í lok árs 2011 er 61 milljarður króna.

31. desember 2011	EUR	GBP	USD	JPY	CHF	Aðrir	Alls
<b>Eignir</b>							
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	366	137	243	14	36	250	1.046
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	25.163	168	51.947	-	-	-	77.278
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	8.167	13	390	-	-	8.085	16.655
Afleiðusamningar	97	-	46	-	-	-	143
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	32.338	17.875	30.768	3.370	865	6.609	91.825
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	72.586	12.022	57.930	21.653	17.496	7.103	188.790
Aðrar eignir	680	77	125	1	-	18	901
<b>Samtals</b>	<b>139.397</b>	<b>30.292</b>	<b>141.449</b>	<b>25.038</b>	<b>18.397</b>	<b>22.065</b>	<b>376.638</b>
<b>Skuldir</b>							
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(1.296)	(1.780)	(1.120)	(357)	(1.414)	(5.140)	(11.107)
Innlán viðskiptavina	(18.700)	(4.005)	(37.789)	(428)	(418)	(5.415)	(66.755)
Afleiðusamningar og skortstöður	(842)	(513)	(356)	-	(1)	-	(1.712)
Veðtryggt skuldabréf	(136.818)	(51.702)	(88.556)	-	-	-	(277.076)
Aðrar skuldir	(1.484)	(184)	(931)	-	(14)	(353)	(2.966)
<b>Samtals</b>	<b>(159.140)</b>	<b>(58.184)</b>	<b>(128.752)</b>	<b>(785)</b>	<b>(1.847)</b>	<b>(10.908)</b>	<b>(359.616)</b>
Hrein staða í efnahagsreikningi	(19.743)	(27.892)	12.697	24.253	16.550	11.157	<b>17.022</b>
Hrein staða utan efnahagsreiknings	33.880	20.144	(10.812)	(20.437)	(11.269)	(8.494)	<b>3.012</b>
<b>Hrein gjaldeyrisstaða</b>	<b>14.137</b>	<b>(7.748)</b>	<b>1.885</b>	<b>3.816</b>	<b>5.281</b>	<b>2.663</b>	<b>20.034</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 77. Samþjöppun gjaldeyrisáhættu (framhald)

31. desember 2010	EUR	GBP	USD	JPY	CHF	Aðrir	Alls
<b>Eignir</b>							
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	461	133	385	10	35	441	1.465
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	2.152	149	9.747	-	-	-	12.048
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	2.246	-	625	-	-	8.201	11.072
Afleiðusamningar	2	1	17	-	-	-	20
Útlán og kröfur á fjármálfyrirtæki	20.428	12.020	34.295	2.094	863	3.138	72.838
Útlán og kröfur á viðskiptavini	51.846	7.401	54.227	19.850	20.653	9.107	163.084
Aðrar eignir	4.467	7	122	1	-	305	4.902
Eignir til sölu	9.914	6.397	449	2.218	7	253	19.238
<b>Samtals</b>	<b>91.516</b>	<b>26.108</b>	<b>99.867</b>	<b>24.173</b>	<b>21.558</b>	<b>21.445</b>	<b>284.667</b>
<b>Skuldir</b>							
Skuldir við fjármálfyrirtæki og Seðlabanka	(1.302)	(2.182)	(6.827)	(303)	(73)	(967)	(11.654)
Innlán viðskiptavina	(14.863)	(3.549)	(17.638)	(686)	(436)	(3.792)	(40.964)
Afleiðusamningar og skortstöður	(706)	-	(722)	-	-	-	(1.428)
Veðtryggt skuldabréf	(130.963)	(48.132)	(82.218)	-	-	-	(261.313)
Aðrar skuldir	(10)	(7)	(1)	-	-	(295)	(313)
<b>Samtals</b>	<b>(147.844)</b>	<b>(53.870)</b>	<b>(107.406)</b>	<b>(989)</b>	<b>(509)</b>	<b>(5.054)</b>	<b>(315.672)</b>
Hrein staða í efnahagsreikningi	(56.328)	(27.762)	(7.539)	23.184	21.049	16.391	<b>(31.005)</b>
Hrein staða utan efnahagsreiknings	12.322	79	8.150	(6.719)	(13.503)	(354)	<b>(25)</b>
<b>Hrein gjaldeyrisstaða</b>	<b>(44.006)</b>	<b>(27.683)</b>	<b>611</b>	<b>16.465</b>	<b>7.546</b>	<b>16.037</b>	<b>(31.030)</b>
Gjaldeyrisstuðull útlána og krafna til viðskiptavina	95%	96%	97%	78%	78%	92%	
Gjaldeyrisstuðulsáðlögun á gjaldeyrisójöfnuði	(3.088)	(552)	(1.640)	(4.855)	(4.545)	(711)	<b>(15.391)</b>
<b>Hrein raungjaldeyrisstaða</b>	<b>(47.094)</b>	<b>(28.235)</b>	<b>(1.029)</b>	<b>11.610</b>	<b>3.001</b>	<b>15.326</b>	<b>(46.421)</b>

### 78. Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu

Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif 10% veiking/styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefði á rekstrartekjur bankans, ef öllum öðrum breytum er haldið föstum. Næmnigreiningunni er beitt á heildarstöðu bankans í erlendri mynt samkvæmt efnahagsreikningi eins og fram kemur í skýringu 77.

Mynt í milljónum króna	2011		2010	
	-10%	+10%	-10%	+10%
EUR	1.414	(1.414)	(4.709)	4.709
GBP	(775)	775	(2.824)	2.824
USD	189	(189)	(103)	103
JPY	382	(382)	1.161	(1.161)
CHF	528	(528)	300	(300)
Annað	266	(266)	1.533	(1.533)
<b>Samtals</b>	<b>2.004</b>	<b>(2.004)</b>	<b>(4.642)</b>	<b>4.642</b>

Eigið fé bankans hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn, að frádrögnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun (lækkun) á rekstrartekjum hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 79. Gengi erlendra gjaldmiðla

Samstæðan notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem samstæðureikningur þessi nær til:

	31.12.2011	31.12.2010	Breyting í %	Meðalgengi 2011	Meðalgengi 2010
EUR/ISK	158,80	153,80	3,3%	161,18	162,66
GBP/ISK	190,29	179,09	6,3%	185,68	189,30
USD/ISK	122,22	114,69	6,6%	115,55	122,26
JPY/ISK	1,59	1,41	12,8%	1,45	1,40
CHF/ISK	130,79	122,75	6,5%	131,04	118,01
CAD/ISK	120,24	115,35	4,2%	117,18	118,08
DKK/ISK	21,36	20,63	3,5%	21,64	21,84
NOK/ISK	20,51	19,71	4,1%	20,72	20,26
SEK/ISK	17,81	17,07	4,3%	17,93	17,02

### Rekstraráhætta

#### 80. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem fjárhagslegt tap vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Lagaleg áhætta telst til rekstraráhættu, en ekki orðsporsáhætta. Rekstraráhætta er því til staðar í allri viðskiptastarfsemi.

Framkvæmdastjórnar hvers sviðs innan bankans bera ábyrgð á rekstraráhættu síns sviðs, en dagleg stýring á rekstraráhættu er á ábyrgð forstöðumanna deilda. Skipulag stýringar á rekstraráhættu bankans er í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Basel-nefndarinnar, "Góðir starfshættir við stjórnun og eftirlit með rekstraráhættu", (Sound Practice for the Management and Supervision of Operational Risk) og einnig nýjar kröfur reglna varðandi eiginfjárlutfall. Til að tryggja samhæfða stjórn á rekstraráhættu innan bankans notar hann kerfi sem er fyrirbyggjandi og til eftirlits sem felur í sér ítarlega verkferla, stöðugt eftirlit og stefnu í tryggingamálum, ásamt virku eftirliti af hendi Innri endurskoðunar. Slíkri stýringu á rekstraráhættu er ætlað að tryggja að allar starfsstöðvar bankans geri sér grein fyrir hvers konar áhættu í rekstrinum, að stöndugt eftirlitskerfi sé til staðar og að eftirlitsþáttum sé framfylgt á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.

**Útgefandi:** Landsbankinn

**Ábyrgðarmaður:** Kristján Kristjánsson

**Upplag:** 500

**Hönnun:** Jónsson & Le'macks

**Ljósmyndir:** Ari Magg, Baldur Kristjánsson, Hilmar Þór Guðmundsson og Daniel Freyr Atlason

**Prentun:** Prentmet

**Pappír í kápu:** Munken Polar 300 gr.

**Pappír í innsíður:** Munken Polar 120 gr.

**Pappír í reikning:** Munken Rough 90 gr.

# Landsbankinn þinn

## Þróun og árangur

### 2012: Uppbygging

- » Endurreisn atvinnulífs og úrvinnsla skuldavanda heimilanna langt komin
- » Öflug liðsheilid sem *hlustar, lærir og þjónar* og nýtur trausts viðskiptavina
- » Árangursríkt uppgjör við gamla bankann

### 2013: Forysta

- » Fyrsti kostur. Besti bankinn á Íslandi með stöðugt vaxandi markaðshlutdeild
- » Hagkvæmni og arðsemi
- » Áunnið traust á lánamörkuðum

## Stoðir stefnunnar

### Öflug liðsheilid

#### Mælingar

- » Ánægja starfsmanna/vinnustaðagreining

### Traustir innviðir

#### Mælingar

- » Hagkvæmni/kostnaðarhlutfall
- » Gæði eigna/90 daga vanskil

## Verkefni

#### Fyrirtækjamening

- » Vinna með *hlusta, læra og þjóna*
- » Vinna með áhersluþætti bankans
- » Gott siðferði

#### Þekking, hæfni og ánægja starfsmanna

- » Jafnrétti
- » Öflug fræðsla og þróun starfsmanna og leiðtoga
- » Frammistöðumat
- » Starfsánægja og starfsumhverfi

## Verkefni

#### Góðir stjórnarhættir

- » Innleiða bestu viðmið

#### Stefnumiðuð stjórnun

- » Vegvísar, bættar stjórnunarupplýsingar, mælingar og eftirfylgni
- » Öflug upplýsingamiðlun
- » Skilvirkt og aðgengilegt ferli

#### Hagkvæmni

- » Styrkja tekjustofna og bæta kostnaðarhlutfall

#### Efla áhættustjórnun

- » Tryggja arðsemi, vöxt og stöðugleika til lengri tíma

## 2015: Fyrirmynd

- » Landsbankinn er flaggskip íslenskra fyrirtækja og sambærilegur við bestu banka á Norðurlöndum
- » Framúrskarandi fyrirtækjamenning
- » Starfsemi í stöðugri þróun
- » Dreift eignarhald

## Ánægðir viðskiptavinir

### Mælingar

- » Viðskiptatengsl/CE11 vísitala
- » Markaðshlutdeild
- » Viðreisn/Úr greiðsluerfiðleikum

### Verkefni

#### Aðstoð við heimili og fyrirtæki í skuldavanda

#### Tryggja persónulega og hagfellda þjónustu

- » Styrkja tengsl við viðskiptavinir
- » Hlusta á og læra af ábendingum og kvörtunum
- » Aukin þægindi og alhliða fjármálaþjónusta

#### Frumkvæði og markaðssókn

- » Styðja sprotafyrirtæki
- » Auka markaðshlutdeild
- » Efla atvinnulífið og fjármálamarkaði

## Ávinningur samfélags og eigenda

### Mælingar

- » Traust
- » Arðsemi
- » Uppgjör vegna gamla bankans

### Verkefni

#### Samfélagsleg ábyrgð

- » Ábyrg lánastarfsemi og viðskipti
- » Stuðningur við samfélag
- » Umhverfissvæn
- » Gagnsæi
- » Virk þátttaka í fjármálaumræðu

#### Árangursríkt uppgjör við gamla bankann

#### Bankinn sé álitlegur kostur fyrir fjárfesta

- » Arðsamur rekstur
- » Aðgangur að lánamörkuðum
- » Undirbúa dreift eignarhald

---

## Framtíðarsýn

---

# Landsbankinn er til fyrirmyndar

- » Nýtur trausts og virðingar
- » Alhliða banki í forystu á fjármálamarkaði
- » Fyrsti valkostur í fjármálaþjónustu
- » Metnaðarfullur og samheldinn hópur starfsmanna
- » Hreyfiafl í íslensku samfélagi
- » Byggir á góðu siðferði
- » Góður fjárfestingarkostur í dreifðu eignarhaldi

---

## Áherslur okkar

---

### Áhugi

- » Frumkvæði
- » Sveigjanleiki
- » Hreyfiafl
- » Skilvirkni
- » Nálægð
- » Skapandi samskipti

### Áreiðanleiki

- » Heilindi
- » Skilningur
- » Traust
- » Góðir viðskiptahættir
- » Gagnsæi
- » Fagmennska

### Ábyrgð

- » Heiðarleiki
- » Gagnrýnin hugsun
- » Kostnaðarvitund
- » Áhættustjórnun
- » Samfélagsvitund
- » Jafnræði

### Ávinningur

- » Ánægðir og tryggir viðskiptavinir
  - » Langtímasamband
  - » Eftirsóknarverður vinnustaður
  - » Langtímavöxtur
  - » Fjárhagslegur styrkur
  - » Arðsamur rekstur
-

